

HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN



ÁRSSKÝRSLA 2008

Ársskýrsla 2008

Umsjón með útgáfu:
Engilbert Olgeirsson.

Prófarkalestur:
Engilbert Olgeirsson, Fanney
Ólafsdóttir og Gísli Páll Pálsson.

Hönnun og umbrot:
Útgáfufélagið Andvari/
Guðmundur Karl Sigurdórsson.

Prentun:
Prentmet á Selfossi.

Myndir:
Engilbert Olgeirsson og
forystufólk í félögum, nefndum
og ráðum HSK.

Forsíðumynd: Fimleikalið
Umf. Selfoss á
Evrópumeistaramótinu í
hópfimleikum. Íþróttamaður
HSK er önnur frá hægri í efri
röð.



Stjórn HSK 2008 - 2009

Stjórn HSK 2008 - 2009 ásamt framkvæmdastjóra. (Efri röð f.v.) Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri, Ragnar Sigurðsson, varaformaður, Bergur Guðmundsson, meðstjórnandi, Bolli Gunnarsson, gjaldkeri og Helgi Kjartansson, varastjórn. (Neðri röð f.v.) Fanney Ólafsdóttir, varastjórn, Gísli Páll Pálsson, formaður, Guðríður Aadnegard, ritari og Helga Fjóra Guðnadóttir, varastjórn.

-ég sérhæfi mig í ljósritun,
og þá aðallega í A4.

-fullkominn
tækjakostur
og fagmennska



Prentmet Lynghálsi 1, Reykjavík sími 5 600 600
Prentmet Vesturlands • Heiðargerði 22 • Akranesi • Sími 431 1127
Prentmet Suðurlands • Eyravegi 25 • Selfossi • Sími 482 1944



Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar:

4. Ávarp formanns
6. Ársreikningur
8. Verkefnasjóðsreikningur
8. Framlög úr héraði
9. Úthlutanir úr Verkefnasjóði HSK
Þakkir til þeirra sem styrktu starfseminu
10. Kjör íþróttamanns HSK
12. Ýmis sérverðlaun veitt á héraðsþingi
13. HSK fréttir í Sunnlenska
Heimasíða HSK
Útgáfa á vegum HSK
14. Vikulegur þáttur í úvarpi
Annað kynningarstarf

Fundir og þing:

14. 86. héraðsþing HSK
15. Stjórnarfundir HSK
Stjórn HSK fór til fjalla
16. Fundur með forystu USVS
Aðalfundur félaga
Formannafundur ÍSÍ
Samráðsfundur UMFÍ
17. Þing sársambanda
Fundað vegna umsóknar um Unglingalandsmót UMFÍ 2010

Samstarfsverkefni:

18. Félagssmiðstöðin Sel
Leikjanámskeið HSK
Heildarstigatafla HSK
20. HSK mót í greinum sem ekki eru starfandi nefndir hjá HSK
Skólahlaup HSK
Félagakerfið FELIX
21. Getraunir - stuðningur í kreppu
Tekjur af lottói aldrei meiri
Hótel Örk kostunaraðili HSK síðunnar í Sunnlenska
22. Samningur við Kaupþing
Verkefnið „Fjölskyldan á fjallið“
23. Verkefnið „Hjólað í vinnuna“
24. Forvarnardagurinn haldinn í þriðja sinn
Fleiri deildir á Selfossi verða fyrirmyndardeild ÍSÍ

Ýmsar upplýsingar:

26. Lög HSK
27. Aðildarfélag og formenn félaga
28. Starfsmerki HSK
Skipting iðkenda eftir greinum
29. Stærð félaga og tekjur af lottói og getraunanúmer félaga
30. Íþróttaiðkendur félaga
31. Íþróttamaður HSK frá upphafi
32. Matmenn HSK
Sleifarhafar HSK
33. Fréttapunktur frá ÍSÍ
34. Fréttapunktur frá UMFÍ
36. Lífshlaupið
37. Styrkir úr íþróttasjóði
Ferðasjóður íþróttafélaga

Skýrslur nefnda skipaðar af stjórn:

38. Kjörnefnd
Valnefnd vegna kjörs á Íþróttamanni HSK
Unglingalandsmótsnefnd vegna móts í Þorlákshöfn
39. Unglingalandsmótsnefnd HSK
42. Landsmótsnefnd HSK
43. Ritnefnd HSK
Landsmótsnefnd vegna Landsmóts UMFÍ á Selfossi

Skýrslur nefnda og ráða:

44. Almenningsíþróttanefnd
Badmintonnefnd
Blaknefnd
46. Borðtennisnefnd
Briddsnefnd
Fimleikanefnd
48. Frjálsíþróttaráð
51. Glímuráð
56. Golfnefnd
57. Handknattleiksnefnd
58. Hestaíþróttanefnd
Íþróttanefnd fatlaðra
Knattspyrnuefnd
59. Körfuknattleiksnefnd
61. Skáknefnd
Starfsíþróttanefnd
62. Sundnefnd
63. Sögu- og minjanefnd

Skýrslur aðildarfélaga:

64. Akstursíþróttafélag Hreppakappa
Golfklúbbur Ásatúns
65. Golfklúbburinn Flúðir
Golfklúbbur Hellu
66. Golfklúbbur Selfoss
Golfklúbburinn Úthlíð
67. Golfklúbbur Þorlákshafnar
68. Hestamannafélagið Geysir
Hestamannafélagið Háfeti
69. Hestamannafélagið Ljúfur
Hestamannafélagið Logi
70. Hestamannafélagið Sleipnir
Hestamannafélagið Smári
71. Hestamannafélagið Trausti
Íþróttafélagið Dímon
72. Íþróttafélagið Garpur
Íþróttafélagið Gnýr
73. Íþróttafélagið Hamar
74. Íþróttafélagið Mímir
Íþróttafélagið Suðri
75. Knattspyrnufélag Árborgar
Knattspyrnufélag Rangæinga
76. Skotíþróttafélag Suðurlands
77. UBH
Umf. Baldur
78. Umf. Biskupstungna
Umf. Eyfellingur
Umf. Eyrarbakka
79. Umf. Framtíðin
Umf. Hekla
80. Umf. Hrunamanna
Umf. Hvöt
Umf. Ingólfur
81. Umf. Laugdæla
82. Umf. Samhygð
83. Umf. Selfoss
84. Umf. Skeiðamanna
Umf. Stokkseyrar
85. Umf. Vaka
Umf. Þór
87. Umf. Þórsmörk

Skýrsla stjórnar:

Ávarp formanns HSK

Kæru félagar

Nú eru sex ár liðin frá því ég var kosinn formaður HSK í Þjórðarverri laugardaginn 22. febrúar. Mér finnst eins og þetta hafi verið í fyrra eða hittifyrra, svo ánægjulegt og gefandi er starfið. Ég flyt ykkur núna því mína sjöttu skýrslu um starfsemina á síðasta ári. Árið 2008 var óvenju annasamt og gekk starfið og rekstur HSK með miklum ágætum.

Unglingalandsmót í Þorlákshöfn

Eins og ykkur er að sjálfsögðu kunnugt þá var 10. unglingalandsmót UMFÍ haldið í Þorlákshöfn um síðastliðna verslunarmannahelgi. Öflug og skilvirk undirbúningsnefnd undir styrkri forystu Ragnars Sigurðssonar sá um undirbúning og framkvæmd mótsins. Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi hjá UMFÍ, var framkvæmdastjóri mótsins og Jóhanna Hjartardóttir var verkefnastjóri mótsins. Hitinn og þunginn af skipulagningunni hvíldi mest á þeim tveimur auk þess sem Ragnar gegndi einnig lykilhlutverki sem formaður nefndarinnar og er þar að auki íþrótta- og æskulýðsfulltrúi sveitarfélagsins og hafði umsjón með uppbyggingu íþróttamannvirkjana. Síðast en ekki síst ber að nefna Ólaf Áka Ragnarsson bæjarstjóra sem lagði gjörva hönd á plóg og sá til þess að aðkoma sveitarfélagsins að mótshaldinu var með afar glæsilegum hætti. Strax í upphafi undirbúnings lögðu Bolli gjaldkeri HSK og Ómar Bragi fram drög að kostnaðaráætlun sem Bolli útfærði síðan nánar og vann skipulega eftir. Á köflum fannst mér smámunasemi Bolli í þessari vinnu vera full mikil en eftir á að hyggja var það afar mikilvægt. Það gildir í þessu efni eins og öðru að eftir því sem að undirbúningur er betri og nákvæmari því mun betri verður árangurinn. Enda sést það á niðurstöðu reikninga HSK að fjárhagsleg afkoma sambandsins hefur sennilega aldrei verið betri. Þátttaka í unglingalandsmótinu var með besta móti, yfir 1.200 keppendur. Keppnin hófst að venju á fimmtudegi og lauk á sunnudegi. Umfangsmikil og skemmtileg dagskrá beið unglinganna að keppni lokinni á hverjum degi og einnig gátu yngri systkini fundið eitthvað við sitt hæfi á meðan þau eldri háðu keppni. Böllin og kvöldvökurnar í stóra tjaldinu voru meiri háttar og öllum herlegheitunum lauk síðan með einni flottustu flugeldasýningu sem ég hef orðið vitni að. Öll keppni gekk vel fyrir sig, sérgreinstjórar stóðu sig mjög vel og allir sem komu að undirbúningi og framkvæmd mótsins lögðu sig alla fram til að allt færi á sem bestan veg. Vil ég nota þetta tækifæri og þakka öllum styrktaraðilum mótsins og þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem komu að framkvæmd þess kærlega fyrir þeirra góða framlag.

Unglingalandsmót á Sauðárkróki og landsmót á Akureyri

Nú í febrúar kom í ljós að Grundfirðingar voru ekki reiðubúnir að halda næsta unglingalandsmót eins og ráð var fyrir gert. Skagfirðingar brugðust skjótt við og sóttust eftir því að halda unglingalandsmótið ásamt nokkrum öðrum héraðssamböndum. Við HSK menn buðum Þorlákshöfn sem keppnisstað en því miður fengum ekki. Ég óska Skagfirðingum innilega til hamingju með að hafa fengið unglingalandsmótið og það verður eflaust gaman að sækja þá heim um verslunarmannahelgina. Áður en að því kemur er stefnan reyndar sett enn norðar eða á landsmótið á Akureyri sem haldið verður 9. – 12. júlí. Til að undirbúa þátttöku okkar þá var að venju skipuð 7 manna landsmótsnefnd. Í henni sitja afar reyndir einstaklingar sem hafa setið í þessari undirbúningsnefnd síðan fyrir landsmótið á Sauðárkróki árið 2005. Eins og alltaf stefnum við að því að senda fullmannað keppnislið og ekkert annað en sigur kemur til greina í heildarstigakeppninni.



Gísli Páll formaður og Ragnar varaformaður voru kátir á Unglingalandsmótinu í Þorlákshöfn.

Landsmótshald framtíðarinnar

Þegar auglýst var eftir mótshaldara fyrir unglingalandsmótið árið 2010 hafði sveitarfélagið Rangárhíping eystra samband við okkur og hafði hug á að sækja um mótið. Eftir fundarhöld með sveitarstjórn þá sóttum við um mótið til UMFÍ en fengum ekki. Sumir segja í dag að það hafi verið eins gott því efnahagshrunið á Íslandi hafi leitt til þess að illmögulegt sé að fá fjármagn til uppbyggingar íþróttaaðstöðu þar sem þessi mót verða haldin. Ég er ekki sammála þessu. Mótshaldari þessara móta verður að sníða sér stakk eftir vexti og miða mótið við þær aðstæður sem eru á hverjum stað fyrir sig. Verði það ekki gert þá er líkur á því að unglingalandsmót UMFÍ verði eingöngu haldin á þeim stöðum þar sem slíkt mót hefur verið haldið áður og fullkomin frjálsíþróttavöllur er til staðar. Þetta er atriði sem við innan UMFÍ verðum að ræða á næstunni. Næsta stóra landsmót verður síðan haldið á Selfossi árið 2012 eða 2013. Sú umræða kom upp seinni part síðasta árs hvort fresta bæri þessu móti um eitt ár. Rök fyrir frestun eru meðal annars sú staðreynd að sama sumar verður landsmót hestamanna haldið á Gaddstaðaflosum, heimsmeistaramót í knattspyrnu verður einnig haldið sama sumar svo og ólympíuleikarnir í London. Þetta allt mun hafa áhrif á aðsókn á mótið auk þess sem fjármögnun verður erfiðari ef margir aðrir stórviðburðir í íþróttaheiminum eru á dagskrá á

svipuðum tíma. Á sambandsráðsfundi UMFÍ í Stykkishólmi síðastliðið haust var samþykkt að skipa nefnd til að skoða þessa hugsanlegu frestun auk þess sem landsmótshald í víðari skilningi verður skoðað. Þessi nefnd verður skipuð á næstu dögum og mun væntanlega skila niðurstöðu og eftir atvikum tillögum til sambandsþings UMFÍ sem haldið verður næsta haust.

100 ára afmæli HSK

Eins og ég nefndi í ræðu minni á síðasta héraðsþingi þá fögnum við 100 ára afmæli Héraðssambandsins Skarphéðins á næsta ári. Jón M. Ívarsson er kominn vel á veg við ritun sögu sambandsins og kemur bókin út á afmælisárinu.

Fimm manna ritnefnd var

skipuð af stjórn HSK en í henni sitja auk mín Bolli Gunnarsson gjaldkeri, Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri, Hafsteinn Þorvaldsson fyrrverandi ritari HSK og Jóhannes Sigmundsson fyrrverandi formaður HSK. Nefndin hefur fundað nokkrum sinnum og hefur þar að auki notið aðstoðar sögu- og minjanefndar HSK. Þessi bók verður örugglega afar fróðleg og skemmtileg og kemur til með að varpa skýru ljósi á þessa aldargömlu sögu Héraðssambandsins Skarphéðins. Stjórn HSK mun skipa afmælisnefnd sem mun skipuleggja og undirbúa veglega afmælis dagskrá næsta árs. Þá hefur stjórn HSK samþykkt nýjar reglur um heiðursviðurkenningar til félaga innan sambandsins og við munum nota þetta stórafmæli til þess að heiðra nokkra einstaklinga sem hafa lagt Skarphéðni lið í gegnum ári.

Samstarf við Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu

Samstarf milli HSK og USVS hefur verið að aukast undanfarin ár. Ber þar helst að nefna að Íþróttahátíð HSK var haldin í Vík í Mýrdal sumarið 2007 og heppnaðist afar vel. Þá hafa nokkrir keppendur frá USVS tekið þátt í héraðsmótum HSK sem gestakeppendur. Nú er komið að tímamótum í þessu máli. Formaður og framkvæmdastjóri USVS, þær Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir og Inger Schiöth, heimsóttu okkur Engilbert á haustdögum. Þær ræddu um hugsanlega sameiningu HSK og USVS og leist okkur vel á slíkar hugmyndir. Rétt er að geta þess að tvö ungmennafélög úr Skaftafellssýslu voru stofnaðilar að HSK fyrir 99 árum. Okkar hugmynd er sú að ungmennafélögin innan USVS gangi í HSK og starfsemin verði undir einum hatti og verði stýrt frá skrifstofu okkar á Selfossi. Engar ákvarðanir hafa verið teknar í málinu en gaman væri að fá viðbrögð þingfulltrúa við þessum hugmyndum. Sjálfur er ég hlynntur þessari þróun og er þess fullviss að Héraðssambandið Skarphéðinn myndi enn frekar við innngöngu þessara félaga í héraðssambandið.

Fundur og þing

Að venju var samráðsfundur UMFÍ haldinn að vori. Í þetta skiptið var hann haldinn í Þorlákshöfn 26. – 27. apríl. Fundurinn var hinn gagnlegasti og á laugardeginum fluttu þeir Sigurður Guðmundsson íþróttafulltrúi Mosfellsbæjar og Reynir Ragnarsson formaður Íþróttabandalags Reykjavíkur erindi sem fjölluðu um samstarf héraðssambanda og íþróttabandalaga við sveitarfélög. Margt fróðlegt kom fram í máli þeirra félaga og dreifði Sigurður mörgum samningum sem Mosfellsbær hefur gert við Ungmennafélagið Aftureldingu um ýmiss konar



Formaður með veiðihundinn Kubb á göngu á Litla-Meiti.

íþróttastarfsemi í bænum. Reynir fékk mikinn tíma þar sem einn fyrirlesari forfallaðist vegna veikinda og fór hann rækilega yfir alla starfsemi ÍBR. Að mínu mati mjög fróðlegur fyrirlestur og stórt skref í því að minnka fordóma og hræðslu sumra ungmennafélaga við það að ÍBR gangi í UMFÍ. Að mínu mati er það einungis tímaspursmál hvenær ÍBR gengur í UMFÍ, ekki hvort. Formannafundur ÍSÍ er ávallt haldinn einhvern föstudag í nóvember og var hann haldinn 28. nóvember síðastliðinn. Á honum er farið yfir mörg brýn mál er snerta íþróttastarfið og í þetta skiptið var mikil áhersla lögð á með hvaða hætti væri hægt að bregðast við efnahagshruninu.

Fjárhagsstaðan

Ég hef hingað til ekki haft mörg orð um fjárhag sambandsins. En nú verður ekki orða bundist. Þeir félagar Bolli og Engilbert hafa með útsjónarsemi og mikilli hagsýni rekið sambandið af miklum myndugleik undanfarin ár. Þetta hefur leitt til þess að sambandið stendur afar vel fjárhagslega og er það afar mikilvægt, sérstaklega á svo viðsjárverðum tímum sem við lifum nú á. Þessari góðu stöðu fá aðildarfélögin að njóta með þeim hætti að skattar á aðildarfélaga 16 ára og yngri verða lækkaðir um helming og framlag HSK til landsmótsþátttöku á Akureyri verður einnig lækkað um helming miðað við það sem var árið 2007. Þetta er reyndar einungis í tillöguformi sem þingið vonandi samþykkir en Bolli mun fara betur yfir þessi mál hér á eftir. Hann er því miður að hætta sem gjaldkeri HSK eftir 10 ára starf. Það er mikil eftirsjá af slíkum manni, en það kemur alltaf maður í manns stað og ég óska Bolla velfarnaðar í þeim verkefnum sem hann tekur sér fyrir hendur.

Ýmis verkefni

Eins og fyrri ár þá tókum við þátt í ýmsum verkefnum á vegum ÍSÍ og UMFÍ. Má þar nefna Fjölskyldan á fjallið, Hjólað í vinnuna, forvarnardaginn, fyrirmyndarfélög ÍSÍ og Flott án fíknar. Þessum verkefnum eru gerð góð skil aftur í skýrslunni og vísa ég til þeirrar umfjöllunar.


Ég vil í lokin þakka öllum þeim fjölmörgu sem ég hef átt samstarf og samskipti við á síðasta ári. Stjórnarmönnum þakka ég gott og skemmtilegt samstarf. Guðrúnu Tryggvadóttur, sem leysti Engilbert af í feðraorlofi þakka ég afar gott samstarf og síðast en ekki síst þakka ég Engilbert kærlega fyrir ánægjulegt og afar gott samstarf á síðasta ári. Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem hafa komið að starfi HSK með einum eða öðrum hætti fyrir þeirra dýrmæta framlag.

Gisli Páll Pálsson, formaður.

Ársreikningur HSK 2008

Meðfylgjandi ársreikning fyrir Héraðssambandið Skarphéðinn hef ég samið eftir bókhaldi sambandsins árið 2008. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi ársins 2008 og efnahagsreikningi hinn 31. desember 2008.


Selfossi, 10. febrúar 2009,




Bolli Gunnarsson,
gjaldkeri HSK

Við undirritaðir höfum farið yfir fylgiskjöl og tölvuútskrift, efnahags- og rekstrarreikning fyrir árið 2008. Við sjáum ekki ástæðu til athugasemda og teljum reikninginn réttann.

Selfossi, 10. febrúar 2009,



Sigurjón Skúlason



Kristján Ágústsson



Rekstrarreikningur ársins 2008

	Rauntölur 2008	Áætlun 2008	Rauntölur 2007
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir:			
Útbreiðslustyrkur frá ÍSÍ	kr. 802.861	700.000	744.864
Lottó	kr. 3.613.282	2.520.000	2.975.105
Heimasíða	kr. 80.000	80.000	80.000
Framlög úr héraði	kr. 2.025.720	2.100.000	1.846.520
Getraunir	kr. 483.618	485.000	417.286
Tekjur af mótum:			
Þátttökugjöld	kr. 470.060	600.000	584.580
Skráningargjöld	kr. 6.158.000	0	
Unglingalandsmótshald	kr. 5.879.310	7.100.000	
Auglýsingatekjur:			
Útgáfa	kr. 110.000	110.000	105.000
HSK fréttir	kr. 234.000	235.000	208.000
Aðrar tekjur:			
Skattar aðildarfélag	kr. 2.320.335	2.200.000	2.097.215
Þing HSK	kr. 219.600	230.000	214.370
Leikjanámskeið	kr. 460.000	420.000	415.000
Leigutekjur v/skrifstofu	kr. 210.000	180.000	208.000
Tekjur vegna Landsmótsþátttöku	kr. 0	0	3.260.581
Tekjur vegna Unglingalandsmóts	kr. 1.685.400	1.500.000	664.400
Söguritun	kr. 2.014.830	4.000.000	
Aðrar tekjur	kr. 147.445	100.000	187.308
Tekjur alls:	kr. 26.914.461	22.560.000	14.008.229
Rekstrargjöld			
Yfirstjórn og rekstur skrifstofu:			
Laun og dagpeningar	kr. 3.878.730	4.400.000	4.221.008
Launatengd gjöld	kr. 560.387	650.000	597.660
Aksturskostnaður	kr. 965.610	850.000	907.714
Skrifstofukostnaður	kr. 753.713	770.000	806.938
Áhöld og tæki	kr. 148.983	250.000	201.004
Fundur og þing	kr. 206.425	350.000	492.306
Heimasíða	kr. 125.263	120.000	55.490
Þjálfun og kennsla:			
Leikjanámskeið	kr. 407.658	420.000	403.102
Íþróttaleg viðskipti:			
Mótahald á vegum HSK	kr. 552.864	500.000	439.232
Unglingalandsmótshald	kr. 5.639.349	6.400.000	
Kynning, fræðsla og útbreiðsla:			
Útgáfa	kr. 391.977	400.000	346.351
Söguritun	kr. 5.140.391	4.900.000	
Rekstur mannvirkja:			
Rekstur eigna	kr. 250.000	200.000	200.000
Önnur gjöld:			
Gjöld vegna Landsmótsþátttöku	kr. 0	0	3.039.678
Gjöld vegna Unglingalandsmóts	kr. 2.191.640	1.500.000	430.594
Skattar til UMFÍ	kr. 0	0	177.640
Greitt í Verkefnasjóð HSK	kr. 1.387.789	910.000	1.264.200
Ýmis kostnaður	kr. 158.040	350.000	482.971
Afskriftir	kr. 720	0	0
Gjöld alls:	kr. 22.759.539	22.970.000	14.065.888
Fjármagnstekjur:			
Vaxtatekjur	kr. 863.266	550.000	687.306
Vaxtagjöld	kr. 0	0	0
Fjármagnstekjuskattur	kr. -82.839	-50.000	-68.714
Fjármagnstekjur alls:	780.427	500.000	618.592
Rekstrarhagnaður ársins	kr. 4.935.349	90.000	560.933



Efnahagsreikningur HSK 31. desember 2008

Eignir		31.des.08	31.des.07
Fastafjármunir:			
Mannvirki	kr.	5.462.001	5.601.103
Áhöld og tæki	kr.	0	0
		5.462.001	5.601.103
Veltufjármunir:			
Viðskiptakröfur	kr.	6.616.148	69.568
Handbært fé	kr.	2.398.255	4.020.081
		9.014.403	4.089.649
Eignir alls:		14.476.404	9.690.752
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé:			
Eigið fé í ársbyrjun	kr.	9.683.878	9.044.091
Endurmat Selsins 2008	kr.	-139.102	78.854
Rekstrarniðurstaða ársins	kr.	4.935.349	560.933
Eigið fé alls:		14.480.125	9.683.878
Skuldir:			
Langtímaskuldir	kr.	0	0
Skammtímaskuldir	kr.	-3.721	6.874
Skuldir alls:		-3.721	6.874
Skuldir og eigið fé alls:		14.476.404	9.690.752

Verkefnasjóður HSK

Rekstrarreikningur 2008

Tekjur:	Framlag HSK samkvæmt reglugerð	kr.	1.171.854
	Vegna vanskila félaga.....	kr.	215.935
	Vextir	kr.	194.084
	Samtals:		1.581.873
Gjöld:	Styrkir	kr.	1.895.000
	Fjármagnskostnaður	kr.	19.408
	Rekstrartap ársins	kr.	-332.535
	Samtals:		1.581.873

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

Eignir:	Í sjóði	kr.	1.174.017
	Samtals		1.174.017
Skuldir og eigið fé:	Eign frá fyrra ári	kr.	1.506.552
	Rekstrartap ársins.....	kr.	-332.535
	Samtals:		1.174.017

Framlög sveitarfélaga og héraðsnefnda

	íbúar	sótt um	framlag
Héraðsnefnd Árnesinga	15.028	3.620.750 (250 kr. á íbúa)	1.064.000
Héraðsnefnd Rangæinga	3.459	844.500 (250 kr. á íbúa)	850.000

Eftirtalin sveitarfélög á sambandssvæðinu styrktu Skarphéðinn sérstaklega, en styrkur sveitarfélaga í sýslunum fer að mestu í gegnum héraðsnefndirnar.

Hveragerðisbær	68.220
Flóahreppur	28.500
Grímsnes- og Grafningshreppur	15.000
Greiðsla alls úr héraði:	2.025.720



Úthlutanir úr Verkefnasjóði HSK 2008

Stjórn Verkefnasjóðs HSK, sem skipuð er formanni, gjaldkera og ritara HSK kom saman til fundar og úthlutaði úr sjóðnum fyrir árið 2008. Alls bárust 41 umsókn til sjóðsins í ár.

Við úthlutun tók sjóðsstjórn m.a. mið af eftirtöldum forsendum:

Æfinga- og keppnisferðir erlendis, val í úrvalshóp og unglingalandsmótsþátttaka	2.500 kr. á einstakling
Menntun þjálfara	10.000 kr. á einstakling
Val í landslið	5.000 kr. á einstakling
Áhaldakaup vegna barna og unglingastarfs/nýjungar/sérstök verkefni	30.000 kr. á félag/nefnd/ráð

Þessar viðmiðunartölur hafa tekið nokkrum breytingum frá því fyrra. Eins og sjóðsstjórn hafði boðað var dregið úr vægi æfinga- og keppnisferða við úthlutun. Þess í stað er nú greitt í fyrsta sinn vegna þátttöku þjálfara í þjálfaranámskeiðum innanlands. Þessi viðmið eru í engu bindandi gagnvart áframhaldandi úthlutun, enda verður sjóðsstjórn að taka mið af fjölda umsókna og fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni. Sjóðsstjórn ákvað, líkt og undanfarin ár, að veita ekki styrki vegna æfingaferða innanlands og þá eru ekki veittir styrkir til mannvirkjagerðar, sbr. reglugerð.

Úthlutun sjóðsins árið 2008 er sem hér segir:

Félag/deild/ráð/nefnd	Heiti verkefnis	Úthlutun
Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss	Kynning á frjálsíþróttum í Fjölbraut	30.000
Golfklúbbur Þorlákshafnar	Efling barna- og unglingastarfs 2009	30.000
Frjálsíþróttadeild Umf. Þórs	Áhaldakaup	30.000
Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss	Kaup á hástökkisdýnum	30.000
Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss	Úrvalshópur FRÍ	7.500
Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss	Landsliðsþátttaka	10.000
Íþróttafélagið Suðri	Útbreiðsla og kynning	30.000
Íþróttafélagið Dímon	Þjálfarar á boðtennisnámskeið	30.000
Körfuknattleiksdeild Hamars	Val í landslið	5.000
Handknattleiksd. Umf. Selfoss	Val í landslið	20.000
Handknattleiksd. Umf. Selfoss	Tækjakaup	30.000
Handknattleiksd. Umf. Selfoss	Efling kvennahandbolta	30.000
Handknattleiksd. Umf. Selfoss	Þátttaka á landsliðsæfingum	27.500
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Koma erlendra þjálfara á Selfoss	30.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Þátttaka í Eurogym í Frakklandi	100.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Kaup á upptökuvél	30.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Þátttaka í Evrópumóti	37.500
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Þátttaka á Norðurlandamóti	32.500
Knattspyrnadeild Umf. Selfoss	Menntun þjálfara	140.000
Knattspyrnadeild Umf. Selfoss	Þjálfararanám	30.000
Knattspyrnadeild Umf. Selfoss	Stofnun meistaraflokks kvenna	30.000
Knattspyrnadeild Umf. Selfoss	Heimildarmynd	30.000
Knattspyrnadeild Umf. Selfoss	Æfingaferð til Spánar	57.500
Knattspyrnadeild Umf. Selfoss	Æfinga- og keppnisferð til Svíþjóðar	82.500
Knattspyrnadeild Umf. Selfoss	Leyfiskerfi KSÍ	30.000
Knattspyrnadeild Umf. Selfoss	Val í landslið	15.000
Knattspyrnadeild Umf. Selfoss	Þátttaka á landsliðsæfingum	25.000
Glimuráð HSK	Úrvalshópur GLÍ	37.500
Glimuráð HSK	Þátttaka í Evrópumeistaramóti	15.000
Glimuráð HSK	Þátttaka í Heimsmeistaramóti	50.000
Frjálsíþróttaráð HSK	Sameiginlegar æfingar HSK	30.000
Sunddeild Umf. Selfoss	Norrænt námskeið	20.000
Sunddeild Umf. Selfoss	Æfinga- og keppnisferð til Þýskalands	20.000
Hestamannafélagið Smári	Reiðkennsla	30.000
Hestamannafélagið Smári	Hljóðkerfi í reiðhöll	30.000
Körfuknattleiksdeild Umf. Þórs	Val í landslið	15.000
Körfuknattleiksd. Þórs/Hamars	Nám körfuknattleiksþjálfara	10.000
Körfuknattleiksdeild Hamars	Körfuboltaskóli	30.000
Unglingalandsmótsnefnd HSK	165 keppendur, kostnaður við treyjukaup	412.500
Samtals úthlutað		1.680.000

Þakkir til þeirra sem styrktu starfsemina

Stjórn Héraðssambandsins þakkar þeim fjölmörgu aðilum sem styrktu Skarphéðinn á árinu með einum eða öðrum hætti. Hér er átt við styrki í formi beinna fjárframlaga, niðurfellingu á húsaleigu, mikla sjálfböðavinnu, kaup á verðlaunapeningum og bikurum, gefnar veitingar ofl. Þessi stuðningur er Skarphéðni ómetanlegur og verður seint fullþakkaður.

Íþróttamaður HSK 2008

Líkt og tvö undanfarin ár kaus fimm manna valnefnd íþróttamann HSK 2008 úr röðum þeirra sem tilnefndir voru af nefndum og ráðum sambandsins. Auk þeirra tilnefnir stjórn sambandsins íþróttamenn þriggja greina þar sem ekki er starfandi nefnd eða ráð.

Í ár voru 18 íþróttamenn valdir í jafn mörgum íþróttagreinum. Að þessu sinni var ekki valinn borðtennismaður ársins, en það var niðurstaða borðtennisnefndar HSK að velja ekki borðtennismann þetta árið.

Valnefndin valdi Katrínu Ösp Jónasdóttur fimleikakonu úr Umf. Selfoss Íþróttamann HSK 2008.

Nafn	Félag	Íþróttagrein
Bjarndís Helga Blöndal	Hamar	Badmintonmaður
María Rósa Einarsdóttir	Dímon	Blakmaður
Sigurður Vilhjálmsson	Selfoss	Briddsmaður
Katrín Ösp Jónasdóttir	Selfoss	Fimleikamaður
Ágústa Tryggvadóttir	Selfoss	Frjálsíþróttamaður
Andri Már Óskarsson	GHR	Golfmaður
Stefán Geirsson	Samhygð	Glímumaður
Ramunas Mikalonis	Selfoss	Handknattleiksmaður
Sigurðar Sigurðarson	Geysir	Hestaíþróttamaður
Sigríður Erna Kristinsdóttir	Suðri	Íþróttamaður fatlaðra
Þór Davíðsson	Selfoss	Judómaður
Sævar Þór Gíslason	Selfoss	Knattspyrnumaður
Fanney Lind Guðmundsdóttir	Hamar	Körfuknattleiksmaður
Magnús Gunnarsson	Selfoss	Skákmaður
Hákon Þ. Svavarsson	SFS	Skotíþróttamaður
Jón Valgeir Geirsson	Vaka	Starfsíþróttamaður
Laufey Rún Þorsteinsdóttir	Hamar	Sundmaður
Daníel Jens Pétursson	Selfoss	Taekwondomaður



Katrín Ösp Jónasdóttir



**Bjarndís Helga
Blöndal**



**María Rósa
Einarsdóttir**



**Sigurður
Vilhjálmsson**



**Ágústa
Tryggvadóttir**



**Andri Már
Óskarsson**



Stefán Geirsson



**Ramunas
Mikalonis**



**Sigurðar
Sigurðarson**



**Sigríður Erna
Kristinsdóttir**



Þór Davíðsson



**Sævar Þór
Gíslason**



**Fanney Lind
Guðmundsdóttir**



**Magnús
Gunnarsson**



**Hákon Þ.
Svavarsson**



**Jón Valgeir
Geirsson**



**Laufey Rún
Þorsteinsdóttir**



**Daníel Jens
Pétursson**

Ýmis sérverðlaun veitt á héraðsþingi

Stigahæsta félag - Ungmennafélag Selfoss

Unglingabikar HSK - Hestamannafélagið Smári

Foreldrararfsbikar HSK - Fimleikadeild Umf. Selfoss

Öðlingur ársins - Tómas Jónsson Umf. Selfoss

Unglingabikar HSK

Æskulýðsstarfið hjá Hestamannafélaginu Smára hefur verið öflugt um langt árabil. Félagið leggur áherslu á að krakkarnir séu virkir þátttakendur í þeim uppákomum sem haldnar eru. Á vetrarmótum félagsins er alltaf töluverð þátttaka hjá bæði börnum og unglingum. Farið hefur verið í helgarferð á hverjum vetri með krakkana og er þá reiðkennari með í för sem leiðbeinir þeim. Haldnir eru reiðtygjadagar þar sem farið er yfir umhirðu reiðtygja almennt. Fræðslan skiptir miklu máli og haldin hafa verið ýmis námskeið fyrir þennan aldurshóp.

Stutt hefur verið við bakið á krökkum sem hafa farið á LM með kennslu og æfingum fyrir mót. Farið er árlega á Æskan og hesturinn með ca 50 krakka. Æskulýðsdagurinn er orðinn fastur liður á sumrin þar sem krakkarnir keppa í hinum ýmsu óhefðbundnum greinum og hefur tekist mjög vel. Árið er svo klárað með uppskeruhátíð. Í vetur var byrjað að bjóða börnum og unglingum uppá kennslu í hestamennsku í skólunum á félagssvæðinu.

Foreldrararfsbikar HSK

Fimleikadeild Umf. Selfoss hefur lagt mikla áherslu á gott foreldrararf innan deildarinnar. Foreldrar iðkenda koma að fjölmörgum málum í starfi deildarinnar. Foreldraráðin hafa til að mynda séð um fjáraflanir iðkenda vegna æfinga- og keppnisferða og hefur hugmyndaflug og dugnaður foreldranna verið óþrjótandi. Árið 2008 var afar viðburðaríkt hjá fimleikadeildinni og í mjög mörgu að snúast hjá foreldraráðum, en þá var farið á Norðurlandamót unglinga í Bergen, Eurogym fimleikahátíð í Albi í Frakklandi og á Evrópumót fullorðinna í Gent í Belgíu. Foreldraráðin hafa einnig séð um sjoppurekstur á mótum og öðrum viðburðum deildarinnar. Þá hafa foreldrar iðkenda einnig verið afar duglegir við að aðstoða við flutninga áhalda vegna móta en fyrir hvert mót þarf að flytja öll áhöld á milli íþróttahúsa þar sem ekki er hægt að halda mót í Baulu þar sem æfingaaðstaða deildarinnar er.

Foreldráðin hafa starfað í mjög góðu samstarfi við stjórn og þjálfara deildarinnar og fylgjast með faglegu starfi innan deildarinnar. Þannig hefur t.d. foreldraráð meistaraflokks fundað með yfirþjálfara deildarinnar. Í hverju foreldraráði er einnig einn tengiliður við stjórn til að auðvelda samskipti innan

Öðlingur ársins

Öðlingur ársins er Tómas Jónsson úr Umf. Selfoss. Nokkru eftir að búið var að tilkynna honum um valið, sendi Tómas sambandinu góða samantekt og er hún birt í heild sinni hér að neðan:

„Þegar ég var að alast upp í sveitinni minni, Ölfusinu, á fimmta tug síðustu aldar snérist lífið einungis um tvennt. Það var sífelld vinna og aflögustundirnar, sem voru fáar, einkum seint á kvöldin, snérust um íþróttir og ungmennafélagið. Ungmennafélag Ölfusinga var mjög virkt á þessum árum. Þar voru forystumenn sem við yngra fólkið litum mjög upp til. Það lá við að manni finndist ungmennafélagið lifa sínu eigin lífi. Þetta voru mótunarár sem höfðu ábyggilega varanleg áhrif á mann.

Ég stundaði frjálssar íþróttir hverja aflögustund og sund eftir því sem tók voru á.



Ungir knapar úr Hestamannafélaginu Smára.



Keppendur úr fimleikadeild Umf. Selfoss

deildarinnar. Það er því alveg óhætt að segja að foreldraráðin séu ómissandi hluti af starfi fimleikadeildar UMFS.

Ég keppti í héraðsmótum í frjálsum íþróttum en þó fyrst og fremst á sundmótum Skarphéðins á árunum 1946 til 1953 og náði dágóðum árangri á þess tíma mælikvarða. Á þessum árum var ég líka um tíma í stjórn ungmennafélagsins.

Einnig tók ég líka þátt í nokkrum Landsmótum UMFI.

Á sundmóti HSK í Hveragerði 1946, þegar ég var 13 ára, vann ég 1000 metra bringusund. Þótt sú vegalengd væri synt á Landsmótinu á Laugum það ár var ég ekki sendur þangað. Sagt var að Sigurður Greipsson hefði sagt að hann færi ekki að senda krakka til að keppa við fullorðna menn og því var sendur sá sem varð alllangt á eftir mér í Hveragerði.



Tómas Jónsson.

Þetta sárnaði mér mjög því á þessum árum var maður metnaðarfullur.

Ég var einn vetur í íþróttaskóla Sigurðar Greipsonar í Haukadal og ég ætla ekki að reyna lýsa því hve frábær uppeldisáhrif Sigurður hafði á nemendur sína, að minnsta kosti veit ég að ég hef notið þeirra alla tíð síðan.

Tímamót urðu í lífi mínu haustið 1953 þegar ég gerðist starfsmaður á Keflavíkurflugvelli. Þar hafði ég ekki aðstöðu til að stunda íþróttir. Ég gerðist þar lögreglumaður í nokkur ár en 1963 flutti ég á Selfoss og hóf störf hjá lögregluembættinu þar. Þá fór ég aftur að fylgjast með starfi ungmennafélaganna, fyrst með því að taka ljósmyndir af íþróttaviðburðum en smátt og smátt fór ég að dragast inn í störfin. Ég varð formaður frjálsíþróttanefndar Skarphéðins í einhver ár í lok sjöunda áratugarins. Þá var ég um tíma í stjórn Frjálsíþróttasambands Íslands og var þar varaformaður. Einnig var ég um tíma gjaldkeri Ungmennafélags Selfoss. Ég sat nokkur héraðsþing Skarphéðins, ef ég man rétt.

Þessi félagsstörf mín fengu þó skyndilegan enda þegar ég, árið 1969 var ráðinn til starfa hjá Sameinuðu Þjóðunum í New York. Þar var ég svo til 1971 og þegar heim var komið vildi þannig til að lögreglumenn höfðu nýverið stofnað stéttarfélag, Landssamband lögreglumanna. Ég hafði raunar átt þátt í því að þessi samtök okkar höfðu orðið að veruleika og þegar þarna var komið, tók ég að mér að verða einn af foystumönnum

landssambandsins og gegndi ýmsum störfum því tengdu í hálfan annan áratug. Þar var ærinn starfi og lauk þar með þáttöku minni í félagsstarfi ungmennafélaganna. Ég efa ekki að í starfi mínu hjá Landssambandi lögreglumanna naut ég þeirra áhrifa sem ég öðlaðist í vinnu og leik hjá ungmennahreyfingunni fyrr á árum.

Íþróttir eiga þó enn hug minn allan og ég fylgist vel með því sem efst er á baugi hverju sinni. Í framhaldi af þessu langar mig til að láta í ljós þá ósk mína að Héraðsambandið geti haldið enn betur utan um afreksfólk okkar, ekki síst á þessum erfiðu tímum.

Af og til hef ég tekið þátt í öldungamótum í frjálsum og einu sinni í sundi. Nú þegar ég er orðinn 76 ára og við hestaheilsu dreg ég ekki í efa að íþróttaiðkun mín á stóran þátt í góðri heilsu minni.

Sem öldruðum manni hlýnar mér um hjartarætur við þá vinsemd sem mér er sýnd. Þó læðist að mér sá grunur að æði margir sem starfað hafa fyrir ungmennahreyfinguna og Héraðsambandið, eigi þennan heiður fremur skilið en ég. Mér finnst ég hafa lagt allt of lítið til þessa góða félagsskapar, sem mér hefur þó alla tíð þótt ákaflega vænt um.

Ég hugsa hlýtt til ykkar í dag þar sem ég er staddur á Kanarý í sól og sumri og sendi ykkur kæru vinir og félagar, mínar bestu kveðjur. Sérstaklega óska ég Héraðssambandinu bjartri framtíð.

HSK fréttir í Sunnlenska

Sunnlenska fréttablaðið hefur frá því í ársbyrjun 1999 vikulega birt fréttir frá HSK í þætti sem heitir „HSK fréttir“. Um er að ræða heilsíðu í blaðinu og var síðan styrkt af Hótel Örk í Hveragerði í ár líkt og í fyrra.

Í HSK fréttum var greint frá þeim málum sem Skarphéðinn var að vinna að á árinu. Viðamestar voru fréttir af mótahaldi á vegum sambandsins, en einnig var öðrum málum er tengjast starfsemi ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar gerð góð skil. Framkvæmdastjóri HSK hefur að mestu séð um skrif í HSK síðuna.

Stjórn HSK vill koma á framfæri þakklæti til Sunnlenska fréttablaðsins fyrir frábært samstarf við gerð síðunnar. Aðildarfélag HSK eru hvött til að senda upplýsingar um viðburði í starfi félaganna til skrifstofu HSK og stuðla þannig að enn meiri umfjöllun um starf íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar í fjölmiðlum.

Heimasíða HSK

Heimasíða HSK sem nú er í notkun var opnuð 10. október 2005. Það var fyrirtækið Kubbar ehf. sem hannaði síðuna og byggir hún á WebAccess vefumsjónarkerfinu. Nánari upplýsingar um vefkerfið má sjá á www.web-access.biz

Aðildarfélag HSK geta fengið tilboð í gerð heimasíðu fyrir félög sem byggir á sama kerfi og heimasíða HSK og var tilboð sent til félaga á síðasta ári. Umf. Laugdæla tók í notkun heimasíðu sem byggir á þessu kerfi. Þau félög sem hafa áhuga geta haft samband Jón Ágúst Reynisson eigandi Kubbar ehf. í síma 899 5530.

Nokkur fyrirtæki kosta rekstur síðunnar, en þau eru Kubbar ehf., Hótel Örk í Hveragerði, Kaupþing og Dvalarheimilið Ás í Hveragerði. Þessum aðilum er þakkaður stuðningurinn við halda úti öflugum fréttavef fyrir Héraðssambandið Skarphéðinn.

Félögum og deildum er bent á að senda upplýsingar um viðburði sem framundan eru á hsk@hsk.is og verður þeirra þá getið á umræddu viðburðadagatali. Slóðin á síðuna er www.hsk.is

Útgáfa á vegum Skarphéðins

Ársskýrsla HSK kemur út á héraðsþingi ár hvert. Nefndir og sérráð HSK og aðildarfélag senda Skarphéðni yfirlit yfir störf liðins árs og stjórn HSK gerir grein fyrir starfinu á árinu. Skýrslan var gefin út í 250 einstökum á árinu og var hún send til aðildarféлага HSK, nefndarformanna HSK, sveitarstjórna í Árnes- og Rangárvallasýslu, ÍSÍ og UMFÍ, auk þess sem allir fulltrúar og gestir á héraðsþinginu fengu eintak. Undanfarin ár hefur skýrslan verið prentuð, en til margra ára var hún ljósrituð. Lögð hefur verið áhersla á að fjölga myndum og eru félögin beðin um að senda myndir úr starfinu á hsk@hsk.is til birtingar í næstu ársskýrslu.

Þinggerð var unnin af riturum þingsins og var send út með tölvupósti og sett á heimasíðu HSK. Úrslit héraðsmóta voru send út með tölvupósti og þau voru einnig birt á heimasíðu HSK.



Vikulegur þáttur í útvarpi

Framkvæmdastjóri HSK fór í vikulegan spjallþátt á útvarsstöðinni Suðurland FM, en stöðin hóf útsendingar 12. nóvember 2007 á tíðninni FM 96,3. Þar var sagt frá starfsemi HSK og aðildarfélaganna. Útsending HSK fréttu er alla þriðjudaga um kl. 15:00.

Annað kynningarstarf

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa auk þess kynnt starfsemi HSK á nokkrum aðalfundum aðildarféлага HSK, aðalfundum sérráða HSK og nefndarfundum hjá HSK. Þá eru fréttir frá HSK sendar með tölvupósti til fjölda aðila einu sinni í viku.



Keppendur í sleifarkeppinni á þinginu í Þorlákshöfn.

Fundir og þing: 86. héraðsþing HSK

86. héraðsþing HSK var haldið 28. febrúar 2008 í Þorlákshöfn. Gísli Páll Pálsson formaður HSK setti þingið kl. 10:00 og bauð þingfulltrúa velkomna og bað fundarmenn um að rísa úr sætum og minnast látinna félaga, þeirra Jóns Sigurðssonar frá Úthlíð í Biskupstungum, Guðrúnar Ingvarsdóttur á Selfossi og Kristins Sigurjónssonar, Reykjavík.

Því næst léku Krístrún Gestsdóttir, Ólöf Björk Sigurðardóttir og Inga Þ. Ingvadóttir félagar úr Umf. Þór á Þverflautur.

Þingforsetar voru kjörnir Halldór Sigurðsson og Barbara Guðnadóttir Umf. Þór. Þingritarar voru kjörnir Ragnhildur Thorlacius og Sigprúður Harðardóttir Umf. Þór.

Í kjörbréfanefnd voru kjörin Bergur Guðmundsson Umf. Selfoss, Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir Umf. Framtíðin og Steinunn Þorsteinsdóttir Umf. Þór.

Gestir á þinginu voru: Guðmundur Kr. Jónsson, Árni Þorgilsson og Jóhannes Sigmundsson fyrrverandi formenn HSK sem jafnframt voru þingfulltrúar, Helga Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ, Björn B. Jónsson, fv. form. HSK og UMFÍ, Ómar Bragi Stefánsson framkvæmdastjóri Unglingalandsmóts, Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ, Jón M. Ívarsson söguritari, Ólafur Áki Ragnarsson bæjarstjóri í Ölfusi og Bjarni Harðarson alþingismaður.

Gísli Páll Pálsson formaður flutti skýrslu stjórnar. Rakti hann helstu störf HSK á síðastliðnu starfsári. Skýrslan lá frammi fjölfölduð á þinginu og vísast í hana. Gísli Páll afhenti Handknattleiksdeild Umf. Selfoss unglingabíkar HSK fyrir

frábært barna- og unglingastarf, Fimleikadeild Umf. Þórs foreldrastarfbíkar og Ungmennafélagi Selfoss bíkar sem stigahæsta félag innan HSK. Formaðurinn þakkaði að lokum stjórnarmönnum og sérstaklega framkvæmdastjóra félagsins Engilberti Olgeirssyni fyrir vel unnin störf. Ennfremur þakkaði hann öllum þeim sem hann átti samskipti við á síðastliðnu ári og lögðu HSK lið í hinum ýmsu málum.

Bolli Gunnarsson gjaldkeri lagði fram reikninga ársins 2007 sem lágu fyrir þinginu. Hann fór í gegnum helstu þætti sem þörfuðust útskýringa og las svo og skýrði reikninga sambandsins. Bolli las síðan og skýrði reikninga Verkefnasjóðs sambandsins.

Að loknum umræðum um skýrslu stjórnar ávörpuðu gestir þingið. Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ bar fundinum kveðju framkvæmdastjórnar Íþrótt- og Ólympíusambandsins og færði Guðríði Aadnegard frá Hveragerði, ritara HSK, silfurmerki ÍSÍ. Helga Guðjónsdóttir formaður UMFÍ veitti Gísla Páli Pálssyni formanni HSK starfsmerki UMFÍ.

Klukkan 12:12 var gert fundarhlé og haldið til hádegisverðar. Hádegisverður var í boði Sveitarfélagsins Ölfuss og færði Gísli Páll, Ólafi Áka Ragnarssyni, bæjarstjóra, platta sem þakklætisvott fyrir veittan viðurgjörming. Sleifarkeppnin fór fram í hádeginu og bar Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir, formaður Umf. Framtíðar sigur úr býtum.

Þingstörfum framhaldið kl. 13:10 og las Bergur Guðmundsson upp álit kjörbréfanefndar, kjörbréfin borin undir

atkvæði og samþykkt samhljóða. Skýrsla og reikningar félagsins bornir upp til samþykktar og hlutu einróma samþykki. Gísli Páll bar upp tillögu þess efnis að Akstursíþróttafélag Hreppakappa fengi aðild að Héraðssambandinu Skarphéðni og var það samþykkt.

Fanney Ólafsdóttir Umf. Vöku, skipaði þingfulltrúum í nefndir, mælt var fyrir tillögum og nefndarstörf hófust.

Gísli Páll Pálsson afhenti íþróttamönnum hverrar greinar viðurkenningar auk ýmissa sérverðlauna. Nöfn verðlaunahafa eru birt á bls. 10 í ársskýrslu HSK.

Öðlingur ársins 2007 er Árni Guðmundsson, Golfklúbbi Selfoss og Íþróttamaður HSK 2007 er Sigurður Sigurðarson Hestamannafélaginu Geysi. Helgi Haraldsson veitti Jóni B. Guðlaugssyni hlaupara viðurkenningu Frjálsíþróttaráðs HSK fyrir afburða árangur í víðavangs- og maraþonhlaupum.

Að lokinni verðlaunaafhendingu var þingfulltrúum, gestum og verðlaunahöfum boðið upp á kaffi og kræsingar og var Kristinn Guðnason tilnefndur sem matmaður þingsins.

Gengið var til kosninga að loknum nefndarstörfum og flutti formaður kjörnefndar, Fanney Ólafsdóttir, tillögur nefndarinnar og voru þær samþykktar samhljóða.

Í stjórn HSK voru eftirtalin kosin:

Formaður: Gísli Páll Pálsson

Hverahlíð 4, Hveragerði • 483 4523 • 896 4126 • gisli@dvalaras.is

Gjaldkeri: Bolli Gunnarsson

Akрасel 24, Rvk. • 567 5261 • 892 5261 • bollgunn@hotmail.com

Ritari: Guðríður Aadnegard

Grænumörk 9, Hverag. • 483 5098 • 897 4282 • gudridur@hveragerdi.is

Varaformaður: Ragnar Sigurðsson

Eyjahraun 11, Þorlákshöfn • 483 3494 • 863 9690 • ragnar@olfus.is

Meðstjórnandi: Bergur Guðmundsson

Starengi 17, Selfossi • 482 2006 • 864 3853 • bergur@sghus.is

Varamenn:

Helga Fjóna Guðnadóttir

Skarð, Landsveit • 487 8154 • 863 8277 • hfg@laugaland.is

Fanney Ólafsdóttir

Hurðarbak, Flóahreppi • 486 3345 • 892 4155 • fanney@visir.is

Helgi Kjartansson

Dalbraut 2, Reykholti • 486 8920 • 898 1552 • helgikj@ismennt.is

Íþr.f. Hamar

Umf. Baldur

Íþr.f. Hamar

Umf. Þór

Umf. Selfoss

Hestam.f. Geysir

Umf. Vaka

Umf. Biskupst.

Að loknum umræðum um önnur mál þakkaði Gísli Páll Pálsson, formaður HSK, það traust sem honum og stjórn var sýnt með endurkjöri. Þakkaði Ragnari Sigurðssyni og öðrum forsvarsmönnum sveitarfélagsins fyrir undirbúning í Þorlákshöfn, starfsmönnum þingsins fyrir vel unnin störf og Engilbert Olgeirssyni fyrir hans þátt og sleit þingi kl. 18:15.

Guðríður Aadnegard

Stjórnarfundir HSK

Stjórn HSK fundaði níu sinnum á milli héraðsþinga og hér að neðan eru upplýsingar um dagsetningar stjórnarfunda og mætingu. Fundirnir voru oftast haldnir í Selinu á Selfossi, en fundur í júní var haldinn í Landmannahelli, líkt og undanfarin ár.

Formaður, gjaldkeri og ritari voru kosnir í framkvæmdastjórn á fyrsta fundi stjórnar þann 10. mars, en enginn formlegur fundur var haldinn á árinu.

Mætingar á stjórnarfundum HSK 10. mars 2008 - 10. febrúar 2009

	10/3	7/4	5/5	28/6	25/9	4/11	3/12	12/1	23/1
Gísli Páll	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Bolli	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Guðríður	x	x		x	x	x	x	x	x
Ragnar				x		x		x	x
Bergur	x	x	x	x	x		x	x	x
Fanney	x	x	x			x	x	x	x
Helga Fjóna	x							x	x
Helgi	x	x	x		x	x		x	x
Engilbert	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Guðrún Tryggvadóttir				x					
Jón M. Ívarsson	x								



Stjórn HSK fór til fjalla

Stjórn HSK fundaði í Landmannahelli í júní, en hefð er komin á það að stjórnarmenn og fjölskyldur þeirra fari í útilegu saman og fundi í leiðinni. Hér má sjá grillmeistarana Gísla Pál og Berg að störfum.

Fundað með forystu USVS

Á árinu fengum við góða heimsókn frá grönnum okkar í austri. Það voru þær Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir formaður Ungmennasambands Vestur - Skaftafellssýslu og Inger Schiöth framkvæmdastjóri.

Erindi þeirra var að ræða hugsanlega sameiningu USVS og HSK, en áhugi er innan USVS að sameinast HSK. Nú þegar er talsvert samstarf á milli sambandanna og sameining myndi gagnast báðum aðilum. Má þar nefna að Íþróttahátíð HSK var haldin í Vík í Mýrdal árið 2006 og við höfum boðið keppendum að austan að taka þátt sem gestir í héraðsmótum okkar.



Gísli Páll, Kolbrún og Inger á fundi vegna málefna HSK og USVS.

Aðalfundir félaga

Samkvæmt lögum hreyfingarinnar ber héraðssamböndum að fylgjast með því að aðalfundir félaga séu haldnir. Flest aðildarfélögin héldu aðalfundi á árinu, en þó voru átta félög sem héldu ekki aðalfundi.

Tvö félög voru stofnuð á sambandssvæðinu á árinu. Vélhjólaklúbbur Rangæinga var stofnaður á 15. desember 2008 og var stofnfundurinn haldinn á Hellu. Golfklúbburinn Tuddi var stofnaður 22. desember 2008 og var stofnfundurinn haldinn í Kópavogi. Bæði félögin sóttu um aðild að HSK og fengu bráðabirgðaaðild á fundi stjórnar HSK í janúar 2009. Verður umsókn þeirra tekin fyrir á héraðsþinginu á Hvolsvelli 2009. Munu félögin væntanlega verða þau 58. og 59. í röðinni sem eiga aðild að sambandinu um þessar mundir.

Formannafundur ÍSÍ

Formannafundur ÍSÍ var haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal föstudaginn 28. nóvember 2008. Góð mæting var á fundinn. Formannafundur ÍSÍ er haldinn árlega og er ráðgefandi samkoma þar sem farið er yfir liðið starfsár og rædd ýmis mál er helst brenna á íþróttahreyfingunni á milli Íþróttapinga ÍSÍ.

Fundinn sækja, auk framkvæmdastjórnar ÍSÍ, formenn sersambanda, héraðssambanda og íþróttabandalaga ÍSÍ. Ragnar Sigurðsson varaformaður HSK var fulltrúi HSK á fundinum.

Samráðsfundur UMFÍ

Á hverju vori heldur UMFÍ samráðsfund. Formenn héraðssambanda og ungmennafélaga með beina aðild að UMFÍ eru boðaðir á fundinn. Fundirnir eru haldnir á þeim stað þar sem næsta unglingalandsmót UMFÍ verður haldið. Það var því Þorlákshöfn sem varð fyrir valinu árið 2008.

Fundurinn fór fram 26. - 27. apríl og á laugardegnum fluttu þeir Sigurður Guðmundsson íþróttafulltrúi Mosfellsbæjar og Reynir Ragnarsson formaður Íþróttabandalags Reykjavíkur erindi sem fjölluðu um samstarf héraðssambanda og íþróttabandalaga við sveitarfélög. Margt fróðlegt kom fram í máli þeirra félaga og dreifði Sigurður mörgum samningum sem Mosfellsbær hefur gert við Ungmennafélagið Aftureldingu um ýmiss konar íþróttastarfsemi í bænum. Mjög gott er að fá slíkar upplýsingar og munu fundarmenn eflaust nota þessa samninga sem fyrirmynd þegar þeir semja við sín sveitarfélög. Reynir fékk mikinn tíma þar sem einn fyrirlesari forfallaðist vegna veikinda og fór hann rækilega yfir alla starfsemi ÍBR. Að mínu mati mjög fróðlegur fyrirlestur og stórt skref í því að minnka fordóma og hræðslu sumra ungmennafélaga við það að ÍBR gangi í UMFÍ. Að mínu mati er það einungis tímaspursmál hvenær ÍBR gengur í UMFÍ, ekki hvort. Það væri reyndar áhugavert að fá að sjá reikninga ÍBR áður en af því verður. Það getur vel verið að þeir séu opinberir en ég hef í það minnsta ekki séð þá sjálfur. Sennilega þökkalega mikið til af aukum á þeim bænum.

Að loknum fyrirlesturum og áhugaverðum fyrirspurnum kynnti bjarstjóri Sveitarfélagsins Ölfuss, Ólafur Áki Ragnarsson, fyrirhugaðar framkvæmdir við uppbyggingu íþróttamannvirkja vegna unglingalandsmótsins. Einnig fór Jóhanna Hjartardóttir, starfsmaður Unglingalandsmótsins yfir nokkur framkvæmdaatriði mótsins. Því næst var keyrt með hópinn um Þorlákshöfn og fundarmönnum sýndar framkvæmdir sem standa yfir undir leiðsögn Ragnars Sigurðssonar varaformanns HSK. Það er augljóst að Ölfusingar ætla að standa að þessu móti með miklum glæsibrag. Frjálsíþróttavöllurinn sem verður staðsettur fyrir sunnan íþróttahúsið verður með þeim glæsilegri hér á landi. Gríðar stór jarðvegsmön umlykur völlinn á þrjá vegu og gefur honum glæsilegt yfirbragð. Þá verður byggð ný sundlaug og búningsaðstaða við íþróttavöllinn. Það verður enginn svikinn af því að mæta



Frá samráðsfundi UMFÍ í Þorlákshöfn.

á Unglingalandsmótið í Þorlákshöfn um verslunarmannahelgina. Gómsætar veitingar biðu fundarmanna að lokinni skoðunarferð og svo var haldið á Hótel Selfoss (þar sem gisting er ekki fyrir hendi í Þorlákshöfn). Kvöldverður ásamt frekar hávaðasömum dansleik fylgdi í kjölfarið og verður ekki farið nánar út í það.

Á sunnudeginum fórum við í skoðunarferð um svæði Ungmennafélags Selfoss og Héraðssambandsins Skarphéðins á Engjaveginum. Byrjuðum í Tíbrá þar sem Örn Guðnason framkvæmdastjóri félagsins kynnti starfsemi þess og sýndi glæsileg húsakynni. Að því loknu fórum við yfir í Iðu, íþróttahús Fjölbautaskóla Suðurlands, þar sem Bragi Bjarnason íþrótt- og tólmstundafulltrúi Árborgar kynnti fundarmönnum stórfengleg uppbyggingaráform íþróttamannvirkja í Árborg. Í máli hans kom fram að þrýstingur til að ljúka fyrirhuguðum framkvæmdum hafi aukist verulega við þá ákvörðun UMFÍ að halda "Stóra" Landsmótið í Sveitarfélaginu Árborg árið 2012. Ákvörðun stjórnar UMFÍ er enn og aftur að skila þeim góða árangri að uppbygging íþróttamannvirkja verður með skjótari hætti en menn höfðu áður hugað. Þegar Bragi hafði frætt hópinn um áætlanir Árborgar lá leiðin yfir í Selið þar sem bækistöðvar HSK eru. Þar var boðið upp á matarmikla súpu, brauð og stuttan fyrirlestur undirritaðs um starfsemi HSK. Gagnlegar umræður urðu um hin ýmsu mál HSK og UMFÍ og líklegt er að einhver þeirra verði tekin upp á sambandsráðsfundi UMFÍ í haust til umræðu og afgreiðslu.

Ég hef áður lýst þessum samkomum UMFÍ sem eins konar ættarmótum þar sem maður hittir „gamla“ fjölskyldumeðlimi sem manni þykir mjög vænt um og kynnist nýjum sem koma í stað þeirra sem látið hafa af störfum. Þessir nýju fjölskyldumeðlimir eru boðnir velkomnir og mér sýndist verulega margir vænlegir vera í þessum nýja hópi.

Fundarmenn héldu heim á leið glaðir í bragði í sólskininu og vonandi fróðari um starfsemi HSK og það sem við ætlum að gera á næstu misserum í íþrótt- og æskulýðsmálum á sambandssvæði HSK.

Gísli Páll Pálsson, formaður HSK.

Þing sérsambanda

Fulltrúar frá Héraðssambandinu Skarphéðni sátu fjölmörg þing sérsambanda á árinu. Almennt má segja að aðildarfélögin velji sína fulltrúa á þingin. Þetta er þó mismunandi enda engin samræmd stefna til um þessi mál hjá hreyfingunni.

Sem fyrr segir voru fulltrúar frá sambandinu og aðildarfélögum þess á fjölmörgum þingum og eigum við fulltrúa í stjórnnum nokkurra sérsambanda.

Þrír félagar úr röðum aðildarfélaganna HSK eru formenn sér-sambanda. Haraldur Þórarinnsson í Laugardælum og félagsmaður í Hestamannafélaginu Sleipni er formaður Landssambands hestamannafélaga, Jason Ívarsson úr Umf. Samhygð er formaður Blaksambandsins og Ólafur Oddur Sigurðsson glímukappi úr Umf. Laugdæla er formaður Glímusambandsins.



Ólafur Oddur Sigurðsson (t.v.) tók við formennsku í Glímusambandinu á árinu.

Fundað vegna umsóknar um Unglingalandsmót 2010

Mikill áhugi var hjá Rangárþingi eystra og félögum innan sveitarfélagsins að fá Unglingalandsmót UMFÍ á Hvolsvöllum árið 2010. Forráðamenn sveitarfélagsins og aðildarfélaganna HSK innan sveitarfélagsins funduðu með forráðamönnum UMFÍ og HSK vegna hugsanlegrar umsóknar fyrri hluta árs. Á fundi sveitarstjórnar Rangárþings eystra þann 13. mars 2008 var samþykkt að sækja um að halda mótið í samvinnu við íþróttafélögin á svæðinu og HSK.

Á stjórnarfundum hjá HSK 7. apríl 2008 var ákveðið að sækja um að halda Unglingalandsmót UMFÍ árið 2010 á Hvolsvelli í samstarfi við Rangárþing eystra, en umsóknarfrestur var til 30. apríl 2008.

Ljóst er að til að mótshaldið geti farið fram á Hvolsvelli þarf að vinna að endurbótum á frjálsíþróttavellinum, líkt og gert hefur verið á öðrum mótssstöðum Unglingalandsmóts.

Væntanlegur mótsstaður árið 2010 var síðan tilkynntur á Unglingalandsmótinu í Þorlákshöfn og varð Hvolsvöllur ekki fyrir valinu að þessu sinni.



Frá fundi á Hvolsvelli vegna umsóknar um Unglingalandsmót.

Samstarfsverkefni: Félagsmiðstöðin Sel

Á síðasta ári sátu í húsnefnd Selsins eftirtaldir aðilar og skiptu þannig með sér verkum:

Árni Þorgilsson	frá HSK	formaður
Hjördís Leósdóttir	frá KS	gjaldkeri
Helga Árný Baldursdóttir	frá SSK	ritari.

Aðalfundur var haldinn 11. febrúar. Engir formlegir stjórnarfundir voru haldnir á árinu, en stjórnarmenn ræddu saman í síma þegar ástæða þótti til. Framkvæmdastjóri HSK hefur eins og áður séð um útleigu á salnum.

Ýmsar lagfæringar voru gerðar í húsinu á árinu, það helsta var að skipt var um borðplötu á eldhúsinnréttingu og uppþvottavél komið fyrir í innréttingunni. Eftir jarðskjálftana í vor komu í ljós ýmsar skemmdir bæði á lausamunum sem og á pípulögnum hússins bæði fyrir heitt og kalt vatn. Fara varð í kostnaðarsamar viðgerðir sem og til stendur að kaupa inn það leirtau sem brotnaði. Það má með sanni segja að heppnin hafi verið með okkur er varðar eignalista yfir búsaðhöldin, þar sem konurnar úr Kvenfélaginu Eygló höfðu gert eignaskrá fyrir eldhúsið í apríl.

Salurinn var leigður út fyrir ýmsa smáfundi eins og áður, auk þess sem eignaraðilarnir nota hann mikið. Að lokum vill húsnefnd Selsins þakka öllum notendum Selsins samstarfið sem og öðrum er komið hafa að rekstri þess á síðastliðnu ári.

Árni Þorgilsson



Frá aðalfundi Selsins 2008.

Leikjanámskeið HSK

Leikjanámskeið HSK voru haldin á fimm stöðum sumarið 2008. Hvert námskeið stóð yfir í 9 daga í 2 og 1/2 klst. í senn og voru þau ætluð börnum á aldrinum 6 - 12 ára. Námskeiðin fyrir hádegi voru frá 9.00 - 11.30 og eftir hádegi frá 13.00 - 15.30.

Íþróttakennararnir Ólafur Guðmundsson og Guðni Sighvatsson sáu um að kenna á námskeiðunum. Áhersla var lögð á að kenna leiki og sem flestar íþróttagreinar á námskeiðunum, svo sem knattspyrnu, frjálssar íþróttir, hjólreiðar, sund, gönguferðir, körfuknattleik, alls kyns þrautir og sitthvað fleira.

Námskeiðin sem haldin voru eru eftirtalin:

9. - 20. júní kl. 09:00 - 11:30 (frí 17. júní)

Hella (Umf. Hekla)

Brautarholt (Umf. Skeiðamanna)

9. - 20. júní kl. 13:00 - 15:30 (frí 17. júní)

Þjórsárver (Vaka/Samhygð/Baldur)

Laugaland (Garpur/ Ing./Merkihv./Ásahr.)

23. júní - 3. júlí kl. 09:00 - 11:30

Borg Umf. Hvöt

Guðni Sighvatsson

Ólafur Guðmundsson

Ólafur Guðmundsson

Guðni Sighvatsson

Ólafur Guðmundsson



Frá leikjanámskeiði HSK í Þjórsárveri.

Heildarstigatafla HSK 2008

Umf. Selfoss sigraði í heildarstigakeppni HSK fyrir árið 2008, líkt og í fyrra. Keppnin var ekki eins spennandi í ár og í fyrra en þá munaði aðeins einu og hálfu stigi á Selfoss og Dímon. Að þessu sinni hlaut Selfoss 248,5 stig, Dímon var með 214,5 stig og Hamar varð í þriðja sæti með 104 stig.



Héraðsmótið í taekwondo taldi til stiga í fyrsta skipti. Hér er hluti keppenda frá Selfossi.

[illegible]

HSK mót í greinum sem ekki eru starfandi nefndir hjá HSK

Hér verður greint frá þremur HSK mótum sem haldin voru á árinu, en í þessum greinum er ekki er starfandi nefnd eða ráð á vegum HSK.

Héraðsmót í skotfimi

Héraðsmót HSK í skotfimi var haldið á velli Skotíþróttafélags Suðurlands 6. ágúst 2008. Átta keppendur mættu til leiks og var keppt í skeet eins og á undanförunum HSK mótum.

Það var Gunnar Gunnarsson sem varð HSK meistari með alls 89 stig. Í öðru sæti varð Hákon Þór Svavarsson með 87 stig og Pétur T. Gunnarsson varð þriðji með 86 stig. Heildarúrslit má sjá á vef HSK, www.hsk.is Þá er hægt að kynna sér starfsemi skotmanna á Suðurlandi á vef félagsins, www.skot-sfs.is



Frá fyrsta HSK mótinu í judó.

HSK-mót í judó

Fyrsta HSK mótið í judó var haldið í sal judómanna á Selfossi þann 11. desember 2008. Góð þátttaka var á mótinu, en 60 keppendur tóku þátt, 59 frá Umf. Selfoss og einn frá Umf. Laugdæla.

Judó hefur verið stundað á sambandssvæði HSK um árabil, en það var ekki fyrr en nú sem haldið er HSK mót í greininni. Stefnt er að því að mótið verði haldið árlega framvegis. Úrslit og myndir má sjá á www.hsk.is

HSK-mót í taekwondo (pomse)

Fyrsta HSK-mótið í taekwondo (pomse) var haldið í íþróttasalnum í Gagnheiði á Selfossi 17. desember 2008. Keppendur voru 32 talsins og þar af unnu 22 til verðlauna. Keppendur komu allir frá taekwondodeild Umf. Selfoss. Deildin á Selfossi er orðin önnur stærsta á landinu á eftir Keflavík innan raða Ssangyong taekwon.

Virkir iðkendur voru 76 talsins í lok árs og fjölgar stöðugt, en iðkendafjöldinn hefur þrefaldast á árinu. Það er gaman að sjá slíkan uppgang í grein sem ekki hefur verið stunduð á sambandssvæði HSK nema í tiltölululega stuttan tíma. Úrslit og myndir má sjá á www.hsk.is

Skólahlaup HSK og KHÍ

Skólahlaup HSK og Fjör í frjálsum fór fram á Laugarvatni miðvikudaginn 9. apríl 2008. Keppt var í þremur flokkum. Níu skólar sendu samtals ellefu lið skipuð 216 börnum til keppni.

Í flokki 1.-4. bekkjar sigraði Grunnskólinn Þorlákshöfn með 74 stig, Sunnulækjarskóli A-lið varð í öðru sæti með 66 stig og Hvolsskóli í þriðja sæti með 65 stig. Í flokki 5.-7. bekkjar sigraði Hvolsskóli með 75 stig á undan Þorlákshöfn sem fékk einnig 75 stig, Sunnulækjarskóli A-lið varð í þriðja sæti með 70 stig. Í flokki 8.-10. bekkjar sigraði Þorlákshöfn með 77 stigum á undan Flúðaskóla með 75 stig og Hellu með 72 stig.

Heildarstigakeppnina sigraði síðan Grunnskólinn Þorlákshöfn með 226 stig, Hvolsskóli varð annar með 210 stig og Flúðaskóli í þriðja sæti með 164 stig.

Nemendur á 1. ári íþróttafraðaseturs KHÍ á Laugarvatni sáu um framkvæmd mótsins. Heildarúrslit eru á www.hsk.is



Skólahlaup HSK 2008.

Félagakerfið Felix

Felix er sameiginlegt félagakerfi UMFÍ og ÍSÍ og er samstarfsverkefni Íslenskra Getrauna, Ungmennafélags Íslands og Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands.

Megintilgangur með félagakerfinu er að gefa félögum innan UMFÍ og ÍSÍ kost á að skrá og varðveita upplýsingar um stjórnir, nefndir, félagsmenn og iðkendur í öruggum miðlægum gagnagrunni. Kerfið kemur til með að létta til muna þá vinnu sem fram fer hjá félögum og stuðla að betri skráningu á upplýsingum um starfsemi þeirra.

Í kerfinu er mögulegt að búa til ýmsar skýrslur og taka saman tölfraði úr starfsemi félaganna. Hægt er m.a. að útbúa kladda fyrir þjálfara og viðburðadagatal iðkenda. Kerfið inniheldur álagningarkerfi sem gerir félögunum kleift að leggja á og innheimta félags- og æfingagjöld. Félagakerfið er notendavænt og einfalt í notkun. Kerfið er vefkerfi þar sem netsambands er krafist. Ekki þarf að setja upp sérstakan hugbúnað til að geta nýtt sér kerfið.

Vonast er til að öll aðildarfélög HSK tileinki sér kosti og möguleika kerfisins enn frekar. Minnt er á að skila þarf starfsskýrslum í kerfinu fyrir 15. apríl ár hvert. Á árinu skiluðu öll félög nema tvö FELIX skýrslunni og töldust þau félög ekki starfandi. Rúmlega 80 % félaga skiluðu skýrslunni fyrir 15. apríl, en skila þarf fyrir þann dag til að lottógreiðslur félaga skerðist ekki.

Rúna Hilmarsdóttir er umsjónaraðili Felix - tölvukerfis ÍSÍ og UMFÍ. Forráðamenn aðildarfélaganna HSK eru hvattir til að hafa samband við Rúnu ef spurningar vakna varðandi Felixkerfið, eða ef aðstoðar er þörf.

Getraunir - stuðningur í kreppu

Íslenskar getraunir eru í eigu Íþróttahreyfingarinnar á Íslandi. Allur hagnaður af rekstri getrauna rennur til Íþróttafélaga og héraðssambanda og skiptir upphæðin tugum milljóna á hverju ári.

Framlög Getrauna til Íþróttafélaganna skiptast í áheiti sem er 22% af andvirði hvers miða sem keyptur er. Skilyrði er að tippari merki við getraunanúmer félagsins.

Ef tippari merkir ekki við getraunanúmerið fær félagið engin áheiti í sinn hlut. Til viðbótar við 22% áheiti getur félagið fengið 16% sölulaun í sinn hlut selji það getraunir í gegn um sölukerfi getrauna og eru þá heildartekjur félags af söluinni orðnar 38%.

Það er því mikilvægt að félögin komi sínu getraunanúmeri á framfæri við íbúa sveitarfélagsins og stuðningsmenn félagsins þannig að þegar þessir aðilar kaupa getraunaseðilinn þá muni þeir getraunanúmerið. Þetta er einfalt að gera með því að fá skilti frá Getraunum í Íþróttahúsið eða á Íþróttavöllinn þar sem getraunanúmer félagsins kemur fram, setja inn lógó Getrauna með getraunanúmeri félagsins í allt útgefið efni á vegum félagsins og á heimasíðuna og biðja verslunareigendur sem hafa sölukassa að kynna getraunanúmer félagsins með því að hengja upp plaköt með getraunanúmerinu. Með þessum einföldu aðgerðum sem kosta ekki mikla fyrirhöfn, geta félög aukið tekjur sínar af getraunum verulega. Slík tekjuaukning getur skipt verulega miklu máli í þeirri kreppu sem nú ríkir.

Starfsmenn Getrauna eru boðnir og búnir að aðstoða félög innan HSK við að koma upp getraunastarfi og hjálpa til við að kynna getraunanúmer hvers og eins.

Með Íþróttakveðju, Pétur Hrafn Sigurðsson, sölustjóri.

Tekjur af lottói aldrei meiri

Alls voru heildarlottótekjur inn á HSK svæðið kr. 12.133.280. Til samanburðar voru lottótekjur árið 2007 kr. 9.448.563, árið 2006 kr. 8.885.352 og árið 2005 voru þær kr. 9.239.589. Lottótekjur HSK koma bæði frá UMFÍ og ÍSÍ, en heildarsamtökin greiða lottóið út samkvæmt ákveðnum reglum sem samþykktar hafa verið á þingum samtakanna. Framlag ÍSÍ árið 2008 var kr. 5.116.097 og frá UMFÍ kr. 7.017.183.

Samkvæmt reglugerð um lottóúthlutun HSK rennur 8 % í Verkefnasjóð HSK, 20 % til HSK og 72 % til aðildarfélaganna.

Skipting milli félagana á 72 % hlutanum er sem hér segir:

A. 25% eftir fjölda mætttra fulltrúa á HSK þingi.

B. 15% eftir fjölda félaga, 16 ára og eldri. Þannig að hver félagsmaður er aðeins talinn einu sinni. Ef viðkomandi er félagi í fleiri en einu félagi skiptist hann á milli þeirra félaga sem hann er félagi í.

C. 60% eftir fjölda félaga 7 til 15 ára. Þannig að hver félagsmaður er aðeins talinn einu sinni. Ef viðkomandi er félagi í fleiri en einu félagi skiptist hann á milli þeirra félaga sem hann er félagi í.

Forsendur fyrir skiptingu milli félaganna er sbr. reglugerð:

a) Starfi félag ekki samkvæmt lögum HSK kemur það ekki til greina við úthlutun. Félag skal halda aðalfund ár hvert og skila starfsskýrslu fyrir síðastliðið starfsár, sbr. 13. laga HSK. Ef misbrestur verður á þessu rennur lottóúthlutun félagsins í Verkefnasjóð HSK.

b) Fulltrúi þarf að vera mættur við afgreiðslu kjörbréfa og sitja meirihluta þingtímans til að teljast hafa mætt á HSK þing, sbr. A lið hér að ofan.

Árlega renna umtalsverðar fjárhæðir til eignaraðila, sem eru Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands og Öryrkjabandalagið.

Mikilvægt er að allir félagsmenn í hreyfingunni standi vörð um þessa gjöfulu tekjulind hreyfingarinnar, sem þarf að takast á við aukna samkeppni, m.a. erlendra leikja á netinu.

Sunnlendingar eru hvattir til að taka þátt í lottóinu í hverri viku og styðja um leið starf ungmennafélags- og Íþróttahreyfingarinnar, auk Öryrkjabandalagsins. Hægt er að kaupa áskrift á www.lotto.is



Hótel Örk kostunaraðili HSK síðunnar í Sunnlenska

Hótel Örk í Hveragerði var á árinu kostunaraðili HSK síðunnar í Sunnlenska fréttablaðinu og hófst það samstarf á haustdögum 2005.

HSK þakkar Hótel Örk fyrir samstarfið og væntir góðs árangurs af samstarfi við hótelið.



Samningur við Kaupþing

Kaupþing banki og Héraðssambandið Skarphéðinn undirrituðu samstarfssamning til þriggja ára í Hveragerði miðvikudaginn 20. febrúar 2008.

Kaupþing banki verður með umræddum samningi áfram aðalstyrktaraðili Landsmótsliðs HSK á Unglingalandsmótum og Landsmótum UMFÍ eins og verið hefur frá árinu 2005. Kaupþing mun styrkja öflugt Landsmótslið HSK á Unglingalandsmótum UMFÍ árin 2008 - 2010 og á Landsmóti UMFÍ á Akureyri árið 2009.

Að sögn Gísla Páls Pálssonar formanns HSK skiptir þessi samningur miklu máli fyrir undirbúning landsmótanna. „Samningurinn gerir okkur kleift að láta alla keppendur hafa treyjur endurgjaldslaust. Þannig verður heildarsvipur keppenda HSK góður og við höfum vakið athygli fyrir þetta á undangengnum mótum. Tvö ár í röð unnum við t.d. fyrirmyndarbikarinn á ungingalandsmótum og þessar treyjur áttu stóran þátt í því. Fyrir hönd Héraðssambandsins Skarphéðins þakka ég Kaupþingi banka kærlega fyrir myndarlegan stuðning.“

Þegar þetta er ritað, skömmu fyrir héraðsþing 2009, er ekki vitað hvort Nýja Kaupþing yfirtekur samninginn og því er með öllu óvíst hvort áframhald verður á þessi góða samstarfi við bankann, sem staðið hefur frá 2005.



Á myndinni eru fulltrúar HSK og Kaupþings. F.v. Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK, Bolli Gunnarsson gjaldkeri HSK, Gísli Páll Pálsson formaður HSK, Björn Sigurðsson útibússtjóri Kaupþings á Hellu, Þórdís Úlfarsdóttir þáverandi útibússtjóri Kaupþings á Selfossi og Ingibjörg Guðjónsdóttir útibússtjóri Kaupþings í Hveragerði.

Verkefnið „Fjölskyldan á fjallið“

Líkt og undanfarin ár tók HSK þátt í gönguverkefninu „Fjölskyldan á fjallið“, en verkefnið var nú haldið í sjöunda sinn. HSK hefur allt frá árinu 2002 tilnefnt tvö fjöll, eitt í hvorri sýslu og í ár urðu Valafell á Landmannafrétti og Litli-Meitill í Ölfusi fyrir valinu.

Litli-Meitill

19 manns og einn hundur tóku þátt í fjölskyldugöngu HSK á Litla-Meiti í Ölfusi 2. júní 2008. Gott veður var en þoka á fjallinu þegar á toppinn var komið. Göngustjóri var Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Ölfuss. Eins og í öðrum fjölskyldugöngum HSK var farið með póstkassa og gestabók upp á topp fjallsins. Eins og undanfarin ár tók Guðni Guðmundsson á Þverlæk í Holtum þátt í göngunni og hann var að sjálfsögðu með vísur í farteskinu og ritaði þær í gestabókina.

Hér eru vísur Guðna:

Mér hentar ekki kyrr að hanga.

Hreyfingarleysi er mitt grand.

Á Litla-Meiti er létt að ganga

og líta yfir Suðurland.

Frjósamt land að fótum liggur.

Í framtíðina aðeins spái.

Til búsetu á svæðinu margur hyggur.

Smjörrið dreipur af hverju strái.

Í huganum greini gripafans.

Get hér um auðlegð slíka.

Suðurland getur brauðfætt milljón manns.

Og megavöttin streyma héðan líka.



Hópurinn sem tók þátt í göngunni og vel má sjá að það var þoka.

Valafell

Rúmlega 20 manns mættu í HSK göngu á Valafell á Landmannafrétti sunnudaginn 29. júní 2008, en gengið var frá Landréttum í Áfangagili.

Farið var með póstkassa upp á fjallið, en þó ekki upp á topp fjallsins, þar sem talið var heppilegra að kassinn sæist vel að og frá upphafsstað göngunnar. Göngustjóri var Kristján Gíslason bóndi í Hólum og fyrrverandi gjaldkeri HSK.

Guðni Guðmundsson á Þverlæk tók þátt í göngunni og fór með eftirfarandi vísu við póstkassann.

Á Valafell að arka enginn hiki.

Á afréttinum er fellið bara skiki.

En alveg hiklaust ég tel

að öllum líki það vel.

Að sumarlangt safni hér rollurnar spiki.



Þátttakendur í göngunni á Valafell.



Jón og Róbert við afhendingu verðlauna.

Verðlaunahafar

Líkt og í fyrra var ákveðið áður en verkefnið fór af stað að draga út einn göngugarp á hvoru fjalli úr röðum þeirra sem rituðu nafn sitt í gestabækurnar á fjöllumunum.

Þau heppnu sem hlutu vinning í ár voru þeir Jón Vigfússon á Efri-Brúnavöllum á Skeiðum, sem var dregin út vegna Valafells og Róbert A. Darling í Þorlákshöfn var sá heppni vegna þátttöku í verkefninu á Litla-Meiti.

Jón hefur tekið þátt í verkefninu undanfarin ár og gengið á flest fjöllin sem HSK hefur tilnefnt í verkefnið. Róbert hefur gengið á fjöll, en ekki tekið þátt í þessu verkefni fyrr. Hann var mjög kátur með verðlaunin, sem hann sagði þau fyrstu sem hann fengi fyrir íþróttir á ævinni.

Jón og Róbert hlutu að launum gjafabréf frá Sportbæ á Selfossi og HSK treyju. Skömmu fyrir jól voru þeir báðir staddir á Selfossi og þá fóru Jón og Engilbert framkvæmdastjóri HSK til Róberts út í Tónlistarskóla Árnesinga. Þar fengu þeir verðlaunin afhent og nokkrir nemenda Róberts klöppuðu vel fyrir göngugörpunum.

Verkefnið „Hjólað í vinnuna“ 2008

Eins og undanfarin ár stóð ÍSÍ fyrir fyrirtækjakeppninni Hjólað í vinnuna. Meginmarkmið Hjólað í vinnuna er að vekja athygli á hjólreiðum sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta. Allir þeir sem nýttu eigin orku til að ferðast til og frá vinnu voru gjaldgengir þátttakendur.

Alls áttu 431 vinnustaðir, 1017 lið í keppninni. Þátttakendur voru 7065, um 500 fleiri en tóku þátt í fyrra. Alls voru farnir hvorki meira né minna en 410.398 km eða 306.5 hringir í kringum landið.

Fyrirtækið Armstrong Uno í Sveitarfélaginu Árborg var eini sigurvegarinn af sambandssvæði HSK í ár. Fyrirtækið vann til verðlauna í hópi fyrirtækja með 3 - 9 starfsmenn og þar er Anna Þ. Guðbergssdóttir í forsvari.

Anna Þóra, liðsstjóri Armstrong Uno, sendi ÍSÍ þessa sögu sem verður vonandi hvatning fyrir marga. „Mig langar að segja litla sögu af sjálfri mér. Þannig er að fyrir svona mánuði síðan bað vinur minn mig að koma út að hjóla með sér sem ég þvertók með öllu þar sem ég hef ekki hjólað síðan ég var 12 ára. Svo leið nú tíminn og að lokum fékk hann mig til að prófa. He he jú ég gerði mitt besta þar sem ég þurfti að finna jafnvægið, ná kröppum beygjum og réttum tókum á bremsunum. Allt þetta þurfti ég að læra uppá nýtt, svo klaufsk var ég að ég fékk þá hugmynd að best væri bara að ég fengi mér hjálpardekk. Þar sem ég er mikið fyrir útveru fann ég strax hvað þessi hreyfing hentaði mér vel. Við fórum út að hjóla á hverjum degi uns það var ákveðið þegar ég hafði náð góðum árangri að skrá okkur í átakið hjá ÍSÍ Hjólað í vinnuna. En í fæstum orðum þá er þetta orðið að rútínu. Það er æðislegt að hjóla þar sem heyfingin gerir mér gott, úthaldið eykst og svefninn er orðin allt annar, nú er gott að leggjast út af að kveldi. Ég tek hjólið með mér þegar ég þarf að fara eitthvað eins og t.d Reykjavíkur og þvælist þar um allt og tek svo rútuna til baka (ég bý út á landi). Í dag fer ég eiginlega ekkert nema hjólandi og eins og ég sagði áðan er þetta orðið að rútínu og mikið vantar þegar ekki hefur verið stigið á hjólið dag hvern. Ég hvet ykkur öll til að prófa, kannski er það erfitt fyrst en verður aðeins frábært. Gangi ykkur vel. Liðsstjóri Armstrong Uno, Anna Þóra.“



Anna Þóra tekur við verðlaunum í keppninni.

Forvarnardagurinn haldinn í þriðja sinn

Forvarnardagurinn var haldinn í þriðja sinn í grunnskólum landsins 6. nóvember 2008. Það eru nemendur í 9. bekk sem taka þátt í deginum. Skólarnir á sambandssvæði HSK sem eru með 9. bekk tóku allir þátt í deginum og gekk framkvæmd hans mjög vel.

Þeir sem standa að deginum eru ÍSÍ, UMFÍ, skátahreyfingin og Samband íslenskra sveitarfélaga. Forvarnardagurinn er styrktur af lyfjafyrirtækinu Actavis. HSK kom að undirbúningi dagsins og fóru fulltrúar þeirra sem standa að deginum í heimsóknir í skólana og kynntu aðal áherslur verkefnisins.

Dagskráin innan skólanna var byggð á þremur heilræðum, samveru, þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi og seinkun þess að hefja áfengisneyslu sem rannsóknir hafa sýnt fram á að dugi best sem forvarnir gegn fíkniefnum.

Nánari upplýsingar má sjá á heimasíðu verkefnisins, www.forvarnardagur.is



Tveir af þremur verðlaunahöfum komu af sambandssvæði HSK. Önnur f.v. er Vala Rún Valtýsdóttir, Laugalandsskóla og við hlið hennar er Vera Sigurðardóttir, Grunnskóla Bláskógabyggðar.

Fleiri deildir á Selfossi verða fyrirmyndardeild ÍSÍ

Á aðalfundi Ungmennafélags Selfoss þann 15. maí 2008 var sunddeild félagsins veitt viðurkenning sem fyrirmyndardeild ÍSÍ. Sigríður Jónsdóttir, úr framkvæmdastjórn ÍSÍ, afhenti formanni deildarinnar Guðmundi Jóhannessyni viðurkenningarskjal og fána fyrirmyndarfélagsins og gerði í ávarpi stuttlega grein fyrir verkefninu.

Í upphafi fundarins var undirritaður samningur milli Árborgar og Ungmennafélags Selfoss þar sem m.a. er kveðið á um aukafjárframlög til félaga og deilda sem hlotið hafa þessa viðurkenningu. Af þessu tilefni afhenti Þorvaldur Guðmundsson, forseti bæjarráðs, formanni deildarinnar ávísun að upphæð að kr. 700.000. Formaður HSK, Gísli Páll færði deildinni einnig peningaupphæð vegna viðurkenningarinnar um leið og hann hvatti fleiri deildir innan Umf. Selfoss að gerast fyrirmyndardeildir.

Handknattleiks- og knattspyrnudeild Ungmennafélags Selfoss fengu viðurkenningu sem fyrirmyndardeildir ÍSÍ mánudaginn 29. desember 2008. Það var Engilbert Olgeirsson úr framkvæmdastjórn ÍSÍ sem afhenti forystumönnum deildanna viðurkenningarnar á uppskeruhátíð Íþrótt- og tómstundráðs Árborgar sem haldin var á Selfossi.

Þar með eru fjórar deildir innan Umf. Selfoss orðnar fyrirmyndardeild ÍSÍ, en Fimleikadeild Umf. Selfoss var fyrst deilda og félaga á svæðinu til að hljóta þessa viðurkenningu á aðalfundi Umf. Selfoss 3. maí 2007.

Vonast er til að fleiri félög og deildir innan HSK vinni að því að ná þeim áfanga að verða fyrirmyndarfélag eða fyrirmyndardeild ÍSÍ. Rétt er að geta þess að Gísli Páll formaður HSK boðaði það fyrir nokkrum árum að fyrstu fimm aðilarnir sem fengu þessa viðurkenningu myndu fá 100.000 kr. framlag úr Verkefnasjóði og hefur það gengið eftir. Nú er spurning hver verður sá síðasti til að hljóta umræddan 100.000 kr. „hvatastyrk“ úr Verkefnasjóði HSK.



Á myndinni má sjá Hall Halldórsson, formann handknattleiksdeildar, Jón Gíslason, gjaldkera knattspyrnudeildar og Engilbert Olgeirsson, stjórnarmann ÍSÍ með viðurkenningarnar og fyrirmyndarfánann.

Svipmyndir úr starfinu



Hekla varð bikarmeistari HSK í kvennaflokki í fyrsta sinn.



Bolli Gunnarsson, gjaldkeri, ásamt skoðunarmönnum reikninga, þeim Sigurjóni Skúlasyni og Kristjáni Ágústssyni.



Selfyssingar urðu Íslandsmeistarar í 12 ára flokki á MÍ 12-14 ára.



Laugdælir glíma á Laugardalsvöllum.



Lið Hamars í 10. flokki stúlkna í körfuknattleik varð héraðsmeistari.



Ýmsar upplýsingar

Lög Héraðssambandsins Skarphéðins

1. gr.

Sambandið heitir Héraðssambandið Skarphéðinn, skammstafað HSK.

2. gr.

Tilgangur sambandsins er að halda uppi fjölbreyttu íþrótt- og félagsmálastarfi meðal félaga innan sambandsins, er starfa að öðru leyti samkvæmt 3. grein sambandslaga UMFÍ og 4. grein laga ÍSÍ.

3. gr.

Sambandssvæðið er Árnes- og Rangárvallasýslur.

4. gr.

Rétt til inngöngu í sambandið eiga öll ungmenna- og íþróttafélög á sambandssvæðinu, sem hafa lög sín í samræmi við lög og stefnuskrá HSK, UMFÍ og ÍSÍ.

Vilji félag ganga í sambandið, sendir það stjórn þess skriflega inntökubeiðni og lætur fylgja afrit af lögum félagsins, félagskrá og hverjir skipi stjórn þess. Inntaka nýs félags verður að hljóta samþykki héraðsþings, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaaðild til næsta héraðsþings.

5. gr.

Vilji félag ganga úr sambandinu, telst úrsögn því aðeins lögmæt að hún hafi verið samþykkt á löglegum aðalfundi viðkomandi félags og miðist úrsögn við næstu áramót. Skriflega úrsögn skal senda til stjórnar HSK, sem síðan tilkynnir hana á héraðsþingi. Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum þess. Úrsögn viðkomandi félags er eigi tekin gild nema félagið sé skuldlaust við sambandið.

6. gr.

Skylt er hverju félagi að greiða til sambandsins tillag fyrir hvern skattskyldan félagsmann 7 ára og eldri og ákveður héraðsþing upphæð þess hverju sinni. Skal tillagið ásamt skýrslum félaganna vera komið til stjórnar í síðasta lagi á héraðsþingi ár hvert. Nú gerir félag engin skil til sambandsins þrjú ár samfelt. Hefur þá héraðsþing heimild til þess að vísa því félagi úr sambandinu, enda skal stjórn hafa aðvarað það.

7. gr.

Héraðsþing skal háð fyrir febrúarlök á hvert. Skal stjórnin boða til þess bréflaga með minnst mánaðar fyrirvara. Síðara fundarboð með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem stjórn leggur fyrir héraðsþing skulu send til aðildarfélaga og sérráða með minnst viku fyrirvara.

Hvert félag tilnefnir fulltrúa á héraðsþing þannig að fyrir 1 - 200 félagsmenn fær félag einn fulltrúa, frá 201 - 400 tvo fulltrúa, frá 401 - 600 þrjá fulltrúa o.s.fr. Fulltrúafjöldi félaga miðast við félagatal síðastliðins starfsárs. Þá eiga sérráð sambandsins rétt á að senda einn fulltrúa hvert.

Lögmætt er héraðsþing ef helmingur sambandsfélaganna sendir fulltrúa til þess. Stjórn er heimilt að krefjast þess að tillögur sem leggja á fram á héraðsþingi hafi borist stjórninni viku áður en þingið hefst og stjórn er skylt að tilkynna það í þingboði.

Eigi má fulltrúi á héraðsþingi fara með nema eitt atkvæði. Atkvæðisrétt á héraðsþingi hafa rétt kjörnir fulltrúar þeirra félaga, sem skuldlaus eru við sambandið þegar þingið fer fram.

8. gr.

Héraðsþing tekur ákvarðanir um starfsemi sambandsins á komandi starfsári, úrskurðar reikninga sambandsins og semur fjárhagsáætlun næsta árs. Það kys fimm í stjórn: formann, ritara, gjaldkera, varaformann og einn meðstjórnanda. Héraðsþing kys þrjá menn í varastjórn og tvo endurskoðendur. Heimilt er að kjósa starfsnefndir til að annast ýmis mál sem héraðsþing og stjórn kunnu að fela þeim. Kjósa skal fulltrúa á þing ÍSÍ það ár sem þing ÍSÍ er haldið, samkvæmt 12. grein laga ÍSÍ. Heimilt er stjórn að kjósa þriggja manna framkvæmdastjórn.

9. gr.

Heimilt er stjórninni að kalla saman aukaping ef hún telur þess þörf, en það er skylt ef þriðjungur aðildarfélaga óskar þess. Aukaping skal skipað á sama hátt og næsta héraðsþing á undan og miðast fulltrúafjöldi hvers félags við það félagatal þeirra sem gildi á næsta reglulega héraðsþingi á undan. Til aukapings skal boðað bréflaga með a.m.k. viku fyrirvara. Helstu fundarefna skal getið í fundarboði.

Á aukapingi má ekki gera laga- né leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn eða meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hafi sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin hafi á eigin dómi orðið óstarfhæf.

10. gr.

Stjórn sambandsins ásamt formönnum aðildarfélaga, sérráða og nefnda skulu koma saman til formannafundar minnst einu sinn á ári. Ákvarðanir formannafundar eru bindandi fyrir stjórn og framkvæmdastjórn, enda brjóti þær ekki í bága við ákvarðanir héraðsþings.

11. gr.

Stjórn sambandsins er heimilt að stofna sérráð ef tvö eða fleiri félög hafa sömu íþróttagrein á stefnuskrá sinni. Ef meirihluti þeirra aðildarfélaga sem iðka viðkomandi grein óska þess skal stjórn HSK skipa nefnd sem vinnur að undirbúningi að stofnun sérráðs. Stjórn HSK boðar aðildarfélögin til stofnfundar sérráða. Stjórn sambandsins og viðkomandi sérsamband skulu staðfesta lög og lagabreytingar. Stofnun sérráða verður að fá staðfestingu héraðsþings HSK.

Stjórn sérráða skal skila ársskýrslu og reikningum til stjórnar HSK fyrir lok janúar ár hvert. Sérráðum er ekki heimil lántaka fjármuna nema með samþykki stjórnar HSK. Að öðru leyti starfar sérráð samkvæmt 27. - 29. grein laga ÍSÍ.

12. gr.

Heiðursformann Héraðssambandsins Skarphéðins má héraðsþing kjósa ef tveir þriðju af mætum þingfulltrúum eru samþykkið því. Heiðursformaður HSK skal hafa rétt til að sitja fundi stjórnar, formannafund og héraðsþing. Hafi hann þar málfrælsi og tillögurétt. Heiðursformaður HSK kemur fram fyrir hönd HSK við tækifæri sem formaður og stjórn kunna að fela honum.

13. gr.

Stjórn sambandsins annast framkvæmdir þeirra mála sem héraðsþing hefur samþykkt að framkvæma skuli. Hún staðfestir lög aðildarfélaga og fylgist með því að starfsemi þeirra fari fram samkvæmt gildandi lögum. Hún safnar skýrslum félaganna og sendir þær ásamt sambandsskatti til sambandsstjórnar UMFÍ og til stjórnar ÍSÍ. Hún innheimtir það fé, sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóðinn og fer með hann samkvæmt fjárhagsáætlun er héraðsþing hefur samið. Skylt er stjórninni að leggja fram á héraðsþingi glöggan reikning yfir tekjur og gjöld sambandsins og skal í sameiningu ábyrgjast sjóðinn. Endurskoðun skal lokið fyrir héraðsþing. Reikningsárið er almanaksárið.

Þá hefur stjórn eftirlit með störfum ungmennafélaga á sambandssvæðinu og einstakra nefnda, er starfa á vegum sambandsins, ennfremur á stjórnin að stuðla að þátttöku fólks í starfi aðildarfélaganna. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund meira en heilt ár frá tilsettu tíma skal stjórnin, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans. Félag teykt ekki skilgjafið ef það heldur ekki aðalfund og skilar ekki starfsskýrslum ár hvert. Stjórnin semur skýrslu um störf sín og leggur hana fram ritaða á héraðsþingi, þannig að hún geti verið aðgengileg öllum er þingið sækja.

14. gr.

Stjórn fær endurgreiddan kostnað er hún kann að verða fyrir vegna starfa í þágu sambandsins. Dvalarkostnaður fulltrúa á héraðsþingi skal greiðast af viðkomandi félögum.

15. gr.

Hætti sambandið störfum skal af sjóði þess og öðrum skuldlausum eignum mynda sjóð, er beri nafn Skarphéðins og ávaxtist í viðskiptabanka sambandsins undir umsjá héraðsnefnda Árnes- og Rangárvallasýslu. Verði nýtt ungmennasamband stofnað á sambandssvæðinu innan 20 ára, rennur sjóðurinn óskertur til þess. Að þeim tíma liðnum skal nota sjóðinn til styrktar ungmenna- og íþróttafélögum á sambandssvæðinu. Gjörðabækur og önnur skjöl sambandsins skal afhenda héraðsskjalasöfnum Árnes- og Rangárvallasýslu til varðveislu. Verðlaunagripi og aðra minjagripi sambandsins skal afhenda héraðsbyggðasöfnum á sambandssvæðinu til varðveislu.

16. gr.

Lögum sambandsins má eigi breyta nema á héraðsþingi. Allar tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist stjórn tveimur vikum fyrir þingið. Tvo þriðju hluta greiddra atkvæða þarf til lagabreytinga. Í öðrum málum ræður afl atkvæða úrslitum.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi eldri lög sambandsins.
(Síðast breytt á héraðsþingi 2006)

Aðildarfélagin og formenn félaga um áramót 2008

Akstursíþróttafélög:

Akstursíþr.f. Hreppakappa

Sigurjón Snær Jónsson

Berghyl, Hrunamannahreppi

Golfklúbbar:

Golfkl. Ásatúns
Golfkl. Dalbúi
Golfkl. Flúðir
Golfkl. Geysir
Golfkl. Hellu
Golfkl. Hveragerðis
Golfkl. Kiðjabergs
Golfkl. Selfoss
Golfkl. Úthlíð
Golfkl. Þorlákshafnar
Golfkl. Þverá
Golfkl. Öndverðarness

Sigurjón Harðarson
Hafþór Guðmundsson
Karl Gunnlaugsson
Jóhann Karl Þórisson
Óskar Pálsson
Ertingur Arthússon
Jóhann Friðbjörnsson
Bárður Guðmundarson
Þorsteinn Sverrisson
Guðmundur Baldursson
Víðir Jóhannsson
Guðmundur Hallsteinsson

Rjúpnasölum 14, Kópavogi
Hrísholti, Laugarvatni
Varmalæk, Hrunamannahreppi
Nesvegi 54, Reykjavík
Öldugerði 20, Hvolsvelli
Grænumörk 10, Hveragerði
Egilsstötu 22, Reykjavík
Tryggvagötu 11, Selfossi
Melbæ 15, Reykjavík
Lýsbergi 16, Þorlákshöfn
Hellishólum, Fljótshlíð
Hrauntungu 85, Kópavogi

Hestamannafélög:

Hestamannaf. Geysir
Hestamannaf. Háfeti
Hestamannaf. Ljúfur
Hestamannaf. Logi
Hestamannaf. Sleipnir
Hestamannaf. Smári
Hestamannaf. Trausti

Ómar Diðriksson
Sesselja S. Pétursdóttir
Ída Lön
Guðrún S. Magnúsdóttir
Guðmundur Lárusson
Guðni Árnason
Sverrir Sigurjónsson

Hólavangi 20, Hellu
Skálholtsbraut 11, Þorlákshöfn
Ásnesi, Ölfusi
Bræðratungu, Biskupstungum
Stekkum II, Sveitarfélaginu Árborg
Brúnum, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Miðengi 6, Selfossi

Hnefaleikafélag:

Hnefaleikafélag Suðurlands

Ásta Björg Ásgeirsdóttir

Fljótsmörk 6-12, Hveragerði

Íþróttafélög:

Íþróttafélagið Dímon
Íþróttafélag FSu
Íþróttafélagið Garpur
Íþróttafélagið Gnýr
Íþróttafélagið Hamar
Íþróttafélagið Mímir
Íþróttafélagið Suðri
Í.K.H.Í

Benóný Jónsson
Brynjar Karl Sigurðsson
Jóhanna Hlökkversdóttir
Halldór Hartmannsson
Guðríður Aðnegard
Snorri Þorvaldsson
Þorbjörg Vilhjálmsdóttir
Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson

Hjarðarholti 13, Selfossi
Dælengi 14, Selfossi
Hellum, Landi
Brekukoti, Sólheimum
Grænumörk 9, Hveragerði
Heimavist ML, Laugarvatni
Birkivöllum 15, Selfossi
Heimavist KHÍ, Laugarvatni

Knattspyrnufélög:

Knattspyrnuf. Árborgar
Knattspyrnuf. Rangæinga
Knattspyrnuf. Ægir

Einar Karl Þórhallsson
Þorsteinn Jónsson
Guðbjartur Örn Einarsson

Ólafsgæsla 51, Reykjavík
Stóragerði 21, Hvolsvelli
Lýngbergi 15, Þorlákshöfn

Skotfélag:

Skotíþróttafélag Suðurlands

Jóhann Norðfjörð

Hólatjörn 6, Selfossi

Ungmennafélög:

U.B.H
Umf. Ásahrepps
Umf. Baldur
Umf. Biskupstungna
Umf. Dagsbrún
Umf. Eyfellingur
Umf. Eyraðakka
Umf. Framtíðin
Umf. Gnúpverja
Umf. Hekla
Umf. Hrunamanna
Umf. Hvöt
Umf. Ingólfur
Umf. Laugdæla
Umf. Merkið
Umf. Njál
Umf. Samhygð
Umf. Selfoss
Umf. Skeiðamanna
Umf. Stokkseyrar
Umf. Trausti
Umf. Vaka
Umf. Þór
Umf. Þórsmörk

Guðmann Óskar Magnússon
Albert Áslaugsson
Trausti Hjálmarsson
Guttormur Bjarnason
Haraldur Konráðsson
Sigurgeir Ingólfsson
Jón Ólafsson
Jóhanna Lilja Þrúðarsdóttir
Einar Gestsson
Ragnar Pálsson
Kristján Geir Guðmundsson
Guðmundur Jóhannesson
Þröstur Guðnason
Kári Jónsson
Kjartan Magnússon
Rúnar Guðjónsson
Stefán Geirsson
Axel Gissurarson
Ólafur F. Leifsson
Ingibjörg Ársælsdóttir
Auður Sigurðardóttir
Haraldur Einarsson
Halldór Sigurðsson
Árni Sigurpálsson

Njálsgæsla 14, Hvolsvelli
Laufskálum 3, Hellu
Langsstöðum, Flóahreppi
Skálholti, Biskupstungum
Búðarhóli, A-Landeyjum
Hlíð, Eyjafjöllum
Túngötu 55, Eyraðakka
Skarði, Þykkvabæ
Hæli, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Heiðvangi 21, Hellu
Frostafold 14, Reykjavík
Klausturhólum, Grímsnesi
Varghól, Holtum
Hrísholti 6, Laugarvatni
Hjallanesi, Landsveit
Klauf, V-Landeyjum
Gerðum, Flóahreppi
Álfhólar 12, Selfossi
Björnskotu, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Stjörnusteinum 6, Stokkseyri
Eystra-Seljalandi, V-Eyjafjöllum
Urriðafossi, Flóahreppi
Hjallabraut 12, Þorlákshöfn
Neðri-Þverá, Fljótshlíð

Starfsmerki HSK

Á héraðsþingi HSK 1993 var sett reglugerð um starfsmerki HSK, þar segir m.a. að halda skuli skrá um starfsmerkið og birta hana í ársskýrslu HSK.

Starfsmerki hafa hlotið eftirtaldir:

Hafsteinn Þorvaldsson	Selfossi	veitt á héraðsþingi á Hellu 1995
Stefán Jasonarson	Vorsabæ	veitt á héraðsþingi á Hellu 1995
Þórir Þorgeirsson	Laugarvatni	veitt á héraðsþingi á Hellu 1995
Jóhannes Sigmundsson	Syðra-Langholti	veitt á 90 ára afmæli HSK í Þingborg 2000
Valgerður Auðunsdóttir	Húsatóftum	veitt á 90 ára afmæli HSK í Þingborg 2000

Skipting iðkenda eftir greinum

Hér að neðan er samtölulisti yfir iðkendur hjá aðildarfélögum HSK í einstökum íþróttagreinum sérsambanda og sérgreina, samkvæmt starfsskýrslum ÍSÍ og UMFÍ fyrir árið 2007.

Iðkendum hefur fjölgað verulega undanfarin ár, eins og sjá má hér á yfirliti síðustu ára. Eins og undanfarin ár eru flestir iðkendur í hestaíþróttum innan HSK, golf er í öðru sæti og knattspyrna í þriðja sæti.

Iðkendur í einstökum greinum:

Íþróttagrein	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Hestaíþróttir	1.251	1.275	1.586	1.547	1.772	1.657	1.896
Golf	721	981	1.131	1.543	1.542	1.534	1.803
Knattspyrna	1.040	1.192	1.141	1.088	1.431	1.323	1.464
Frjálsar íþróttir	824	592	754	854	1.048	907	901
Körfuknattleikur	804	625	729	933	1.057	1.076	830
Fimleikar	388	477	571	784	891	758	773
Íþróttir fyrir alla	34	47	62	184	194	352	623
Handknattleikur	116	221	207	195	306	339	400
Blak	184	174	158	200	172	171	225
Glíma	217	199	145	204	165	169	188
Badminton	229	214	111	164	142	109	152
Leiklist	0	0	7	120	98	144	140
Skotfimi	25	118	131	133	133	228	132
Íþróttir fatlaðra	26	99	94	94	88	123	113
Sund	183	37	132	240	205	199	102
Borðtennis	89	139	171	103	100	90	96
Júdó	51	51	58	61	67	0	61
Brídds	0	0	16	0	33	37	37
Starfsíþróttir	0	0	0	10	23	37	28
Hnefaleikar	0	0	20	20	0	20	20
Motocross	0	0	0	0	0	0	8
Skák	0	0	8	5	6	6	6
Skógrækt	0	0	6	0	4	5	5
Skíðaíþróttir	3	58	1	0	0	0	0
Skylmingar	3	1	1	0	0	0	0
Lyftingar	13	0	0	0	0	0	0
Tennis	3	0	0	0	0	0	0
SAMTALS	6.205	6.500	7.240	8.482	9.477	9.284	10.003

Stærð félaga, tekjur af lottói og getraunanúmer

Félagsmönnum fjölga um 561 talsins á milli ára eða um 4,16 % og eru nú 14.042. Árið áður voru þeir 13.481, árið 2005 voru þeir 12.772, árið 2004 var fjöldinn 11.644, árið 2003 voru þeir samtals 10.614 og árið 2002 var heildarfjöldinn 9.288. Íbúum á sambandssvæðinu fjölgaði um 646 á milli ára, frá 1. desember 2007 - 1. desember 2008, sem er 3,5 % fjölgun og eru nú 19.130 talsins í sveitarfélögunum 11 í Árnes- og Rangárvallasýslum. Öll félög innan hreyfingarinnar verða árlega að skila starfsskýrslu, með upplýsingum um félagsmenn, iðkendur, stjórn og lykiltölur úr reikningum og þarf að skila skýrslunni fyrir 15. apríl ár hvert. Tölurnar hér að neðan eru samkvæmt innsendum starfsskýrslum árið 2008.

Aðildarfélag HSK	félagsmenn 15 ára -	16 ára +	alls	tekjur af lottói	getrauna- númer
Akstursíþr.f. Hreppakappa	10	44	54	11.128	
Golfkl. Ásatúns	2	45	47	43.031	
Golfkl. Dalbúi	6	136	142	26.414	813
Golfkl. Flúðir	12	110	122	64.206	814
Golfkl. Geysi	0	17	17	2.316	
Golfkl. Hellu	21	114	135	75.654	852
Golfkl. Hveragerðis	29	153	182	57.041	812
Golfkl. Kjðjobergs	11	257	268	56.853	797
Golfkl. Selfoss	29	240	269	63.466	808
Golfkl. Úthlið	2	33	35	9.014	845
Golfkl. Þorlákshafnar	3	416	419	131.706	796
Golfkl. Þverá	2	43	45	0	
Golfkl. Öndverðarness	16	317	333	76.531	798
Hestamannaf. Geysir	234	429	663	460.997	856
Hestamannaf. Háfeti	22	82	104	62.412	
Hestamannaf. Ljúfur	46	118	164	99.324	816
Hestamannaf. Logi	67	136	203	128.145	
Hestamannaf. Sleipnir	56	342	398	126.497	
Hestamannaf. Smári	123	183	306	157.941	
Hestamannaf. Trausti	10	90	100	56.273	842
Hnefal.f. Suðurlands	1	21	22	3.932	
Íþróttaf. Dímon	291	302	593	578.812	859
Íþróttaf. FSu	0	33	33	2.209	831
Íþróttaf. Garpur	87	160	247	135.063	855
Íþróttaf. Gnýr	9	78	87	55.086	
Íþróttaf. Hamar	322	410	732	728.125	810
Íþróttaf. Mímir	1	110	111	7.678	843
Íþróttaf. Suðri	4	76	80	49.160	827
Knattsp.f. Árborg	24	175	199	91.378	811
Knattsp.f. Rangæinga	187	171	358	115.269	866
Knattsp.f. Ægir	157	326	483	297.825	822
Skotíþr.félag Suðurlands	0	211	211	62.272	
Skólafélag ÍKÍ	0	128	128	15.131	841
UBH	2	195	197	56.251	860
Umf. Ásahrepps	0	37	37	0	853
Umf. Baldur Hr.	28	88	116	67.258	804
Umf. Biskupstungna	100	164	264	187.023	803
Umf. Dagsbrún	12	157	169	28.010	865
Umf. Eyfellingur	1	86	87	34.050	863
Umf. Eyrarbakka	0	142	142	35.376	820
Umf. Framtíðin	32	44	76	84.180	
Umf. Gnúpverja	78	243	321	163.992	802
Umf. Hekla	132	207	339	271.407	851
Umf. Hrunamanna	208	178	386	299.487	801
Umf. Hvöt	1	129	130	52.651	809
Umf. Ingólfur	0	111	111	46.369	850
Umf. Laugdæla	56	149	205	136.445	840
Umf. Merkiðvoll	0	60	60	4.733	854
Umf. Njáll	0	85	85	0	864
Umf. Samhygð	38	103	141	91.022	807
Umf. Selfoss	1.121	1.434	2.555	2.391.179	800
Umf. Skeiðamanna	39	237	276	123.877	799
Umf. Stokkseyrar	85	161	246	144.229	825
Umf. Trausti	8	82	90	17.102	862
Umf. Vaka	25	100	125	78.908	805
Umf. Þór	187	296	483	355.587	815
Umf. Þórsmörk	0	111	111	0	861
Samtals	3.937	10.105	14.042	8.520.025	



Íþróttaiðkendur aðildarféлага HSK

Eitt af árlegum verkefnum félaga er að skila starfsskýrslu þar sem merkt er við iðkendur í hinum ýmsu greinum. Hér að neðan eru upplýsingar úr innsendum starfsskýrslum félaga fyrir árið 2007, sem skilað var á árinu 2008.

Iðkendum hefur fjölgað jafnt og þétt á undanförunum árum, en nú fækkaði þeim lítillega á milli ára og eru nú í fyrsta sinn yfir 10 þúsund talsins. Þeir voru samkvæmt innsendum starfsskýrslum alls 10.003 talsins, en voru 9.284 árið áður.

	Konur		Karlar		Bæði kyn		
	- 15 ára/16 ára +		- 15 ára/16 ára +		- 15 ára/16 ára +		Alls
Akstursíþr.f. Hreppakappa	0	1	0	7	0	8	8
Golfkl. Ásatúns	1	10	1	15	2	25	27
Golfkl. Dalbúi	0	45	6	91	6	136	142
Golfkl. Flúðir	1	39	11	70	12	109	121
Golfkl. Geysir	0	1	0	16	0	17	17
Golfkl. Hellu	5	38	16	76	21	114	135
Golfkl. Hveragerðis	11	40	18	98	29	138	167
Golfkl. Kiðjabergs	3	105	8	150	11	255	266
Golfkl. Selfoss	4	53	25	177	29	230	259
Golfkl. Úthlíð	0	10	2	23	2	33	35
Golfkl. Þorlákshafnar	0	140	3	276	3	416	419
Golfkl. Þverá	1	13	1	30	2	43	45
Golfkl. Öndverðarness	3	51	9	107	12	158	170
Hestamannaf. Geysir	130	169	104	260	234	429	663
Hestamannaf. Háfeti	8	24	14	58	22	82	104
Hestamannaf. Ljúfur	29	37	15	81	44	118	162
Hestamannaf. Logi	44	52	23	84	67	136	203
Hestamannaf. Sleipnir	33	114	21	226	54	340	394
Hestamannaf. Smári	74	67	49	78	123	145	268
Hestamannaf. Trausti	5	36	5	54	10	90	100
Hnefaleikafélag Suðurlands	0	4	1	15	1	19	20
Íþróttaf. Dímon	343	44	377	98	720	142	862
Íþróttaf. FSu	0	0	0	27	0	27	27
Íþróttaf. Garpur	21	38	30	62	51	100	151
Íþróttaf. Gnýr	8	124	12	107	20	231	251
Íþróttaf. Hamar	155	200	122	125	277	325	602
Íþróttaf. Mímír	0	0	0	0	0	0	0
Íþróttaf. Suðri	1	11	0	17	1	28	29
Knattsp.f. Árborgar	0	0	0	57	0	57	57
Knattsp.f. Rangæinga	60	20	126	74	186	94	280
Knattsp.f. Ægir	42	19	82	42	124	61	185
Skotíþróttafélag Suðurlands	0	3	0	129	0	132	132
Skólafélag ÍKÍ	0	0	0	5	0	5	5
UBH	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Ásahrepps	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Baldur Hr.	0	0	1	0	1	0	1
Umf. Biskupstungna	77	21	81	32	158	53	211
Umf. Dagsbrún	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Eyfellingur	0	7	0	11	0	18	18
Umf. Eyrarbakka	0	12	0	34	0	46	46
Umf. Framtíðin	1	2	2	0	3	2	5
Umf. Gnúpverja	47	36	33	67	80	103	183
Umf. Hekla	22	31	30	16	52	47	99
Umf. Hrunamanna	146	47	153	125	299	172	471
Umf. Hvöt	0	7	0	60	0	67	67
Umf. Ingólfur	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Laugdæla	29	25	27	35	56	60	116
Umf. Merkiðvoll	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Njáll	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Samhygð	24	14	25	33	49	47	96
Umf. Selfoss	632	122	630	302	1.262	424	1.686
Umf. Skeiðamanna	22	38	31	90	53	128	181
Umf. Stokkseyrar	20	0	38	2	58	2	60
Umf. Trausti	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Vaka	17	48	29	49	46	97	143
Umf. Þór	90	16	67	30	157	46	203
Umf. Þórsmörk	0	38	0	73	0	111	111
Samtals	2.109	1.972	2.228	3.694	4.337	5.666	10.003

Íþróttamaður HSK frá upphafi

Frá 1966 hefur Íþróttamaður ársins verið kosinn hjá Héraðssambandinu Skarphéðni. Í ár var Katrín Ösp Jónasóttir fimleikastúlka úr Umf. Selfoss valin og er þetta í fyrsta sinn sem fimleikamaður hlýtur þessa nafnbót. Katrín Ösp er áttunda konan sem valin er Íþróttamaður HSK frá upphafi, en nú hafa 25 manns hlotið þessu útnefndingu, 17 karlar og 8 konur.

Ár	Íþróttamaður	Félag	Íþróttagrein
1966	Guðmundur Kr. Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1967	Guðmunda Guðmundsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1968	Guðmunda Guðmundsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1969	Guðmunda Guðmundsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1970	Þuríður Jónsdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1971	Jón H. Sigurðsson	Umf. Biskupstungna	frjálsíþróttir
1972	Sigurður Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1973	Þráinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1974	Þráinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1975	Elínborg Gunnarsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1976	Katrín Vilhjálmsdóttir	Umf. Eyrarbakka	frjálsíþróttir
1977	Hugi S. Harðarsson	Umf. Selfoss	sund
1978	Hugi S. Harðarsson	Umf. Selfoss	sund
1979	Hugi S. Harðarsson	Umf. Selfoss	sund
1980	Kári Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1981	Tryggvi Helgason	Umf. Selfoss	sund
1982	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1983	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1984	Tryggvi Helgason	Umf. Selfoss	sund
1985	Magnús Már Ólafsson	Umf. Þór	sund
1986	Magnús Már Ólafsson	Umf. Þór	sund
1987	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1988	Pétur Guðmundsson	Umf. Samhygð	frjálsíþróttir
1989	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1990	Pétur Guðmundsson	Umf. Samhygð	frjálsíþróttir
1991	Einar Gunnar Sigurðsson	Umf. Selfoss	handknattleikur
1992	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1993	Einar Öder Magnússon	Íþr.d. Sleipnis	hestaíþróttir
1994	Ingólfur Snorrason	Umf. Selfoss	karate
1995	Arnar Freyr Ólafsson	Umf. Þór	sund
1996	Sigríður Anna Guðjónsdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1997	Sigríður Anna Guðjónsdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1998	Magnús Aron Hallgrímsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1999	Olil Amble	Hestam.fél. Sleipni	hestaíþróttir
2000	Magnús Aron Hallgrímsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
2001	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2002	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2003	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2004	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2005	Sigurður Sigurðarson	Hestam.fél. Geysi	hestaíþróttir
2006	Olil Amble	Hestam.fél. Sleipni	hestaíþróttir
2007	Sigurður Sigurðarson	Hestam.fél. Geysi	hestaíþróttir
2008	Katrín Ösp Jónasóttir	Umf. Selfoss	fimleikar



Matmenn HSK

Matmaður HSK hefur verið valinn á héraðsþingum HSK frá árinu 1966. Það er sá sem ber titilinn sem velur eftirmann sinn og fær sá er valinn er það hlutverk að þakka matráðsfélki fyrir veitingar á þinginu.

Bolli Gunnarsson gjaldkeri HSK valdi Kristinn Guðnason formann Glímuráðs HSK sem matmann ársins og á héraðsþinginu á Hvolsvelli mun Kristinn velja matmann HSK 2009.

Ár	Matmaður HSK	Þingstaður	Ár	Matmaður HSK	Þingstaður
1966	Stefán Jasonarson	Njálsbúð	1967	Féll niður	Flúðir
1968	Hreinn Erlendsson	Borg	1969-70	Féll niður	Skarphéðinshús
1971	Sigurður Geirdal	Hvoll	1972	Hörður Óskarsson	Árnes
1973	Hreinn Erlendsson	Laugaland	1974	Guðm. Guðmundsson	Aratunga
1975	Klemen Erlingsson	Gunnarshólmi	1976	Pétur Pétursson	Borg
1977	Björn Gíslason	Hella	1978	Jón Ólafsson	Tryggvaskáli
1979	Gunnar Kristjánsson	Hvoll	1980	Féll niður	Laugarvatn
1981	Helgi Stefánsson	Njálsbúð	1982	Kjartan Lárusson	Þjórðarver
1983	Soffía Rósa Gestsdóttir	Gunnarshólmi	1984	Jón M. Ívarsson	Árnes
1985	Einar H. Haraldsson	Heimaland	1986	Þráinn Þorvaldsson	Selfoss
1987	Kári Rafn Sigurjónsson	Laugaland	1988	Halldóra Gunnarsdóttir	Félagslundur
1989	Sigurjón Karlsson	Hvoll	1990	Valgerður Auðunsdóttir	Hveragerði
1991	Elínborg Gunnarsdóttir	Skógar	1992	Þórir Haraldsson	Laugarvatn
1993	Þuríður Jónsdóttir	Njálsbúð	1994	Jón Jónsson	Aratunga
1995	Jens Pétur Jóhannsson	Hella	1996	Hafsteinn Eyvindsson	Þingborg
1997	Þórunn D. Oddsdóttir	Gunnarshólmi	1998	Guðmundur Kr. Jónsson	Þorlákshöfn
1999	Páll Eggertsson	Laugaland	2000	Helga Fjóra Guðnad.	Borg
2001	Jón Andrússon	Hvoll	2002	Ólafur Elí Magnússon	Flúðir
2003	Sigurður Jónsson	Þjórðarver	2004	Guðmundur Viðarsson	Þykkvibær
2005	Markús Ívarsson	Selfoss	2006	Þröstur Guðnason	Hveragerði
2007	Bolli Gunnarsson	Laugaland	2008	Kristinn Guðnason	Þorlákshöfn

Sleifarhafar HSK

Ár	Sleifarhafi	staður	dags.	Vettvangur
1966	Hafsteinn Þorvaldsson	Kaldalón	2/9	Vesturferð HSK
1967	Böðvar Pálsson	Hvítárnes	10/7	Landgræðsluferð
1968	Hafsteinn Þorvaldsson	Borg	15/11	Kvöldvaka HSK
1969-70	Engin keppni			
1971	Hjörtur Jóhannsson	Borg	2/4	Kvöldvaka HSK
1972	Hafsteinn Þorvaldsson	Árnes	26/2	Héraðsþing HSK
1973	Jóhannes Sigmundsson	Laugaland	24/2	Héraðsþing HSK
1974	Hafsteinn Þorvaldsson	Aratunga	23/2	Héraðsþing HSK
1975	Karl Gunnlaugsson	Gunnarshólmi	26/2	Héraðsþing HSK
1976	Rúnar Guðjónson	Borg	28/2	Héraðsþing HSK
1977	Jóhannes Sigmundsson	Hella	26/2	Héraðsþing HSK
1978-81	Engin keppni			
1982	Rúnar Guðjónsson	Þjórðarver	27/2	Héraðsþing HSK
1983	Sigurður Eggertsson	Gunnarshóhni	26/2	Héraðsþing HSK
1984	Magnús Óskarsson	Árnes	24/2	Héraðsþing HSK
1985	Guðmundur Adolfsson	Heimaland	24/2	Héraðsþing HSK
1986	Jón M. Ívarsson	Selfoss	22/2	Héraðsþing HSK
1987	Markús Ívarsson	Laugaland	27/2	Héraðsþing HSK
1988	Unnur Stefánsdóttir	Félagslundur	27/2	Héraðsþing HSK
1989	Valgerður Auðunsdóttir	Hvolsvöllur	25/2	Héraðsþing HSK
1990	Þuríður Jónsdóttir	Hveragerði	24/2	Héraðsþing HSK
1991	Kjartan Lárusson	Skógar	23/2	Héraðsþing HSK
1992	Hjálmur Sigurðsson	Laugarvatn	29/2	Héraðsþing HSK
1993	Gunnar Sverrnsson	Njálsbúð	27/2	Héraðsþing HSK
1994	Þorgeir Vigfússon	Aratunga	26/2	Héraðsþing HSK
1995	Kristinn Guðnason	Hella	25/2	Héraðsþing HSK
1996	Hrafnhildur Guðmundsd.	Þingborg	24/2	Héraðsþing HSK
1997	Emil Gunnlaugsson	Gunnarshólmi	22/2	Héraðsþing HSK
1998	Sigríður Heiðmundsdóttir	Þorlákshöfn	28/2	Héraðsþing HSK
1999	Ragnar Sigurðsson	Laugaland	27/2	Héraðsþing HSK
2000	Sigríður Ósk Guðnadóttir	Borg	26/2	Héraðsþing HSK
2001	Jón H. Sigurmundsson	Hvoll	24/2	Héraðsþing HSK
2002	Kári Jónsson	Flúðir	23/2	Héraðsþing HSK
2003	Guðmundur Jóhannesson	Þjórðarver	22/2	Héraðsþing HSK
2004	Páll Arnar Erlingsson	Þykkvibær	28/2	Héraðsþing HSK
2005	Helga Guðrún Guðjónsdóttir	Selfoss	26/2	Héraðsþing HSK
2006	Þór Ólafur Ólafsson	Hveragerði	25/2	Héraðsþing HSK
2007	Sigurgeir L. Ingólfsson	Laugaland	24/2	Héraðsþing HSK
2008	Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir	Þorlákshöfn	23/2	Héraðsþing HSK



Fréttapunktar frá ÍSí



Stjórn ÍSí

Í framkvæmdastjórn ÍSí sitja eftirtaldir aðilar: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Krísrún Heimisdóttir ritari, Hafsteinn Pálsson, Helga H. Magnúsdóttir, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Engilbert Olgeirsson, Helga Steinunn Guðmundsdóttir og Friðrik Einarsson. Í varastjórn sitja Jón Gestur Viggósson, Oddný Árnadóttir og Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir.

Starfsfólk ÍSí

Framkvæmdastjóri ÍSí er Líný Rut Halldórsdóttir. Aðrir starfsmenn á skrifstofu ÍSí eru Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afrekssviðs ÍSí, Jóna Hildur Bjarnadóttir sviðsstjóri Almenningsíþróttasviðs ÍSí, Viðar Sigurjónsson sviðsstjóri Fræðslusviðs ÍSí, Berglind Guðmundsdóttir gjaldkeri, Örvar Ólafsson verkefnisstjóri, Rúna H. Hilmarsdóttir umsjón með Felix og Linda Laufdal Jónsdóttir ritari. Auk þess hefur Þórarinn Alvar Þórarinnsson verið í verkefnatengdum störfum fyrir ÍSí.

Ferðasjóður íþróttafélaga

Á árinu 2008 var 30 milljónum úthlutað úr Ferðasjóði íþróttafélaga. Á árinu 2009 eru 59 milljónir til úthlutunar samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið. Það er ljóst að stuðningur ríkisins vegna ferðakostnaðar íþrotta- og ungmennafélaga á landsvísi hefur haft gríðarlega mikið að segja fyrir alla hreyfinguna og í sumum tilfellum skipt sköpum þegar félög hafa staðið frammi fyrir ákvörðun um þátttöku í mótum.

Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Í Íþróttamiðstöðinni er mjög góð aðstaða til fundarhalds og kaffiterían þjónar vel sem miðpunktur starfsfólksins í húsinu sem og annarra sem tengjast íþróttahreyfingunni og Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Fjármögnun sérsambanda

Árið 2006 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um styrkveitingar til sérsambanda ÍSí. Markmiðið með samningnum er að aðstoða sérsambönd ÍSí til að efla og útbreiða viðkomandi íþróttagreinir á Íslandi og koma fram erlendis fyrir þeirra hönd.

Upphæð styrksins var 40 milljónir á árinu 2007, 60 milljónir á árinu 2008 og 70 milljónir árið 2009.

Heimasíða ÍSí

Á heimasíðu ÍSí, www.isi.is, er að finna ýmsan hagnýtan fróðleik um ÍSí og sambandsaðila þess, auk fræðsluefnis af ýmsum toga, fréttar og tilkynninga um viðburði í hreyfingunni. Sambandsaðilar eru hvattir til að heimsækja síðuna og kynna sér það sem þar er í boði.

Felix - tölvukerfi ÍSí og UMFÍ

Felix - tölvukerfi ÍSí og UMFÍ heldur vel utan um tölvfræði íþróttahreyfingarinnar en er einnig gott stjórntæki fyrir félög og deildir til að halda utan um iðkendur og stjórnir. Það hefur reynst flestum gagnlegt að hafa aðgang að upplýsingum um sitt fólk og uppfærsla við þjóðskrá léttir allar uppfærslur á persónuupplýsingum. Með skráningum í Felix skapa félögin sögu iðkenda í félaginu og geta fylgst náið með þróun iðkenda innan félags, svo sem aukningu og brottfalli sem og aldurs- og kynjaskiptingu.



Ólafur Rafnsson veitti Guðríði Aadnegard silfurmerki ÍSí á þingi HSK 2008.

Hádegisverðarfundir

ÍSí stendur reglulega fyrir hádegisfundum í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Auglýsingar um hádegisverðarfundir ÍSí er að finna á heimasíðu ÍSí, www.isi.is

Fjármálaráðstefna ÍSí

ÍSí stóð fyrir fjármálaráðstefnu í nóvember 2008. Fjallað var um áhrif efnahagsástandsins á starfsemi íþróttahreyfingarinnar. Ráðstefnan var haldin í Laugardalshöllinni og var vel sótt.

Íþróttaping ÍSí

Íþróttaping ÍSí verður haldið í Reykjavík dagana 17.-18. apríl 2009. Á Íþróttapingi ÍSí er fjallað um helstu hagsmunamál íþróttahreyfingarinnar í heild.

Íþróttaslysasjóður

Minnt er á að iðkendur og keppendur innan vébanda ÍSí geta sótt um endurgreiðslu á allt að 80% af læknskostnaði og kostnaði vegna sjúkraþjálfunar vegna slysa sem þeir verða fyrir á æfingum og í keppni á vegum íþrotta- og ungmennafélaga innan ÍSí. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu ÍSí, undir liðnum „Íþróttaslysasjóður“.

Smáþjóðaleikar

12. Smáþjóðaleikar Evrópu fara fram í Mónakó í júní nk. Stefnt er að svipaðri þátttöku og undanfarna leika þrátt fyrir erfitt árferði sökum efnahagslæðarinnar á Íslandi.

Vetrarólympíuhátíð æskunnar

Hátíðin verður haldin í Slask-Beskidy í Póllandi dagana 14.-21. febrúar 2008. ÍSí sendir 8 keppendur í alpagreinum og 2 í skíðagöngu.

Sumarólympíuhátíð æskunnar

Hátíðin verður haldin í Tampere í Finnlandi dagana 19.-26. júlí 2009.

Ólympíuleikarnir í Peking

Ólympíuleikarnir voru haldnir í Peking 8.-24. ágúst sl. Íslendingar áttu keppendur í fimm íþróttagreinum; sundi, badminton, juddó, frjálsum og handknattleik. Upp úr stendur árangur íslenska karlalandslíðsins í handknattleik sem vann til silfurverðlauna á leikunum.

Úthlutun sjóða

Afrekssjóður ÍSÍ og Styrktarsjóður ungra og efnilegra úthluta árlega tugmilljónum króna til sérsambanda ÍSÍ til stuðnings við afreksíþróttafólk landsins.

Afreksskvennasjóður Glitnis og ÍSÍ, sem stofnaður var í janúar 2007 með stofnframlagi Glitnis upp á 20 milljónir króna, úthlutaði 5,5 milljónum til afreksíþróttakvenna á árinu 2008.

Almenningsíþróttir

Almenningsíþróttasvið ÍSÍ stendur fyrir fjölmörgum skemmtilegum og spennandi verkefnum á sviði almenningsíþróttar og má þar nefna Lífshlaupið, Kvannahlaup ÍSÍ og Hjólað í vinnuna. Kvannahlaup ÍSÍ verður 20 ára á árinu 2009 en þessi sívinsæli viðburður á orðið fastan sess á viðburðardagatölum um allt land.

Þjálfaramenntun

ÍSÍ stendur fyrir fjölmörgum þjálfaranámskeiðum á landsvísu allt árið. Upplýsingar um námskeið og fræðsluverkefni á vegum ÍSÍ er að finna á heimasíðu ÍSÍ, www.isi.is

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Sífelld fjölgar í hópi Fyrirmyndarfélaga og deilda ÍSÍ. Sérsambönd, íþróttabandalög og héraðssambönd eru hvött til að leggja sitt af mörkum til að efla verkefnið og styðja félög sem stefna vilja að þessari gæðaviðurkenningu.

Lyfjamál

Aldrei hafa verið tekin fleiri lyfjapróf á einu ári en síðastliðið ár. Alls tók lyfjaeftirlit ÍSÍ 193 próf á árinu í 18 íþróttagreinum. Ekki kom upp neitt mál vegna brota á lyfjareglum.

Nú um áramót tóku gildi nýjar Alþjóðlegar lyfjareglur.



Frá Kvannahlaupi ÍSÍ í Þorlákshöfn.

Verða þær kynntar og gerðar aðgengilegar á heimasvæði lyfjaeftirlits ÍSÍ www.lyfjaeftirlit.is

Starfsskýrslur ÍSÍ

Sambandsaðilar eru minntir á að skila þarf starfsskýrslum til ÍSÍ fyrir starfsárið 2008 fyrir 15. apríl nk. Búið er að opna fyrir skilin á www.felix.is

Afar mikilvægt er að félög skili inn skýrslum á tilsettum tíma því það auðveldar ÍSÍ að gefa opinberum aðilum nauðsynlegar upplýsingar um stærð og samsetningu íþróttahreyfingarinnar þegar leitað er úrlausna vegna ólíkra hagsmunamála hreyfingarinnar. Aðstoð vegna skila er veitt á skrifstofu ÍSÍ.



Fréttapunktur frá UMFÍ



Árið var í senn viðburðaríkt og gæfuríkt hjá ungmennafélagshreyfingunni. Þegar litið er um öxl má hreyfingin vera afar stolt og getur horft bjartsýnisaugum til framtíðar. Í okkar hraðfleyga þjóðfélagi, þar sem hlutirnir breytast fljótt, eru möguleikarnir endalausir.

Styrkur og máttur UMFÍ er mikill og þessi fjölmennu samtök munu hér eftir sem hingað til vinna að góðum málum fyrir land og þjóð. Hér verður stiklað á því helsta sem gerðist á árinu 2008.

11. Unglingalandsmót UMFÍ

Þorlákshöfn var vettvangur 11. Unglingalandsmóts UMFÍ sumarið 2008. Mótskaldari var HSK og er óhætt að segja að mótið hafi verið vel heppnað í alla staði. Sveitarfélagið Ölfus var gríðarlega stórhuga og fór í miklar framkvæmdir við byggingu glæsilegra íþróttamannvirkja sem tekin voru í notkun á mótinu.

Keppendur hafa sjaldan verið fleiri og talið er að gestir mótsins hafi verið hátt í tólf þúsund þegar mest var. Keppt var í eftirtöldum greinum: Frjálsum íþróttum, knattspyrnu, körfubolta, sundi, skák, golfi, glímu, hestaíþróttum og mótocrossi. Formaður UMFÍ setti mótið að viðstöddum menntamálaráðherra, keppenda og fjölda gesta. Forseti Íslands heimsótti mótið á laugardeginum og tók m.a. þátt í verðlaunaafhendingu keppenda. HSH var þriðja árið í röð valið fyrirmyndarfélagið á Unglingalandsmótinu. Innnganga HSH við setningu mótsins vakti mikla athygli og var mikill metnaður lagður í hana af hálfu héraðssambandsins. Umgjörð sambandsins var sömuleiðis öll til fyrirmyndar á mótinu.

Sigurðarbikarinn

Í mótslok á Unglingalandsmótinu í Þorlákshöfn afhenti Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ, Sigurðarbikarinn í fyrsta skipti en hann er gefinn til minningar um Sigurð Geirdal, fyrrverandi framkvæmdastjóra UMFÍ.

Gefendur voru Hafsteinn Þorvaldsson, fyrrverandi formaður UMFÍ, og Jónas Ingimundarson, fyrsti formaður Ungmennafélagsins Þórs í Þorlákshöfn, sem stofnað var 1960. Bikarinn skal afhentur í mótslok því héraðssambandi sem heldur Unglingalandsmót hverju sinni. Bikarinn verður því í varðveislu HSK fram að næsta unglingalandsmóti.

Skinfaxi

Fjögur blöð komu út af Skinfaxa á síðasta ári. Markmið hvað efnistöð varðar er að koma á framfæri fréttum úr hreyfingunni enda brýnt að koma því áleiðis hvað sé að gerast í hreyfingunni vítt og breitt um landið á hverjum tíma. Eins er lögð á það áhersla að segja frá verkefnum sem hreyfingin stendur fyrir.

Stærsta blað ársins var annað tölublaðið þar sem sagði frá Unglingalandsmótinu en eins og áður er afar brýnt að fjalla vel um mótið og þá staði sem halda mótið í hvert sinn. Blaðið fór í mjög öfluga dreifingu um allt land og enn fremur á mótinu sjálfu þar sem allir þátttakendur fengu blaðið.

Öflun auglýsinga gekk vel en aðilar sem komu að henni unnu sitt starf mjög vel. Stórir auglýsendur gerðu samninga um að auglýsa í öllum blöðum ársins. Þetta fyrirkomulag léttir og auðveldar sölu auglýsinga og staðfestir að þessir aðilar líta á það sem góðan kost að auglýsa í blaðinu.

Heimasíða UMFÍ er í stöðugri endurskoðun en heimsóknir inn á hana hafa vaxið jafnt og þétt á síðustu misserum. Lætur nærri að um 100 þúsund heimsóknir og flettingar séu að jafnaði í hverjum mánuði. Á vissum tímum ársins hafa heimsóknir og flettingar farið upp í 200 þúsund í mánuði.

Ungmenna- og tómstundabúðir Laugar - UTB

Eins og jafnan koma fyrstu nemendur haustmisseris til dvalar á Laugum fyrstu vikuna í september. Upp frá því voru stöðugar

heimsóknir allan veturinn og fór síðasti hópurinn í maílok. Bókanir voru 1900 og af þeim komu 1700 nemendur frá 46 skólum. Flestir nemendur komu á haustönn og komust þá færri að en vildu. Búðirnar hafa síðan gengið vel á þessum vetri og skráningar með besta móti.

Almenn ánægja er hjá nemendum og kennurum grunnskólanna með dvöl ungmennanna að Laugum og hafa allir skólar bókað að ári liðnu. Það verður því ekki annað sagt en að framtíð búðanna er björt og spennandi.

Þrastaskógur

Eins og jafnan áður var ágæt aðsókn á tjaldsvæðið í skóginum í sumar. Það hefur alltaf verið vinsælt hjá starfsfólki vinnustaða að koma þar við á dagsferðum og eiga þar góða stund saman. Mikið starf hefur verið unnið í Þrastaskógi hin síðustu ár og má í því sambandi nefna gróðursetningu og vinnu við göngustíga. Í sumar var gamla hliðið fært og var því komið við innganginn inn í skógin sjálfan. Nýir aðilar tóku við rekstri í Þrastalundi sl. sumar.

Göngum um Ísland

Verkefnið var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Leiðabókin kom út í júnímánuði og aðstoðaði OLÍS við dreifingu hennar. Mikil vinna var lögð í endurgerð á heimasíðu okkar ganga.is og var sú síða opnuð um mitt sumar eftir miklar endurbætur.

Það var fyrirtækið Teikn á lofti sem vann með UMFÍ að uppfærslu og endurgerð síðunnar. Gríðarlegir möguleikar eru fyrir hendi varðandi þessa síðu sem mjög mikilvægt er að nýta sér.

Heimsóknir inn á síðuna hafa vaxið jafnt og þétt og má líklega telja að þeim fjölgi enn eftir þessar endurbætur enda bíður vefurinn upp á mikla möguleika.

Fjölskyldan á fjallið

Enn á ný var farið af stað með þetta ágæta verkefni. Sambandsaðilar velja fjall á sínu svæði sem er aðgengilegt fyrir alla fjölskylduna að ganga á. Upphaflega þegar farið var af stað í þetta verkefni komu sambandsaðilar gestabók fyrir á toppi síns fjalls sem göngugarnir skrifuðu í.

Gæfuspor

Gæfuspor er nýtt verkefni þar sem fólk 60 ára og eldri er hvatt til að fara út og ganga sér til ánægju og heilsubótar. Verkefnið fór af stað fimmtudaginn 19. júní sl.

Ákveðið var að leggja af stað á fimm stöðum á landinu, Borgarnesi, Reykjanesbæ, Neskaupsstað, Selfossi og á Sauðárkróki. Glæsileg þátttaka var á öllum þessum stöðum og þetta er vonandi upphafið að glæsilegu landsátaki.

Aðalsamstarfsaðili UMFÍ að verkefninu er Sparisjóðurinn og gaf hann öllu göngufólki sérstakan jakka. Einnig styrkir Heilbrigðisráðuneytið og Lýðheilsustöð verkefnið.

Leiðtogaskólinn

Leiðtogaskólinn heldur utan um og skipuleggur námskeið hreyfingarinnar. Leitast er við að bjóða félagsmönnum upp á góð og gagnleg námskeið. Fræðslustefnan sem samþykkt var á síðasta þingi er komin út í bækling og nýr yfirlitsbæklingur um námskeið Leiðtogaskólans var að koma út.

Ungmennafélag Íslands í samvinnu við Bændasamtök Íslands og Kvenfélagasamband Íslands standa fyrir félagsmálafræðslu um land allt í vetur undir yfyrskriftinni „Sýndu hvað í þér býr.“ Þessir aðilar skrifuðu undir samstarfssamning þar að lútandi í höfuðstöðvum UMFÍ við Laugaveg 170 í Reykjavík í nóvember sl. Tíu námskeið voru haldin á árinu og hefur þátttaka í þeim verið með ágætum.

Hlutverk námskeiðsins er sjá félagsmönnum fyrir fræðslu í ræðumennsku og fundarsköpum. Þátttakendur fá æfingu í



„Flott án fíknar“ hópur á Hellu.

framkomu, framsögn og þjálfun í fundarsköpum.

Áhugasömum er einnig bent á að afla sér frekari upplýsingar um verkefnið hjá Guðrúnu Snorradóttur landsfulltrúa UMFÍ í síma 848-5917 og á gudrun@umfi.is og Sigurði í síma 861-3379 og á sigurdur@umfi.is

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ var haldinn á þremur stöðum dagana 7.-11. júlí, í Borgarnesi, á Sauðárkróki og Egilsstöðum. Þetta var í fyrsta skipti sem UMFÍ heldur þessu verkefni úti og var það gert í samvinnu við Frjálsíþróttasamband Íslands. Þátttakendur voru mjög ánægðir og miðað við hvernig til tókst má ljóst vera að þetta verkefni verður í boði næsta sumar. Þátttakendur í Borgarnesi voru 23, á Sauðárkróki 19 og 14 á Egilsstöðum.

Á öllum þessum þremur stöðum var úrvalsfólk að störfum og mikil vinna lögð í undirbúning. Fagmennskan var í fyrirrúmi gagnvart íþróttagreininni en einnig var lögð áhersla á skemmtilega samveru utan þjálfunarinnar og m.a. fóru allir með hópana í vettvangsferð þar sem fólk grillaði og skemmti sér.

Viðhorfskönnun var lögð fyrir þátttakendur í lokin og miðað við þau svör sem hefur verið skilað inn voru þátttakendur ánægðir, töldu sig hafa lært mörg tækniatriði í íþróttum og urðu áhugasamari. Þátttakendur fengu allir viðurkenningarskjöl í lokin.

Forvarnadagurinn

Forvarnadagurinn var haldinn í grunnskólum landsins þann 6. nóvember sl. Það eru nemendur í 9. bekk sem taka þátt í deginum sem haldinn var nú í þriðja sinn. Þeir sem standa að deginum eru Ungmennafélag Íslands, ÍSÍ, skátahreyfingin og Samband íslenskra sveitarfélaga. Forvarnadagurinn er styrktur af lyfjafyrirtækinu Actavis.

Fulltrúar þeirra sem standa að deginum fóru í heimsóknir í skólana um morguninn og kynntu aðaláherslur verkefnisins.

Æskulýðsvettvangurinn

Æskulýðsvettvangurinn, samráðsvettvangur Ungmennafélags Íslands, KFUM/K og skátahreyfingarinnar í samstarfi við Æskulýðsráð, efndi til fimm málþinga sem báru yfyrskriftina „Æskan á óvissutímum“. Námskeið var haldið í Árborg 8. desember. Öll þessi málþing voru ágætlega sótt.

Flott án fíknar

Forvarnaverkefnið Flott án fíknar hefur haldið áfram af fullum krafti. Kynningastarf hefur verið í grunnskólum en auk þess hefur starfið teygst sig inn í framhaldsskólana. Aftur voru send út bréf til allra 10. bekkinga á landinu með framtíðaróskum um gott gengi og þeir hvattir til að vera áfram án áfengis og virkir í félagsstarfi.

Áfram verður unnið að ná markmiðum Flott án fíknar um að

Frh. á næstu síðu



fólk virði landslög varðandi notkun á tóbaki og áfengi og sniðgangi algjörlega ólögleg efni.

Lýðháskólar

Mikil ánægja er meðal þeirra nemenda sem sótt hafa lýðháskóla í Danmörku og notið styrks frá UMFÍ. Nemendur telja sig fá gott veganesti út í lífið og dýrmæta reynslu. Vel hefur gengið að kynna lýðháskólana fyrir ungu fólki og verður því haldið áfram. Árlega þarf að sækja um styrk frá Nordplus Voksen um fjármagn til úthlutunar til nemenda og komið er fjármagn fyrir nýhafið skólaár.

Áfram verður samstarf við þá sex skóla eins og verið hefur og eigum við nemendur í þeim öllum í vetur. Dvalartími nemenda er misjafn, frá tveimur mánuðum uppi í níu mánuði. Fatlaður nemandi er nú þriðja árið í röð við lýðháskólann í Sønderborg, en það samstarf hefur gengið einstaklega vel, og er frumkvöðlastarf af hálfu Ungmennafélags Íslands. UMFÍ styrkti rúmlega 40 nemendur til náms á síðasta ári. Hægt er að fá upplýsingar um alla skólana á heimasíðu UMFÍ þar sem einnig má finna umsóknareyðublað um styrk.

Ungmennavika NSU 2008

Fimm ungmenni frá UMFÍ sóttu ungmennaviku NSU í Oksböl í Danmörku dagana 26. júlí til 2. ágúst. Þar komu saman ungmenni á aldrinum 15-25 ára frá ýmsum aðildarfélögum NSU.

Hópurinn náði vel saman og tókst vikan sérlega vel þar sem ungmennin upplifðu ýmis ævintýri, tóku þátt í leikjum, unnu hópverkefni og kynntust mismunandi menningarheimum. Fararstjóri var Jörgen Nilsson, leiðbeinandi Ungmenna og tómstundabúða á Laugum í Sælingsdal.

Hópurinn kom saman ásamt landsfulltrúa á Laugum 26. ágúst og unnin var samantekt um vikuna og rætt um gildi þess að taka þátt ungmennastarfi með þessum hætti.

Hópurinn var sammála um að þau kæmu öruggari og ófeimnari heim, í samskiptum við annað fólk, og gaman væri að tengjast ungu fólki á Norðurlöndum.

Vest Nordisk Ungdomsforum - VNU

Dagana 1. - 8. júlí var haldin ævintýravika á Grænlandi á vegum Vest-Norden sem er samstarfsvettvangur milli Færeyja, Íslands og Grænlands. Grænlsku samtökin SORLAK, sem eru landssamband æskulýðssamtaka höfðu veg og vanda að undirbúningi og framkvæmd ungmennavíunnar.

Fimm þátttakendur frá hverju landi áttu kost á að vera með. Á dagskránni var lögð áhersla á hópstarf og leiki auk grænlskra hannyrða.

Úthlutun úr Umhverfissjóði UMFÍ

Fyrsta úthlutun styrkja úr Umhverfissjóði UMFÍ, Minningarsjóði Pálma Gíslasonar - formanns UMFÍ 1979-1993, voru veitt við hátíðlega athöfn í Heydal í Mjóafirði þann 2. júlí. Heydalir eru í eigu fjölskyldu Pálma heitins en hann hefði orðið sjötugur þennan dag.

Við athöfnina flutti m.a. formaður UMFÍ, Helga Guðrún Guðjónsdóttir ávarp, og Stella Guðmundsdóttir, ekkja Pálma

Gíslasonar, flutti minningarorð um Pálma. Sjóðnum bárust fimm umsóknir og voru þær allar hæfar. Veittir voru þrír styrkir að upphæð samtals kr. 1.000.000. Eftirtaldir fengu styrk að þessu sinni:

Ungmennafélagið Geisli Súðavík - til að útbúa leiksvæði, garð, útivistarsvæði fyrir fólk á öllum aldri í gömlu byggðinni í Súðavík. Alls kr. 500.000.

Sundfélagið Grettir/HSS - í frágang og fegrun við sundlaugina í Bjarnarfirði á Ströndum. Alls kr. 300.000.

Ungmennafélagið Ingólfur/HSK - fegrun á skógræktarsvæði/reit félagsins og setja þar upp upplýsingaskilti með stuttu yfirliti um sögu félagsins. Alls kr. 200.000.

Í stjórni sjóðsins sitja Helga Guðrún Guðjónsdóttir, Sæmundur Runólfsson, Björn B. Jónsson og Stella Guðmundsdóttir.

Úthlutun úr Verkefnissjóði UMFÍ

Í vinnureglum um verkefnasjóð UMFÍ kemur m.a. fram að almennt fari stjórn UMFÍ með stjórn sjóðsins og fer úthlutun fram á stjórnarfundum, eftir umsóknum eða að eigin frumkvæði. Umsóknir í verkefnasjóð skulu berast þjónustumiðstöð UMFÍ a.m.k. 2 vikum fyrir stjórnarfund. Umsóknum í verkefnasjóð skal fylgja fjárhagsáætlun yfir það verkefni sem sótt er um styrk til og eftir atvikum reikningar og áætlanir um niðurgreiðslu skulda.

Heimilt er stjórn að veita lán úr sjóðunum, en þá er um fyrirframgreiðslu lottófjár að ræða, með veði í lottóágóða viðkomandi sambandsaðila.

Eitt félag innan HSK hlaut styrk ár árinu. Umf. Hekla fékk 50.000 kr. styrk vegna söguritunar

Úthlutun úr Fræðslusjóði UMFÍ

Í reglugerð fyrir fræðslusjóð segir að sjóðurinn heiti Minningarsjóður Aðalsteins Sigmundssonar og er fræðslusjóður Ungmennafélags Íslands. Tilgangur sjóðsins er að auka menntun og þekkingu félaga innan ungmennafélagsshreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi, með því að sækja námskeið sækja fundi og ráðstefnur

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og einum til vara. Stjórn UMFÍ skipar stjórn sjóðsins milli þinga.

Tekjur sjóðsins skulu vera ákveðinn hundradshluti af lottótekjum sem koma til UMFÍ, skv. ákvörðun sambandsþings UMFÍ hverju sinni, frjáls framlög einstaklinga og félaga, og aðrar fjáraflanir sem henta þykja hverju sinni.

Evrópa unga fólksins - EUF

Fyrsti umsóknarfrestur um styrki til Evrópu unga fólksins (EUF) er 1. febrúar, EUF sem er Ungmennaaætlun Evrópusambandsins er ætluð ungu fólki frá 13 - 30 ára. Í ár eru alls til úthlutunar € 1.077.000 sem er ef tekið er mið af genginu um þessar mundir rúmlega 170.000.000.- Íkr. Evrópusambandið er árlega með nokkur forgangsatriði og EUF hefur ákveðið að aðal forgangsatriðin í ár verði: Verkefni sem tengd eru þátttöku fatlaðs ungs fólks. Verkefni sem ætlað er að efla heilbrigðan lífsstíl og efla þátttöku ungs fólks í samfélaginu m.a. í gegnum íþróttir.

Lífshlaupið

Á árinu fór ÍSÍ af stað með vinnustaðakeppni og hvatningarleik sem nefnist Lífshlaupið. Við lok átakingar höfðu 7.700 einstaklingar skráð sig inn á vefinn. 539 lið frá 220 fyrirtækjum tóku þátt í vinnustaðakeppninni en 135 lið frá 25 skólum tóku þátt í hvatningarleiknum. Sú tegund hreyfingar sem var vinsælust meðal þátttakenda var ganga með 22,85%, líkamsrækt er með 15,62%, skíði með 3,66% og hlaup með 3,39%.

Þátttakendur komu frá 67 af 79 sveitarfélögum í landinu. Sveitarfélögin 11 á sambandssvæði HSK komust öll á blað. Á landsvísu var besta þátttakan miðað við fólksfjölda í Grímsnes- og Grafningshreppi, en þar tóku um 20% íbúa þátt.

KHÍ á Laugarvatni sigraði í vinnustaðakeppninni í flokki vinnustaða með 10 - 29 starfsmenn og Grunnskólinn Ljósaborg á Borg í Grímsnesi varð eftsur í sínum flokki í hvatningarleiknum. Heildarúrslit er að finna á www.lifshlaupid.is



Styrkir úr Íþróttasjóði ríkisins

Á árinu 2008 veitti Íþróttasjóður ríkisins styrki að upphæð kr. 20.354.000 til 90 verkefna. Alls bárust 158 umsóknir um styrki úr Íþróttasjóði að upphæð 177 m.kr. vegna ársins 2008.

Margar umsóknir bárust af sambandssvæði HSK og hlutu félög og deildir innan sambandsins rúmar þrjár milljónir í styrk. Þá hlaut Kennaraháskólinn þrjá styrki, sem allir eru vegna rannsókna við hið nýja Rannsóknarsetur á Laugarvatni.

Eftirtaldir hlutu á sambandssvæði HSK:

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Úthlutun
Fimleikadeild Íþr.f. Hamars	Kaup áhalda	300.000
Fimleikadeild Umf. Þórs	Kaup á stórri gryfjudýnu og stökkbretti	150.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Kaup á trompólíni	150.000
Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss	Kaup á stangarstökkssáhöldum	350.000
Golfklúbbur Ásatúns	Kaup á sáningarvél	100.000
Golfklúbbur Selfoss	Tækjakaup	200.000
Íþróttafélagið Dímon	Kaup á áhöldum	160.000
Íþróttafélagið Garpur	Hástökksdýna	100.000
Íþróttafélagið Mímír	Bæta fótboltaaðstöðu	90.000
Knattspyrnufélagið Ægir	Kaup á knattspyrnumörkum	100.000
Knattsp.d. Hamars, mfl. karla	Kaup á knattspyrnumörkum	100.000
Umf. Selfoss, sunddeild	Tækjakaup til íþróttaiðkunar	54.000
Umf. Selfoss, júdódeild	Kaup á tækjum og áhöldum	200.000
Samtals		2.054.000

Styrkir vegna útbreiðslu - og fræðsluverkefna:

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Úthlutun
Hestamannafélagið Smári	Fræðsla og útbreiðsla til barna og unglinga	200.000
Íþróttafélagið Dímon	Samfella í íþrótt- og tómstundastarfi í Rangárþingi eystra	100.000
Körfuknattl.d. Hamars, mfl.ráð kvenna	Kynning og fræðsla á kvennakörfubolta á Suðurlandi	200.000
Meistaraflokkur knattspyrnudeildar Hamars	Knattspyrnunámskeið	100.000
Unglingaráð Knattspyrnudeildar Selfoss	Efling kvennaknattspyrnu á Suðurlandi	250.000
Unglingaráð Knattspyrnudeildar Selfoss	Heimaverkefni knattspyrnudeildar Selfoss	50.000
Ungmennafélag Selfoss, júdódeild	Auka hlut kvenna í júdó	100.000
Samtals		1.000.000

Styrkir vegna íþróttarannsókna:

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Úthlutun
Íþróttfræðasetur Kennaraháskóla Íslands	Hreyfing og heilsa -Framhaldsskólarnir	500.000
Kennaraháskóli Íslands, íþróttabraut	Viðhorf, þekking og matarvenjur í tengslum við íþróttaiðkun, almenna hreyfingu, holdafar og heilsu	450.000
Kennaraháskóli Íslands	Lífstíll 7-9 ára grunnskólabarna	1.300.000
Samtals		2.250.000
Samtals á sambandssvæðið		5.304.000

Ferðasjóður íþróttahreyfingarinnar

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ undirrituðu á árinu samning þar sem ÍSÍ er falin umsjón og umsýsla með Ferðasjóði Íþróttafélaga. Með samningnum var komið á fót sjóði sem kemur til móts við félög vegna kostnaðar þeirra af ferðalögum innanlands, sérstaklega þeirra sem eiga um langan veg að fara til þess taka þátt í viðurkenndum mótum. Framlag ríkisins í sjóðinn átti að vera 180 m.kr. á árunum 2007- 2009 og skiptist á eftirfarandi hátt: 30 m.kr. fyrir árið 2007, 60 m.kr. fyrir árið 2008 og 90 m.kr. fyrir árið 2009. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2009 voru settar 60 m.kr. í sjóðinn af fjárlögum.

Opnað var fyrir umsóknir í sjóðinn 10. desember 2007 og rann umsóknarfrestur út þann 10. janúar 2008. Alls bárust umsóknir frá 138 félögum úr öllum héraðssamböndum ÍSÍ. Sótt var um styrk fyrir 21 íþróttagrein. Heildarkostnaður umsókna var um 260 milljónir króna. Við mat á umsóknum var að þessu sinni tekið mið af eftirfarandi: 1. Öll íþrótt- og ungmennafélög innan vébanda ÍSÍ gátu sótt um stuðning. 2. Einungis Íslandsmót og mót sem voru undanfarar Íslandsmóta voru styrkhæf. 3. Einungis ferðir sem töldu 150 km eða lengra, aðra leið, voru styrkhæfar. Talsvert margar umsóknir bárust til sjóðsins af sambandssvæðinu og fengu félög innan HSK samtals kr. 1.121.897 kr. úr sjóðnum vegna ferða árið 2007.

Skipting styrkja á félög innan HSK:

Umf. Selfoss	578.692	Knattspyrnufélagið Ægir	32.249
Ungmennafélag Hrunamanna	128.839	Íþróttafélagið Suðri	28.481
Hamar	94.466	Íþróttafélag FSU	37.555
Knattspyrnufélag Árborgar	10.023	Umf. Laugdæla	9.947
Þór Þorlákshöfn	39.426	Íþróttafélagið Dímon	81.032
Hestamannafélagið Ljúfur	3.538	Knattspyrnufélag Rangæinga	77.649

Nefndir skipaðar af stjórn:

Kjörnefnd

Árlega skipar stjórn HSK kjörnefnd sem hefur það verkefni að leggja fram tillögu að stjórnarskipan HSK og nefndarskipan í 16 starfsnefndir Skarphéðins.

Í kjörnefnd voru eftirtaldir:

Fanney Ólafsdóttir, formaður. Varastjórn HSK

S. 486 3345 / 695 0585

Árni Þorgilsson, fyrrverandi formaður HSK

S. 487 8406 / 893 4729

Þórður Ólafsson, fyrrverandi stjórnarmaður HSK

S. 483 3828

Þórunn D. Oddsdóttir, fyrrverandi varaformaður HSK

S. 482 2656 / 856 1185

Örn Guðnason, framkvæmdastjóri Umf. Selfoss
S. 564 6323 / 897 6323

Nefndarmenn skiptu með sér verkum á fyrsta fundi nefndarinnar og á þinginu Í Þorlákshöfn árið 2008 lagði hún fram tillögur sínar til afgreiðslu þingsins og voru þær samþykktar samhljóða. Stjórnarskipan má sjá í kafla um héraðsþingið í Þorlákshöfn og í skýrslum nefnda hér aftar í skýrslunni er greint frá nefndarskipan 2008.

Skoðunarmenn reikninga, þeir Sigurjón Skúlason og Kristján Ágústsson, voru endurkjörnir líkt og undanfarin ár.

Valnefnd vegna kjörs á Íþróttamanni HSK

Á héraðsþingi HSK árið 2006 var ákveðið að breyta reglugerð um kjör á Íþróttamanni HSK og nú kaus í þriðja sinn sérstök valnefnd Íþróttamann HSK úr röðum þeirra sem tilnefndir eru frá nefndum og ráðum HSK.

Eftirtaldir skipa nefndina:

Gísli Páll Pálsson

Guðríður Aadnegard

Guðmundur Karl Sigurdórsson

Árni Þorgilsson

Þórir Haraldsson

formaður HSK

ritari HSK

Íþrótafréttamaður

fyrirverandi formaður HSK

formaður Umf. Selfoss



Valnefnd vegna kjörs á Íþróttamanni HSK á fundi.

Fundur valnefndar vegna kjörs á Íþróttamanni HSK var haldinn þriðjudaginn 10. febrúar 2009 kl. 20:00 í Selinu.

Valnefndin ákvað að styðjast við eftirfarandi þætti í vali sínu á Íþróttamanni HSK 2008:

1. alþjóðlegur árangur, landsárangur, og árangur á héraðsvisu.

2. Íþróttamaður HSK þyrfti að hafa náð 16 ára aldri

3. staða greinarinnar

Að þessu sinni voru 18 Íþróttamenn sem þóttu skara fram úr, tilnefndir til kjörs á Íþróttamanni HSK, sjö konur og ellefu karlar. Borðtennisnefnd ákvað að tilnefna ekki að þessu sinni

og var stjórn HSK sammála niðurstöðu nefndarinnar að sleppa tilnefningu í ár.

Eftir að nefndin hafði farið gaumgæfilega yfir greinargerðir sem fylgdu tilnefningunum komst hún að þeirri einróma niðurstöðu að Íþróttamaður HSK árið 2008 væri Katrín Ösp Jónasdóttir fimleikamaður úr Umf. Selfoss

Guðríður Aadnegard

Unglingalandsmótsnefnd vegna móts í Þorlákshöfn 2008

Á unglingalandsmótinu að Laugum um Verslunarmannahelgina 2006 tilkynnti þáverandi formaður Ungmennafélags Íslands að Héraðssambandið Skarphéðinn og Sveitarfélagið Ölfuss hafi verið valin til að halda 11. Unglingalandsmót UMFÍ dagana 1. - 2. ágúst 2008.

Með þessari ákvörðun má segja að langþráður draumur Sveitarfélagsins Ölfuss hafi ræst en þar á bæ höfðu menn lengi haft áhuga á að halda landsmót, í því skyni hafði áður verið sótt um að fá að halda unglingalandsmót og einnig stóra landsmótið.

Sveitarfélagið hafði nokkru áður en þessi ákvörðun var tilkynnt hafið undirbúning að stórfelldri uppbyggingu Íþróttamannvirkja og var skipuð nefnd til að koma með tillögur að



Ragnar Sigurðsson formaður Unglingalandsmótsnefndar.

framτίðaruppbyggingu Íþróttamannvirkjanna. Þegar ákvörðun um staðsetningu 11. unglingalandsmótsins lá fyrir má segja að allt hafi farið á fullt í undirbúningi og strax í upphafi var ákveðið að byggja upp af metnaði og stórhug. Skóflustunga var tekin um mitt sumar 2007 og mannvirkin tekin í notkun þann 1. ágúst 2008 eða u.þ.b. ári síðar. Áætlaður heildarkostnaður nemur rúmum milljarði króna.

Skipuð var unglingalandsmótsnefnd sem í sátu fulltrúar frá Sveitarfélaginu Ölfusi, Ungmennafélagi Íslands og Héraðssambandinu Skarphéðni og hóf hún strax störf við undirbúning og skipulagningu mótsins.

Þeir sem áttu sæti í nefndinni árið 2008:

Gísli Páll Pálsson	formaður HSK
Ragnar Sigurðsson	varaformaður HSK
Bolli Gunnarsson	gjaldkeri HSK
Ólafur Áki Ragnarsson	bæjarstjóri Ölfuss
Helga Guðjónsdóttir	formaður UMFÍ
Örn Guðnason	ritari UMFÍ
Sæmundur Runólfsson	framkvæmdastjóri UMFÍ

Allur undirbúningur gekk mjög vel og var mikið lagt upp úr því að hafa keppnina fjölbreytta og ekki síst var mikil áhersla lögð á að hafa fjölbreytta afþreyingu fyrir eldri sem yngri og má segja að það hafi tekist einstaklega vel. Meðal þess sem bryddað var uppá var dorgveiðikeppni, listasmiður og

leiksmiður af öllum stærðum og gerðum.

Mjög góð þátttaka var í öllum greinum og sérstaklega var ánægjulegt að sjá þá miklu aukningu sem varð á þátttöku í hestaíþróttum og einnig var afar góð þátttaka í motokross en þetta var í annað sinn sem keppt var í þeirri grein á unglingalandsmóti.

Framkvæmd mótsins gekk að öllu leyti vel, samstarf við alla þá fjölmörgu sem komu að skipulagningu og vinnu að mótinu gekk frábærlega og eftir sitjum við í Sveitarfélaginu Ölfusi stolt yfir að hafa fengið að taka þátt í þessu frábæra móti og fá alla þessa gesti í heimsókn til okkar í okkar annars ágæta bæjarfélag.

Ragnar Sigurðsson
Formaður Unglingalandsmótsnefndar



HSK liðið gengur inn á völinn á setningu mótsins.

Unglingalandsmótsnefnd HSK

Ellefta unglingalandsmóti Ungmennafélags Íslands var haldið í Þorlákshöfn um síðastliðna verslunarmannahelgi. Eins og venja hefur verið hingað til var skipuð þriggja manna nefnd til að undirbúa þátttöku okkar keppenda. Í nefndinni áttu sæti auk undirritaðs þau Guðrún Tryggvadóttir Ungmennafélaginu Vöku og Lára Jónsdóttir Ungmennafélagi Skeiðamanna. Keppendur voru rúmlega 1.200 talsins og skemmtu þeir sér við íþróttakeppni á daginn og á kvöldin var haldið í risa tjaldið þar sem hljómsveitir spiluðu við mikinn fögnuð þeirra. Aldrei fyrr hafa keppendur á vegum HSK verið jafn margir eða rúmlega 170. Allir fengu keppnisgalla frá Kaupþing banka og ber að þakka kærlega fyrir það rausnarlega framlaga. Okkar keppendur voru áberandi og snyrtilegir til fara allt mótið og það var afar stoltur formaður sem gekk í skrudgöngu fyrir glæsilegum hópi inn á keppnisvölinn við setningu mótsins. Margir okkar keppenda gistu á tjaldsvæðinu en nokkrir keyrðu á milli Hveragerðis og Selfoss. Krakkarnir voru til mikillar fyrirmyndar á íþróttavöllum og það var gaman að afhenda

verðlaun á frjálisíþróttavellinum því margir HSK krakkar hlutu þar verðlaun fyrir góðan árangur. Það er nú reyndar mín skoðun að mót sem þetta á ekki að snúast eingöngu um að vinna verðlaunapeninga heldur er aðal atriðið að sem flestir taki þátt og hafi gaman af því. Ég veit vel að það eru ekki allir sammála mér í þessu en það verður bara að hafa það. Keppnisfyrirkomulag í boltaíþróttum býður upp á það að einstaklingar geta skráð sig í önnur lið og keppt með þeim á mótinu. Þannig geta þeir tekið þátt sem æfa fótbolta eða körfubolta en hafa ekki liðsfélaga sína með sér. Þannig hafa mínir krakkar spilað með ÍA, Fjölni og Keflavík svo dæmi sé tekið. Allir eru boðnir velkomnir í hin mismunandi lið og krakkarnir kynnst vel á vellinum.

Mótinu lauk á sunnudagskvöld með einni stærstu og flottustu flugeldasýningu sem ég hef séð. Kiwanisklúbburinn Ölver í Þorlákshöfn sá um hana og þar eru greinilega vanir menn á ferð. Áhorfendur héldu hvað eftir annað að sýningunni væri lokið og byrjuðu að klappa en þá bættist enn frekar í glæsilega



Anna Pálsdóttir stóð sig vel á mótinu.

flugeldasýningu. All nokkrir fóru heim að því loknu og þeir síðustu fóru seinni part mánudags. Við sem vorum að ganga frá á tjaldsvæðinu sáum nánast ekkert rusl, öll umgengni var til mikillar fyrirmyndar.

Ég þakka þeim Guðrúnu og Láru fyrir gott samstarf og undirbúning þátttökunnar. Allt gekk þetta eins og sögu enda vanar manneskjur á ferð. Ég hlakka til næsta móts sem haldið verður á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina og hvet ég alla unglinga 11 - 18 ára og foreldra þeirra til að fjölmenna á þessa frábæru fjölskylduskemmtun.

Gísli Páll Pálsson, formaður HSK.

Verðlaunahafar HSK í einstaklingsgreinum á mótinu 2008:

Frjálsar

Verðlaunahafar:

60 m. úrslit Stelpur 11 ára

1. Dagný Lís Davíðsdóttir, 09,55

60 m. úrslit Strákar 11 ára

1. Elvar Örn Jónsson, 09,22

3. Halldór Garðar Hermannsson, 09,38

60 m. úrslit Stelpur 12 ára

2. Guðrún Heiða Bjarnadóttir, 08,91

100 m. Telpur 13 ára

2. Heiðrún Huld Jónsdóttir, 14,07

3. Eva Lind Elíasdóttir, 14,33



Boðhlaupsveit HSK í flokki 13 ára telpna.



Fríða Hansen keppti hestaíþróttum.

100 m. Piltar 13 ára

3. Guðmundur H. Eggertsson, 13,49

100 m. Meyjar 15 - 16 ára

1. Þórhildur H Guðjónsdóttir, 13,09

100 m. úrslit. Telpur 13 ára

2. Heiðrún Huld Jónsdóttir, 13,57

3. Eva Lind Elíasdóttir, 13,86

100 m. úrslit. Meyjar 15 - 16 ára

1. Þórhildur H Guðjónsdóttir, 12,77

600 m. Strákar 11 ára

2. Kristófer Rúnar Ólafsson, 1:56,52

800 m. Meyjar 15 - 16 ára

2. Ágústa Gísladóttir, 2:38,50

4x100 m. boðhl. Stelpur 11 ára

2. HSK, 1:07,05

4x100 m. boðhl. Strákar 11 ára

1. Meistararnir, HSK 1:01,19

4x100 m. boðhl. Stelpur 12 ára

1. A sveit, HSK 0:57,77

4*100 m. boðhl. Telpur 13 ára

2. HSK, 0:57,21

4x100 m. boðhl. Telpur 14 ára

2. ÍBR/HSK, 0:56,80



Glímukeppnin fór fram í risatjaldinu.



Þessir strákar spiluðu knattspyrnu undir merkjum HSK.

4x100 m. boðhl. Piltar 14 ára

3. Sveit HSK, 0:56,77

Hástökk Strákar 11 ára

3. Elvar Örn Jónsson, 1,25

Hástökk Stelpur 12 ára

1. Thelma Björk Einarisdóttir, 1,45

Hástökk Telpur 14 ára

1. Fransiska Jóney Pálsdóttir, 1,50

Hástökk Piltar 14 ára

2. Jakob Alf Arnarson, 1,55

3. Jóhann Erlingsson, 1,50

Hástökk Stúlkur 17 - 18 ára

1. Anna Pálsdóttir, 1,40

Langstökk Stelpur 12 ára

3. Thelma Björk Einarisdóttir, 4,49

Langstökk Telpur 13 ára

3. Heiðrún Huld Jónsdóttir, 4,36

Langstökk Telpur 14 ára

3. Fransiska Jóney Pálsdóttir, 4,45

Kúluvarp Stelpur 11 ára

3. Guðrún Inga Helgadóttir, 7,06

Kúluvarp Stelpur 12 ára

1. Thelma Björk Einarisdóttir, 9,66

2. Andrea Sól Marteinsdóttir, 9,38

Kúluvarp Telpur 13 ára

2. Eva Lind Elíasdóttir, 9,26

Kúluvarp Piltar 13 ára

2. Hafþór Ingi Ragnarsson, 10,59

Kúluvarp Telpur 14 ára

1. Fransiska Jóney Pálsdóttir, 9,80

Kúluvarp Piltar 14 ára

1. Jóhann Erlingsson, 12,80

Kúluvarp Meyjar 15 - 16 ára

3. Eva Þórisdóttir, 9,62

Kúluvarp Stúlkur 17 - 18 ára

2. Anna Pálsdóttir, 9,61

Spjótkast Stelpur 11 ára

1. Guðrún Inga Helgadóttir, 18,58

Spjótkast Strákar 11 ára

1. Kristófer Rúnar Ólafsson, 30,14

Spjótkast Stelpur 12 ára

1. Thelma Björk Einarisdóttir, 25,35

3. Andrea Sól Marteinsdóttir, 22,73

Spjótkast Stúlkur 17 - 18 ára

1. Anna Pálsdóttir, 32,18



Góð stemmning á kvöldvöku.

Glíma

Stelpur 11-12 ára:

1. Guðrún Inga Helgadóttir

3. Ásrún Halla Loftsdóttir

Strákar 11-12 ára:

2. Finnur Jóhannesson

3. Sveinn Orri Einarsson

Sveinar 15-16 ára:

2. Hreinn Heiðar Jóhannsson

3. Dagur Fannar Magnússon

Hestar

Fjörgangur unglunga

2. Rakel Natalie Kristinsdóttir / Ósk frá Lækjarbotnum - 6.73

3. Linda Dögg Snæbjörnsd. / Herkúles f. Holtsmúla - 5.36

Fjörgangur börn

1. Erlendur Á. Stefánsson / Börkur frá Reykjarhóli - 5.83

Tölt unglunga

2. Rakel Natalie Kristinsdóttir / Ósk f. Lækjarbotnum - 6.94.

Tölt barna

1. Erlendur Á. Stefánsson / Skuggi frá Litlu Sandvík - 6.00

Skák

Strákar 11-12 ára

2. Emil Sigurðarson

Sund

Strákar 13-14 50 Metra Skriðsund

3. Hafsteinn Davíðsson 31,77

Strákar 13-14 50 Metra Baksund

2. Hafsteinn Davíðsson 39,2

Stelpur 15-18 50 Metra Baksund

3. Laufey Rún Þorsteinsdóttir 40,9

Strákar 13-14 50 Metra Flugsund

1. Hafsteinn Davíðsson 35,17

Stelpur 11-12 50 Metra Bringusund

1. Dagný Lía Davíðsdóttir 48,56

Stelpur 11-12 200 Metra Fjørsund

3. Guðbjörg Valdimarsdóttir 03:39,8

Strákar 13-14 200 Metra Fjørsund

2. Hafsteinn Davíðsson 03:03,2

Golf

Strákar 11-13 ára

3. Ragnar Páll Ragnarsson

Piltar 16-18 ára

2. Guðmundur Karl Guðmundsson

Landsmótsnefnd HSK

Á héraðsþinginu í Þorlákshöfn 23. febrúar 2008, var stjórn HSK falið að skipa 5 - 7 manna Landsmótsnefnd HSK til að undirbúa þátttöku okkar á landsmótinu á Akureyri 9. - 12. júlí næstkomandi.

Stjórn HSK skipaði eftirtalda í Landsmótsnefndina:

Gísli Páll Pálsson	formaður HSK
Bolli Gunnarsson	gjaldkeri HSK
Guðríður Aadnegard	ritari HSK
Árni Þorgilsson	Íþr.f. Dímon
Halldóra Gunnarsdóttir	Umf. Baldri
Guðrún Tryggvadóttir	Umf. Vöku
Valgerður Auðunsdóttir	Umf. Skeiðamanna

Á fyrsta fundi nefndarinnar þann 4. nóvember 2008 var undirritaður kosinn formaður nefndarinnar, Bolli gjaldkeri og Guðríður ritari. Nefndin hefur fundað tvisvar sinnum þegar þetta er ritað. Þrátt fyrir breytt efnahagslegt landslag er enginn bilbugur á okkur Skarphéðinsmönnum að fjölmenna á Akureyri í sumar. Valgerður Auðunsdóttir tók að sér öflun styrktaraðila og er það von mín að sem flest fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir taki henni vel. Auðvitað hafa aðstæður versnað hjá einhverjum og geta þar af leiðandi ekki styrkt okkur í þetta skiptið en við því er ekkert að gera. Halldóra Gunnarsdóttir er flutt af sambandssvæðinu en mun engu að síður starfa með



Gísli Páll, formaður Landsmótsnefndar, sigraði í starfshlaupi á síðasta landsmóti og stefnir á keppni á Akureyri í sömu grein.

nefndinni. Slíkt er tiltölulega auðvelt í tímum tækniáldar. Ég hlakka mikið til að taka þátt í sumar og er þess fullviss að Akureyringar eiga eftir að standa vel að mótshaldinu.

Gísli Páll Pálsson, formaður HSK.

Eftirtalin fyrirtæki voru samstarfsaðilar HSK vegna þátttöku HSK á Landsmótinu í Kópavogi 2007.

Í síðustu ársskýrslu HSK féll út listi yfir umrædda samstarfsaðila og hér með er bætt úr því.

Samstarfsaðilar vegna þátttöku HSK í landsmóti 2007



Aðalstyrktaraðili Landsmótsliðs HSK er:

**KAUPÞING BANKI,
útibúin á Suðurlandi**



Ritnefnd HSK

Stjórn Héraðssambandsins Skarphéðins skipaði fimm manna ritnefnd HSK á fundi stjórnar 23. janúar 2008. Ritnefndin var skipuð vegna söguritunar HSK í tilefni af 100 ára afmæli HSK árið 2010.

Eftirtaldir skipa nefndina:

Gísli Páll Pálsson	formaður HSK
Bolli Gunnarsson	gjaldkeri HSK
Engilbert Olgeirsson	framkvæmdastjóri HSK
Hafsteinn Þorvaldsson	fyrirverandi ritari HSK
Jóhannes Sigmundsson	fyrirverandi formaður HSK

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn í Selinu á Selfossi 10. mars 2008. Á fundinn mætti einnig Jón M. Ívarsson sagnfræðingur sem hóf störf við ritun sögunnar í byrjun árs 2008.

Verkefnið er umfangsmikið og kostnaðarsamt, en bókin mun koma út á 100 ára afmæli HSK árið 2010 og verður án efa fróðleg og skemmtileg.

Ritnefndin hefur unnið að fjármögnun verkefnisins með stjórn HSK og hefur verið sótt um styrki úr hinum ýmsu sjóðum. Þess má geta að á héraðsþingi HSK í febrúar 2008 var samþykkt að hagnaði af Unglingalandsmótinu í Þorlákshöfn 2008 verði varið til þessa verkefnis.

Á 1. fundi ritnefndarinnar var ákveðið að stofna bókasjóð og var hann stofnaður á stjórnarfundum HSK í mars. Hér að neðan er samþykkt stjórnarinnar.

„Sjóðurinn nefnist Bókasjóður HSK og stofnframlag hans er fyrsta innborgun dósasöfnunnar Guðna Guðmundssonar á Þverlæk.

Gjaldkeri annast vörslu sjóðsins samhliða reikningum HSK og gerir grein fyrir honum á héraðsþingi HSK í febrúar ár hvert.

Tekjur sjóðsins eru stofnfé, styrkir, gjafir, áheiti og annað fé sem sjóðnum áskotnast, auk vaxtatekna. Að verkefninu loknu er heimilt að leggja sjóðinn niður enda hafi honum verið varið til útgáfunnar og verkefnum tengdum henni.“

Guðni Guðmundsson á Þverlæk ákvað að styrkja HSK með dósum sem hann safnaði á árinu með vegum á sambandssvæðinu. Guðni hefur nú tilkynnt að hann muni einnig styrkja bókasjóðinn með dósasöfnunni árin 2009 og 2010.

HSK þakkar Guðna kærlega fyrir stuðninginn við bókaútgáfuna og þann hlýhug sem hann sýnir sambandinu. Forysta sambandsins vonast til að aðrir feti í fotspor hans og styrki bókasjóðinn. Opnaður hefur verið reikningur fyrir sjóðinn í Kaupþing banka á Selfossi. Númer bankans er 325, höfuðbók 13 og númer sjóðsins er 300739. Kennitala HSK er 580269-7539.



Ritnefnd HSK, ásamt söguritara.



Jón M. fann fundargerðarbók HSK frá árinu 1911. Þetta er einn merkasti sögufundur HSK fyrr og síðar.

Landsmótsnefnd vegna Landsmóts UMFÍ á Selfossi

Stjórn Héraðssambandsins Skarphéðins skipaði á árinu sjö manna Landsmótsnefnd vegna Landsmóts UMFÍ á Selfossi 2012. Stjórn HSK skipaði Þóri Haraldsson sem formann nefndarinnar og aðrir sem valdir voru eru formaður HSK, gjaldkeri HSK og bæjarstjóri Árborgar. Þrír eru tilnefndir af stjórn UMFÍ, sem eru formaður UMFÍ, ritari UMFÍ og framkvæmdastjóri UMFÍ.

Eftirtaldir skipa nefndina:

Þórir Haraldsson	formaður nefndarinnar
Gísli Páll Pálsson	formaður HSK

Bolli Gunnarsson
Ragnheiður Hergeirsdóttir
Helga G. Guðjónsdóttir
Sæmundur Runólfsson
Örn Guðnason

gjaldkeri HSK
bæjarstjóri Árborgar
formaður UMFÍ
framkvæmdastjóri UMFÍ
ritari UMFÍ

Nefndin mun hefja störf á árinu 2009, en fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn 12. janúar 2009. Stjórn HSK óskar nefndinni allra heilla í starfi og þakkar nefndarmönnum að vilja taka sæti í nefndinni.

Skýrslur nefnda og sérráða HSK:

Almenningsíþróttanefnd

Nefndina skipa:

Form.:	Ingvar Garðarsson	Umf. Skeiðamanna	Háengi 8	S. 482 2730 / 698 5730
	Magnús Jóhannsson	Umf. Selfoss	Skólavöllum 12	S. 482 2723
	Kjartan Guðmundsson	Umf. Hvöt	Steingrímsstöð	S. 482 2656 / 897 2657
Varam:	Ingibjörg Jóhannesdóttir	Umf. Selfoss	Miðengi 11	S. 482 2053 / 690 7347

Bláskógaskokk HSK:

Rúmlega 70 manns tóku þátt í Bláskógaskokki HSK 28. júní sl. Sem fyrr var hlaupið frá Gjábakka, austan Þingvallavatns eftir Gjábakka-vegum að Laugarvatni. Framkvæmdin gekk ágætlega, þátttakan var góð en mjög hvass mótvindur var alla leið sem gerði hlaupurunum erfitt fyrir. Þó bættu nokkrir sig sem verður að teljast gott.

Toby Tanser sigraði í 10 mílna hlaupi karla á tímanum 1:03,20 og Huld Konráðsdóttir kom fyrst í mark í kvennaflokki á 1:17,38 mín.

Úrslit hlaupsins eru á www.hsk.is og hlaupasíðunni www.hlaup.is Eins og undanfarin ár sá Umf. Laugdæla um framkvæmd hlaupsins með almenningsíþróttanefnd HSK og vill HSK koma á framfæri sérstöku þakklæti til Láru Hreinsdóttur á Laugarvatni fyrir frábær störf við undirbúning og framkvæmd hlaupsins.



Frá rásmarkinu skömmu fyrir hlaup.

Badmintonnefnd

Nefndina skipa:

Form.:	Reynir Guðmundsson	Umf. Hrun.	Seljavegi 6	S. 482 2830 / 893 1426
	Sigurður Blöndal	Íþr.f. Hamri	Heiðarbrún 64	S. 483 4638
	Sæmundur Steingrímsson	Umf. Þór	Setbergi 19	S. 483 3852 / 898 4872
Varam:	Kristján Einarsson	Íþr.f. Hamri	Kambahrauni 29	S. 483 4630

Badmintonnefnd HSK hefur undanfarin ár staðið fyrir tveimur mótum. Um er að ræða héraðsmót og unglingamót. Því miður tókst ekki að halda mótin á árinu, en til stendur að halda þau í mars 2009.

Badmintonmaður HSK

Bjarndís Helga Blöndal úr Hamri er badmintonmaður HSK 2008. Hún hefur átt mjög sigursælan feril á síðastliðnu ári. Hún keppir nú eingöngu í A-flokki unglinga og B-flokki fullorðinna. Á Íslandsmóti unglinga, á Akureyri í mars, keppti hún til úrslita

í tvenndarleik, ásamt félagi sínum Ólafi Erni Guðmundssyni úr BH í Hafnarfirði, en þau töpuðu naumlega með þremur stigum í oddaleik. Þá varð hún í 3.-4. sæti í tvíliðaleik með Freyju Jökulsdóttur úr BH. Í einliðaleik varð hún í 5. - 8. sæti.

Á Meistaramóti Íslands í Reykjavík í apríl, keppti Bjarndís í B-flokki fullorðinna. Hún varð í 3.-4. sæti í einliðaleik og einnig í 3.-4. sæti í tvenndarleik með Ólafi Erni Guðmundssyni úr BH.

Þá hefur Bjarndís Helga verið valin til að æfa með unglingalandsliðinu, ásamt fjórum félögum sínum úr Hamri.

Blaknefnd

Nefndina skipa:

Form.:	Bóel Anna Þórisdóttir	Íþr.f. Dímon	Móeiðarhvoli	S. 487 8077 / 865 8839
	Bryndís Sigurðardóttir	Íþr.f. Hamri	Réttarheiði 9	S. 483 4347 / 896 9838
	Guðmundur Sigmarsson	Umf. Hrunamanna	Dverghólum 25	S. 482 3930 / 896 3074
Varam:	Gríma Guðmundsdóttir	Umf. Laugdæla	Bjarkarbraut 6	S. 588 1589

Blak er sem fyrr blómleg íþrótt sem stunduð er á sambandsvæði HSK. Dímon, Hamar og Laugdælir halda uppi reglulegum æfingum í karla- og kvennaflokki og Hrunamenn og Samhygð hafa haldið úti karlaliðum. Á liðnu ári hafa Laugdæliskar konur slegið hinum við í þátttöku og framförum en Dímon er eina félagið sem heldur úti krakkablaði. Á Dímon heiður skilinn fyrir sitt framlag til íþróttarinnar og engum vafa undirorpið að framtíð blaksins hjá HSK liggur hjá því dugnaðarfólki sem í því félagi er.

Hefðir og venjur á þessu starfsári hafa verið haldnar í heiðri, bæði í mótahaldi og sigrum. Lokaumferð héraðsmóta beggja



Laugdælir sendu þrjú lið í hraðmót kvenna.



Hrunamenn voru sigursælir í karlaflokki.

kynja var að þessu sinni í Iðu á Selfossi þann 21. apríl. Var það fjölmennt mót og vel heppnað og gæddu þátttakendur sér á pizzum í lok móts.

Héraðsmót karla

35. héraðsmót karla var haldið og unnu Hrunamenn það 9. árið í röð en samtals hafa þeir unnið héraðsmótið 12 sinnum, jafn oft og lið Samhyðar sem síðast vann 1998.

Lokastaðan:

1. Hrunamenn
2. Hamar
3. Samhyð
4. Laugdælir
5. Dímon

Héraðsmót kvenna

27. héraðsmót kvenna var haldið og vann Hamar í 14. sinn en Hamarskonur eru afar sigursælir í þessum mótum. Öll félögin sem stunda kvennablað sendu 2 lið á mótið.

Lokastaðan:

1. Hamar
2. Dímon A
3. Hamar B
4. Laugdælir A
5. Dímon B
6. Laugdælir B

Hraðmót kvenna

Laugdælir komu, sáu og sigruðu á hraðmóti HSK sem haldið var á Laugarvatni þann 28. október 2008. Mættu þar með 3 efnileg lið og unnu mótið í annað sinn frá upphafi en þær unnu árið 1998. Hamar hefur unnið mótið 10 sinnum frá upphafi, Dímon vann 2003 og 2004 en þetta var 14. hraðmót HSK kvenna.

Lokastaðan:

1. Laugdælir A
2. Dímon
3. Hamar
4. Laugdælir B
5. Laugdælir C

Hraðmót karla

Hrunamenn unnu sinn 8. hraðmótsmeistaradag á hraðmóti HSK karla í vetur.

Lokastaðan:

1. Hrunamenn
2. Hamar
3. Laugdælir
4. Dímon



Keppendur í flokki 12 ára og yngri á krakkablaðmóti HSK.

Héraðsmót unglunga og krakkablað

Héraðsmót í unglungaflokki drengja og stúlkna var haldið á Hvolsvelli 14. mars og tóku 3 lið þátt í hvorum flokki. Liðin voru frá Dímon, Garpi og Hamri. Sama dag var haldið krakkablaðsmót og tóku 12 lið þátt í 3 getustigum. Þetta er í annað sinn sem krakkablaðsmót er haldið hjá sambandinu.

Þrír Íslandsmeistaradagir til Dímonar í krakkablaði

Vorið 2004 fór Dímon í fyrsta skipti með eitt lið á Íslandsmeistaramót í krakkablaði. Núna 4 árum seinna fórum við með 7 lið í 4 flokkum eða um 30 krakka. Fyrri umferðin var spiluð á Neskaupstað helgina 10.-11. nóvember. Seinni umferðin var svo spiluð helgina 19.-20. apríl í Mosfellsbæ. Samanlögð stig réðu svo úrslitum. Liðum er skipt upp í deildir eftir getu. Lið Dímonar höfðu í samanlögðu í eftirfarandi sætum:

3. flokkur 15-17 ára kk 7. sæti.
4. flokkur 13-14 ára kk B lið 1. sæti.
4. flokkur 13-14 ára kvk A lið 1. sæti.
4. flokkur 13-14 ára kvk B lið 6. sæti.
5. flokkur 11-12 ára blönduð lið B lið 1. sæti.
5. flokkur 11-12 ára blönduð lið B lið 2. sæti.
5. flokkur 11-12 ára blönduð lið C lið 2. sæti.

Krakkablað er mjög vaxandi íþróttagrein á Íslandi og iðkendur fer ört fjölgandi. Enda er þetta skemmtileg íþrótt og er aðlöguð getu hvers og eins. Til gamans má geta þess að í seinni umferðinni spiluðu 78 lið frá 13 félögum í 3., 4., 5. og 6. flokk.

Okkar lið utan sambandssvæðisins

Hamar, Hrunamenn, Laugdælir og Dímon er iðin við að taka þátt í stærri mótum íþróttarinnar. Öll félögin senda lið bæði á Íslandsmót og Íslandsmót öldunga.

Blakmaður HSK 2008

María Rósa Einarasdóttir úr Dímon er blakmaður HSK 2008. María Rósa er fjölhæfur leikmaður sem getur spilað allar stöður á blakvöllinum. Hún hefur verið fastamaður í kvennaliði Dímonar í áratug. Hún hóf að þjálfast í krakkablaði fyrir 2 árum og tók við þjálfun kvennaliðs Dímonar veturinn 2007-2008. María Rósa er mikilvægur liðsmaður bæði utan og innan vallar, góð fyrirmynd og leggur sig alltaf 100% fram.

**F.h. blaknefndar HSK,
Bryndís Sigurðardóttir**

Borðtennisnefnd

Nefndina skipuðu:

Form.: Ásta Laufey Sigurðardóttir Íþr.f. Dímon
Björgvin Daníelsson Íþr.f. Dímon
Ólafur Elí Magnússon Íþr.f. Dímon
Varam: Árni Magnús Hannesson Umf. Hrun.

Króktúni 9 S. 487 8692 / 867 0062
Gilsbakka 7 S. 487 8042
Króktúni 9 S. 487 8692 / 848 6196
Gilsbakka S. 486 6796 / 846 9798

Héraðsmót

HSK mótið í borðtennis fór fram sunnudaginn 30. nóvember 2008 á Hvolsvelli í blíðskaparveðri.

Skráðir voru 33 keppendur til leiks, einn frá Umf. Eyfelling en aðrir frá Íþr.fél. Dímon. Hefur þátttaka ekki verið svo slæg í mörg ár og er það miður, en mótið gekk vel og keppendur voru ánægðir.

Heildarúrslit og fleiri myndir frá mótinu má sjá á www.hsk.is

Borðtennismaður HSK

Borðtennisnefnd HSK ákvað að velja ekki borðtennismann ársins að þessu sinni.



Ungir verðlaunahafar á héraðsmóti í borðtennis.

Bríddsnefnd

Nefndina skipa:

Form.: Garðar Garðarsson Umf. Selfoss
Ómar Olgeirsson Íþr.f. Garpi
Kristján Hálfánarson Íþr.f. Dímon
Varam: Sveinn Þór Gunnarsson Umf. Gnúp.

Tunguvegi 3 S. 482 2352 / 893 2352
Hraunbæ 44 S. 869 1275
Króktúni 7 S. 487 8237 / 855 1697
Stóra-Núpi S. 486 6019 / 895 6991

HSK mótið í tvímenningi

HSK mótið í tvímenningi fór fram í Tryggvaskála á Selfossi 3. janúar 2008 og var mjög góð þátttaka í mótinu, en 24 pör mættu til leiks.

Gísli Þórarinnsson og Runólfur Jónsson sigruðu eftir jafnt og gott gengi allan tímann. Þórður Sigurðsson og Vilhjálmur Pálsson voru lengi vel efstir en áttu slæma lokaumferð á móti Höskuldi Gunnarssyni og Kristjáni Péturssyni, sem náðu þar með 2. sætinu á lokasprettinum.

Efstu pör:

1. Gísli Þórarinnsson - Runólfur Jónsson	Selfoss/Hamar	74
2. Höskuldur Gunnarsson - Kristján Pétursson	Baldur	65
3. Þórður Sigurðsson - Vilhjálmur Pálsson	Selfoss	54
4. Jóhann Frímannsson - Sigurður Sigurjónsson	Dímon	45
5. Kristján Már Gunnarsson - Ólafur Steinason	Selfoss	39
6. Anton Hartmannsson - Pétur Hartmannsson	Selfoss	35

Bríddsmaður HSK 2008

Sigurður Vilhjálmsson er bridgemaður HSK 2008. Sigurður hefur um árabíl verið einn af fremstu bridgespilurum landsins. Hann er frá Reykjavík en hefur búið á Selfossi undanfarin ár. Hann varð Suðurlandsmeistari í sveitakeppni árið 2008 og vann einnig á árinu eftirsóttasta titilinn í bridge, þ.e. varð Íslandsmeistari í sveitakeppni.



Verðlaunahafar á HSK móti í tvímenningi.

Sigurður varð einnig Íslandsmeistari í sveitakeppni 1990 og 1991 á sama tíma og Íslendingar urðu heimsmeistarar í bridge.

Sigurður er stigahæsti spilari Sunnlendinga samkvæmt meistarastigaskrá Bridgesambands Íslands.

Fimleikanefnd

Nefndina skipa:

Form.: Steinunn H. Eggertsdóttir Umf. Selfoss
Sandra Sigurðardóttir Íþr.f. Hamar
Laufey Ósk Magnúsdóttir Umf. Selfoss
Varam: Olga Bjarnadóttir Umf. Selfoss

Grænuvöllum 1 S. 482 3549 / 660 1851
Arnarheiði 33 S. 483 1740 / 865 4448
Grenigrund 7 S. 482 1188 / 698 0583
Dverghólum 25 S. 482 3930 / 897 3074

Árið 2008 flutti fimleikadeild Umf. Selfoss í nýjan fimleikasal í Sunnulækjarskóla á Selfossi. Þetta er fyrsti sérútbúni fimleikasalurinn á svæðinu og er þetta því mikil lyftistöng fyrir HSK-svæðið en félög á svæðinu geta sótt æfingar í húsnaðið.

Þó salurinn sé lítill er mun rýmra um iðkendur heldur en var í íþróttahúsi Vallaskóla þar sem úmafjöldinn sem fimleikadeild Selfoss hafði til umráða var í lágmarki og því alltaf þröngt á þingi við æfingar.



Frá verðlaunaahendingu á héraðsmótnu í fimleikum.

Alls starfa um 50 fimleikabjálfarar á sambandssvæðinu og er þeirra starf mjög dýrmætt við uppbyggingu greinarinnar.

HSK mót í fimleikum

Fimmta HSK mótið í fimleikum var haldið í íþróttahúsi Vallaskóla á Selfossi fimmtudaginn 3. maí 2008. Meðþátttaka var á mótnu en alls tóku 23 lið frá 6 félögum þátt.

Keppt var eftir byrjendareglum, landsreglum barna, landsreglum unglinga og landsreglum tánunga. HSK-meistarar í landsreglum tánunga urðu HM 1 en HM 2 hlaut jafn mörg stig 22,5. Þá er farið eftir hæstu einkunn á einstöku áhaldi og hafði HM 1 þá betur á dýnunni. HSK-meistarar í landsreglum unglinga varð lið Selfoss HL 1. HSK-meistarar í landsreglum barna varð HL 5 (rauður) með 24,5 stig og HSK-meistarar í byrjendareglum varð Selfoss HB 2 með 23,3 stig.

Úrslitin á HSK móti í heild sinni

Byrjendareglur	Gólf	Dýna	Tramp	Samanl.
Hamar T3		4	6,2	10,2
Hamar T2		4,9	7	11,9
Selfoss HB 11		5,5	7,4	12,9
Selfoss HB 1	8,3	6,4	6,2	20,9
Selfoss HB 3	7,45	6,35	6,7	20,5
Selfoss HB 2	8,8	6,9	7,6	23,3
UMFH F 3	8,35	4,05	5,85	18,25
UMFH F1	8,2	4,6	7,9	20,7
UMFH F 2	8	5	5,8	18,8

Landsreglur Börn	Gólf	Dýna	Tramp	Samanl.
Selfoss HL 5 rauður	8,15	6	6,3	20,45
Selfoss HL 6	5,55	5,3	5,8	16,65
Selfoss HL 5 gulur	7,3	5,6	6,1	19
Selfoss HL 7	7,35	5,65	5,55	18,55
Selfoss HL 7				0

Landsreglur unglingar	Gólf	Dýna	Tramp	Samanl.
Hamar T1	6,9	5,5	4,95	17,35
Selfoss HL 1	8,2	6,8	7,1	22,1
Selfoss HL 2	7,65	6,25	6,8	20,7
Selfoss HL 3	5,8	5,55	6,1	17,45
Selfoss HL 4	6	5	6,35	17,35
Þór T2	6,8	5,4	6,1	18,3

Landsreglur táningar	Gólf	Dýna	Tramp	Samanl.
Selfoss HM 2	8,9	6,6	7	22,5
Selfoss HM 1	8,9	7,15	6,45	22,5

Meistarahópur fimleikadeildar Umf. Selfoss

Í febrúar sl. náði meistarahópur fimleikadeildarinnar þeim glæsilega árangri að vera valinn til að keppa fyrir Íslands hönd á Norðurlandamóti í hópfinleikum, 18 ára og yngri sem haldið var í Bergen í apríl. Þessi árangur er staðfesting á styrk liðsins og deildarinnar þar sem hér er í raun um að ræða landslið Íslands í hópfinleikum í þessum aldursflokki. Í mars sl. vann síðan Selfoss sér þátttökurétt á EM í hópfinleikum Team-Gym sem haldið var í Belgíu í október. Alls tóku fimm lið þátt í kvennakeppninni hér heima en það voru tvö lið frá Gerplu, Selfoss átti eitt lið og Stjarnan og Fylkir áttu sitt hvort liðið.

Stelpurnar í HM1 enduðu í 9. sæti af 19 liðum á Evrópumótnu í Belgíu. Liðin á mótnu voru afar sterk og mikil keppni um sæti í úrslitum, en 6 lið komust í úrslit á seinni degi mótsins. Stelpurnar byrjuðu á frábærum gólfæfingum sem þær fengu 8,5 fyrir og eftir fyrstu umferð voru þær í 2. sæti. Því næst kepptu þær á dýnu, hún gekk ágætlega og lokaekinnunin þar var 7,2. Trampólínið gerðu þær án stórra mistaka og hlutu 7,2 og hlutu samtals 22,9 stig og 9. sæti sem er mjög góður árangur en liðið er mjög ungt og var að keppa á sínu fyrsta Evrópumóti.

Fimleikamaður HSK 2008

Katrín Ösp Jónasdóttir er fimleikakona HSK 2008. Katrín Ösp er 16 ára og keppir í hópfinleikum með liði Selfoss HM1 sem er meistarahópur Selfoss í hópfinleikum sem samanstendur af 20 stúlkum á aldrinum 15-23 ára. Katrín Ösp er einnig nemandi í Fimleikaakademíu FSU. Katrín Ösp er fimleikakona sem hefur farið vaxandi ár frá ári undanfarin ár. Katrín Ösp bjó lengst af á Sólheimum í Grímsnesi en þrátt fyrir það mætti hún samvisskusamlega á hverja einustu æfingu og gerir enn í dag. Katrín Ösp er mikill vinnuhestur og setur takmarkið hátt og hættir ekki fyrir en hún hefur náð því sem stefnt var að. Hún hefur góða nærveru og hvetur liðsmenn sína áfram þegar illa gengur og fagnar þegar vel gengur. Hún er mikill máttarstólpi í liði Selfyssinga og er mikil og góð fyrirmynd yngri iðkenda í deildinni og á það við hvort heldur innan eða utan vallar.

Katrín Ösp á fast sæti í liði Selfoss en 12 stúlkur keppast um sæti í liðinu í hvert sinn auk tveggja varamanna. Hún stekkur í öllum umferðum á dýnu og trampólíni.

Fyrir hönd fimleikanefndar HSK
Steinunn H. Eggertsdóttir

Frjálsíþróttaráð HSK

Skýrsla stjórnar

Aðalfundur frjálsíþróttaráðs HSK var haldinn 27. mars 2008 í Selinu á Selfossi og var mæting sæmleg. Á aðalfundinum kom ný inn í stjórn Steinunn E. Þorsteinsdóttir í stað Elínar Óskar Jónsdóttur úr Þorlákshöfn. Erfiðlega gekk að fá fimmta mann inn í stjórn, þar sem Guðmann Óskar Magnússon átti að ganga úr stjórn. Enginn gaf kost á sér í það lausa stjórnarsæti. Úr varð að Frjálsíþróttdeild Umf. Selfoss ætlaði að beita sér fyrir því, í framhaldi aðalfundar, að finna einn úr þeirra hópi til að fullskipa stjórn. Það kom þó aldrei til þess, þar sem Guðmann Óskar Magnússon hefur starfað sem gjaldkeri fyrir ráðið á starfsárinu, í umboði annarra stjórnarmanna.

Fjármál ráðsins voru áfram í jafnvægi. Ekkert aðildargjald var rukkað og tekjur ráðsins voru úr Verkefnasjóði HSK og af skráningargjöldum þar sem ráðið framkvæmdi mótin. Mótshaldið var tímafrekt eins og venjan er og fór mikil vinna í að skipuleggja mót innan héraðs og að velja keppendur á mót utan héraðs. Ráðið tók að sér framkvæmd MÍ öldunga, sem fram fór í Þorlákshöfn 9.-10. ágúst, á frábærum nýjum íþróttavelli og tókst mótið með ágætum. Áfram voru haldnar sameiginlegar frjálsíþróttæfingar, undir stjórn Ólafs Guðmundssonar, en reynt var að halda æfingarnar sem víðast á starfssvæði héraðssambandsins.

Framkvæmd móta innan héraðs

Héraðsmót HSK innanhúss

Héraðsmót HSK innanhúss í fullorðinsflokki fór fram í íþróttahúsinu á Hvolsvelli föstudagskvöldið 21. febrúar.

Þórhildur Helga Guðjónsdóttir Selfossi vann tvær greinar á mótinu, en hún stökk 2,50 metra í langstökki án atrennu og 7,10 metra í þristökki án atrennu. Bryndís Hrafnkelsdóttir úr Dímon vann einnig tvær greinar í kvennaflokki, hún sigraði í stangarstökki, stökk 2,70 metra og í kúluvarpi með 10,30 metra kasti. Þá unnu Dröfn Hilmarsdóttir Selfossi og Franziska Pálsdóttir Selfossi eina grein hvor. Dröfn sigraði í hástökki án atrennu með atrennu, stökk 1,25 metra og Franziska stökk 1,51 metra í hástökki og sigraði örugglega.

Hjá körlunum var Björgvin Reynir Helgason úr Dímon sigursælastur, vann þrjár greinar og þá vann Ásmundur Jónsson frá Selfossi tvær greinar. Björgvin Reynir stökk 1,45 metra í hástökki án atrennu, 8,67 metra í þristökki án atrennu og 1,80 metra í hástökki. Ásmundur stökk 2,93 í langstökki án atrennu og kastaði kúlu 11,23 metra. Þriðji HSK meistarinn í karlaflokki var Ólafur Oddsson úr Dímon en hann stökk manna hæst í stangarstökki, 3,10 metra.

Stigakeppni félaga:

1. Íþrf. Dímon	120,5
2. Umf. Selfoss	113,0
3. Íþrf. Garpur	14,5
4. Umf. Baldur	3,0

Aldursflokkamót HSK innanhúss

Aldursflokkamót HSK innanhúss var haldið á Hellu 2. mars. Mótið var haldið í 40. sinn, en það hefur verið haldið árlega frá árinu 1969. Mótið var vel heppnað og þátttaka nokkuð góð, en sjö félög sendu keppendur til leiks.

Lið Dímonar sigraði stigakeppnina nokkuð örugglega og er þetta í þriðja sinn sem félagið vinnur stigakeppnina á innanhússmótinu. Félagið vann bikarinn einnig árin 2000 og



Bikarlið HSK 16 ára og yngri.

2001. Lið Selfoss varð í öðru sæti, en félagið er sigursælasta lið keppinnar frá upphafi og hafði unnið stigakeppnina sl. sex ár.

Stigakeppni félaga: Stig:

1. Íþrf. Dímon	151
2. Umf. Selfoss	108,5
3. Umf. Hekla	73
4. Umf. Vaka	34
5. Íþrf. Garpur	22,5
6. Umf. Baldur	18
6. Umf. Laugdæla	18

Unglingamót HSK innanhúss

Unglingamót HSK í frjálsíþróttum innanhúss 15-22 ára var haldið á Hellu 2. mars.

Selfoss vann stigakeppnina annað árið í röð, hlaut 209 stig og Dímon varð í öðru sæti með 132 stig. Hekla, sem var á heimavelli varð síðan í þriðja sæti með 47 stig.

Keppnin í ár var sú 38. frá upphafi en mótið hefur verið haldið árlega frá árinu 1971 og sigur Selfyssinga var sá 22. í röðinni frá upphafi. Dímon kemur næst í röðinni með sjö sigra og þar á eftir eru Tungnamenn með fjóra sigra.

Stigakeppni félaga: Stig:

1. Umf. Selfoss	209
2. Íþrf. Dímon	132
3. Umf. Hekla	47
4. Íþrf. Garpur	46
5. Umf. Vaka	28
6. Umf. Hrunamanna	23

Héraðsleikar HSK innanhúss

Héraðsleikar HSK í frjálsum innanhúss fyrir keppendur 11 ára og yngri voru haldnir í Þorlákshöfn 8. mars. Leikarnir fór vel fram og allir skemmtu sér hið besta. Í anda stefnu hreyfingarinnar fengu allir jafna viðurkenningu og ekki voru krýndir meistara og því er ekki getið um úrslit hér, en þau má engu að síður nálgast á heimasíðu HSK, www.hsk.is. Keppt var í eftirfarandi flokkum og greinum: 11 ára strákar og stelpur: 30m hlaup, hástökk með atrennu, langstökk án atrennu, kúluvarp og boðhlaup. 9-10 ára hnokkar og hnátur: 30m hlaup, langstökk án atrennu, skutlukast og boðhlaup. 8 ára og yngri pollar og þæjur: 30m hlaup, langstökk án atrennu, skutlukast og boðhlaup.

Héraðsmót í frjálsum utanhúss

Héraðsmót fullorðinna í frjálssíþróttum var haldið á Laugarvatni 9. og 10. júní. Haraldur Einarsson úr Vöku og Ágústa Tryggvadóttir Selfossi urðu stígahest í karla- og kvennaflokki.

Heildarúrlit mótsins eru á heimasíðu FRÍ, www.fri.is og einnig má finna myndir frá mótinu á www.hsk.is

Stigakeppni félaga:

Stig:	
1. Umf. Selfoss	193,5
2. Íþrf.Dímon	156,0
3. Umf.Vaka	63,0
4. Íþrf.Garpur	48,5
5. Umf. Hrunamanna	27,0
6. Umf. Samhygð	25,0
7. Umf. Þór	23,0
8. Umf. Laugdæla	17,0
9. Umf. Skeiðamanna	6,0



Frá kringlukastmóti HSK til heiðurs Sveini J. Sveinssyni sem keppti í 60. sinn í röð á HSK móti.

Íþróttahátíð HSK:

Íþróttahátíð HSK var haldin á Laugarvatni 28. júní. Á mótinu var keppt í frjálsum íþróttum og íþróttum fatlaðra.

Á hátíðinni var haldið sérstakt kringlukastmót til heiðurs Sveini J. Sveinssyni frjálssíþróttamanni úr Umf. Selfoss. Sveinn náði þeim einstaka árangri á hátíðinni að hafa keppt á héraðsmótum HSK í frjálssíþróttum 60 sinnum í röð frá árinu 1949. Átta keppendur tóku þátt í Sveinssyni og það var Ólafur Guðmundsson sem sigraði, kastaði kringlunni 36,93 metra, Haraldur Gísli Kristjánsson varð annar, kastaði 28,98 og Jón Birgir Guðmundsson varð þriðji með 26,69 metra. Sveinn kastaði án atrennu og kastaði lengst 16,49 metra. Í lok móts afhenti Benóný Jónsson formaður frjálssíþróttaráðs Sveini áletraðan skjöld til minningar um þennan merka áfanga.

Sem fyrr segir keppti Sveinn fyrst á héraðsmóti á Þjórsártúni árið 1949 og hefur síðan árlega mætt á héraðsmót. Fyrstu árin keppti hann í ýmsum greinum og varð meðal annars HSK meistari í langstökki. Hans aðalgrein var kringlukast og vann hann HSK meistaratitilinn 19 sinnum í röð á árunum 1954-1972. Sveinn hefur einnig keppt á fjölda héraðsmóta í öðrum greinum, s.s. í skák og í golfi, en hann sigraði á fyrsta HSK mótinu í golfi árið 1981. Þá hefur hann keppt með liði HSK á öllum landsmótum UMFÍ frá árinu 1955, nema á mótinu á Selfossi 1978.

Sem fyrr er ekki getið um úrslit á héraðsleikunum, sem er í samræmi við stefnu hreyfingarinnar. Úrslit mótanna má sjá á www.fri.is.

Aldursflokkamót HSK á Íþróttahátíð:

Aldursflokkamót HSK í frjálssíþróttum fór fram á Íþróttahátíð HSK á Laugarvatni 28. júní.

Keppendur frá sex aðildarfélögum sambandsins mættu til leiks og var keppt í fjölmörgum greinum í aldursflokkum 12, 13 og 14 ára. Selfyssingar mættu sterkir til leiks og unnu stigakeppnina nokkuð örugglega.

Stigakeppni félaga:

Stig:	
1. Umf. Selfoss	154,5
2. Íþrf. Dímon	126
3. Íþrf. Garpur	101,5
4. Umf. Þór	90
5. Umf. Laugdæla	78
6. Umf. Hrunamanna	10

Unglingamót HSK í frjálsum

Unglingamót HSK var haldið í Þorlákshöfn 12.-13. ágúst. Umf. Selfoss hafði nokkra yfirburði á mótinu og lauk mótinu með sigri þeirra með 222 stig, Dímon komu næst með 176 stig.

Þórhildur Helga Guðjónsdóttir Umf. Selfoss, Guðmunda Ólafsdóttir Umf. Vöku og Haraldur Einarsson líka úr Umf. Vöku sigruðu allar sínar keppnisgreinar og voru stígahest á mótinu með 30 stig hvert. Þórhildur Helga hlaut að auki verðlaun fyrir besta afrek mótsins en hún hlaut 994 stig fyrir að hlaupa 100m á 12,80sek.

Stigakeppni félaga:

Stig:	
Umf. Selfoss	222,0
Íþrf. Dímon	176,0
Umf. Vaka	75,0
Íþrf. Garpur	58,0
Umf. Þór	16,0

Þátttaka í mótum utan héraðs

MÍ öldunga innanhúss

Meistaramót öldunga í frjálssíþróttum fór fram í Laugardalshöllinni 16.-17. febrúar. Markús Ívarsson var eini keppandi HSK á mótinu.

Markús tók þátt í tveimur greinum. Hann tryggði sér Íslandsmeistaratitil í 800 m hlaupi í flokki 60-64 ára, hljóp á 3:00,42 mín. Þá varð hann annar í 60 metra hlaupi á tímanum 10,24 sek.

Heildarúrlit mótsins má sjá á vef FRÍ, www.fri.is

Norðurlandamót öldunga

Fjórir keppendur frá HSK tóku þátt í Norðurlandamóti öldunga í frjálsum sem haldið var í Reykjavík 29. febrúar-2. mars. Þrír þeirra komu frá Samhygð og einn frá Selfossi.

Þetta voru þau Markús Ívarsson, Anný Ingimarsdóttir, Unnur Stefánsdóttir og Tómas Jónsson.

Anný Ingimarsdóttir keppti í flokki 40-44 ára og náði 2. sæti í kúlvarpi með 8,50 m. Markús Ívarsson keppti í flokki 60-64 ára og varð annar í 60 m hlaupi með tímann 9,96 sek og í 3. sæti í 800 m hlaupi á 2:55,88 mín. Unnur Stefánsdóttir keppti í flokki 55-59 ára og varð í 2. sæti í 800 m hlaupi á tímanum 3:01,92 mín. Tómas Jónsson keppti í kúlvarpi í flokki 75-79 ára og varð þriðji, kastaði 9,79 metra.

Fleiri gamlir Skarphéðinsmenn kepptu á mótinu, en þeir eru liðsmenn félaga utan héraðs og því er ekki getið um árangur þeirra hér. Heildarúrlit mótsins má sjá á vef FRÍ, www.fri.is

Meistaramót Íslands 12-14 ára innanhúss

Frjálssíþróttalið HSK gerði góða ferð á Meistaramót Íslands 12-14 ára, sem haldið var í Reykjavík 5.-6. apríl.

Keppnin var æsispennandi og mikil barátta um 2.-4. sætið og að endingu munaði litlu, þar sem HSK endaði í öðru sæti með 170,5 stig, Breiðablik í þriðja sæti með 166,5 stig og FH í fjórða sæti með 165,5 stig. ÍR sigraði á mótinu með 651 stig. Umf. Selfoss varð í 8. sæti með 88,5 stig. Liðstjórar HSK á mótinu voru þau Agnes Erlingsdóttir og Guðmann Óskar Magnússon.



Lið HSK á MÍ 12 - 14 ára utanhúss.

Á mótinu eignaðist HSK tvo Íslandsmeistara, þá Jóhann Erlingsson 14 ára í kúluvarpi og Guðmund Helga Eggertsson 13 ára í 60 m hlaupi. Jóhann kastaði kúlunni 13,22 m og Guðmundur hljóp 60 metrana á 8,28 sek. HSK liðið komst átta sinnum á pall, tvö gull, fimm silfur og þrjú brons.

Guðmundur Helgi Eggertsson 13 ára komst þrisvar á pall, Íslandsmeistaratitill í 60 m sprettthlaupi, 3.-5. sæti í hástökki með 1,40 m og bronsverðlaun í langstökki með 4,71 m, Jóhann Erlingsson 14 ára með Íslandsmeistaratitil í kúluvarpi, Jakop Alf Arnarson 14 ára hlaut silfurverðlaun í hástökki með 1,50 m, Eva Lind Elíasdóttir 13 ára með silfur í kúluvarpi, kastaði 8,41 m. Ívar Máni Garðarsson fékk silfurverðlaun í kúlu, kastaði 10,96 m og Heiðrún Huld Jónsdóttir 13 ára fékk bronsverðlaun 60 metra hlaupi á 8,78 sek. Guðrún Heiða Bjarnadóttir varð í 2.-5. sæti í hástökki í flokki 12 ára stelpna, stökk 1,35 metra. HSK átti eina boðhlaupssveit á palli, 13 ára telpurnar fengu silfurverðlaun.

Selfyssingar kepptu undir eigin merkjum og hlutu fimm verðlaun og þar af tvo Íslandsmeistaratitla. Þá vann stelpnasveit félagsins stigakeppnina í 12 ára flokki. Franziska Pálsdóttir sigraði í kúluvarpi telpna 14 ára með 9,47 metra og þá varð hún önnur í hástökki, stökk 1,50 metra. Thelma Björk Einaradóttir varð Íslandsmeistari í kúluvarpi stelpna 12 ára, en hún kastaði kúlunni 9,67 metra. Hún varð einnig í 2.-5. sæti í hástökki með 1,35 metra. Þá varð sveit Selfoss í þriðja sæti í 4 x 200 metra boðhlaupi í flokki stelpna 12 ára.

MÍ öldunga

Meistarmót öldunga var haldið í Þorlákshöfn helgina 9.-10. ágúst og var í umsjá frjálsíþróttaráðs HSK. Núna tóku þrír keppendur frá HSK þátt í mótinu og unnu þau öll til verðlauna.

Barbara Guðnadóttir sigraði í lóðakasti 35-39 ára, Steinunn Þorsteinsdóttir sigraði í lóðakasti 45-49 ára og Jón M. Ívarsson varð þriðji í kringlukasti 60-64 ára.

Meistaramót 11- 14 ára

Helgina 16.-17. ágúst var Meistaramót Íslands 11-14 ára í frjálsum íþróttum haldið að Laugum í Þingeyjasýslu. Lið HSK mætti til keppni og var skipað 26 ungum íþróttamönnum, sem allir stóðu sig með miklum ágætum.

Lið HSK hampaði fimm Íslandsmeistaratitlum á mótinu og keppendurnir komust alls 27 sinnum á verðlaunapall, 5 gull, 12 silfur og 10 brons. Í heildarstigakeppninni varð HSK örugglega í öðru sæti, með 419,8 stig, næst á eftir ÍR sem sigraði á mótinu með 554 stig. Í þriðja sæti í stigakeppninni varð síðan lið UFA með 288 stig. Þess má geta að 11 ára strákar í liði HSK urðu stigahæstir í sínum flokki á mótinu og lið HSK í flokki 11 ára stelpna varð í öðru sæti í sínum flokki, þótt það væri einungis skipað einum liðsmanni, Guðrúnu Ingu Helgadóttur. Nauðsynlegt er að geta þess að lið Umf. Selfoss keppti ekki með liði HSK á mótinu.

HSK eignaðist tvo Íslandsmeistara í kúluvarpi, Jóhann Erlingsson í flokki 14 ára pilta, en hann sigraði örugglega með 12,89 m kasti og Evu Lind Elíasdóttur í flokki 13 ára telpna, sem sigraði einnig örugglega með 9,64 m.

Í spjótkaсти 11 ára stelpna vann Guðrún Inga Helgadóttir titil, er hún kastaði spjótinu 20,46 en hún kastaði því tæplega þremur metrum lengra en næsti keppnautur hennar. HSK átti einn Íslandsmeistara í sprettthlaupum, en þann titil vann Elvar Örn Jónsson í flokki 11 ára stráka sem hljóp 60 metrana á 8,94 sek, hársbreidd á undan Kristóferi Rúnari Ólafssyni, einnig úr HSK sem hljóp á 9,06 sek. Fimmta Íslandsmeistaratitlinum hampaði síðan boðhlaupssveit HSK í flokki 11 ára stráka, sem hljóp 4x100 metrana á 1:00,42 mínútum og hafði tveggja sekúndna forskot á lið HSB sem hafnaði í öðru sæti.

HSK átti fimm boðhlaupssveitir á mótinu og var árangur þeirra einstaklega góður, eitt gull og fjögur silfur.

Meistarmót Íslands 15-22 ára

Mótið var haldið á Sauðárkróksvelli 23. og 24. ágúst. Haraldur Einarsson, Umf. Vöku var eini keppandi HSK á mótinu. Hann varð annar í þremum greinum, þrístökki er hann stökk 12,30m, 200m hlaupi á tímanum 23,54 sek, 400 m hlaupi á tímanum 53,45. Haraldur varð fjórði í langstökki og stökk 6,01m og í fjórða sæti í 100 m hlaupi á tímanum 12,84 sek.

Bikarkeppni 16 ára og yngri

Bikarkeppni 16 ára og yngri var haldin á Sauðárkróki laugardaginn 6. september sl. HSK sendi harðsnúið lið sem samanstóð af unglingum frá 13-16 ára. Alls tóku átta lið þátt í

mótinu. Ágætur árangur náðist í mörgum greinum. HSK eignaðist 3 bikarmeistara en það voru þau Þórhildur Helga Guðjónsdóttir frá Selfossi, sem sigraði sínar greinar örugglega: 100 m hlaup á 12,93 sek og 400 m hlaup á nýju persónulegu meti, 62,11 sek og svo Hreinn Heiðar Jóhannsson frá Umf. Laugdæla en hann sigraði hástökkið í sveinaflokknum á persónulegu meti 1,78 m. Þau eru bæði 16 ára. Fimm sinnum unnu keppendur frá HSK til silfurverðlauna og einu sinni til bronsverðlauna.

HSK sveinar urðu í 3. sæti í stigakeppni félaga og meyjarnar í 5. sæti. Í heildarstigakeppninni varð HSK svo í 4. sæti með 87 stig, 10 stigum á eftir FH sem varð í 3. sæti með 97 stig. ÍR varð í 2. sæti með 101 stig og sigurvegarar urðu UMSE/UFA með 116,5 stig.

Viðurkenningar

Jón Guðlaugsson heiðraður á Héraðsþingi HSK

Frjálsíþróttaráð HSK heiðraði Jón Guðlaugsson á Héraðsþingi HSK sem haldið var í Þorlákshöfn 23. febrúar. Jón sem er landsþekktur hlaupari varð 82 ára á árinu. Hann hefur lagt stund á hlaup í marga áratugi. Framan af stundaði Jón mest brautarhlaup en síðar urðu víðavangshlaup og götuhlaup hans aðalkeppnisgreinar. Jón hefur ávallt keppt undir merkjum HSK.

Jón var fyrstur Íslendinga til að hlaupa maraþon við löglegar aðstæður en það var á Norðurlandamótinu í maraþoni sem fram fór hér á landi árið 1968. Jón var þá orðinn 42 ára og þótti mörgum að það væri fíflðirfska að hlaupa maraþon þetta

gamall. En Jón átti eftir að gera betur og hefur nú lokið samtals 24 maraþonhlaupum. Á síðari árum hefur Jón náð einstökum árangri í langhlaupum, náði m.a. sínum besta tíma í maraþoni árið 1993, þá 67 ára að aldri, tíminn var 3:28:03.

Á sínu 81. aldursári náði Jón að hlaupa maraþon á tímanum 4:51:27 sem samkvæmt upplýsingum af vefsíðu ARRS (Association of Road Racing Statisticians) setur hann í 5. sæti einstaklinga yfir árangur sem náðst hefur á Norðurlöndunum í þessum aldurflokki frá upphafi og í 15. sæti í heiminum. Sé miðað við aldur hefur enginn annar Íslendingur náð viðlíka árangri í maraþonhlaupi.

Frjálsíþróttamaður HSK árið 2008

Ágústa Tryggvadóttir Umf. Selfoss er frjálsíþróttamaður HSK árið 2008. Hún hefur á síðustu árum verið í fremstu röð frjálsíþróttakvenna í sjöþraut, hástökki og þrístökki. Hún er í dag í aðallandsliði Íslands í frjálsum íþróttum. Hún keppti fyrir Íslands hönd í Evrópubikarkeppni landsliða, í Tallin í Eistlandi sumarið 2008. Auk þess er Ágústa mjög mikilvægur burðarás í liði Umf. Selfoss og HSK. Á afrekalista Frjálsíþróttasambands Íslands fyrir árið 2008 utanhúss, er Ágústa nr. 2 í þrístökki, nr. 5 í kúluvarpi, nr. 6 í spjótkaсти, nr. 3 í sjöþraut og nr. 5 í 100 m grindahlaupi. Á afrekalistanum fyrir árið 2008 innan húss, er Ágústa nr. 2 í þrístökki, nr. 3 í kúluvarpi og nr. 6 í 60 m grindahlaupi. Þetta sýnir vel hvað Ágústa er framarlega í hópi íslenskra kvenna í frjálsíþróttum á Íslandi í dag. Á árinu 2008 varð Ágústa Íslandsmeistari í sjöþraut kvenna.

Benóný Jónsson, formaður frjálsíþróttaráðs HSK

Glímuráð HSK

Árið 2008 byrjaði að mörgu leyti vel en starfskraftar HSK manna dreifðust víða. Kjartan Lárusson var kjörinn formaður Glímudómarafélags Íslands á aðalfundi í árslok 2007. Lárus Kjartansson er starfsmaður GLÍ til nokkurra ára og á glímupingi í febrúar tók Ólafur Oddur Sigurðsson við formennsku GLÍ. Telja Laugdælir nú eina af sínum skrautfjöðrum að hafa yfirtekið GLÍ. Helgi Kjartansson tók að sér þjálfun landsliðsglímumanna fyrir Heimsmeistaramótið í Danmörku. Jón M. Ívarsson var sérgreinastjóri glímunnar á Unglingalandsmóti í Þorlákshöfn.

Á hátíðinni „Vor í Árborg“ 10. maí stýrði Stefán Geirsson glímusýningu fjögurra krakka við Húsið á Eyrarbakka.

Aðalfundur Glímuráðs HSK fór fram í Félagslundi í Flóa föstudagskvöldið 18. apríl. Rétt til setu á fundinum áttu 21 fulltrúi frá 7 aðildarfélögum ráðsins en einungis 6 mættu á fundinn. Í skýrslu stjórnar kom fram góður árangur á glímumótum á tímabilinu og ber hæst Íslandsmeistaratitill HSK í heildarstigakeppni glímufélaga 2007-2008 og öruggur sigur glímumanna HSK á Landsmóti UMFI í Kópavogi. Góð þátttaka var á glímumótum innan héraðs. Fanney Ólafsdóttir gjaldkeri gerði grein fyrir reikningum ráðsins. Rekstrarafgangur ársins var kr. 508.400 og eigið fé um áramót kr. 1.823.554. Stjórn og varastjórn ráðsins var öll endurkjörin en hana skipa: Formaður Kristinn Guðnason Garpi, ritari og varaformaður Stefán Geirsson Umf. Samhygð, gjaldkeri Fanney Ólafsdóttir Umf. Vöku. Varastjórn Berglind Kristinsdóttir Garpi og Ólafur Oddur Sigurðsson Umf. Laugdæla. Góðar umræður sköpuðust um ýmis mál. Samþykkt var tillaga sem heimilar þyngdaflokkaskiptingu hjá yngri flokkum á mótum innan héraðs. Ákveðið var að sækja um að fá fleiri mót og önnur verkefni á vegum Glímusambandsins á HSK svæðið.

Haustfundur ráðsins var haldinn 25. sept. þar sem fulltrúar félaganna röðuðu niður mótadögum og lögðu á ráðin með vetrarstarfið.



Fulltrúar Laugdæla á HM í glímu.

Mót á vegum HSK

Grunnskólamót HSK í glímu, Laugarvatni 13. febrúar.

Alls tóku 74 keppendur þátt í mótinu og komu þeir frá fimm skólum af sambandssvæði HSK. Mótshaldið gekk vel, enda var glímt á fimm völlum í einu. Mótið hófst kl. 11.00 og stóð til 13:15. Keppendur frá Sunnulækjarskóla á Selfossi mættu í fyrsta skipti á grunnskólamót HSK og stóðu sig vel og unnu stigakeppni skólanna í 5. - 7. bekk stúlkna. Kjartan Lárusson íþróttakennari réðst til starfa við skólann haustið 2007 og var hann greinilega búinn að koma glímu á dagskrá innan veggja skólans. KB banki á Hellu gaf verðlaunin.

Grunnskólameistar:

- | | |
|--------------------|---------------------------------------|
| 5. bekkur strákar: | Viðar Janus Helgason, Flóaskóla |
| 5. bekkur stelpur: | Bettý Freyja Ásmundsdóttir, Sunnulæk. |
| 6. bekkur strákar: | Ívar Máni Garðarsson, Hvolsskóla |
| 6. bekkur stelpur: | Ásrún Halla Loftsdóttir, Flóaskóla |

7. bekkur strákar: Þorsteinn Óttarsson, Grunnsk. Bláskógab.
 7. bekkur stelpur: Heiðrún Huld Jónsdóttir, Hvolsskóla
 8. bekkur strákar: Hlynur Logi Erlingsson, Vallaskóla
 8. bekkur stelpur: Nína Guðjónsdóttir, Hvolsskóla
 9. bekkur strákar: Bjarki Oddsson, Hvolsskóla
 9. bekkur stelpur: Andrea Guðlaugsdóttir, Hvolsskóla
 10. bekkur stelpur: Heiðrún Helga Ólafsdóttir, Hvolsskóla
 10. bekkur strákar: Hreinn H. Jóhannsson, Grunnsk. Bláskb.

Stigakeppni skólanna:

5.-7. bekkur stráka

- | | |
|-------------------------------|-----------|
| 1. Hvolsskóli | 19 stig |
| 2. Grunnskóli Bláskógabyggðar | 13,5 stig |
| 3. Flóaskóli | 11 stig |
| 4. Sunnulækjarskóli | 9,5 stig |

5.-7. bekkur stúlkna

- | | |
|-------------------------------|-----------|
| 1. Sunnulækjarskóli | 18 stig |
| 2. Flóaskóli | 16 stig |
| 3. Hvolsskóli | 13,5 stig |
| 4. Grunnskóli Bláskógabyggðar | 8 stig |

8.-10. bekkur stráka

- | | |
|-------------------------------|---------|
| 1. Hvolsskóli | 20 stig |
| 2. Grunnskóli Bláskógabyggðar | 14 stig |
| 3. Vallaskóli | 6 stig |

8.-10. bekkur stúlkna

- | | |
|---------------|----------|
| 1. Hvolsskóli | 23 stig |
| 2. Vallaskóli | 4,5 stig |



Skjaldarhafar HSK 2008.

Skjaldarglímur Skarphéðins 2008, Reykholti 12. apríl

Héraðsmót Skarphéðins í glímu fór fram í Reykholti í Biskupstungum laugardaginn 12. apríl 2008. Hápunktur þess var keppni um silfurskjöldinn Skarphéðin sem fór nú fram í 84. sinn frá árinu 1910.

Konur kepptu um Bergþóruskjöldinn í sjöunda sinn og einnig var keppt í fjölmörgum yngri flokkum. Keppendur voru 58 talsins frá átta félögum sem voru Eyfellingur, Garpur, Biskupstungur, Laugdælir, Dímon, Samhygð, Vaka og Selfoss.

Stefán Geirsson Samhygð varð skjaldarhafi Skarphéðins í sjötta sinn og þriðja árið í röð. Hann sigraði Ólaf Sigurðsson Laugdælum í spennandi úrslitaglímu. Þriðji varð aldursforsetinn, Kjartan Lárusson Laugdælum, 53 ára, sem enn er sá þröskuldur sem yngri menn skjaldarglímunnar komast ekki yfir.

Elisabeth Patriarca sigraði í glímunni um Bergþóruskjöldinn fjórða árið í röð og hafði mikla yfirburði. Rosemarie Þorleifsdóttir formaður Sambands sunnlenskra kvenna afhenti Bergþóruskjöldinn en Skarphéðinsskjöldinn afhenti Ólafur Pálsson sem varð skjaldarhafi Skarphéðins fyrir 30 árum, árið 1978, þegar skjaldarglíman var endurvakin eftir sjö ára hlé.

Héraðsmeistarar:

Skjaldarglíma Skarphéðins
 Unglingar 17-20 ára
 Sveinar 15-16 ára
 Drengir 13-14 ára
 Strákar 11-12 ára
 Skjaldarglíma Bergþóru
 Meyjar 15-16 ára
 Telpur 13-14 ára
 Stelpur 11-12 ára

Stefán Geirsson Samh.
 Pálmi E. Gíslason Bisk.
 Hreinn H. Jóhannss. Laugd.
 Hlynur Logi Erlingsson Vöku
 Pétur Logi Pétursson Dímon
 Elisabeth Patriarca Dímon
 Andrea Guðlaugsdóttir Dímon
 Nína G. Guðjónsdóttir Dímon
 Guðrún Inga Helgadóttir Vöku

Stigakeppni félaga er í fjórum flokkum og er veittur bikar fyrir sigur í hverjum flokki. Íþróttafélagið Dímon sigraði í þremur flokkum en Umf. Laugdæla í einum.

Karlar 20 ára og eldri:

- | | |
|--------------|--------|
| 1. Laugdælir | 9 stig |
| 2. Samhygð | 6 |
| 3-4. Bisk. | 3 |
| 3-4. Dímon | 3 |

Konur 17 ára og eldri:

- | | |
|----------|---------|
| 1. Dímon | 13 stig |
| 2. Bisk. | 5 |

Drengir 19 ára og yngri:

- | | |
|--------------|---------|
| 1. Dímon | 39 stig |
| 2. Bisk. | 16,5 |
| 3. Laugdælir | 11 |
| 4. Vaka | 9 |

Stúlkur 16 ára og yngri:

- | | |
|-----------------|---------|
| 1. Dímon | 17 stig |
| 2. Samhygð | 13,5 |
| 3. Vaka | 10,5 |
| 4-5. Eyfelling. | 5 |
| 4-5. Selfoss | 5 |
| 6. Bisk. | 1 |

Bændaglíma Suðurlands 2008

Bændaglíma Suðurlands fór fram í 13. sinn á Landbúnaðarsýningu Búnaðarsambands Suðurlands á Gaddstaðafloðum sunnudaginn 24. ágúst 2008. Glímt var um Sigurðarbikarinn sem UMFÍ gaf í minningu Sigurðar Greipssonar, glímukappa og skólustjóra í Haukadal í Biskupstungum.

Glímt var á grasi gróinni flöt framan við reiðhöllina á staðnum. Þar gengu til leiks tvö Skarphéðinslið undir forystu bændanna Ólafs Odds Sigurðssonar, formanns Glímusambands Íslands, og Stefáns Geirssonar í Gerðum, skjaldarhafa Skarphéðins. Liðsmenn Ólafs voru allir frá Umf. Laugdæla en liðsmenn Stefáns voru frá fimm íþrótt- og ungmennafélögum Skarphéðins. Í upphafi reyndu bændurnir með sér í sönglist og vann Ólafur þá viðeign. Þar með kom það í hlut Stefáns að senda fyrsta manninn fram. Yfirdómari var Rögnvaldur Ólafsson og honum til aðstoðar Kjartan Lárusson og Helgi Kjartansson. Glímustjóri var Jón M. Ívarsson og lýsti hann glímunni jafnóðum á líflegan hátt fyrir fimm hundruð áhorfendum sem skemmtu sér hið besta. Liðin voru þannig skipuð:

Laugdælir

- Ólafur Oddur Sigurðsson
- Jóhann G. Friðgeirsson
- Jóhann R. Sveinbjörnsson
- Daníel Pálsson
- Hreinn Heiðar Jóhannsson
- Magnús Snæbjörnsson
-

Úrvalslið fimm félaga

- Stefán Geirsson Samhygð
 Jóhannes Sveinbj. Hvöt
 Kristinn Guðnason Garpi
 Rúnar Guðmundsson Bisk.
 Smári Þorsteinsson Bisk.
 Hafsteinn Kristinss. Garpi
 Ívar Baldursson Dímon

Nokkrir glímumanna höfðu ekki sést á glímuvelli um árabil en sýndu að þeir höfðu engu gleymt. Þar má fyrstan frægan telja Jóhannes Sveinbjörnsson fyrrum glímukóng, og Laugdælina



Bændaglíma Suðurlands var haldin á Landbúnaðarsýningu á Helli.

Jóhann Gunnar Friðgeirsson og Jóhann Reyni Sveinbjörnsson. Formaður Glímuráðs HSK, Kristinn Guðnason bóndi á Þverlæk, vakti sérstaka athygli. Hann var elstur keppenda en sýndi glæsileg tilþrif og lagði tvo af köppum Laugdæla. Í glímuliði Laugdæla voru feðgar, Jóhann Gunnar og Hreinn sonur hans, og í hinu liðinu voru Kristinn og sonur hans Hafsteinn. Glímt var til síðasta manns og að lokum tóku bændurnir saman. Glíman var tvísýn því báðir eru kappar miklir og bestu glímumenn Suðurlands. Stefán hafði sigur að lokum og lagði Ólaf á sannkallaðri sniðglímu á háalofiti. Úrslit urðu þannig manna á milli:

Laugdælir	Úrvalslið	Úrslitabragð
1. Magnús 0	Ívar 1	lausamjöðm vinstri
2. Hreinn 1	Rúnar 0	klofbragð vinstra
3. Daníel 1	Smári 0	hælkrókur hægri á hægri
4. Jóhann R. 0	Kristinn 1	hælkrókur hægri á vinstri
5. Jóhann G. 0	Jóhannes 1	mjaðmarhnykkur hægri
6. Daníel 1	Hafsteinn 0	hælkrókur hægri á hægri
7. Hreinn 1	Ívar 0	hælkrókur hægri á vinstri
8. Daníel 0	Kristinn 1	klofbragð vinstra
9. Hreinn 0	Jóhannes 1	lausamjöðm vinstri
10. Ólafur 1	Kristinn 0	hælkrókur v. á h. (mótr.)
11. Ólafur 1	Jóhannes 0	hælkrókur h. á v. (mótr.)
12. Ólafur 0	Stefán 1	lausamjöðm vinstri

Fjórðungsglíma Suðurlands 2008:

Fjórðungsglíma Suðurlands fór fram í Félagsheimilinu Þingborg í Flóahreppi þriðjudaginn 11. nóvember 2008. Keppt var í flokkum 11 ára og yngri, 12-13 ára, 14-15 ára og 16 ára og eldri hjá báðum kynjum. Keppendur voru 37 frá sjö félögum á sambands svæði HSK. Stefán Geirsson sigraði í karlaflokki annað árið í röð og Elísabet Patriarca varð hlutskörpust í kvennaflokki í þriðja sinn. Keppendur frá Dímon unnu fjóra

flokka, Samhygðarmenn unnu í þremur flokkum og Vaka vann í einum flokki.

Fjórðungsmeistarar:

Karlar 16 ára og eldri
Konur 16 ára og eldri
Sveinar 14 - 15 ára
Meyjar 14 - 15 ára
Piltar 12 - 13 ára
Stúlkur 12 - 13 ára
Strákar 10 - 11 ára
Stelpur 10 - 11 ára

Stefán Geirsson, Samhygð
Elísabeth Patriarca, Dímon
Birgir Svanur Björgvinss., Dímon
Andrea Guðlaugsdóttir, Dímon
Haukur Hjaltason, Dímon
Marín Laufey Davíðsd., Samhygð
Viðar Janus Helgason, Samhygð
Guðrún Inga Helgadóttir, Vaka

Árangur Skarphéðismanna á mótum GLÍ

Bikarglíma 16 ára og yngri:

Bikarglíma 16 ára og yngri fór fram á Fáskrúðsfirði 20. janúar. Að þessu sinni var keppt með sveitaglímufyrirkomulagi þannig að liðin sem unnu sveitakeppnina urðu bikarmeistarar.

Keppt var í aldursflokkum drengja og stúlkna 15-16 ára, 13-14 ára og 11-12 ára.

HSK varð bikarmeistari í flokki 11-12 ára stráka. Í bikarmeistaraliði HSK voru þeir Ívar Máni Garðarsson, Pétur Logi Pétursson, Sveinn Orri Einarsson, Bjarki Hafberg Björgvinsson og Viðar Janus Helgason.

HSK sveitin í flokki 11-12 ára stelpna varð í öðru sæti. Þær sem voru í silfursveitinni voru þær Margrét Ýr Bárðardóttir, Ásrún Halla Loftsdóttir og Guðrún Inga Helgadóttir. Þá varð HSK sveitin í flokki 13-14 ára telpna í öðru sæti og þær Heiðrún Huld Jónsdóttir, Lea Birna Lárusdóttir og Ingveldur Þorsteinsdóttir skipuðu sveit HSK.

Bikarglíma Íslands:

Bikarglíma Íslands í fullorðins- og unglingaflokkum fór fram á Fáskrúðsfirði 20. janúar. Mótið var jafnframt 2. umferðin í



Frá aðalfundi Glímuráðs.

Meistaramóti Íslands í glímu.

Fjórir keppendur frá HSK komust á verðlaunapall og þar bar hæst árangur Stefáns Geirssonar úr Samhygð, en hann varð bikarmeistari í +90 kg karla og þá varð hann annar í opnum flokki karla. Ólafur Oddur Sigurðsson úr Laugdælum varð annar í -90 kg flokki karla og þriðji í opnum flokki karla.

Hreinn Heiðar Jóhannsson varð annar í -80 kg flokki unglunga á mótinu og sá fjórði sem komst á pall af HSK mönnum var Tungnamaðurinn Smári Þorsteinsson, en hann varð þriðji í +80 kg flokki unglunga.

Grunnskólamót GLÍ

Grunnskólamót GLÍ var haldið á Fáskrúðsfirði 20. janúar og glímuiðkendur skólanna á sambandssvæðinu voru á meðal þátttakenda. Tveir keppendur af HSK svæðinu unnu grunnskólameistaratitil, þau Guðrún Inga Helgadóttir úr Flóaskóla og Ívar Máni Garðarsson úr Hvolsskóla.

Meistaramót Íslands

Meistaramót Íslands í glímu, 3. umferð fór fram í íþróttahúsinu Torfnesi á Ísafirði 22. febrúar. Keppni var jöfn og skemmtileg og mikið um góð tilþrif. HSK sigraði í stigakeppni félaga með 100,5 stig, í öðru sæti var Hörður frá Ísafirði með 99 stig og í þriðja sæti hafnaði lið HSB með 97 stig.

Stefán Geirsson, ritari Glímuráðs HSK varð Íslandsmeistari í +90 kg flokki karla, hlaut samtals 18 stig, af 18 mögulegum. Þá varð hann annar í opnum flokki karla með 15 stig.

Ólafur Oddur Sigurðsson varð annar í -90 kg flokki karla með 15 stig af 18 mögulegum og þá varð hann þriðji í opnum flokki karla með 12 stig. Þá varð Hreinn Heiðar Jóhannsson, efnilegur glímumaður úr glímuliði HSK annar í -80 kg flokki unglunga með 14 stig.

Íslandsglíman, Stefán á pall

98. Íslandsglíman fór fram á Akureyri í apríl. Í glímunni um Grettisbeltið var keppni mjög jöfn og gríðarlega spennandi og voru auka glímur um bronsið og einnig beltið góða. Í glímunni um bronsið þá hafði Stefán Geirsson betur á móti félaga sínum Ólafi Oddi Sigurðsyni en þeir eru báðir í HSK. Í glímunni um Freyjumenið var Áslaug Ýr Bragadóttir fulltrúi HSK og varð hún í fimmta sæti.

Meistaramót og Sveitaglíma, 16 ára og yngri:

Meistaramót og Sveitaglíma 16 ára og yngri fór einnig fram á Akureyri. HSK varð í fjórða sæti með 39,5 stig. HSK vann tvo flokka í sveitaglímunni og tveir titlar unnust á meistaramótinu.

Verðlaunahafar HSK:

11-12 ára, strákar +42 kg

- 1.-2. Pétur Logi Pétursson
- 1.-2. Ívar Máni Garðarsson
3. Bjarki Hafberg Björgvinsson

13-14 ára, telpur +52 kg

1. Ingveldur Þorsteinsdóttir
2. Heiðrún Huld Jónsdóttir

15-16 ára, meyjar

2. Áslaug Ýr Bragadóttir

Sveitaglíma, 16 ára og yngri

11-12 ára strákar

1. HSK
- 11-12 ára, stúlkur
2. HSK
- 15-16 ára, meyjar
1. HSK

Sveitaglíma Íslands

Sveitaglíma Íslands fór fram í glímuhúsi Ármanns í Reykjavík. HSK sendi sveitir til leiks í karlaflokk og unglungaflokk. Karlasveitin varð í þriðja sæti og unglungasveit HSK varð í fjórða sæti á mótinu.

Fyrsta heimsmeistaramót IGA í glímu

Fyrsta heimsmeistaramót IGA í glímu og hryggspennu fór fram 9.-12. ágúst í Hróarskeldu í Danmörku. Mótið fór mjög vel fram að öllu leiti og óhætt að segja að íslenska glíman veki mikla athygli í Danmörku.

Íslendingar sigruðu alla flokka í glímunni eða sjö, að auki náði íslenska liðið í sex silfur og fimm brons. 4 keppendur tóku þátt af sambandssvæði HSK og eru þeir allir félagar í Umf. Laugdæla. Þeir stóðu sig frábærlega og komust allir á verðlaunapall.

Hæst bar árangur Óðins Þórs Kjartanssonar sem varð heimsmeistari í - 73 kg flokki karla.

Ólafur Oddur Sigurðsson varð annar í - 90 kg flokki karla og Hreinn Heiðar Jóhannsson varð þriðji í sama þyngarflokki. Þá varð Magnús Bjarki Snæbjörnsson annar í -66 kg flokki karla.

Íslendingar sigruðu í þremur flokkum í hryggspennu og að auki náði íslenska liðið í fimm silfur og fjögur brons.

Ólafur Oddur Sigurðsson keppti í hryggspennu í -90 kg flokki karla og varð annar og Magnús Bjarki Snæbjörnsson varð þriðji í -66 kg flokki karla.

Óðinn Þór Kjartansson varð annar í hryggspennu í flokki - 73 kg og það tryggði honum heimsmeistaratitil í samanlögðu, þ.e. í glímu og hryggspennu og hlaut hann að launum fallegan silfurskjöld að móti loknu. Sannarlega frábær árangur og óskar HSK þeim köppum til hamingju með árangurinn.

Þess má geta að Skarphéðinsmaðurinn Helgi Kjartansson var landsliðsþjálfari Íslands á mótinu og stóð hann sig að vonum frábærlega. Hann náði þeim einstaka árangri að tryggja Íslandi 17 heimsmeistaratitla af þeim 21 sem í boði voru.

Fleiri HSK menn komu að mótshaldinu, en þeir feðgar Kjartan Láruson og Lárus Kjartansson störfuðu á mótinu, Lárus sem mótsstjóri og dómari og Kjartan sem dómari.

Meistaramót Íslands í glímu, 1. umferð

Fyrsta umferðin á Meistaramóti Íslands í glímu fór fram á Reyðarfirði og voru tveir HSK menn á meðal þátttakenda og koma þeir báðir frá Umf. Laugdæla.

Hreinn Heiðar Jóhannsson sigraði í flokki unglunga -80 kg og Magnús Bjarki Snæbjörnsson varð þriðji í sama flokki. Hreinn Heiðar náði einnig á verðlaunapall í flokki - 80 kg flokki karla, en þar varð hann annar á eftir Snæ Seljan úr ÚÍA.

Íslandsmótið í hryggspennu 2008

Íslandsmótið í hryggspennu fór fram í glímuhúsi Ármanns í október. HSK vann tvöfaldan sigur í -80 kg flokki karla. Hreinn Heiðar Jóhannsson sigraði og Magnús Bjarki Snæbjörnsson varð annar. Sannarlega glæsilegur árangur hjá þessum ungu og efnilegu fangbragðamönnum úr Laugardalnum.



Bikarmeistarar GLÍ í flokki 11-12 ára stráka.

Meistaramótið í glímu, önnur umferð

Önnur umferðin á meistaramótinu í glímu fór fram í glímuhúsi Ármanns. Úrslitaglímur í opnum flokki karla og kvenna voru mjög spennandi og tvísýnar en í karlaflokki áttust við Pétur Eyþórsson KR og Stefán Geirsson HSK en Pétur vann á lokasekúndunum. Stefán vann síðan sigur í +90 kg flokki karla á sama móti.

Stefán var ekki á meðal þátttakenda þegar fyrsta umferðin fór fram, en mætti nú öflugur til leiks og er til alls líklegur á glímuvellinum í vetur.

Hreinn Heiðar Jóhannsson hélt áfram sigurgöngu sinni í unglingaflokki og vann í annað sinn í vetur sinn flokk og er með örugga forystu í stigakeppninni með 12 stig. Magnús Bjarki Snæbjörnsson varð í þriðja sæti í unglingaflokknum. Þá varð Hreinn Heiðar í öðru sæti í -80 kg flokki karla á mótinu.

Glímukeppni á Unglingalandsmóti UMFÍ 2008

Unglingalandsmót Ungmennafélags Íslands fór fram í Þorlákshöfn 31. júlí til 3. ágúst 2008. HSK átti einn meistara í flokki stelpna 11-12 ára en það var Guðrún Inga Helgadóttir úr Umf. Vöku.

Úrvalshópur Glímusambandsins

35 einstaklingar af sambandssvæði HSK voru valdir í Úrvalshóp unglinga í glímu. Flestir komu frá Dímon eða 21 talsins. Níu komu frá Tungnamönnum, tveir frá Laugdælum og einn frá Hvöt, Samhygð og Vöku.

Styrkleikalisti kvenna í glímu

Glímusambandið hefur nú tekið í notkun nýja reikniaðferð til að finna út styrk glímumanna og -kvenna. Er þetta í fyrsta sinn sem birtur er listi eftir að nýja reglugerðin tók gildi.

HSK konur á listanum:

5. Elísabeth Patriarca	55,5 stig
7. Herdís Rútsdóttir	40,5 stig
9. Jóna Sigríður Guðmundsdóttir	37,5 stig
13. Dagný Sigurbjörnsdóttir	23,3 stig
14. Fanney Ólafsdóttir	19,2 stig

Nýr styrkleikalisti hjá körlunum

Búið er að uppfæra styrkleikalista karla hjá Glímusambandinu. Pétur Eyþórsson, KR leiðir listann sem fyrr en Stefán Geirsson, HSK hefur fært sig upp um tvö sæti og er nú í öðru sæti.

Hreinn Heiðar Jóhannsson er hástökkvari HSK manna frá síðasta lista, en hann hefur farið upp um 14 sæti.

Eftirtaldir HSK menn eru á listanum:

2. Stefán Geirsson	1410 stig
3. Ólafur Oddur Sigursson	1253 stig
20. Smári Þorsteinsson	201 stig
25. Lárus Kjartansson	158 stig
29. Hreinn Heiðar Jóhannsson	136 stig
31. Rúnar Björn Guðmundsson	115 stig
32. Hjörtur Freyr Sæland	112 stig
33. Kjartan Lárusson	110 stig
35. Samúel Birkir Egilsson	88 stig
36. Helgi Kjartansson	80 stig
37. Hafsteinn Kristinsson	78 stig
38. Pálmi Eiríkur Gíslason	75 stig
39. Kristinn Guðnason	50 stig
45. Magnús Bjarki Snæbjörnss.	24 stig
49. Ólafur Oddsson	20 stig
50. Ólafur Elí Magnússon	15 stig

Glímumaður HSK 2008

Maður er nefndur Stefán Geirsson Umf. Samhygð. Hann er glímastur allra Skarphéðingsmanna og fáið hans jafnokar þó víða sé leitað. Stefán er mikill að vallarsýn, ber höfuð og herðar yfir. Hann sækir gjarnan hábrögð með tilþrifum, vegur menn upp og skellir kylliflötum. Helstu afrek Stefáns árið 2008 eru:

- Bikarmeistari í +90 kg flokki
- Íslandsmeistari í + 90 kg flokki
- Skjaldarhafi Skarphéðins
- Fjórðungsmeistari Suðurlands
- 3. sæti á Íslandsglímu
- 2. sæti á styrkleikalista GLÍ

Lokaorð

Hér að framan eru upptaldir sigurvegarar úr röðum HSK á mótum innan og utan héraðs. Öll mótaúrslit má lesa í Árbók GLÍ og á heimasíðu GLÍ www.glima.is

Heldur þóttu færri keppendur í haust í fullorðinsflokkum frá HSK á mótum GLÍ. Kemur þar margt til, kraftur glímumanna dreifist víða svo einbeitingin liggur ekki alfarið á innanhéraðsstarfið, stjórnarmenn glímuráðs eru kannski í eðli sínu heimakærir og nýliðun í eldri flokkum í lægð þetta árið.

Glímuráð þakkar öllum sem hafa lagt hönd á plóg við iðkun glímunnar þannig að sem flestir geti notið og tekið þátt í okkar fornu og skemmtilegu íþrótt. Sérstakar þakkir eru til styrktaraðila en þeir eru Bensínorkan, Mjólkurbúið á Selfossi, Sláturhúsið Hellu, VÍS og Kaupþingbankinn á Hellu.

**Fyrir hönd glímuráðs HSK,
Kristinn Guðnason Þverlæk.**



Golfnefnd

Nefndina skipa:

Form.: Karl Gunnlaugsson	Golfkl. Flúðum	Varmalæk	S. 486 6621 / 865 3502
Sveinn J. Sveinsson	Golfkl. Selfoss	Birkivöllum 13	S. 482 1429 / 893 5133
Sólveig Stolzenwald	Golfkl. Hellu	Nestúni 7	S. 487 5803 / 863 7273
Varam.: Georg Már Michelsen	Golfkl. Þorláksh.	Heinabergi 15	S. 483 3535 / 892 5279

Aðal verkefni nefndarinnar var að koma á HSK mótinu í golfi. Mótið átti að fara fram hjá Golfklúbbi Hveragerðis en þeir höfðu ekki aðstöðu til að halda það að þessu sinni. Mótið var síðan haldið í Þorlákshöfn. Golfklúbbur Þorlákshafnar sá um mótshaldið, var það í fyrsta sinn sem GP sá um að halda HSK mót í golfi. Mótið gekk vel í alla staði. Spilaður var högggleikur án forgjafar og var mótið flokkaskipt að venju. 50 keppendur voru skráðir til leiks eins og í fyrra. Mótið var haldið 8. júní.

Golfklúbbur Selfoss sigraði í stigakeppni félaga með 69 stig, hann sigraði einnig í sveitakeppninni á 551 höggi. HSK meistari vað Óskar Pálsson GHR á 78 höggum.

HSK meistarar:

1. flokkur	Óskar Pálsson	GHR	78 högg
2. fl.	Samúel S. Hreggviðsson	GOS	94 ----
3. fl.	Helgi Guðmundsson	GF	93 ----
4. fl.	Magnús J. Guðmundsson	GP	100 ----
Kvennafl.	Guðfinna Þorsteinsdóttir	GOS	99 ----
Öldungafl.	Ragnar Kristinn Helgason	GOS	98 ----
	Eftir umsp. við Karl Gunnlaugss.	GF	98 ----
Piltaflokkur	Guðmundur K. Guðmunds.	GP	92 ----
Sveitakeppni 6 í sveit		GOS	551 ----
Stigakeppni félaga		GOS	69 stig.

Aldursflokkamót HSK í golfi

Nefndin stóð fyrir móti í þremur flokkum stráka og stelpna 14 ára og yngri á Selsvelli. Þetta er í fyrsta skipti sem svona mót er haldið innan HSK. 27 krakkar tóku þátt og allir fengu viðurkenningu. GF sá um mótshaldið með góðum stuðningi foreldra frá öðrum klúbbum. Mótið tókst með miklum ágætum. GOS var falið að halda næsta aldursflokkamót í golfi. GOS vann stigakeppnina hlaut 38 stig.



Golfklúbbur Selfoss vann stigakeppni félaga á HSK mótinu í golfi.

Önnur úrslit urðu:

Strákar 13-14 ára:	Árni Leóson	GOS	43 högg.
Strákar 11-12 ára:	Ómar Ingi Magnússon	GOS	42 högg.
Strákar 10 ára og yngri:	Aron Lúðvíksson	GOS	34 högg.
Stelpur 11-12 ára:	Áslaug G. Unnsteinsd.	GF	88 högg.
Stelpur 10 ára og yngri:	Sesselea S. Birgisd.	GOS	46 högg.

Spilaðar voru mismargar holur eftir flokkum. Yngsti keppandinn var 6 ára.

Golfmaður HSK

Andri Már Óskarsson er 17 ára meðlimur í Golfklúbbi Hellu. Hann hefur stundað golfíþróttina frá unga aldri og hefur með góðri ástundun náð að skipa sér í fremstu röð í sínum aldursflokk og ef fram fer sem horfir hefur hann alla burði til að verða meðal bestu kylfinga landsins í framtíðinni.

Svona árangur kemur ekki fyrirhafnarlaust og eyðir Andri Már miklum tíma í æfingar og keppni allt árið um kring. Síðast liðinn vetur æfði Andri Már með unglingalandsliðinu í golfi og þurfti að fara á æfingar til Reykjavíkur einu sinni til tvisvar í viku. Hann fór einnig í eina æfingaferð til Spánar með unglingalandsliðinu. Andri var svo valinn til að keppa á Evrópumóti sem haldið var í Slóveníu í júlí. Sumarið fór svo í keppni flestar helgar. Hann tók þátt í Kaupþingsmótaröð unglinga í flokki drengja 17-18 ára sem eru 6 mót og endaði hann í 8. sæti á stigalistanum eftir sumarið, hann keppti einnig í nokkrum mótum í Kaupþingsmótaröð fullorðinna, m.a. á Íslandsmótinu í högggleik þar sem hann stóð sig með þrýði, komst í gegnum niðurskurðinn og endaði svo í 35. sæti af 71 sem má teljast nokkuð góður árangur. Hann var líka með sveit GHR í Sveitakeppni GSÍ í 2. deild og var þar lykilmaður. Andri Már tók líka þátt í mótum hjá GHR og vann hann nánast öll þau mót.

Nefndin þakkar öllum þeim sem tóku þátt í mótum og starfi í golfinu á vegum HSK á liðnu ári.

**Fyrir hönd Golfnefndar HSK,
Karl Gunnlaugsson.**



Frá héraðsmótinu í golfi á Þorlákshafnarvelli.

Handknattleiksnefnd

Nefndina skipa:

Form.: Bergur Guðmundsson Umf. Selfoss
Jóhannes Óli Kjartansson Umf. Selfoss
Örn Guðnason Umf. Selfoss
Varam.: Ágúst Rósmar Morthens Umf. Selfoss

Starengi 17 S: 482 2006 / 864 3853
Austurvegi 60 S: 482 2731 / 663 3896
Suðurengi 9 S: 564 6323 / 897 6323
Miðengi 7 S: 482 1725 / 695 3034

Á síðasta héraðsþingi var samþykkt ný reglugerð sem m.a. fól í sér fjölgun HSK-móta í handknattleik. HSK-mót voru nú haldin í fyrsta skipti hjá 4. og 5. flokki og enn fremur voru endurvakin HSK-mót hjá 3. flokki. HSK-mót í meistaraflokki var endurvakið í árslok 2007 og fór svo aftur fram í lok nóvember 2008. Á Selfossi er unnið frábært handboltastarf þar sem markvisst er unnið að því að stunda handbolta í öllum flokkum karla og kvenna. HSK-mótin hafa hleypt nýju lífi í íþróttina á sambands svæðinu og er það von nefndarmanna að uppbyggingin haldi áfram og fleiri félög taki upp handknattleikisðkun.

Héraðsmót í meistaraflokki karla

- haldið í Vallaskóla á Selfossi 28. - 29. nóvember 2008

Sex lið mættu til leiks, Selfoss A, Selfoss U, Árborg, Dímon, Baldur Flóahreppi og Gnúpverjar. Spilað var hraðmót 2x10 mín þar sem allir léku við alla. Mótið tókst mjög vel og er gaman að sjá að áhugi á handbolta er að aukast á félagssvæði HSK. Selfoss A stóð uppi sem sigurvegari, en þeir unnu alla sína leiki.

Lokastaða	L	U	J	T	Mörk	Stig
Selfoss A	5	5	0	0	88:41	10
Selfoss U	5	4	0	1	69:47	8
Baldur	5	2	1	2	50:59	5
Árborg	5	2	0	3	57:53	4
Dímon	5	1	1	3	45:60	3
Gnúpverjar	5	0	0	5	24:73	0

Héraðsmót í 3. flokki karla

- haldið í Vallaskóla á Selfossi 23. desember 2008

Lokastaðan á mótinu:

1. Selfoss A 2 stig
2. Selfoss B 0 stig

Héraðsmót í 4. flokki karla

- haldið í Vallaskóla á Selfossi 9. maí 2008

Mótið var fyrsta héraðsmótið í 4. flokki karla. Verðlaunagripir og verðlaunapeningar í 4. og 5. flokki karla og kvenna voru gefin af Húsasmiðjunni og MS.

Lokastaða:

1. Selfoss A 4 stig
2. Selfoss B 2 stig
3. Dímon 0 stig

Héraðsmót í 5. flokki karla

- haldið í Iðu á Selfossi 5. apríl 2008

Mótið var fyrsta héraðsmótið í 5. flokki karla. Tvö lið frá ÍR kepptu sem gestir á mótinu.

Úrslitaleikir:

Leikur um 1. sæti: Selfoss A - ÍR A	12:5
Leikur um 3. sæti: Selfoss B - Selfoss C	10:4
Leikur um 5. sæti: Dímon A - Dímon B	12:4
Leikur um 7. sæti: Selfoss D - ÍR B	3:8

Lokastaða í héraðsmóti:

1. Selfoss A
2. Selfoss B
3. Selfoss C
4. Dímon A
5. Dímon B
6. Selfoss D



Baldursmenn tóku í fyrsta sinn þátt í héraðsmótinu í handknattleik.

Héraðsmót í 3. flokki kvenna

- haldið í Vallaskóla 29. desember 2008

Mótið var nú haldið í þriðja sinn, eftir 32 ára hlé. Mótið hefur tvisvar verið haldið áður, árin 1975 og 1976. Umf. Selfoss vann árið 1975 og Umf. Eyrbakka vann árið 1976. Selfoss endurheimti þar með titilinn eftir 33 ára hlé.

Lokastaðan á mótinu:

1. Selfoss A 2 stig
2. Selfoss B 0 stig

Héraðsmót í 4. flokki kvenna

- haldið í Vallaskóla á Selfoss 24. apríl 2008

Fyrsta héraðsmótið í 4. flokki kvenna í handknattleik fór fram á sumardaginn fyrsta á Selfossi 24. apríl 2008.

Lokastaðan á mótinu:

1. Selfoss B 2 stig
2. Selfoss A 0 stig

Héraðsmót í 5. flokki kvenna

- haldið á Hvolsvelli 11. apríl 2008

Fyrsta héraðsmótið í 5. flokki kvenna í handknattleik fór fram á Hvolsvelli 11. apríl 2008.

Lokastaðan á mótinu:

1. Selfoss 2 stig
2. Dímon 0 stig

Handknattleiksmaður HSK 2008

Ramunas Mikalonis er handknattleiksmaður HSK 2008. Ramunas hefur leikið með Selfossliðinu frá árinu 2000. Hann hefur haldið tryggð við félagið á erfiðum tímum þrátt fyrir gylliboð frá stórum liðum í Reykjavík og er því traustur Selfyssingur. Hann hefur allan þennan tíma verið einn af mættarstólpum liðsins jafnt í sókn sem vörn.

Á árinu 2008 var hann liðinu mikilvægari en nokkru sinni fyrr því lið Selfoss er ungt og frekar reynslulítið. Reynsla Ramunas hefur því verið ákaflega mikilvæg. Hann hefur oftast en ekki sýnt það áræði sem þarf til þess að bera ábyrgð og leitt liðið áfram sem leiðtogi í vörninni. Hann er einnig mikilvægur leikmaður í sókn þegar á þarf að halda. Ramunas hefur oftast en ekki stigið upp í stórum leikjum til þess að taka af skarið og dregið vagninn, oftast til sigurs. Liðið hefur náð betri og betri árangri á síðustu tveimur árum og hefur hann verið ómetanlegur í þeirri þróun.

Hestaíþróttanefnd

Nefndina skipa:

Form.:	Sigmar Ólafsson	Hestam.f. Sleipni	Bakkatjörn 5	S. 482 2546 / 662 4559
	Halldóra S. Jónsdóttir	Hestam.f. Sleipni	Birkigrund 23	S. 482 2441 / 891 7363
	Lovísa H. Ragnarsdóttir	Hestam.f. Geysir	Hemlu	S. 487 7857 / 868 2539
Varam.:	Ísleifur Jónasson	Hestam.f. Geysi	Kálfholti	S. 487 5016 / 852 4035

Árið 2008 var gott ár hjá hestamönnum á aðildarsvæði HSK. Nokkrir Íslandsmeistaratitlar, og Norðurlandatitlar. Sigurður Sigurðarson var fyrir valinu sem hestaíþróttamaður HSK annað árið í röð þar sem hann landaði tveimur Íslandsmeistaratitlum, jafnaði heimsmet í skeiði og einnig var hann sigursæll á

keppnisvælinum. Þá var hann valinn skeiðknapi ársins 2008 á uppskeruhátíð hestamanna.

Hestaíþróttanefndin óskar Sigurði til hamingju með valið og tilnefninguna til íþróttamanns Héraðssambandsins Skarphéðins.

Íþróttanefnd fatlaðra

Nefndina skipa:

Form.:	Svanur Ingvarsson	Íþr.f. Suðra	Grashaga 1b	S. 482 2092 / 893 2092
	Guðrún Jónsdóttir	Íþr.f. Suðra	Sandbakka	S. 486 3326 / 863 9526
	Valgeir Backman	Íþr.f. Gný	Sólheimum	S. 480 4400 / 847 1907
Varam.:	Sigrún Hreiðarsdóttir	Íþr.f. Suðra	Tröllhólum 17	S. 482 2306 / 865 7051

Héraðsmót í íþróttum fatlaðra

Héraðsmót í íþróttum fatlaðra fór fram á Íþróttahátíð HSK á Laugarvatni í sumar. Systurnar hressu úr Suðra, Hulda, María og Sigríður Sigurjónsdætur mættu til leiks og skemmtu sér vel eins og þeim var von og vísa. Þá keppti Dagmar Ósk Héðinsdóttir einnig, en sem gestur.

Íþróttamaður fatlaðra 2008

Sigríður Erna Kristinsdóttir, Íþróttafélaginu Suðra, hlýtur nafnbótina í þetta sinn. Sigríður náði frábærum árangri á árinu. Hún varð Íslandsmeistari í einstaklingskeppni í boccia í 3. deild og varð einnig Íslandsmeistari í 60 m hlaupi í sínum aldursflokki.

Sigríður, sem æft hefur í mörg ár með Suðra, er einstaklega samviskusöm, dugleg og góður félagi.

Nefndin þakkar þeim sem stutt hafa íþróttir fatlaðra á sambandssvæðinu með einum eða öðrum hætti á árinu. Sérstaklega þeim Engilbert og Guðrúnu á skrifstofu HSK og þeim sem komu að framkvæmd Héraðsmótsins. Þá er rétt að þakka Suðra fyrir að bera uppi íþróttastarf fatlaðra á sambandssvæðinu.

Með íþróttakveðju,
Svanur Ingvarsson

Knattspyrnunefnd

Nefndina skipa:

Form.:	Sveinbjörn Másson	Umf. Selfoss	Tryggvagötu 20	S. 482 3332 / 897 7697
	Ársæll Jónsson	Knattspyrnuf. Ægir	Klébergi 4	S. 483 3839 / 694 2831
	Viktor Steingrímsson	Knattsp.f. Rangæinga	Nýbýlavegi 40	S. 487 8601 / 891 8216
Varam.:	Hjörtur Sveinsson	Íþr.f. Hamar	Laufskógum 33	S. 866 0418

HSK-mót voru haldin hjá 5., 6. og 7. flokki drengja og stúlkna. Fimmta flokks mótið fór fram á gervigrasvælinum í Þorlákshöfn 8. nóvember, en 6. og 7. flokks mótin fóru fram innanhúss í íþróttahúsinu Iðu á Selfossi 29. og 30. nóvember. Leikið var með sjö manna liðum. Mótagjöld voru ekki innheimt og verðlaun ekki veitt.

Héraðsmót í 5. flokki drengja og stúlkna

HSK - mótið í 5. flokki í knattspyrnu fór fram í Þorlákshöfn laugardaginn 8. nóvember sl. í fínu veðri. Rúmlega 100 krakkar tóku þátt í mótinu. Mótið gekk mjög vel og var á áætlun. Hjá A-liðum fóru Ægismenn með sigur af hólmi og sömuleiðis hjá B-liðunum. Hjá C-liðum sigruðu stelpurnar frá Selfossi og hitt kvennaliðið sigraði hjá D-liðunum. Úrslit urðu eftirfarandi:

Lokastaðan í A-riðli:

1. Ægir A	10 stig
2. Selfoss A	7 stig
3. Hamar A	0 stig



Stúlknalið Selfoss A á HSK mótinu í 5. flokki.

Lokastaðan í B-riðli:

1. Ægir B	7 stig
2. KFR B	6 stig
3. Selfoss B	4 stig

Lokastaðan í C-riðli:

1. Selfoss stelpur C	12 stig
2. Selfoss C	6 stig
3. Hrunamenn C	0 stig

Lokastaðan í D-riðli:

1. Selfoss stelpur D	9 stig
2. Selfoss D	6 stig
3. Hamar D	3 stig
4. Hrunamenn stelpur D	0 stig

Héraðsmót í 6. flokki drengja og stúlkna

Mótið fór fram í Iðu á Selfossi 29. nóvember. Sex félög sendu lið í mótið: Selfoss, Hrunamenn, KFR, Hamar, Stokkseyri og Ægir. Stelpur og strákar kepptu á móti hvert öðru.

Héraðsmót í 7. flokki drengja og stúlkna

Mótið fór fram í Iðu á Selfossi 30. nóvember. Fimm félög sendu lið í mótið: Selfoss, KFR, Hrunamenn, Hamar og Ægir. Strákar og stelpur kepptu saman.

62. ársþing Knattspyrnusambandsins

62. ársþing KSÍ var haldið í höfuðstöðvum KSÍ 9. febrúar. Fjögur félög innan HSK áttu rétt á að senda sjö fulltrúa á þingið. Á ársþinginu var jafnréttisáætlun sambandsins samþykkt en tillögu um fjölgun varamanna í fyrstu umferðum bikarkeppni KSÍ var vísað til stjórnar.

Rúnar Arnarson og Þórarinn Gunnarsson voru kjörnir í stjórn KSÍ. Þá var Sigvaldi Einarsson kjörinn í varastjórn KSÍ. Stjórn KSÍ hefur samþykkt breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og nýja reglugerð um Mannvirkjasjóð. Reglugerðirnar voru kynntar á ársþinginu.

Knattspyrnumaður HSK

Sævar Þór Gíslason er knattspyrnumaður HSK 2008 og er hann vel af þeirri tilnefningu kominn. Sævar Þór er uppalinn á Selfossi, lék þar upp alla yngri flokka og svo með meistaraflokki frá 17 ára aldri og þangað til hann varð 22 ára gamall. Þá fór hann í úrvalsdeildina og vakti strax verðskuldaða athygli. Sævar Þór kom heim á Selfoss aftur árið 2007 eftir níu ár í Reykjavík. Er á engan hallað þó hann sé talinn algjör lykilmaður í þeirri uppbyggingu sem verið hefur í fótboltanum



Meistaraflokkslið Selfoss var hársbreidd frá sæti í úrvalsdeild.

á Selfossi síðustu tvö ár. Sævar Þór sýndi strax mikla hæfileika við að setja boltann í mark andstæðinganna og er nafn hans ritað á alla markakóngsbikara Selfoss frá upphafi. Einnig hefur hann oft en ekki verið valinn leikmaður ársins í sínum flokki.

Eftir að Sævar kom heim aftur á Selfoss árið 2007, hefur hann leikið 37 leiki og skorað í þeim 37 mörk, sem er ótrúlegur árangur. Mark í leik sýnir að sennilega hefur Sævar aldrei verið í betra formi, enda að mestu laus við meiðsli þessi undanfarin ár. Með þessum árangri varð hann markakóngur og besti leikmaður 2. deildar 2007 og markakóngur í 1. deild 2008. Hann var einnig valinn í lið ársins í bæði árin.

Hæfileikar Sævars á leikvellinum eru einstakir, hraði hans og snerpa færa hann alltaf skrefi framar andstæðingum sínum. Hann er einnig fljótur að hugsa og átta sig á aðstæðum sem upp koma á hverju augnabliki. Hann er með óbilandi keppnissskap og leggur sig alltaf 100% fram í hvern leik. Þrátt fyrir yfirburða hæfileika til að skora mörk, má ekki gleyma þeim mörkum sem Sævar hefur lagt upp fyrir liðsfélaga sína, en þau eru ófá. Sævar er ekki bara leiðtogi inn á velli, heldur er þáttur hans utan vallar líka mikill. Þar er hann einnig alltaf í fremstu víglínu er kemur að verkefnum sem vinna þarf fyrir deildina.

Körfuknattleiksnefnd

Nefndina skipa:

Form.: Árni Þór Hilmarsson	Umf. Hrunamanna	Vesturbrún 6	S. 482 1118 / 849 3870
Lárus Ingi Friðfinnsson	Íþr.f. Hamri	Heiðmörk 57	S. 483 4940 / 660 1618
Garðar Geirfinnsson	Umf. Þór	Norðurbyggð 15	S. 483 3214 / 848 1330
Varam: Stefán Magni Árnason	Umf. Heklu	Fossvegi 2	S. 487 1559 / 893 3306

Eins og undanfarin ár var aðalstarf nefndarinnar að halda héraðsmót, bikarkeppnir og hraðmót. Betur gekk að dagsetja mótið en oft áður, en vegna mikilla anna forráðamanna og þjálfara félaganna hefur mótahald ekki verið með besta móti undanfarin ár.

Að þessu sinni náðist ekki að klára öll mótið og var það einkum vegna anna liðanna í öðrum mótum. Keppni fór ekki fram í héraðsmóti kvenna, bikarkeppni karla, 10. flokki drengja og 8. flokki drengja. Hraðmótið voru hvíld en með tilliti til þess hve illa gekk að klára öll mótið undanfarin ár ákvað nefndin að minnka umfang mótanna.

Héraðsmót karla

Héraðsmótið í meistaraflokki karla í körfuknattleik var haldið á Laugarvatni miðvikudaginn 23. apríl. Sjö lið mættu til leiks. Voru það liðsmenn Þórs Þorlákshafnar sem höfnuðu titlinum eftir vel heppnað mót.

Úrslitaleikir:

5.sæti	Hamar-Árborg	40-25
3.sæti	Hrunamenn - Laugdælir 1	48-41
1.sæti	Þór-Laugdælir 2	43-26

Bikarkeppni kvenna

Bikarkeppni HSK í körfubolta kvenna var haldin í apríl og maí. Tvö lið voru skráð til leiks, lið Heklu og lið Hrunamanna. Leiknar voru tvær umferðir þannig að bæði lið fengu einn heimaleik. Fyrri leikurinn fór fram í íþróttahúsinu á Hellu þann 29. apríl. Leikurinn fór 51-43 fyrir Heklu.

Seinni leikurinn var haldinn í íþróttahúsinu á Flúðum þann 26. maí. Leikurinn endaði með sigri Heklu og var staðan 48-41 í leiklok. Leikurinn endaði með glæstum sigri Heklu 48 - 41 og var Hekla þá orðin bikarmeistari HSK í körfubolta kvenna í fyrsta skipti.



Þátttökuliðin á héraðsmóti í minnibolta karla.

Héraðsmót í 10. flokki stúlkna

Héraðsmótið í 10. flokki stúlkna í körfuknattleik var haldið í 15. sinn á Flúðum 11. apríl og mættu þrjú lið til leiks. Hamarsstúlkur tryggðu sér titilinn að þessu sinni með nokkuð öruggum hætti. Þetta er í annað sinn sem Hamar vinnur titil í þessum flokki.

Lokastaðan:

- | | |
|--------------|--------|
| 1. Hamar | 4 stig |
| 2. UMFH | 2 stig |
| 3. Umf.Bisk. | 0 stig |

Héraðsmót í 8. flokki stúlkna

Héraðsmótið í 8. flokki stúlkna í körfuknattleik var haldið á Laugalandi 25. apríl og mættu þrjú lið til leiks. Var þetta í 12. sinn sem keppt fyrst var í þessum aldursflokki. Hrunamenn urðu meistara í fjórða sinn. Hamar hefur einnig sigrað þetta mót fjórum sinnum, en sendi ekki lið til leiks að þessu sinni.

Lokastaðan:

- | | |
|--------------|--------|
| 1. Hrunamenn | 4 stig |
| 2. Hekla | 2 stig |
| 3. Garpur | 0 stig |

Héraðsmót í minnibolta drengja

Fjögur lið mættu til leiks á héraðsmót HSK í minnibolta drengja í körfuknattleik 12 ára og yngri, sem haldið var á Hellu 5. apríl. Hrunamenn unnu alla sína þrjá leiki og tryggði sér HSK meistaratitilinn í sjöunda sinn í þessum aldursflokki, en 11 ár eru síðan fyrst var keppt.

Lokastaðan:

- | | |
|--------------|--------|
| 1. Hrunamenn | 6 stig |
| 2. Hamar | 4 stig |
| 3. Hekla | 2 stig |
| 4. Bisk | 0 stig |

Héraðsmót í minnibolta stúlkna

Héraðsmótið í minnibolta stúlkna 12 ára og yngri í körfuknattleik var haldið í Reykholti 21. apríl. Fjögur lið mættu til leiks á mótið sem var haldið í áttunda sinn, en fyrst var keppt í þessum aldursflokki á HSK móti fyrir ellefu árum síðan. Mótið var ekki haldið á árunum 1999 – 2002 vegna þátttökuleysis. Hrunamenn sigruðu nokkuð örugglega í öllum sínum leikjum og varð HSK meistari í þessum flokki í fimmta sinn.

Lokastaðan:

- | | |
|--------------|--------|
| 1. Hrunamenn | 6 stig |
| 2. Hamar | 4 stig |
| 3. Hekla | 2 stig |
| 4. Bisk | 0 stig |

Körfuknattleiksmaður HSK 2008

Fanney Lind Guðmundsdóttir byrjaði að æfa körfubolta 10 ára árið 1999 með Hamri. Strax 13 ára gömul hafði hún náð góðum tókum á íþróttinni og hóf að æfa með meistaraflokki kvenna. 15 ára var hún boðuð á æfingar U-16 og um vorið 2005 fór hún til Svíþjóðar og keppti þar á Norðurlandamóti. Fanney hefur alla tíð spilað með Hamri og var ein af þeim sem átti þátt í að koma liðinu í Iceland Express deildina árið 2006-2007. Fanney stóð sig mjög vel leiktíðina 2007-2008 og var valin leikmaður ársins 2007-2008 hjá Körfuknattleiksdeild Hamars. Fanney var valin var til að leika Stjórnuleik KKÍ 19. janúar 2007 og 13. desember 2008. Í maí 2008 var Fanney boðið til æfinga með A landsliði kvenna og fyrsti landsleikurinn var spilaður á móti Slóveníu þann 4. sept. á Ásvöllum. Fanney spilaði í heildina 3 landsleiki, en einnig spilaði hún á erlendri grundu gegn Írlandi og Svartfjallalandi. Fanney hefur leikið sérlega vel í vetur með liði sínu var útnefnd „dugnaðarforkurinn“ þann 6. janúar í úrvalsliði fyrir umferðar Iceland Express deildar kvenna.

Landslið

Eins og segir hér að ofan lék Fanney Lind Guðmundsdóttir þrjá landsleiki fyrir hönd Íslands árið 2008. Auk hennar lék Jóhanna Björk Sveinsdóttir fyrir sama landsleik, en þær stóllur voru báðar valdar í leikinn gegn Slóveníu. Hafrún Hálfánardóttir og Íris Ásgeirsdóttir voru einnig boðaðar til æfinga með A-landsliðinu.

Nokkur fjöldi ungmenna í liðum frá Suðurlandi var valin til æfinga með yngri landsliðum sl. ár. Af þeim fjölda voru sex valin til þess að leika fyrir Íslands hönd á Norðurlandamóti í Svíþjóð sl. vor. Þetta voru þau Elma Jóhannsdóttir og Heiðrún Kristmundsdóttir, báðar úr Hrunamönnum, sem léku með U-16 ára liði stúlkna, Hjalti Valur Þorsteinsson og Oddur Ólafsson, báðir úr Hamri, sem léku með U-16 ára liði drengja, Hafrún Hálfánardóttir úr Hamri sem lék með U-18 ára liði stúlkna og Baldur Þór Ragnarsson úr Þór sem lék með U-18 ára liða drengja.

Þá voru þeir Þorsteinn Már Ragnarsson og Emil Karel Einarsson báðir úr Þór valdir í U-15 ára landslið drengja sem lék á alþjóðlegu móti í Kaupmannahöfn í júní 2008.

Árni Þór Hilmarsson

Skáknefnd

Nefndina skipa:

Form.: Páll Leó Jónsson	Umf. Selfoss	Suðurengi 15	S. 482 3021 / 897 3021
Guðni Ragnarsson	Umf. Dagsbrún	Guðnastöðum	S. 487 8570 / 898 6124
Skeggi Gunnarsson	Umf. Baldri	Skeggjastöðum	S. 482 2083 / 862 7583
Varam.: Úlfhéðinn Sigurmundsson	Umf. Baldri	Haga II	S. 482 2929 / 868 6706

Sveitakeppni HSK í skák

Héraðsmót HSK í sveitakeppni í skák var haldið í Selinu á Selfossi 27. nóvember 2008. Tefldar voru atskákir og skipuðu fjórir einstaklingar hverja sveit, óháð aldri eða kyni.

Keppnin var jöfn og spennandi eins og undanfarin ár og aðeins munaði 2,5 vinningi á fyrsta og fjórða sætinu.

Selfyssingar unnu nokkuð örugglega, hlutu 11,5 vinninga og er sigur þeirra sá fjórði í röð. Í sigursveit Selfoss voru þeir Páll Leó Jónsson, Magnús Gunnarsson, Magnús Matthíasson og Gísli Magnússon. Bestum árangri Selfyssinga náði Páll Leó, en hann vann allar sínar skákir.

Hér er að neðan eru úrslit viðureigna og lokastaðan á mótinu. Fleiri myndir frá mótinu má sjá á www.hsk.is

Lokastaðan:

1. Selfoss 11,5 vinningar
2. Baldur 9,5 vinningar
3. Garpur 9 vinningar
4. Dímon A 9 vinningar
5. Dímon B 1 vinningur

Skákmaður HSK 2008

Skáknefnd HSK tilnefnir Magnús Gunnarsson Umf. Selfoss sem skákmann ársins 2008. Magnús varð fyrir valinu vegna



Keppendur þungt hugsi á sveitakeppni HSK í skák.

góðs árangurs með Skáklfélagi Selfoss og nágrennis í deildarkeppni Skáksambands Íslands svo og árangurs á Öðlingamóti Íslands.

Magnús hefur ávallt sinnt æfingum af kostgæfni og miðlað reynslu sinni og þekkingu til félaga sinna.

Magnús er einn af þessum traustu mönnum sem öllum félögum er nauðsynlegur í öflugu félagsstarfi.

Starfsíþróttanefnd

Nefndina skipa:

Form.: Fanney Ólafsdóttir	Umf. Vöku	Hurðarbaki	S. 486 3345 / 892 4155
Halldóra Gunnarsdóttir	Umf. Baldri	Læk	S. 482 3502 / 892 8202
Klara Öfjörð Sigfúsdóttir	Umf. Selfoss	Suðurengi 22	S. 482 2205 / 822 8722
Varam.: Sigurgeir Ingólfsson	Umf. Eyfelling	Hlíð	S. 487 8824 / 893 8726

Haldið var Héraðsmót og keppt í þremur greinum á árinu. Samhliða Landbúnaðarsýningunni á Hellu var keppt í dráttarvélaakstri og jurtagreiningu 23. ágúst.

Keppnin var opin almenningi og varð ágæt þátttaka. Þrír efstu af HSK keppendum urðu:

Dráttarvélaakstur:

- | | | |
|-----------------------------|---------------|---------|
| 1. Jón Valgeir Geirsson | Umf. Vaka | 80 stig |
| 2. Sigmar Örn Aðalsteinsson | Umf. Vaka | 77 stig |
| 3. Þróstur Guðnason | Umf. Ingólfur | 73 stig |

Jurtagreining:

- | | | |
|---------------------------|-------------|---------|
| 1. Kristín Stefánsdóttir | Umf. Vaka | 34 stig |
| 2. Þórunn Kristjánsdóttir | Umf. Vaka | 30 stig |
| 3. Hilda Pálmadóttir | Umf. Baldur | 26 stig |

1. nóvember var seinni hluti Héraðsmótsins haldinn í Fjölbautaskóla Suðurlands. Áætlað var að keppa í pönnukökubakstri, lagt á borð og stafsetningu. Þátttaka var dræm og einungis var keppt í stafsetningu. Sú keppni hlaut nokkuð dramatískan endi og réðust úrslit ekki fyrr en nokkrum dögum síðar. Sannaðist þar með að keppni í starfsíþróttum getur verið spennandi ekki síður en í öðrum íþróttum.

Verðlaunahafar voru:

Stafsetning

- | | | |
|-----------------------|-----------------|----------|
| 1-2. Jón M. Ívarsson | Umf. Samhygð | 1 villa |
| 1-2. Einar Sigmarsson | Umf. Eyfellingi | 1 villa |
| 3. Halldóra Gunnarsd. | Umf. Baldri | 2 villur |

Úrslit í stigakeppni Héraðsmótsins urðu þessi:

- | | |
|------------------------|----------|
| 1. Umf. Vaka | 28 stig |
| 2. Umf. Baldur Hr. | 8 stig |
| 3.-4. Umf. Eyfellingur | 5,5 stig |
| 3.-4. Umf. Samhygð | 5,5 stig |
| 5. Umf. Ingólfur | 4 stig |
| 6. Hestam.f. Ljúfur | 2 stig |

Í lok árs ákvað nefndin að velja Jón Valgeir Geirsson úr Umf. Vöku starfsíþróttamann ársins fyrir góðan árangur í dráttarvélaakstri á undanförunum árum. Nefndin þakkar öllum þeim sem tóku þátt á árinu og einnig þeim sem aðstoðuðu á einn eða annan hátt við framkvæmd móta.

**Með starfsíþróttakveðju,
Fanney Ólafsdóttir, formaður**



Sigurlið Hamars á héraðsmótinu í sundi.

Sundnefnd

Nefndina skipuðu:

Form.:	Guðrún Hafsteinsdóttir	Íþr.f. Hamri,	Iðjumörk 3,	S. 483 4818 / 866 6855
	Arnar Freyr Ólafsson	Umf. Selfoss	Hvammi	S. 483 1336 / 844 4630
	María Rósa Einarsdóttir	Íþr.f. Dímon	Njálsgarði 14	S. 487 8694 / 865 3694
Varam.:	Gerður Þórisdóttir	Íþr.f. Dímon	Öldugerði 9	S. 487 8747 / 845 1085

Á árinu fóru fram þrjú mót á vegum Héraðssambandsins. Þau voru að venju, Aldursflokka-mót, Héraðsmót og Unglingamót.

Aldursflokka-mót

Aldursflokka-mót HSK var haldið á Hvolsvelli 3. maí.

Úrslit mótsins urðu sem hér segir:

1. Hamar 196 stig
2. Umf. Selfoss 172 stig
3. Umf. Dímon 76 stig

Stigahæsta sund mótsins átti Laufey Rún Þorsteinsdóttir, Íþr.f. Hamri.

Héraðsmót

Héraðsmót var haldið 10. júní á Hvolsvelli.

Úrslit mótsins urðu sem hér segir:

1. Íþr.f. Hamar 194 stig
2. Íþr.f. Dímon 70 stig
3. Umf. Selfoss 41 stig

Stigahæsta sundkona var Laufey Rún Þorsteinsdóttir Íþr.f. Hamri sem vann þrjár greinar og hlaut 18 stig.

Stigahæstu sundmenn voru Hugi Kristinsson og Leó Baldursson báðir frá Íþr.f. Hamri sem unnu báðir þrjár greinar og hlutu 18 stig fyrir.

Unglingamót

Unglingamót HSK var haldið á Selfossi 6. desember.

Úrslit mótsins urðu sem hér segir:

1. Umf. Selfoss 172 stig
2. Íþr.f. Hamar 166 stig
3. Íþr.f. Dímon 22 stig

Bætingarbikarinn hlaut Hannes Höskuldsson Umf. Selfoss.

Unglingalandsmót UMFÍ

Á Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið var í Þorlákshöfn um

verslunarmannahelgina kepptu sjö sundmenn undir merkjum HSK. Stóðu þeir sig allir með mikilli þrýði og unnu til sjö verðlauna.

Sundmaður HSK

Sundmaður HSK árið 2008 er Laufey Rún Þorsteinsdóttir, Íþr.f. Hamri. Laufey Rún hefur verið burðarás í liði Hamars í Hveragerði og náð góðum árangri á öllum mótum HSK sem hún hefur tekið þátt í. Hún hefur auk þess náð á verðlaunapall á ýmsum opnum mótum þetta ár.

Laufey átti stigahæsta sundið á Aldursflokka-móti HSK í maí og varð stigahæsta sundkonan á Héraðsmóti HSK í júní. Á Unglingalandsmóti í Þorlákshöfn vann Laufey Rún brons í flokki 15-18 í 50m baksundi. Á Unglingamóti Ármanns í nóvember vann Laufey Rún silfur í 100m baksundi á 1:23,55 mín. í flokki 15-17 ára.

Laufey Rún er mjög samviskusöm og mætir á allar æfingar og leggur sig ávallt 100% fram við hvert það verkefni sem henni er sett fyrir. Hún sýndi miklar framfarir á árinu, er fyrirmyndar íþróttamaður og er framtíð hennar í sundinu björt ef hún heldur áfram á sömu braut.

Almennt má segja að árið 2008 hafi verið gott sundár á Suðurlandi þó verður það að teljast áhyggjuefni að aðeins eru virk þrjú félög á svæðinu, Hamar, Selfoss og Dímon. Starfið er í miklum blóma bæði hjá Hamri og Selfossi en sundlaugarleysi seinnipart árs stóð starfi Dímons fyrir þrífum. Nú er lokið endurbótum á lauginni á Hvolsvelli og allar líkur til að starfið verði blómlegt þar í framtíðinni.

Ég vil að endingu þakka öllum sem komið hafa að eflingu sundíþróttarinnar á sambandssvæðinu á árinu. Sérstaklega vil ég þakka starfsmönnum móta, þjálfurum og síðast en ekki síst sundfólkinu sjálfu.

Með sundkveðju, Guðrún Hafsteinsdóttir

Sögu- og minjanefnd

Nefndina skipa:

Form.: Haraldur Júlíusson	Umf. Njáli	Gilsbakka 35	S. 487 8546 / 862 1267
Jóhannes Sigmundsson	Umf. Hrunamanna	Syðra-Langholti	S. 486 6674 / 896 2554
Lísa Thomsen	Umf. Hvöt	Búrfelli	S. 482 2670 / 863 8814
Varam.: Þorgeir Vigfússon	Umf. Skeiðamanna	Efri-Brúnavöllum 2	S. 486 5520

Nefndin kom saman á fimm bókaða fundi í Selinu þar sem unnið var að margskonar samantektum og verkefnum fyrir HSK. Starf nefndarinnar var með sama hætti og áður og fjölmörg málefni tengd sögu og starfi HSK tekin til meðferðar. Að venju gerði nefndin tillögu til stjórnar HSK um val á Öðlingi ársins. Að þessu sinni gerði nefndin tillögu um Árna Guðmundsson úr Golfklúbbi Selfoss sem Öðling ársins 2008. Hann er fæddur árið 1926. Greinargerð um íþróttuferil Árna birtist í ársskýrslu HSK 2007.

Eins og á fyrra ári fjallaði nefndin á fundum sínum um ritun á sögu HSK í tilefni 100 ára afmælis þess árið 2010. Jón M. Ívarsson sagnfræðingur og söguritari HSK sat alla fundi nefndarinnar. Verkið er nú þegar komið vel af stað í öruggum höndum Jóns og mun það verða merk heimild um sögu HSK, í máli og myndum allt frá undirbúningi að stofnun þess í upphafi 20. aldarinnar, til þess tíma sem við lifum nú í umröti og hraða í upphafi 21. aldarinnar.

Nefndin þakkar eins og áður, öllum þeim sem lagt hafa til efni og fróðleik og tekur með þökkum við öllu því efni sem tengist sögu og starfi HSK frá liðnum árum, svo sem myndum



Frá fundi sögu- og minjanefndar með Jóni söguritara

og frásögnum hvort sem er í bundnu eða óbundnu máli. Formaður þakkar samnefndarfólki og Engilbert Olgeirssyni framkvæmdastjóra HSK sem tók ómetanlegan þátt í störfum nefndarinnar og annaðist stjórn og fundarritun á fundum hennar, ánægjulegt samstarf.

Svipmyndir úr starfinu



Jóhanna Hjartardóttir og Ragnar Sigurðsson, varaformaður HSK, í árlegri fjallaferð stjórnar HSK.



Golfnefnd HSK. Sveinn J. Sveinsson, Karl Gunnlaugsson og Sólveig Stolzenwald.



Guðni Guðmundsson á Þverlæk hefur safnað dósum til styrktar söguritun HSK. Gísli Páll, formaður, þakkar Guðna þetta góða framtak.



Eldhúsið í Selinu eftir jarðskjálftann 29. maí.



Frá Toppmóti Akstursíþróttafélags Hreppakappa.

Skýrslur aðildarfélaga HSK:

Akstursíþróttafélag Hreppakappa



Árið 2008 hjá Hreppaköppunum einkenndist af því að þetta var fyrsta árið sem Hreppakappar kepptu í Íslandsmóti í akstursíþróttum. Við fórum með fjögurra manna hóp í fyrstu tvær umferðirnar í þolakstri. Myndin sem fylgir er einmitt úr fyrstu keppninni okkar. Þolakstur gengur út á slóðaaakstur á torfæruhjóllum sem krefst mikils þols og leikni. Einnig fór einn félagsmaður í sína fyrstu motocross-keppni í Íslandsmóti og þrír félagar tóku þátt í bikarmóti í motocross-i í Þorlákshöfn. Það var haldið í nóvember og kallað kreppu-cross.

Á þessu ári opnuðum við líka nýja heimasíðu og þægilegri vefslóð, <http://www.hreppakappar.is>, sem gerir félagsmönnum og öðrum það auðveldara að fylgjast með starfi félagsins og tjá sig um málefni líðandi stundar í áhugamáli okkar. Síðan er reyndar ekki fullkláruð, en innan skamms mun vera hægt að sjá myndböndin sem orðið hafa til við starfsemi félagsins.

MSÍ, sú deild innan ÍSÍ sem heldur utan um Íslandsmót og uppbyggingu akstursíþróttar á mótórhjóllum og vélsleðum, tók þá ákvörðun að færa uppskeruhátíð sína og uppgjör yfir á haustið. Þá lýkur keppnistímabili mótórhjóra- og vélsleðaökumanna og er betur við hæfi að gera upp árið og huga að stjórnarskiptum og áætlunum fyrir næsta tímabil.

Hreppakappar fylgdu því einmitt eftir þetta árið, og héldu því sinn vanalega aðalfund í apríl 2008 og breyttu þá líka lögunum og héldu aftur aðalfund 25. október 2008 sem verður hér eftir alltaf haldinn í októbermánuði.

Einnig varð breyting á stjórn félagsins á þessum aðalfundi. Berglind Valdimarsdóttir hætti stjórnarstörfum og Sigurbjörn Jónsson tekur hennar stað. Sigurbjörn hefur verið duglegur við að aðstoða við keppnishald Hreppakappa, klippingu myndbanda og aðstoð við heimasíðuna. Hann er því góð viðbót við stjórnina.

Það var ekki mikið meira sem Hreppakappar gerðu á árinu. Þó ekki megi gleyma tveimur innanfélags mótum sem þeir héldu í litlu æfingabrautinni sinni og hópferð sem var farin hringinn í kringum landið til þess að prófa að hjóla í motocrossbrautum víðsvegar um landið. Leitinn að stærra og betra svæði hélt áfram, þó sú leit hafi ekki skilað tilætluðum árangri. Í leiðinni opnaðist þó möguleiki á tímabundinni lausn fyrir félagið næsta sumar.

Sigurjón Snær Jónsson

Formaður Akstursíþróttafélags Hreppakappa

Golfklúbbur Ásatúns

Á aðalfundi sem haldin var í Golfskála Ásatúns 12. jan 2008 voru eftirtaldir kosnir í stjórn.

Form.	Sigurjón Harðarson.		
Meðstj.	Eiríkur Stefánsson	Ritari	
	Björn Tryggvason	Form. mótan.	
	Guðbjörg Jóhannsdóttir		
	Kristján Jónsson	Gjaldkeri	
Varam.	Árni Sófusson		
	Grímur Guðmundsson	Frkvstj. golfvallar	

Starfsdagur var fyrsta verk klúbbsins þetta vorið, með grillveislu um kvöldið, vel tókst til þótt fleiri hendur hefðu mátt vera á svæðinu. Sumarið hefur verið nokkuð gott fyrir okkur hjá golfklúbbum, talsverð aukning í mót á vegum klúbbsins, og

einnig aðsókn að vellinum að öðru leiti. Þó er vandamálið það sama og hjá öðrum, þ.e. lítill aðsókn á virkum dögum.

Mikil aukning var á skráðum félögum í klúbbinn, en nú eru skráðir félagar 87. Teknar voru í notkun 3 nýjar flatir, og er völlurinn að verða mjög góður. Tekið var í notkun æfingasvæði, og er hægt að fá keypta æfingabolta í golfskálanum.

Formaður klúbbsins sótti Héraðsþing HSK í Þorlákshöfn og Formannafund í Laugardal. Stefnt er að því að halda verðum óbreyttum fyrir 2009, og reyna þannig að koma til móts við golfara í þeim þrengingum sem nú dynja yfir.

Að lokum vil ég fyrir hönd stjórnar, þakka öllum sem lagt hafa klúbbum lið á síðasta starfsári.

f.h. stjórnar Golfklúbbs Ásatúns
Sigurjón Harðarson formaður.



Golfklúbburinn Flúðir



Á aðalfundi Golfklúbbsins þann 8. desember 2007 var stjórn endurkjörin og hefur hún starfað óbreytt.

Starfsárið hefur verið með svipuðu sniði og áður hefur verið. Félagar í klúbbum eru 166 samkvæmt Felix sem er félagatal Gólfsambandsins og hefur því heldur fjölgað í félaginu frá fyrra ári.

Sumarið var golfurum hagstætt. Veðurfar hélst gott og völlurinn kom vel undan vetri og hægt var að stunda golf fram undir mánaðarmót september-október, þó þeir hörðustu hafi verið lengur.

Á síðastliðnu ári kom nefnd á vegum Gólfsambands Íslands og gerði samræmt mat á vellinum. Við það breyttist erfiðleikastuðull hans þannig að hann lækkaði um eitt högg.

Framkvæmdir hafa verið nokkrar á vellinum sérstaklega þar þar að taka fram fimmtu og níundu flötina. Fimmtu flöt er búið að lengja í brekkunni framan við flötina, þannig að inná högg renna lengra niður og vegur sem þar var fer nú úr leik. Einnig hefur níunda flötin verið stækkuð og gerð að tveimur pöllum. Þar að auki hefur vökvunarkerfi verið stækkað og kom það sér vel í þurrkum í sumar.

Einnig má nefna æfingarskýli sem byggt var í fyrrihaust, en það fauk í fyrirvetur og var endurbyggt í vor með breyttu lagi og stendur vonandi af sér vetrarveður það sem eftir er.

Mótahald var með svipuðum hætti. Eitt mót var á vegum GSÍ, það var Íslandsmeistaramót yngri unglinga yngri en 16 ára og gekk það mjög vel. Golfkennari var Jón Hjartarson og einnig var haldið utan um þúttæfingar hjá eldri borgurum og einnig komu unglingar í nokkur skipti til æfinga og HSK hélt unglingamót á vellinum.

Frá GSÍ hefur borist tilboð um að Edvin Rögnvaldsson golvallarhönnuður sé tilbúinn að koma og fara yfir völinn með vallarnefnd og eigendum vallarins og leggja fram breytingartillögur eða annað sem gæti horft til framfara.

Meistaramót klúbbsins var haldið og meistari var Helgi Sigurðsson.

Nokkur leiðindi urðu í kringum meistaramótið og stjórnin telur að það þurfi að taka fastar á í sambandi við mótið. Fækka mótsdögum og einfalda umferðina þannig að ekki komi til leiðinda vegna þess. Bikarmeistari klúbbsins var Kristján



Karl Gunnlaugsson hefur verið formaður GF frá stofnun félagsins árið 1985.

Guðmundsson. Klúbbmeðlimir tóku þátt í mótum HSK á Þorlákshafnarvelli og einnig í sveitarkeppni öldunga og þar það til tíðinda að keyptur hafði verið keppnisklæðnaður, tvennar peysur, á liðið. Ríkti almenn ánægja með það á mótinu en árangur var nú ekkert sérstakur, sveitin lenti í næstnæsta sæti.

Hvað varðar næsta ár er ljóst að GSÍ verður með tvö mót á Flúðavelli, annars vegar Íslandsmót unglinga 18 ára og yngri sem verður 15. ágúst og hins vegar sveitarkeppni öldunga sem verður 28. ágúst.

Einnig var samþykkt á stjórnarfundum í haust að yfirfara lög klúbbsins og verða þau lögð fram til samþykktar á aðalfundi. Einnig verða lagðir fram reikningar klúbbsins sem sýnir að afkoman er viðunandi.

Stjórnin hefur hugsað sér að leggja fram tillögu um óbreytt félagsgjöld því í ljósi efnahagsástandsins þykir ekki ástæða til að ætla að hægt verði að hækka þau almennt, og ef til vill má búast við minni umferð á vellinum ef harnar í ári hjá þjóðinni almennt.

Pétur Skarphéðinsson ritari.

Golfklúbbur Hellu



Golfklúbbur Hellu hélt sinn aðalfund 10. nóvember 2008.

Stjórn GHR er óbreytt frá síðasta ári þ.e.

Formaður Óskar Pálsson

Varaform. Björn Sigurðsson

Gjaldkeri Katrín Björg Aðalbjörnsdóttir

Ritari Bjarni Jóhannsson

Meðstj. Vilborg Sigurðardóttir

Varamaður Guðný Rósa Tómasdóttir

Varamaður Árni Þorgilsson

Vallarstjóri var Sigurjón Eiríksson. Framkvæmdarstjóri var Björgvin Freyr Vilhjálmsson sem hefur nú látið af störfum, þökkum við honum fyrir hans störf.

Félagar í GHR eru nú 155, sem skiptast þannig: 75 karlar, 47 konur, 7 unglingar 16-19 ára, og 26 börn 0-15 ára. Að auki eru svo 11 manns í fjaraðild.

Félagsstarfið var með hefðbundnum hætti. Mót voru haldin, bæði innanfélagsmót svo og opin mót, alls 43 mót. Einu sinni í viku voru kvennatímar og var bara nokkuð góð mæting miðað við fyrri ár. Einnig var hjá okkur tvisvar sinnum í viku Jón

Þorsteinn Hjartarson golfleiðbeinandi sem sá um að leiðbeina í golfi en þá aðallega yngri kynslóðinni.

GHR tók þátt í sveitakeppni karla eins og

sl. ár og var keppnin nú haldin á Akureyri.

Félagar GHR stóðu sig vel og minnstu munaði að þeir kæmust í fyrstu deild. Sveitina skipuðu: Aðalbjörn Páll Óskarsson, Andri Már Óskarsson, Hjörtur Leví,

Jón Þorsteinn Hjartarson, Óskar Pálsson, Sæmundur Pálsson, Þórir Bragason og Arngrímur Benjamínsson sem einnig var liðstjóri.

GHR á nokkra unga og efnilega kylfinga má þá m.a. nefna Andra Má Óskarsson en hann hefur náð mjög góðum árangri og er nú meðal bestu kylfinga á landinu í sínum aldursflokk. Heimir Smári Heimisson, Ragnar Páll Ragnarsson og Grétar Ingi Guðmundsson en þeir tóku allir þátt í Unglingalandsmóti UMFÍ og lentu þar í 3. til 5. sæti.

Framfarabikar GHR fékk svo annar ungar og efnilegur kylfingur Einar Þór Guðmundsson. Hann hóf sumarið með 28,6 í forgjöf en með mikilli ástundun endaði forgjöfin í 19,6.

Golfklúbbur Selfoss



Stjórn klúbbsins skipa :

Bárður Guðmundarson formaður
Pétur Hjaltason gjaldkeri
Jónbjörg Kjartansdóttir ritari.
Ástfríður Sigurðardóttir meðstjórnandi.
Páll Leó Jónsson meðstjórnandi.

Aðalfundur klúbbsins fyrir starfsárið 2007 var haldinn 23. janúar 2008. Starfsemi okkar á starfsárinu var hefðbundin. Lögð var áhersla á barna- og unglingastarf innan klúbbsins, sem Gylfi Sigurjónsson sá um. Einnig stóðum við fyrir námskeiðum ætluðum byrjendum og lengra komnum sem voru vel sótt. Um kennsluna sá Karen Sævarsdóttir margfaldur Íslandsmeistari kvenna í golfi. Kvennastarf innan klúbbsins eflist mjög á s.l.sumri og lofar góðu á komandi sumri þar sem æ fleiri konur sýna íþróttinni áhuga.

Við höldum innanfélagsmót í hverri viku sem voru allvel sótt og náðu margir góðum árangri og lækkuðu forgjöf sína verulega. Meistaramót klúbbsins var að vanda vel sótt og hápunktur sumarsins hjá okkur kylfingum. Nokkur opin golfmót voru haldin og voru þau vel sótt.

Í haust og vetur voru gerðar talsverðar breytingar á golfvelli okkar vegna þess að við misstum hluta af því landi sem við höfðum undir golfvöllinn. Breytingar sem eiga eftir að koma mörgum kylfingum á óvart þegar starfsemi okkar fer aftur í

gang í vor og verður spennandi að sjá kylfinga spreyta sig við breyttar aðstæður.

Starfsemi okkar á komandi sumri mun einkennast af áherslu á barna- og unglingastarf. Halda áfram með kvennastarfið og síðast en ekki síst að hvetja alla yngri og eldri að taka þátt í hollri íþrótt.

Jónbjörg Kjartansdóttir



Frá meistaramóti klúbbsins sl. sumar.

Golfklúbburinn ÚTHLÍÐ

Ný stjórn kjörin á aðalfundi:

Formaður: Þorsteinn Sverrisson.
Varaformaður: Ólafur Sigurðsson.
Ritari: Helga Hilmarsdóttir.
Gjaldkeri: Edda Erlendsdóttir.
Mótanefnd og meðstj.: Bragi Agnarsson.
Forgjafarnefnd: Hjörtur Vigfússon.
Vallarnefnd: Arnar Guðjónsson.
Unglinganefnd: Dýrleif Guðmundsdóttir.
Framkvæmdastjóri og
Hús- og aganefnd: Rúnar Jón Árnason.
Vallarstjóri: Björn Þorsteinsson.

Aðalfundur var haldinn 26. nóvember 2008. Sumarið 2008 var gott og viðburðaríkt fyrir félagi í Golfkúbbi Úthlíðar og aðra kylfinga. Veðurfar var mjög gott, sérstaklega á þeim tíma sem flestir stunda golf í Úthlíð, þ.e. frá miðjum júní og fram í ágúst. Aldrei var spilað jafn mikið golf á vellinum og síðastliðið sumar.

Völlurinn var einnig með besta móti, enda helst það oft í hendur við gott veðurfar. Þó svo að sólarstundir hafi verið margar kom væta af og til sem er nauðsynlegt fyrir gróðurinn. Ekki voru gerðar miklar breytingar á vellinum en þó voru teknir í fulla notkun nýir teigar á nokkrum brautum sem byggðir höfðu verið upp árið áður. Einnig voru nokkrar flatir stækkaðar og munum við reyna að halda því áfram. Sléttað var svæðið fyrir vestan sandgryfjuna á sjöttu braut og fyrir neðan fjórðu braut. Ef allt gengur samkvæmt áætlun verða þessi svæði næsta sumar vel slegin röff eða brautir og ekki eins erfið viðureignar og áður.

Vallarstjóri var eins og undanfarin sumur Björn Þorsteinsson og aðrir starfsmenn unnu með honum í lengri og skemmri tíma. Keypt var ný sláttuvél til að slá röff og skilaði það sér strax í betri hirðingu. Bilanir á eldri sláttuvélum, sérstaklega

Golfklúbburinn Úthlíð



Frá afmælistóti félagsins.

brautarsláttuvélinni, gerðu vallarhirðingu erfiða í sumar og fer áður en langt um líður að vera nauðsynlegt að huga að endurnýjun vélakosts. Þessar vélar eru reyndar dýrar, sérstaklega miðað við þá gengisþróun sem verið hefur. Varahlutir eru einnig dýrir og bilanir valda miklum viðbótarkostnaði og aukinni vinnu. Verð á áburði, fræjum og eldsneyti hækkaði mikið á árinu og fyrirsjáanlegt er að þessi aðföng eiga eftir að verða enn dýrari næsta sumar.

Félögum fjölgaði talsvert. Yfirgnæfandi fjöldi fullgildra félaga eru hjónafólk. Nokkur fjölgun hefur orðið á börnum og unglingum í klúbbum sem er ánægjulegt.

Sex mót voru á árinu. Meistaramót GÚ var haldið 18. og 19. júní. Að venju voru spilaðar 36 holur. Klúbbmeistarar voru

Jóhann Ríkharðsson og Elín Agnarsdóttir. Þetta er í níunda skiptið sem Jóhann vinnur titilinn en þriðja skiptið sem Elín vinnur hann.

Geirs goða mótið var haldið þann 16. ágúst. Yfir 40 keppendur voru skráðir. Geirs goða bikarinn vann Eiríkur Guðmundsson og Höllubikarinn María Málfríður Guðnadóttir. Þau hafa bæði mætt á þetta mót lengi og eru handhafar vallarmeta á Úthlíðarvelli í karla- og kvennaflokki.

Hápunktur sumarsins var afmælistímið þann 28. júní. Þetta er langstærsta golfmót sem klúbburinn hefur haldið, en

keppendur voru yfir 100 talsins. Spilað var með Texas Scramble fyrirkomulagi, og ræst út annars vegar frá klukkan 8 - 10 og eftir hádegi frá 13-15. Um kvöldið var verðlaunaafhending, hátíðarveisla og ball í Réttinni. Tókst þetta mót afar vel í alla staði og er ekki á neinn hallað þó að Rúnari Árnasyni og Braga Agnarssyni sé þakkað sérstaklega fyrir allan undirbúning og framkvæmd.

Að lokum er öllum félögum klúbbsins þakkað kærlega fyrir skemmtilegt og gefandi samstarf á árinu og þeim óskað alls hins besta á komandi árum.



Sigurliðið í Bændaglímunni, sem var lokamót ársins hjá Golfklúbbi Þorlákshafnar.

Golfklúbbur Þorlákshafnar

Á aðalfundi Golfklúbbs Þorlákshafnar sem haldinn var þ. 15. janúar síðastliðinn var kosin ný stjórn fyrir starfsárið 2008-2009. Stjórnin er þannig skipuð.

Formaður Guðmundur Baldursson, Friðrik Guðmundsson, Hannes Gunnarsson, Hólmar Víðir Gunnarsson, Magnús Ingvarsson, Sigurður Bjarnason og Ægir Hafberg.

Starfið hefur gengið nokkuð vel og er hugur í mönnum varðandi framhaldið. Nokkur fjölgun félaga hefur orðið á milli ára og eru nú skráðir 408 félagar í klúbbum. Aðsókn að vellinum stóð nokkuð í stað miðað við árið á undan og voru skráðir á milli sjö og átta þúsund spilaðir hringir á árinu. Þónokkur mót voru haldin á árinu og tókust mörg þeirra vel. Kaupþingsmótaröð unglunga no. 3 fór fram hér dagana 28. og 29. júní. Þetta mót tókst ágætlega en ávinningur peningalega af að halda þetta mót er nánast enginn. Hugmyndin var að efla innanfélagsmótin og voru haldin 5 mót, má segja að ákveðinn árangur hafi náðst þar. HSK- mót var haldið hérna hjá okkur sem við sáum um framkvæmd á og tókum þátt í. Þá sáum við einnig um framkvæmd á golfmóti Unglingalandmótsins sem haldið var hér í Þorlákshöfn um verslunarmannahelgina ásamt því að eiga þátttakendur þar. Meistaramót Golfklúbbs Þorlákshafnar var haldið í júlí og var þátttaka sémileg. Keppt var í þremur flokkum karla og einum flokki kvenna. Klúbbmeistari í karlaflokki var Hólmar Víðir Gunnarsson og í kvennaflokki Dagbjört Hannesdóttir. Bændaglíma var okkar síðasta mót og var þátttaka nokkuð góð.

Íþrótt- og æskulýðsnefnd Sveitarfélagsins Ölfuss óskaði eftir því að við tilnefndum golfmann ársins og tilnefndi stjórnin Hólmar Víðir Gunnarsson. Hólmar er vel að þessum titli

kominn, hefur verið Golfklúbbum til sóma hvar sem hann hefur komið og verið. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Hólmar er tilnefndur golfmaður ársins, en hann hefur nokkuð oft hlotið þennan heiður.

Ákveðið var að gera átak í að efla unglिंगastarfið, auglýst var eftir þátttakendum og farið af stað með að kennsla yrði tvisvar í viku. Viðtökur voru góðar og í upphafi voru allt að 55 þátttakendur. Kennsla fór fram á æfingabrautinni og greinilegt að þarna voru margir varðandi kyflingar á ferðinni ef ekki einhverjir atvinnumenn. Ingvar Jónsson tók að sér að leiðbeina hópnum. Það má segja að þetta hafi gengið vonum fram og hafi aðeins verið byrjun á því sem koma skal.

Haldið var áfram með uppbyggingu og viðhald á vellinum og voru m.a. nokkrir teigar lagaðir, stígar betrubættir og færðir, útbúin tjörn við 11. brautina, ásamt mörgu öðru sem gert var sem of langt mál væri að telja upp. Völlurinn er alltaf að verða betri og betri og hefur þegar skipað sér í flokk með bestu völlum landsins. Með aukinni umferð um völinn kemur aukið viðhald, stígar og ýmislegt annað lætur meira á sjá og allt svona kostar meiri vinnu.

Framundan er að koma starfi sumarsins í gang, og er mikill hugur í mönnum að efla starfsemi klúbbsins ásamt því að gera Þorláksvöll enn betri.

Stjórnin þakkar starfsfólki og félögum öllum fyrir ánægjulegt starfsár.



F.h. stjórnar Golfklúbbs Þorlákshafnar
Guðmundur Baldursson formaður



Hestamannafélagið Geysir

Í stjórn Hmf. Geysis eru Ómar Diðriksson formaður, Svavar Ólafsson varaformaður, Eyrún Jónasdóttir gjaldkeri, Erlendur Árnason ritari og Eiður Kristinsson.

Landsmót var haldið á Gaddstaðflötum í ár. Þar áttum við sex þátttakendur í hverjum flokki. Mjög góður árangur náðist á mótinu og má þar nefna að Ísleifur Jónasson sigraði B-flokk, Rakel Nathalie Kristinsdóttir varð í öðru sæti í unglingsflokki og Henna Siren náði öðru sæti í ungmennaflokki, en í heild stóð okkar fólk sig frábærlega. Einnig fengum við tvo norðurlandameistara, Heklu Katharinu Kristinsdóttur í tölti í ungmennaflokki, og Ragnheiði Hallgrímsdóttur í gæðingskeiði.

Þess má geta að Geysismaðurinn Ísleifur Jónasson var kjörinn í stjórn Landsambands hestamanna á landsþingi haustið 2008.

Kveðja,
Ómar Diðriksson



Jónas Jónsson og Ísleifur Jónasson með verðlaun fyrir Röðul frá Kálfholti sem varð efstur í B-flokki gæðinga á Landsmóti hestamanna.



Stjórn Háfeta skipa :
Formaður: Sesselja Pétursdóttir
Gjaldkeri: Linda Ósk Jónsdóttir
Ritari: Sóley Einarsdóttir
Meðstjórnandi: Skúli Sigurbergsson

Meðstjórnandi: Hörður Jónsson
Varamenn: Andrés Kristjánsson
Stefán Hauksson

Síðasti aðalfundur var haldinn 24. nóvember 2008. Félagsstarf Háfeta á árinu 2008 var blómlegt að vanda enda duglegt og skemmtilegt fólk sem að félaginu stendur. Janúar var rólegur, einhverjir tóku inn hesta en margir voru þó búnir að því fyrir vegna tíðarfars.

Í febrúar hófust Hallarmótin svokölluðu, en þau voru þrjú talsins. Hallarmótin eru alltaf skemmtilegur viðburður hjá okkur Háfetafólki en spurningin er hvort við eigum að reyna að laða að fleiri áhorfendur með einhverjum hætti.

Í mars var hin árlega páskareið en að þessu sinni var riðið að Litla-Landi í Ölfusi þar sem við fengum höfðinglegar móttökur að hætti Sveins og Jennýjar. Að auki voru ýmsir útreiðatúrar farnir þegar fólki datt í hug og vel viðraði. Að öllum ölstuðum var Grétar einkar duglegur við að húa saman í útreið, enda oft nauðsynlegt að grípa góða veðrið þegar það kemur.

Karla- og kvennareið voru jafnframt með svipuðu sniði og verið hefur, báðar tókust mjög vel sem endranær og skipa þessar tvær uppákomur stóran sess í okkar starfi. Ekki síst þar sem þær gefa okkur gott tækifæri til að bjóða vinum og ættingjum á hestbak með okkur og þannig kynna hestamennskuna í leiðinni.

Firmakeppni var haldin 26. apríl og video- og björkvöld eftir 2. Hallarmót. Í júní héldu Háfetafélagar í hina árlegu Selvogsferð í blíðskaparveðri. Ferðin var auðvitað æðisleg, góð mæting og frábær stemmning í góðum félagskap. Selvogsferðin er orðin ómissandi fjölskylduferð í huga margra.

Að venju var haldin árshátíð snemma í vor. Árshátíðin er skemmtilegur lokahnykkur vetrarstarfsins þar sem ýmis verðlaun og viðurkenningar eru veittar. Hugmyndir komu upp

Hestamannafélagið Háfeti

á árshátíðinni um að hún skyldi haldin að hausti til en það er eitthvað sem við ræðum síðar.

Landsmót hestamanna var haldið á Hellu í júlí. Háfetafélagar fylktust að sjálfsögðu á þá stórhátíð og fjölmenntu á sameiginlegu tjaldstæði. Við mæðgurnar renndum á Hellu viku fyrir mót og tókum frá örugglega 10 hektara en þrátt fyrir það var afar þröngt á þingi og kannski þess vegna frábær stemmning. Þess má geta að formaðurinn hafði aldrei á slíka hátíð komið og skemmti sér konunglega líkt og aðrir félagar. Á mótinu kepptu þeir feðgar, Stefán Hauksson og Erlendur Ágúst Stefánsson og stóðu sig með mikilli þrýði.

Annað landsmót rann upp um verslunarmannahelgina. Gríðarleg vinna var í kringum mótið og að öllum öðrum ölstuðum má sérstaklega þakka Önnu Lindu fyrir vel unnin störf og góða skipulagningu. Mótið fór fram í blíðskaparveðri og mikið fjölmenni mætti til leiks. Fyrir mót var lyft grettistaki í fegrun svæðisins. Völlurinn var endurbyggður á glæsilegan hátt og svæðið allt snyrt og lagað. Þá sem endranær lögðust allir á eitt, gáfu vinnu og í sumum tilfellum efni sem er ómetanlegt í starfi sem þessu og vil ég fyrir hönd Háfeta þakka sérstaklega öllum þeim sem að þessu verkefni komu.

Um miðjan ágúst buðu Helga og Einar okkur að ríða með sér og sinni fjölskyldu að Brjánsstöðum á Skeiðum. Margir félagar þáðu boðið og úr varð hin besta ferð. Boðið var til veislu í skemmu á sveitasetrinu, dúkuð borð og fínerí og allir skemmtu sér vel.

Að lokum vil ég þakka frábært samstarf við alla Háfetafélaga. Það er ykkur að þakka að starfið er eins líflegt og raunin er. Hér hefur einungis verið stiklað á stóru, hinar fjölmörgu nefndir verið starfandi og virkni þeirra allra með besta móti enda Háfetafélagar afar bönagóðir. Hér hefur t.a.m. ekkert verið minnst á hið mikla barnastarf sem fram fer í félaginu og mun nú Anna Linda skila inn skýrslu síðar þar sem hún greinir frá því.

F.h. Háfeta
Sesselja Sólveig Pétursdóttir



Hestamannafélagið Ljúfur

Margt kemur upp í hugann þegar litið er tilbaka á starfsárið 2008, verkefnið voru mörg og fjölbreytileg. Eitt það helsta sem situr eftir eru hvað góð mannleg samskipti eru gefandi og mikilvæg í félagsstarfi. Og

þá er ekki bara átt við innanfélagssamskipti heldur líka við samskipti og tengsl útá við. Við höldum úrtökur fyrir LM 2008 með Geysismönnum og var það gott dæmi um gefandi og vel heppnað samstarf. Eins má nefna afar góða reynslu af Landsþingi hestamanna - staður og stund til þess að öðlast félagsmálalegt innsæi og tengjast samstarfsmönnum um allt land.

Á árinu 2008 var ákveðið fundarstarf í gangi í tengslum við hlut okkar í Rangárbökkum, en á liðnu starfsári gekk félagi okkar, Guðmundur F. Baldursson, í stjórn félagsins og situr nú þar sem varaformaður.

Önnur fagnaðaeftir af liðnu starfsári eru á meðal annars: Í hrossaræktun virðist Ölfusið vera búíð að afla sér sérstöðu: á Landsmóttinu komu fram allmargir hestar sem ræktaðir hafa verið á okkar svæði. Á keppnisvellið viljum við sérstaklega benda á og þar með heiðra Þorvald Árna Þorvaldsson, fyrir framúrskarandi árangur. Hann varð Íslandsmeistari í tölti 2008, hann vann ístóltið sem fram fór í Laugardalnum og var (ásamt Viðari Ingólfssyni) valinn íþróttaknapi ársins hjá Landssambandinu. "Heimafyrir" fögnum við því að hafa getað gengið frá leigusamningi við Landbúnaðarráðunetið á beitarlendi norðan megin við Varmá.

Reiðveganeftnd lagði lokahönd á tengingu frá Reykjum að Sogni, sem gerir hestamönnum kleift að komast úr



Fánareid félagsins.

hesthúsahverfinu án þess að ríða meðfram þjóðveginum. Mótaneftnd ásamt beitar- og mannvirkjaneftnd félagsins skilaði umtalverðum hagnaði á liðnu ári og útreiðar undir stjórn útreiðaneftdarinnar voru einstaklega vel sóttar. Sérstaklega ánægjulegt er það þó að geta þess hve æskulýðs- og fræðsluneftnd félagsins hefur starfað af dugnaði, fjölbreytilegt og skemmtilegt starf hennar hefur skilað mörgum nýjum hestamönnum í félagið, sem nú telur 157 manns.

F.h. Hestamannafélagsins Ljúfs
Ída Lön, formaður



Hestamannafélagið Logi

Aðalfundur Loga var haldinn 29. apríl 2008.

Stjórn Loga skipa:
Formaður: Guðrún S. Magnúsdóttir

Ritari: Sigurlína Kristinsdóttir
Gjaldkeri: Hólmfríður Ingólfssdóttir
Varaformaður: Óskar Tómas Guðmundsson
Meðstjórnandi: Sigurjón Sæland.

Starfsemi Loga var með blómlegu móti eins og undanfarin ár. Á vetrarmánuðum voru haldin þrjú vetrarmót í samstarfi við Hestamannafélagið Trausta og tókust þau með miklum ágætum eins og venja er. Sú nýbreytni var tekin upp að keppt var í unghrossaflokkki þ.e. að einungis má keppa á hrossum í þeim flokki, sem verða 5 og 6 vetra á keppnisárinu. Lagðist þetta afar vel í keppnisþyrsta félagsmenn og er komið til að vera. Einnig var boðið uppá heitt kakó og kruðerí í lok hvers móts og það verður ekki aftursnúið með það!

Í mars var haldin glæsileg árshátíð í samstarfi við Kvenfélag Bisk. og leikdeild U.M.F.B. Logi og Trausti skipulögðu reiðnámskeið í mars og apríl og fór það fram í Ölfushöllinni, kennari var Hugufrún Jóhannesdóttir. Í lok námskeiðs var svo haldið sameiginlegt töltmót Loga, Smára og Trausta í Ölfushöllinni. Hefð er komin á þetta mót og þátttaka alltaf góð.

Í maí stóð til að halda sameiginlegt íþróttamót Loga, Trausta og Smára. Þátttaka reyndist ekki næg til að hægt yrði að halda mótið, og er það miður.

Árlegt reiðnámskeið Loga var haldið að Hrísholti dagana 23.-27. júní. Reiðnámskeiðið skipar stóran sess í félagstarfinu og alltaf skapast mikil stemmning í kringum það. Alltaf er mikil



Keppendur í pollaflokkki á hestþingi Loga um verslunarmannahelgina 2008.

þátttaka og að þessu sinni voru þátttakendur 60 talsins. Námskeiðið er ætlað ungum sem öldnum, vönum sem óvönum, félagsmönnum Loga sem og öðru áhugafólki um hesta. Í beinu framhaldi af námskeiðinu þ.e. 28. júní, var svo haldin firmakeppni Loga og er það einn af stærstu viðburðum félagsins. Þátttaka var svo mikil þetta árið að skipta varð barnaflokknum upp í fjóra flokka. Einnig var nú í fyrsta skiptið boðið upp á flokk fyrir lítið vant keppnisfólk. Allt lagðist þetta vel í keppendur og aðra gesti sem gæddu sér á grilluðum pylsum í lok dags, í boði Loga. Í júlí bauð æskulýðsneftndin í útreiðatúr inn á Haukadalsheiði. 30 manns mættu og áttu saman góðan dag. Hestþing Loga var haldið 2. og 3. ágúst og var þetta í 50. sinn sem mótið er haldið. Mótið tókst ljómandi vel.



Tungurnar skörtuðu sínu fegursta sem endranær og menn og máleysingar höfðu það eitt að markmiði að gleðjast saman. 17. ágúst var svo tekin upp sú nýbreyttni að boða til hestamannamessu að Torfastöðum. Logafélagar víða úr sveitinni riðu til messu og drukku svo kaffi að messu lokinni í góðu yfirlæti hjá þeim Ólafi og Drífu á Torfastöðum. Næsta

sumar verður svo leikurinn endurtekinn, en þá verður annar kirkjustaður fyrir valinu.

Að lokum vil ég svo minna á heimasíðu félagsins, þar sem allar helstu upplýsingar um félagið og starfsemi þess er að finna. Slóðin er www.hestamannafelagidlogi.bloggar.is

Guðrún S. Magnúsdóttir formaður Loga.

Hestamannafélagið Sleipnir



Félagssvæði félagsins er Sveitarfélagið Árborg og Flóahreppur. Fjöldi félagsmanna í árslok er u.þ.b 400. Aðalfundur 2008 var haldinn 8. febrúar 2008. Í stjórn voru kosin eftirtalin:

Guðmundur Lárusson	formaður
Guðmundur Stefánsson	varaformaður
Torfi Ragnar Sigurðsson	ritari
Þórdís Viðarsdóttir	gjaldkeri
Reynir Þór Jónsson	meðstjórnandi
Freyja Hilmarisdóttir	varamaður
Sigurður Torfi Sigurðsson	varamaður

Á aðalfundinum var skipað í eftirtaldar nefndir:

Reiðveganefnd: Jón S Gunnarsson formaður Jón Árni Vignisson, Guðjón Sigurðsson.

Mótanefnd: Steindór Guðmundsson formaður Ari Már Ólafsson, Rut Stefánsdóttir, Helga Dögg Snorraddóttir, Bjarni Sveinsson, Sandra Steinþórsdóttir, Rakel Leifsdóttir, Pim Van Der Sloot, Sævar Sigurvinsson, Sandra Dögg Garðarsdóttir, Ármann Sverrisson og Davíð Bragason.

Húsnefnd: Rannveig Árnadóttir formaður, Hafdís Björnsdóttir og Eva Arnardóttir.

Æskulýðsnefnd: Kolbrún Birgisdóttir formaður, Aldís Pálsdóttir, Ida Sofia Grunberg, Ragnhildur Loftsdóttir, Ragnhidur Sigurðardóttir og Ágúst Hafsteinsson.

Rit og vefsíðunefnd: Rut Stefánsdóttir formaður, Margrét Ingibjörg Ásgeirsdóttir, Þuríður Einarsdóttir og Gunnar Jónsson

sem er vefsíðustjóri.

Vallarnefnd: Jóhanna Haraldsdóttir og Rúnar Andrésson. Firmakeppnisnefnd: Ingibjörg Stefánsdóttir, Grétar Halldórsson, Sonja Arnardóttir, Elín Magnúsdóttir, Erling Pétursson, Anna Sívertsen, Árni Oddgeir Guðmundsson, Björgvin R Snorrason og Þorsteinn Þorsteinsson.

Fjöl mörg mót voru haldin á Brávöllum sem er keppnisvöllur félagsins. Landsmót var haldið á Hellu s.l sumar og tók fjöldi Sleipnismanna þátt í því móti.

Árlegir viðburðir eru baðtúr niður að Stokkseyri, ferðalög á vegum ferðanefndar, kvennareiðtúr og fl

Æskulýðsnefnd stóð fyrir námskeiði fyrir börn og ungmenni sem þátt tóku í Landsmóti, ásamt öðrum námskeiðum fyrir þessa aldursflokka. Sleipnir og Fjölskyldumiðstöð Árborgar hafa gert með sér samkomulag sem felur í sér að Sveitarfélagið Árborg styrkir æskulýðsstarf Sleipnis verulega næstu tvö árin.

Bygging reiðhalla sem notast mun fyrir félagsmenn er í skoðun en efnahagsástandið í þjóðfélaginu gerir það að verkum að erfiðara er að sækja fjármagn til slíkrar byggingar og að áætun um byggingu og ekki síður rekstur verður að vera byggð á traustum grunni.

Hestamannafélagið Sleipnir verður 90 ára á árinu 2009 og verður þessara tímamóta minnst með ýmsum hætti.

F.h stjórnar,

Guðmundur Lárusson

SMÁRI



Hestamannafélagið Smári var stofnað árið 1945. Helstu áherslur í starfi Smára eru æskulýðsstarf og mótahald fyrir hestamenn og konur, einnig fræðsla og námskeiðahald fyrir félaga.

Æskulýðsstarf

Æskulýðsstarfið hjá Smára er og hefur verið mjög gott, leggjum við áherslu á að krakkarnir séu virkir þátttakendur í þeim uppákomum sem haldnar eru. Á vetrarmótum félagsins sem eru þrjú talsins er alltaf töluverð þátttaka hjá bæði börnum og unglingum þó hún sé að sjálfsögðu misjöfn. Farið hefur verið í helgarferð á hverjum vetri með krakkana og er þá reiðkennari með í för sem leiðbeinir þeim. Haldnir eru reiðtyggjadarar þar sem farið er yfir umhirðu reiðtyggja almennt. Fræðslan skiptir miklu máli og eru m.a haldin erindi um skyndihjálp, Sigurður Sigurðarson hefur haldið erindi fyrir krakkana um hestinn og gangteygdirnar.

Stutt hefur verið við bakið á krökkum sem hafa farið á LM með kennslu og æfingum fyrir mót. Farið er árlega á Æskan og hesturinn með ca 50 krakka. Æskulýðsdagurinn er orðinn fastur liður á sumrin þar sem krakkarnir keppa í hinum ýmsu óhefbundnu greinum og hefur tekist mjög vel. Árið er svo klárað með uppskeruhátíð.



Guðni formaður með verðlaunahöfum í unglingaflokki á gæðingamóti Smára.

Byrjað verður í vetur að bjóða börnum og unglingum uppá kennslu í hestamennsku í skólunum á félagssvæðinu.

Fastir liðir í starfinu

Haldin eru 3 vetrarmót hjá félaginu sem endar með útnefningu vetrargæðings Smára. Reynt hefur verið að halda ístóltmót undanfarna vetur en ekki alltaf tekist. Firmakeppni fer fram 1. maí og er hún alltaf mjög vel sótt. Gæðingakeppni er haldinn að

sumri og síðan er áður nefndur æskulýðsdagur haldinn í ágúst. Haldið er íþróttamót á vorin í samstarfi við Hestam.f. Loga en ekki alltaf tekist vegna fárra skráninga.

Á döfunni

Bygging reiðhallarinnar á Flúðum hefur verið stór þáttur í starfinu á árinu. Stefnt er að því að gera hana klára til notkunar

nú í febrúar. Höllin hefur að langmestu leyti verið reist í sjálfböðavinnu og er það frábært starf sem þar hefur verið unnið, vil ég nota þetta tækifæri og þakka öllum þeim sem komið hafa að húsinu fyrir frábært starf. Samhliða höllinni erum við að byggja upp nýjan reiðvöll á svæðinu við hana.

Með kveðju Guðni Árnason formaður Smára

Hestamannafélagið Trausti



Lítið var um að vera í janúar, enda flestir þá bara nýbúnir að taka inn hross og þau bara í léttu trimmi. Í febrúar byrjaði Einar Öder með reiðnámskeið í Hólmarshöll sem var vel sótt og stóð fram í apríl. Á sama tíma var Hugrún með reiðnámskeið í Ölfushöllinni, sem var sameiginlegt með Loga og Smára. Það námskeið endaði svo með tölmóti félaganna þriggja. Í mars og apríl voru punktamót Loga og Trausta og fóru þau öll fram í Hrísholti. Logi fór með sigur af hólmi í stigaskorun, en Linda tryggði okkur sigurinn í unglingaflokknum.

Árshátið var haldin að Gömlu Borg, var hún fámenn en góðmenn. Guðmundur Valsson sá um að elda gúlassúpu í mannskapinn sem féll í góðan jarðveg. Vorumst við samt til að fleiri sjái sér fært um að mæta á næstu árshátið.

Úrtaka fyrir landsmót fór fram á Selfossi, samhliða gæðingakeppni Sleipnis. Við sendum einn fulltrúa í hverjum flokki á mótið sem öll stóðu sig með þryði og voru féluginu til sóma. Sú nýbreytni var á landsmótinu að vera með þolreið á mótið, nokkur hestamannafélög á Suðurlandi tóku þátt og þar á meðal Trausti. Okkar fulltrúar stóðu sig ágætlega og enduðu í 3 sæti.

Jónsmessureiðtúr var farinn laugardaginn 28 júní. Mikil þátttaka var í honum eða á milli 40 og 50 manns. Miðengismenn sáu um túrinn, farinn var hringur um Miðengislandið, stoppað í Kálfshólakeri og riðið með fram Búrfellslæk, gegnum Þrengsli og endað á því að fara úti eyju í

Álftavatni. Síðan var slegið upp grillveislu í skemmuni í Miðengi, þar sem mannskapurinn gæddi sér á grilluðu svínakjöti.

11. ágúst byrjaði Hugrún með sitt árlega barna- og unglingareiðnámskeið, það var að vanda vel sótt og mikill spennningur í krökkunum að fá að fara í Kringlumýri og keppa á Völlum. 16. ágúst var svo Vallarmótið haldið að Laugarvatnsvöllum. Mótið var haldið í blíðskaparveðri og heppnaðist vel í alla staði. Eiríkur kom með dómarskúrinn af Bjarnastaðavelli og mæltist það vel fyrir að geta boðið uppá almennilega aðstöðu fyrir dómara. Þá var þetta annað mótið sem við höldum þar sem allt mótahald var fært í forritið Kappa. Það auðveldar alla eftirvinnslu til muna. Barnaflokkinn á Vallarmótinu vann Halldór Þorbjörnsson, unglingaflokkinn vann Linda Snæbjörnsdóttir og Ungmennaflokkinn Ragnheiður Bjarnadóttir. Öll önnur verðlaun féllu í hlut Snæbjarnar Björnssonar. Ss. fjór- og fimmgangur, 150 og 250 metra skeið og 300 metra brokk. Sverrir Sigurjónsson vann reyndar 300 metra stökk, en þar tók Snæbjörn ekki þátt.

Eftir Vallarmót hefur verið lítið um að vera hjá okkur, bygging reiðvallar á Laugarvatni er í fullum gangi sem og undirbúningur fyrir vetrarstarfið sem framundan er.



Íþróttafélagið Dímon

Formaður: Benóný Jónsson
Gjaldkeri: Ásta Laufey Sigurðardóttir
Ritari: Guðmann Óskar Magnússon
Meðstjórnendur: Björgvin Daníelsson og Lars Hansen

Heimasíða: www.dimonsport.is

Starfsemi íþróttafélagsins var með hefðbundnu sniði á starfsárinu. Mikill hugur var þó í Dímonarfólki, en í samstarfi við HSK og Rangárþing eystra var sótt um að fá Unglingalandsmót 2010 austur á Hvolsvöllum. Allnokkur vinna var lögð í umsóknina, en að lokum fór svo að Hólmvíkingar hrepptu hnossið.

Starf íþróttafélagsins er fjármagnað með framlagi frá sveitarsjóði, með æfingagjöldum iðkenda, starfi sjálfböðaliða og með öðrum styrkjum m.a. frá Íþróttasjóði ríkisins. Á árinu var samstarfssamningur við sveitarfélagið endurnýjaður, sem færði félaginu aukin sóknarfæri í starfi sínu. Samningurinn leggur grunninn að því að hægt er að bjóða upp á metnaðarfulla þjálfun unga fólksins í hinum ýmsu íþróttagreinum, en í félaginu er sá háttur hafður á að innheimta einungis eitt æfingagjald fyrir hvern iðkanda, óháð fjölda íþróttagreina sem hann stundar.

Áfram var haldið þróun á samþættingu skólastarfs og æfingahalds. Nú er svo komið að verkefnið er í gangi fjóra daga vikunnar og er þá öllum æfingum félagsins, fyrir iðkendur á skólaaldri, lokið áður en skólabílar fara síðustu ferð sína.



Íslandsmeistaralið félagsins í 5. flokki B-liða í krakkablaki.

Öflugt íþróttafélag er sveitarsómi, það stuðlar að heilbrigðu líferni ungs fólks og gerir það betur í stakk búið að takast á við lífið. Þess vegna er starfsemin um leið kröftugt forvarnarstarf.



Íþróttafélagið Garpur

Töluvert hefur verið í gangi hjá Garp þetta árið. Má þá fyrst og fremst nefna að Ragnheiður

Alfreðsdóttir dró sig úr ritaramennskunni og þökkum við henni kærlega fyrir störf sín fyrir félagið.

Eru þá í núverandi stjórn, eins og áður segir,

Formaður: Jóhanna Hlökkversdóttir

Gjaldkeri: Haraldur Gísli Kristjánsson

Meðstj: Árbjörg Anna Gísladóttir

Anna Björg Stefánsdóttir

Ágústa Hjaltadóttir

Kristinn Guðnason

Starf félagsins hefur gengið eins og smurð vél núna síðasta árið. Boltagreinar hafa verið undir handleiðslu Guðna Sighvatssonar, frjálsar íþróttir þjálfaðar af Jóhönnu Þ. Magnúsdóttur og Harald Gísla Kristjánssyni og fimleikar af Árbjörgu Önnu.

Garpur ferðaðist hingað og þangað og átti keppendur á flestum HSK mótum á árinu, þar á meðal á Unglingalandsmóti UMFÍ og stóðu krakkarnir sig með eindæmum vel.

Styrkir frá sveitafélögum hafa átt stóran þátt í því að halda Garp gangandi og eru því æfingar félagsins ókeypis fyrir iðkendur. Hið frábæra framlag frá Guðna Guðmundssyni frá Þverlæk hefur einnig verið okkur mikill styrkur í fjáröfluninni. Hann hefur safnað flöskum og dósnum í kassa og týnt upp



Krakkar úr Garpi á leikjanámskeiði HSK á Laugalandi.

meðfram vegum. Styrkir sem þessir gera félaginu okkar kleift að viðhalda tækjakosti félagsins og auðvelda samgöngur keppenda til og frá keppnisstað. Er þetta frábært framlag sem bæði hann notar sér til heilsubótar og hirðir um landið í leiðinni.

Eins og undanfarin ár var farinn jólasveinaleiðangur en er þá keyrt út með pakka á aðfangadag. Ár eftir ár eykst eftirspurnin og hefur þetta verið vel sótt núna að undanfögnu.

**Fyrir hönd Garps,
Jóhanna Hlökkversdóttir**



Íþróttafélagið Gnýr

Allt íþróttastarf á Sólheimum er undir stjórn Íþróttafélagsins Gnýs.

Ávallt er stefnt að því hafa starfið sem fjölbreytilegast svo að flestir íbúar, sem er blandaður hópur fatlaðra og ófatlaðra,

geti tekið þátt í því sem þeir hafi áhuga á og gaman af.

Stjórn Íþróttafélagsins Gnýs 2008, sem kosin var á aðalfundi 13. febrúar 2008:

Halldór Hartmannsson, formaður

María K. Jacobsen, varaformaður

Valgeir Fridolf Backman, gjaldkeri og ritari

Eyþór Jóhannsson, vararitari

Næsti aðalfundur er áætlaður 12. febrúar 2009

Boccia

Vinamót Gnýs og Suðra fór fram á Sólheimum 15. febrúar. Liðum var blandað saman og skipt í sex lið, sem nefndu sig hinum ólíkustu en skemmtilegu nöfnum. Íþróttafélagið Gnýr tók þátt í Íslandsmeistaramótinu í Boccia 4. apríl 2008. Leifur, Eyþór og Rósý náðu þriðja sæti í sínum riðlum. Um tuttugu manna hópur tók þátt frá Gný. Stór hópur tók þátt í einstaklingskeppni í boccia í október og nokkur verðlaun komu heim þar.

Frjálsar íþróttir

Frjálsíþróttir eru stundaðar hjá félaginu. Ágúst Þór, Eyþór og Inga Jóna komu heim með verðlaun frá Íslandsmeistarakeppni ÍF. Ágúst Þór Guðnason kom heim með fimm verðlaunapeninga af Opna Reykjavíkurmótinu í frjálsum

Hjólreiðaklúbbur Sólheima

Gömul hjól voru tekin úr geymslum og löguð og ný hjól keypt. Farið var í hjólreiðatúra og hjólað í og úr vinnu. Við þökkum Sjóvá og Markinu fyrir stuðninginn við kaup á reiðhjólahljálum.



Tveir öflugir fulltrúar Gnýs, þeir Reynir Pétur Ingvarsson og Ágúst Þór Guðnason.

Skátafélag Sólheima

Haldnir voru nokkrir skátafundir á árinu og áhuginn var mikill. Nýir skátar voru vígðir í starfið, þ.e. þeir Magnús Helgi Vigfússon og Eyþór Jóhannsson. Til hamingju Skátar! Sólheimaskátar hafa fengið til afnota Skakka-skóla og eru byrjaðir að nýta aðstöðuna til hjólreiðaviðgerða fyrir samfélagið og til flöskusöfnunar svo að hægt verði að gera upp það hús ásamt söfnun fyrir Heimili Friðarins í S. Afríku.

Tækjasalur og íþróttaleikhús

Aðsókn eykst þar með hverjum degi enda aðstaðan að batna. Með aukinni notkun aukast kröfur þeirra sem æfa daglega. Á dagskrá er að klára badminton- og blakaðstöðu í íþróttasalnum.

Sundlaug Sólheima

Nú komast flestir okkar íbúa í sundlaugina. Stigar og handrið er komið í laug og nuddpott. Aðstaðan er að verða til mikillar fyrirmyndar og vel til haldið.

Sólheimaleikhúsið

Leikfélag Sólheima tók til æfinga og sýndi Dýrin í Hálsaskógi eftir Thornbjörn Egner í leikstjórn Þórnyjar B. Jakobsdóttur. Stór og mikill hópur kom að verkinu og æfði mjög stíft. Uppselt var á allar sýningar.

Sólheimakórinn

Sólheimakórinn undir stjórn Vigdísar Garðarsdóttur tónmenntakennara á Sólheimum syngur orðið við hvert tækifæri enda eru flestir hér komnir í einkatíma og hópkenndu í tónmennt.

Kvennahlaupið

Það fór fram þann 6. júní 2008. Kristján Már stjórnaði upphitun eins og svo oft áður. Boðið var upp á grænmeti og djús fyrir dömunar.

Golfklúbbur Sólheima

Golfklúbbur Selfoss bauð íbúum Sólheima til golfmóts þann 30. maí þar sem allir slógu í gegn! Golfklúbbur Selfoss og Golfbúð Hafnarfjarðar afhentu Golfklúbbi Sólheima til eignar golfsett til æfinga á golfvelli Sólheima sem er ein braut þar 5. Öllum íbúum er velkomið að nýta golfsettið sem geymt er undir bekknum við teig 1.

Íþrótt- og leikjanámskeið

Eins og áður er í boði íþrótt- og leikjanámskeið fyrir börn og unglinga á Sólheimum. Námskeiðið er jafnframt opið öllum börnum úr nágrenninu og hefur það verið vel sótt. Námskeiðið stóð frá 9. júní til 11. ágúst. Ókeypis var á námskeiðið og naut það styrks frá Grímsnes- og Grafningshreppi.



Íþróttafélagið Hamar

Á aðalfundi Íþróttafélagsins Hamars sem haldinn var 18. febrúar 2007 í Grunnskólanum í Hveragerði voru eftirtaldir kosnir í aðalstjórn félagsins:

Guðríður Aadnegard	formaður
Kent Lauridsen	gjaldkeri
Anton Tómasson	ritari
Valdimar Hafsteinsson	meðstjórnandi
Elín Sesselja Guðmundsd.	meðstjórnandi.

Eftirtaldir eru formenn deilda:

Badmintondeild:	Ólöf Jónsdóttir
Blakdeild:	Valdimar Hafsteinsson
Fimleikadeild:	Sólveig Ingibergsdóttir
Knattspyrnadeild:	Örn Guðmundsson
Körfuknattleiksdeild:	Lárus Ingi Friðfinnsson
Sunddeild:	Guðrún Hafsteinsdóttir
Laugasport:	Valdimar Hafsteinsson

Örn lét af formennsku í september á aukaaðalfundi sem haldinn var í knattspyrnadeildinni og tók Valgeir Ásgeirsson þá við formennskunni.

Á aðalfundinum var Jóhanna Sveinsdóttir valin íþróttamaður Hamars, hún var einnig valin körfuknattleiksmaður HSK árið 2007.

Haldnir eru fundir einu sinni í mánuði með framkvæmdastjórn félagsins en sjaldnar yfir sumartímann. Fundirnir fara fram á skrifstofu félagsins í íþróttahúsinu. Stjórnarmenn og formenn deilda sóttu ýmsa aðra fundi, með fulltrúum sveitarfélagsins, HSK og öðrum aðilum.

Starfið á nýliðnu starfsári var hefðbundið og gróskumikið og gekk mjög vel. Deildirnar starfa sjálfstætt og hafa eigin fjárhag. Fjöldi menntaðra íþróttakennara, þjálfara og leiðbeinenda starfa innan félagsins og að auki vinna fjölmargir sjálfboðavinna við að halda starfinu gangandi og kann stjórnin þeim bestu þakkir fyrir. Rekstur Laugasports, líkamsræktarstöðvar, sem félagið rekur í Laugaskarði gengur og hefur opnunartími verið lengdur til að koma til móts við óskir viðskiptavina og er hún opin virka daga frá kl. 06:10 - 21:15 og um helgar frá 10:00 - 17:30. Þar er boðið upp á metnaðarfulla dagskrá fyrir alla aldurshópa.

Deildirnar hafa tekið þátt í ýmsum mótum m.a. héraðsmótum og Íslandsmótum og náð ágætum árangri. Ennfremur hafa deildirnar farið í æfingabúðir og skemmtiferðir. Körfuknattleiksdeildin hefur á liðnu starfsári átt nokkra leikmenn sem hafa verið valdir til æfinga og keppni með



Sigurlið Hamars á aldursflokkaþóti HSK í sundi.

landsliðum. Einnig hafa iðkendur í badmintoni sótt landsliðsæfingar. Ánægjulegt samstarf hefur verið á milli knattspyrnadeildar Hamars og Knattspyrnufélagsins Ægis í 4. flokki og er stefnt að enn frekari samvinnu. Á starfsárinu var stofnaður meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu.

Starfssemi félagsins er fjárfrek og þurfa allar deildir að leggja mikið á sig í fjárflokkun til að reka starfsemina. Hveragerðisbær styrkir starfið og deildir hafa skipt á milli sín dósasöfnun sem skilar umtalsverðum upphæðum og er ein af mikilvægari fjárflokkunum sem og mót sem deildirnar halda og hefð er fyrir. Deildir félagsins hafa tekið að sér að vinna ákveðin verkefni fyrir sveitarfélagið og má þar m.a. nefna leikjanámskeið á sumrin og umsjón með kaffisölu 17. júní, einnig hafa þær tekið að sér verkefni á Blómstrandi dögum. Töluvert samstarf hefur verið milli meistaraflokka karla og kvenna í körfuknattleik og knattspyrnu í sambandi við fjáraflanir t.d. var haldið sameiginlegt herrakvöld og jólahappdrætti. Knattspyrnadeildin er með flettiskilti við þjóðveginn og einnig gáfu sumar deildir út blöð. Sala á ýmis konar varning var einnig liður í fjárflokkunarskyni flestra deilda félagsins.

Iðkendur Hamars hafa sýnt einstakan dugnað og elju og eiga hrós skilið fyrir góða frammistöðu á liðnu ári. Á mótum sýna keppendur þrúða og drengilega framkomu svo eftir er tekið.

Stjórn félagsins hefur fundað nokkrum sinnum með Jóhönnu Hjartardóttur, menningar- og frístundarfulltrúa bæjarins og átt gott og ánægjulegt samstarf við hana. Á fundunum hefur mikið verið fjallað um aðstöðuleysi félagsins til íþróttaiðkunar. Meistaraflokkur karla í knattspyrnu þarf að sækja allar æfingar á undirbúningsstúabilinu til Reykjavíkur og



að auki sækja þeir æfingar tvisvar í viku til Þorlákshafnar, gefur auga leið að því fylgir mikill kostnaður fyrir deildina. Ýmsar hugmyndir eru uppi varðandi úrlausn þessara mála og er af hálfu bæjaryfirvalda verið að vinna að þeim.

Innan Íþróttafélagsins Hamars er rætt um nauðsyn þess að reisa nýtt íþróttahús sem nýttist sem keppnishús í ýmsum íþróttagreinum og yki aðgengi almennings til hreyfingar og að byggja þurfi gerfigrasvöll í fullri stærð og aðstöðu tengda vellinum. Sundlaug þarf að endurbæta og tryggja öllum aðgang að henni. Halda þarf áfram uppbyggingu á fjölskylduvænu útivistarsvæði undir Hamrinum. Félagið leggur áherslu á að staðsetning nýrra mannvirkja verði sem flestum fundinn samastaður á einu svæði til að tryggja hagkvæmni í rekstri og faglega starfseiningu. Huga þarf að því að hafa nægjanlegt landssvæði svo frekari uppbygging geti átt sér stað í samræmi

við væntanlega fjölgun í bæjarfélaginu.

Félagið heldur úti heimasíðu <http://hamarsport.is> þar sem birtar eru fréttir af starfinu, ásamt ýmsum gagnlegum upplýsingum er lýtur að starfi félagsins. Heimsóknunum inn á síðuna fer sífellt fjölgandi og fara að meðaltali um 900 manns inná síðuna á virkum dögum og um 1200 um helgar.

Að lokum þakkar stjórnin öllum þeim sem styðja við bakið á starfi okkar fyrir ómetnalegan stuðning og velvilja. Við kunnum þeim bestu þakki fyrir þennan hlýhug í okkar garð. Þeirra framlag fáum við seint fullþakkað. Iðkendum, forráðamönnum þeirra, þjálfurum og starfsfólki íþróttamannvirkja þökkum við ánægjulegt samstarf á árinu. Það er von okkar að Íþróttafélagið Hamar haldi áfram að vaxa og dafna á komandi árum.



Íþróttafélagið Mímir

Í byrjun febrúar var haldið körfuboltamót þar sem 2 og 2 voru saman í liði, hvert lið lagði 500 kr í pott og sigurvegarar fengu peninginn.

Í byrjun mars var haldið bekkjarmót í handbolta, blönduð lið, bæði stelpur og strákar. Í lok mars var haldið bekkjarmót í körfubolta, bæði stelpu og stráka. 30. apríl var haldin kraftakeppni sem heitir ML trölilið, Hjalti Úrsus dómari.

Í byrjun september, rétt eftir að skólinn byrjaði aftur var haldið bekkjarmót í knattspyrnu utanhúss. Tvö drengjalið fóru á

framhaldsskólamótið í fótbolta. 25. og 26. nóvember var haldið bekkjarmót í knattspyrnu innanhúss. Í byrjun janúar var haldin einstaklingskeppni í badminton, keppendur lögðu 100 kr í pott og sigurvegari fékk peninginn. Vikunni eftir badmintonmótið var haldið bekkjarmót í sundblaki.

Við fengum 10 futsal bolta frá KSÍ. Við keyptum 30 vesti og 8 fótbolta fyrir styrk frá ÍSÍ sem við fengum árið 2007.

Kveðja

Þóra Hugósdóttir og Snorri Þorvaldsson
Íþróttformenn Mímis árið 2008-2009.



Íþróttafélagið Suðri

Stjórn félagsins skipa:
Þorbjörg Vilhjálmsdóttir formaður
Inga Dröfn Jónsdóttir gjaldkeri
Guðrún Linda Björgvinsdóttir ritari
Kristján Gíslason meðstjórnandi
Soffía S. Pálsdóttir meðstjórnandi

Aðalfundur Íþróttafélagsins Suðra var haldinn 15. apríl 2008. Stjórnin fundar reglulega einu sinni í mánuði. Ný nefnd, skemmtinefnd, tók til starfa á árinu. Þjálfarar félagsins eru fimm.

Árið hefur verið viðburðaríkt, sem endranær, hjá Suðrafélögum. Hefðbundnar íþróttagreinar voru í boði og nýjar bættust við.

Boccia er langvinsælasta íþróttagreinin hjá félaginu og eru æfingar 2svar í viku yfir vetrartímann. Á annarri æfingunni er einnig stundum boðið upp á fótbolta og körfubolta fyrir áhugasama.

Knattspyrnuæfingar voru á vegum félagsins í sumar og á þær æfingar komu einnig félagar í Gný á Sólheimum. Áhugi á frjálsíþróttæfingum var lítill og því æfðu þeir sem áhuga höfðu með öðru félagi.

Sú nýjung var tekin upp að bjóða upp á golfnámskeið í samstarfi við Gylfa B. Sigurjónsson, var það vel sótt og vakti mikla ánægju.

Sundæfingar hófust í haust og æfa nú nokkur börn og unglingar sundið af áhuga. Munu þau taka þátt í sínu fyrsta móti, Nýárssundmóti ÍF, strax eftir áramót.

Suðrafélagar tóku þátt í mörgum mótum á árinu, boccia, knattspyrnu og frjálsum íþróttum og eignaðist félagið nokkra Íslandsmeistara.

Í febrúar var í fyrsta sinn haldið vinamót Suðra og Gnýs á Sólheimum, þetta mót verður árlegt og til skiptis hjá félögum.



Nokkir félagar í Suðra á jólafundum félagsins.

Starfið er fjármagnað með sölu jólakorta, æfingagjöldum, lottótekjum og styrkjum. Stöðug fjölgun er í félaginu og voru það aðallega börn og unglingar sem bættust í hópinn á árinu. Það er sérlega ánægjulegt og vonumst við eftir enn meiri fjölgun í þeim hópi.

Íþróttafélagið Suðri er eina íþróttafélag fatlaðra á Suðurlandi (fyrir utan Gný á Sólheimum) og viljum við bjóða alla áhugasama velkomna á æfingar. Að lokum viljum við þakka öllum þeim sem hafa lagt okkur lið á síðastliðnu ári.

F.h. stjórnar

Þorbjörg Vilhjálmsdóttir, formaður



Knattspyrnufélag Árborgar



Stjórn Knattspyrnufélags Árborgar var kosin á aðalfundi þann 10. apríl 2008. Hana skipa:

Einar Karl Þórhallsson, formaður
Baldvin Árnason, varaformaður
Gestur Guðjónsson, gjaldkeri
Stefán Magni Árnason, ritari
Guðmundur Karl Sigurdórsson, meðstjórnandi

Einvaldur körfuknattleiksdeildar: Sverrir Sigurjónsson.
Einvaldur handknattleiksdeildar: Eyþór Jónsson.

Knattspyrna

Árborg tók þátt í öllum þeim mótum sem boðið var uppá á vegum KSÍ á árinu. Fyrsta mót ársins var Lengjubikarinn þar sem Árborg lék í C-deild og var hársbreidd frá sæti í úrslitakeppni. Árborg féll úr leik í 2. umferð VISA-bikars karla en náði sínum besta árangri hingað til á Íslandsmótinu og var aðeins einu stigi frá úrslitakeppni. Umf. Selfoss og Árborg tefldu fram sameiginlegu liði í 2. flokki karla í fyrsta sinn og gekk samstarfið vel. Þar skapast auknir möguleikar fyrir unga knattspyrnumenn að leika í meistaraflokki en fimm leikmenn úr 2. flokki komu við sögu hjá meistaraflokki Árborgar á Íslandsmótinu. Héraðsmót í knattspyrnu karla fór ekki fram á árinu.

Körfubolti

Körfuknattleiksdeild KF Árborgar þurfti að sjá á eftir héraðs-meistaratitlinum í körfuknattleik eftir tveggja ára valdaskeið. Árborgarar voru eina liðið sem sigraði meistara Þórs í riðlakeppni mótsins en hafnaði að lokum í 6. sæti eftir tap gegn Hamri í leik um 5. sætið.

Handbolti

Handknattleiksdeild KF Árborgar tók að venju þátt í héraðsmótinu í handbolta sem fram fór í nóvember. Harðsnúið lið félagsins varð í 4. sæti eftir jafna keppni.

Fjáraflanir

Stærsta fjáröflun félagsins á árinu var að venju umsjón með hátíðinni Sumar á Selfossi. Mýraboltamótið var haldið í annað sinn og var þátttaka prýðileg og mótið vel heppnað. Árborg stóð fyrir karlmennskuhlaupi í fyrsta sinn samhliða Kvennahlaupi ÍSÍ. Uppátækið skilaði einungis félagslegum hagnaði en verður haldið áfram næstu ár. Félagið hafði umsjón með íþróttavellinum á Eyrarbakka líkt og fyrri ár. Smærri fjáraflanir fóru fram allan ársins hring, s.s. dansleikjahald, vörutalningar í verslunum o.fl.

Félagsmál

Á lokahófi félagsins var markakóngurinn Guðmundur Garðar Sigfússon kosinn leikmaður ársins. Bjartasta vonin var Böðvar Einarsson og félagi ársins Einar Þorgeirsson. Adolf Bragason og Þórarinn Snorrason voru heiðraðir fyrir góð störf og munu þeir þjálfa liðið áfram árið 2009.

Guðmundur Karl Sigurdórsson.



Handknattleikslíð Árborgar tók þátt í héraðsmóti í nóvember.



Knattspyrnufélag Rangæinga

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 27. nóvember og fór hann fram samkvæmt venjulegum aðalfundarstörfum. Í stjórn félagsins eru:

Þorsteinn Jónsson, formaður
Rúnar Guðmundsson, varaformaður
Hrafnhildur Sigurðardóttir, gjaldkeri
Helga Haraldsdóttir, ritari
Óli Jón Ólason, meðstjórnandi
Þórhalla Sigmundsdóttir, varastjórn
Jóna Sigþórsdóttir, varastjórn

Þjálfarar hjá félaginu á árinu 2008 voru þeir; Lárus Viðar Stefánsson, Adolf Hauksson, Rúnar Smári Jensson, Hjörvar Sigurðsson, Helgi Jens Hlíðdal, Ólafur Örn Oddsson og Viktor Steingrímsson sem var einnig vallarstjóri félagsins. Sigurður Orri Baldursson tók að sér að vera dómaraðgjafi fyrir félagið, en í því felst að sjá um að manna dómgaeslu á öllum heimaleikjum félagsins.

Lið félagsins tóku þátt í Faxaflóamóti eftir áramót og Íslandsmóti í sumar og samkvæmt heimasíðu KSÍ voru þetta 115 leikir, auk þess að farið var á einhver innanhúsmót og hraðmót. Þeirra stærst var mót sem haldið var á Blönduósi í sumar, en það var mót sem við ákváðum að fara á eftir að Borgnesingar breyttu sínu móti sem farið hefur verið á árlega.



Boltakrakkar frá KFR á landsleik Íslands og Þýskalands á Hvolsvelli sumarið 2008.

Knattspyrnusamband Íslands óskaði eftir því að KFR tæki að sér að halda tvo landsleiki á Norðurlandamóti U16 landsliða kvenna í sumar. Þetta þótti okkur Rangæingum gott mál og héldum við hér þessa tvo landsleiki. Sá fyrri 30. júní, en þá kepptu Noregur og Þýskaland og í seinni leiknum voru það íslensku stúlkurnar sem kepptu við þær þýsku. Framkvæmd leikjanna var mjög skemmtileg, þjóðsöngvar þjóðanna voru



Úr leik KFR og KB í VISA-bíkar karla.

spilaðir og skipulögð voru stuðningslið fyrir hverja þjóð. Þá var beðið um að völlum á Hellu yrði tiltækur fyrir liðin til æfinga. Hann var sleginn og merktur og nýttu einhver landslið sér hann til æfinga. KSÍ sendi okkur síðan þakkir fyrir frábærar móttökur og tóku fram að allar aðstæður og móttökur hefðu verið eins og best verður á kosið og starfsfólk KFR verið því til mikils sóma. Því er hér komið á framfæri.

Landsmót hestamanna var svo haldið á Hellu í sumar og bauðst félaginu að sjá um salernisvörslu þar líkt og á síðasta landsmóti. Haft var samband við okkur með litlum fyrirvara og gafst því lítill tími til undirbúnings. Félagar og foreldrar studdu þarna félagið rækilega og stóðu þarna vaktir í 512 klukkutíma. Innkoman af þessu starfi var hvalreki fyrir félagið okkar og bjargaði fjárhag sem var að komast í vandræði sökum mikils kostnaðar við ferðir á leiki og mót í sumar.



Aðalfundur var haldinn í Selinu 26. mars.

Kosnir voru í stjórn:
Jóhann Norðfjörð formaður

Sigurður Sv. Jónsson gjaldkeri
Dagbjartur Ketilsson ritari
Garðar Guðmundsson varaformaður
Sigurbjörn Arnarson meðstjórnandi

Þátttaka og árangur í mótum var mjög góður. Garðar Guðmundsson vann Landsmót Skotsambands Íslands í júní. Gunnar Gunnarsson vann Landsmót STÍ haldið á vegum SFS í maí. Hákon Þ. Svavarsson vann Landsmót STÍ haldið á vegum Skotf. Reykjavíkur í júní.

Hákon Þ. Svavarsson sigraði í keppni á Landsmóti STÍ sem var haldið á vegum Skotf. Akureyrar 5. júní. Hann náði Ólympíulágmarki á mótinu, 114 dúfur af 125 mögulegum og var sá eini sem náði því á seinasta ári. Hákon Þ. Svavarsson sigraði svo enn og aftur á Landsmóti STÍ á Blönduósi 19. júlí.

Pétur Gunnarsson vann gull á Reykjavík OPEN þann 17. ágúst. Hákon Þ. Svavarsson sigraði á Íslandsmót STÍ 24. ágúst og varð þar með Íslandsmeistari. Félagið var í 1. og 3. sæti í liðakeppninni. Bikarmeistaramót STÍ var haldið á svæði SR og þar varð Hákon bikarmeistari. HSK mótið var síðan haldið í haust sem leið og var sigurvegari Gunnar Gunnarsson.

Pétur Gunnarsson fv. landsliðsmaður var ráðinn þjálfari sl. vor og skilaði það sér greinilega á árangri keppnismanna. Þjálfaði hann eingöngu keppnislið félagsins. Kostnaður við það var 340.000 kr. Í ágúst voru keyptar nýjar kastvélur á eldri völlum.

Uppskeruhátíð yngri flokka KFR var haldin þann 5. október og var komið saman í safnaðarheimili Oddakirkju á Hellu og rifjað upp liðið knattspyrnutímabil yfir pizzuveislu og kaffiveitingum. Þjálfarar afhentu öllum viðurkenningu fyrir að hafa stundað íþróttina. Þá sýndi Margrét Lára Viðarsdóttir okkur þann heiður að koma og afhenda sérstakar viðurkenningar. Fótboltaíðkendur höfðu valið besta félagann í hverjum flokk og einnig voru veittar viðurkenningar fyrir mestar framfarir á tímabilinu.

Viðurkenningar fengu;

Jón Pétur Þorvaldsson, 7 fl. besti félaginn

Þormar Elvarsson, 7 fl. mestu framfarir

Magnús Hilmar Viktorsson, 6 fl. besti félaginn og mestu framfarir

Bjarki Hafberg Björgvinsson, 5 fl. besti félaginn

Kristján Ingi Guðlaugsson, 5 fl. mestu framfarir

Hrafnhildur Hauksdóttir, 4 fl. kv. besti félaginn

Valdís Bjarnadóttir, 4 fl. kv. mestu framfarir

Eyþór Eiríksson, 4 fl. besti félaginn

Reynir Óskarsson, 4 fl. mestu framfarir

Helgi Ármannsson, 3 fl. besti félaginn og besti leikmaðurinn

Narfi Hrafn Þorbergsson, 3 fl. mestu framfarir

Hjörvar Sigurðsson, 2 fl. besti leikmaðurinn

Lárus Viðar Stefánsson, mfl. besti leikmaðurinn

Starfsverðlaunum KFR árið 2008 hlutu; Benedikt Benediktsson og Erla Berglind Sigurðardóttir.

Í knattspyrnskóla KSÍ á Laugarvatni í sumar voru tilnefnd þau Reynir Óskarsson og Fanney Úlfarsdóttir.

Félagið vill nota tækifærið hér til að þakka þjálfurum, dómurum og aðstoðardómurum kærlega fyrir starfið á liðnu ári. Þá vill félagið einnig þakka öllum þeim er lögðu hönd á plóg við starfið á árinu og styrktaraðilar fá einnig kærar þakkir.

Fyrir hönd stjórnar KFR.
Þorsteinn Jónsson formaður.

Skotíþróttafélag Suðurlands



Verðlaunahafar á Gamlársdagsmóti félagsins, Hákon Þ. Svavarsson, Örn Valdemarsson og Gunnar Gunnarsson.

félagsins. Keyptar voru vélar frá Finnlandi sömu tegundar og eru á nýja völlum og hafa reynst vel. Tæknimaður kom frá framleiðanda vélanna og sá um uppsetningu þeirra en félagsmenn lögðu samhliða til talsverða sjálboðavinnu. Kostnaður vegna véla 1.400.000 kr. Taka skal fram að ekki var stofnað til skulda vegna þessa né neins annars, og er félagið skuldlaust.

Skotmaður ársins var valinn Hákon Þ. Svavarsson Íslands- og Bikarmeistari í Skeet.

Félagar í Skotíþróttafélagi Suðurlands eru 242 talsins.

UBH

Aðalfundur félagsins fór fram 29. des. 2008 Í stjórn eru :

Formaður: Guðmann Óskar Magnússon
Gjaldkeri: María Rósa Einarsdóttir
Ritari: Ólafur Elí Magnússon
Varam.: Helgi Jens Hlíðdal
Varam.: Jón Gísli Harðarson

UBH heldur ekki utanum íþróttastarfsemi eftir að Íþróttafélagið Dímón var stofnað og tók það yfir, en félagið er stuðningsaðili Dímónar.



Fyrir hönd félagsins,
Guðmann Óskar Magnússon.



Umf. Baldur

Aðalfundur félagsins var haldinn í Þingborg 6. janúar og urðu nokkrar breytingar á stjórn félagsins. Í september tók Haukur Gíslason við formennsku af Trausta Hjálmarssyni.

Hin árlega þrettándagleði var haldin í byrjun janúar þar sem kveikt var í bálkesti, flugeldum skotið á loft og spilað bingó. Fljótlega eftir áramót hófst undirbúningur að þorablóti sem er stærsta fjáröflun félagsins í samstarfi við Sandvíkinga. Þorablótið var haldið 26. jan og var húsfyllir á blótinu sem tókst í alla staði mjög vel.

Frjálsíþróttæfingar voru einu sinni í viku allt árið, auk fótboltaæfinga yfir sumarið. Yfir vetrarmánuðina var krökkunum skipt í tvo hópa eftir aldri en þjálfað var í einum hóp yfir sumarið. Umf. Baldur átti keppendur á mörgum mótum á vegum HSK í frjálsum sem voru vel sótt að vanda og árangur yfirleitt ágætur. Einnig tókum við þátt í starfsíþróttamótum, HSK móti í skák, bridds og handbolta þar sem félagar okkar stóðu sig með mikilli þryði.

Umf. Baldur átti 100 ára afmæli á árinu og var haldin vegleg afmælishátíð í Þingborg 12. apríl með tilheyrandi veislu. Þar voru rifjaðar upp margar skemmtilegar minningar úr sögu félagsins, munir félagsins voru til sýnis, söngatriði o.fl. til gamans gert.

Þann 19. apríl var hestamannakaffið haldið en það er árlegur viðburður þar sem fólk kemur ýmist ríðandi, gangandi eða á bíl í Þingborg og drekkur kaffi og snæðir veisluföng sem velunnarar ungmennafélagsins hafa bakað fyrir félagið og rann ágóðinn að sjálfsögðu til félagsins.

Þingborgarmótið var haldið 1. maí og er það mót á milli Umf. Baldurs, Umf. Samhygðar, Umf. Skeiðamanna og Umf. Vöku.

Vorfundur félagsins var haldinn í maí þar sem lagðar voru línurnar fyrir sumarið.

Um mánaðarmótið maí/júní var haldin hátíðin Fjör í Flóa þar sem ungmennafélagið kom að skipulagningu leikjadagskrár við



Frá 100 ára afmælishátíð Umf. Baldurs.

Þingborg. Ungmennafélagar hreinsuðu rusl meðfram Þjóðvegi 1 í júní í fjáröflunarskyni. Einnig var haldið leikjanámskeið á vegum HSK í Þjórsárverri sem var í samstarfi við hin ungmennafélögin í Flóanum.

Félagið sá um 17. júní hátíðarhöld í Einbúa þar sem dagskráin var með veglegra móti á afmælisárinu.

Flóamótið var haldið í ágúst þar sem krakkar 14 ára og yngri keppa í frjálsum.

Ungmennafélagar komu að niðurrifi og lagfæringum í grunn- og leikskólanum í sveitarfélaginu. Einnig var aðstöðuhús endurbyggt við leikskóla. Þessi verk tókust einkar vel og gríðarlega mikil fjáröflun fyrir ungmennafélagið.

Í nóvember var haldið leiklistarnámskeið í samstarfi við Umf. Samhygð og Umf. Vöku.

Stjórnarfundir voru haldnir reglulega allt árið og fréttablaðið Muninn kom út í upphafi hvers mánaðar. Því er dreift á alla bæi sveitarinnar og til áskrifenda utansveitar. Það er fréttamiðill sem er öllum opin.

f.h. Umf. Baldurs Haukur Gíslason

www.hsk.is



Umf. Biskupstungna

Aðalfundur félagsins var haldinn á Kaffi Kletti 11. des. síðastliðinn. Stjórnin er þannig skipuð: Guttormur Bjarnason formaður, Ingibjörg Sigurjónsdóttir gjaldkeri og Steinunn Lilja Heiðarsdóttir ritari.

Árið 2008 var vissulega merkilegt í sögu félagsins þar sem 100 ár voru frá stofnun félagsins og þeirra merku tímamóta myndum við minnst með ýmsum viðburðum á árinu. Árinu áður skipaði stjórn 3ja manna afmælisnefnd sem sá um viðburði á afmælisárinu. Hana skipuðu Gunnar Sverrisson, Sveinn Sæland og Matthildur Róbertsdóttir, fólk sem hafði unnið mikið í þágu félagsins á liðnum árum. Eftirtaldir viðburðir áttu sér stað. Kvöldvaka 9. feb. í Aratungu þar sem Bjarni Harðarson rakti sögu Tungnamanna fyrr og nú. Myndasýning Jóns Sigurðssonar frá Úthlíð af öllum býlum í sveitinni, auk tónlistaratriða.

Frumkýning á leikritinu „Leynimel 13“ 22. feb. í Aratungu.

Sumardaginn fyrsta 24. apríl afmælisdagur félagsins. Íþróttahátíð um daginn og síðan hátíðardagskrá í Aratungu um kvöldið, þar sem nokkrir félagar voru heiðraðir. Margrét Baldursdóttir frumflutti sögu félagsins í bundnu máli. Brot úr leikverki var flutt ásamt tónlistaratriði. Opnuð var heimasíða félagsins en hana hannaði Kristín Björk Guðbjörnsdóttir. Veisluborð var gjöf kvenfélagsins til félagsins.

Göngudagur 11. júní í Reykholti. Göngudagur 18. júní-gengið á Fellsfjall og þaðan að Vatnsleysu en þar var lengi samkomuhús sem hýsti félagsstarf sveitarinnar. Göngudagur 25. júní - ganga í Haukadal að Geysi. Í september var síðan



Ganga á Fellsfjall sem lauk í skógarreit félagsins á Vatnsleysu.

sveitaball með gleðisveitinni „Veðurguðunum“.

Ungmennafélagar lögðu sitt að mörkum við framkvæmd sparkvallar í Reykholti sem vígður var í desember.

Almennt starf ungmennafélagsins var blómlegt en íþróttadeild annaðist skipulagningu íþróttæfinga og viðburða því tengdu. Útgáfunefndin sá um útgáfu Litla Bergþórs en þess má geta að Arnór Karlsson hefur unnið að samantekt á sögu félagsins og er hluti hennar komin á heimasíðuna.

Fjáraflanir félagsins voru páskabingó 17. mars og sala veitinga í réttum.

**Fyrir hönd stjórnar,
Guttormur Bjarnason**



Umf. Eyfellingur

Stjórn félagsins skipa:

Sigurgeir L. Ingólfsson, formaður
Ármann Fannar Magnússon,
varaformaður
Magðalena K. Jónsdóttir
Helga Haraldsdóttir

Starfsemi félagsins var með nokkuð hefðbundnu sniði á árinu. Hinn árlegi starfsdagur við Seljavallalaug í vor þar sem fjölmenni mætti við laugina með kústa skóflur og önnur hreinsunartól að vopni og var lauginn þrífinn hátt og lágt, jafnframt sem lagfærðir voru brotnir gluggar og bekkir.

17. júní skemmtun var haldin við Fossbúð í blíðskaparveðri. Þessi skemmtun hefur verið haldin undanfarin ár í samstarfi við kvenfélagið.

Vinna við lagfæringu félagsheimilsins Dagsbrúnar er í fullum gangi. Búið er að skipta um járn á þaki, og glugga. Rafmagn er komið í húsið, og byrjað að huga að lagfæringum innan dýra.

**Með kveðju,
Sigurgeir L. Ingólfsson formaður.**



Unnið að endurbótum á húsinu Dagsbrún sem er í eigu félagsins.



Umf. Eyrbakka

Hvað varðar starfsemi Umf. Eyrbakka er óhætt að fullyrða að starfssemin er í algeru lámarki. Engin

formleg starfssemi hefur verið í gangi á nýliðnu ári hjá UMFE.

**Kveðja,
Jón Ólafsson.**



Umf. Framtíðin

Stjórn félagsins skipa:
Formaður: Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir
Ritari: Sigrún B. Leifsdóttir
Gjaldkeri: Birna Guðjónsdóttir
Meðstjórnendur: Brynja Rúnarsdóttir, Helgi Ármannsson, Áslaug Ýr Einarsdóttir.

Á aðalfundi sem haldinn var 17. febrúar 2008 var ákveðið að taka tvö ungmenni inn í stjórn (sem einn mann), viljum meina að þá hafi ungmenni meiri áhrif á starf félagsins. Staðið var fyrir boltaæfingum, línuskautæfingum og breikdansnámskeiði. Haldið veglegt boltakvöldsslútt í vor. Séð um ruslatínslu meðfram vegum í gamla Djúpárhrepp og 17. júní hátíðarhöld í íþróttahúsi Þykkvabæjar. Fjárhagur félagsins var orðinn bágborinn, var þá ráðist í að taka að sér ruslatínslu á Landbúnaðarsýningunni á Hellu og vænkaðist þá hagur félagsins. Leikjanámskeið í júní, tókum ekki þjálfara frá HSK heldur innansveitarmann vegna fámennis og fjárhagsstöðu.

Birna Guðjónsdóttir.



Frá línuskautæfingu hjá félaginu.

Umf. Hekla

Stjórn Umf. Heklu var kosin á aðalfundi 6. febrúar 2008. Hana skipa:

Formaður: Ragnar Pálsson
Varaform: Nína María Morávek
Gjaldkeri: Jón Bergþór Hrafnsson
Meðstj.: Jón Jónsson
Ritari: Olga Mörk Valsdóttir
Varam.: Guðmundur Jónasson.
Varam.: Sunna Bjarnadóttir

Helstu atriði úr starfsemi félagsins 2008 eru eftirfarandi:

Aðalíþróttagrein Umf. Heklu er körfubolti. Um 60-70 krakkar á grunnskólaaldri iðka körfubolta yfir veturinn í íþróttamiðstöðinni á Hellu undir stjórn tveggja þjálfara, þeirra Ólafar Bjarnadóttur og Þorsteins Darra Sigurgeirssonar, sem eru jafnframt íþróttakennarar við Grunnskólann á Hellu. Samtals eru um 88 æfingadagar og 8 keppnisdagar eða 318 æfingar yfir veturinn sem þjálfarar sjá um en skiptist niður á 4 hópa, minnibolti stráka og stelpna og eldri bolti stráka og stelpna. Tekið er þátt í Íslandsmóti KKÍ og er nokkuð um keppnisferðir og stundum þarf að gista. Foreldrar skipta ferðunum og ut anumhaldi á keppnisferðalögum á milli sín og sjá um að keyra ásamt þjálfurum sem hafa séð um skipulag með aðstoð frá körfuboltaráði foreldra.

Körfuboltahátíð sem jafnframt var lokahóf eftir vetrarstarfið var haldin 7. maí í íþróttamiðstöðinni á Hellu. Mæting var góð og tókst hátíðin vel. Keppt var í "streetball" þar sem liðin voru skipuð bæði foreldrum og krökkum. Í lokin var boðið upp á pizzur.

Héraðsmót HSK innanhúss í frjálsum íþróttum fyrir 15-22 ára, og 12-14 ára var haldið 2. mars 2008 á Hellu og tókst vel. Um 25 þátttakendur voru frá Umf. Heklu.

Leikjanámskeið var haldið 9.-20. júní í samvinnu við HSK og var í umsjón Guðna Sighvatssonar. Þátttakendur voru um 30 krakkar.

Einnig var boðið upp á leiklistarnámskeið 24. júní til 3. júlí en það var í umsjón Írisar Árnýjar Magnúsdóttur frá Selfossi. Þátttakendur voru 15 börn og biðlisti.

Umf. Hekla, í umsjón Nínu M. Morávek tók þátt í að skipuleggja kvennalaup ÍSÍ á Hellu. Góð þátttaka var í hlaupinu.

Um sumarið var gerð tilraun með að bjóða upp á æfingar í frjálsum íþróttum á íþróttavellinum á Hellu í umsjón Haraldar Gísla Kristjánssonar en mæting hjá krökkunum var dræm.

Haldin var vegleg afmælishátíð laugardaginn 26. júlí af tilefni 100 ára afmælis Umf. Heklu en félagið var stofnað að Keldum 26. júlí 1908. Hátíðin tókst mjög vel og mættu um 250 manns. Mikil vinna var lögð í að gera afmælishátíðina sem veglegasta. Undirbúningur afmælisins hófst um haustið 2007 og stóð allt árið 2008 fram að afmælinu og lauk í ágúst með útgáfu afmælisblaðs. Af tilefninu var gefin út bók um 100 ára sögu félagsins byggð á fundargerðum þess, í umsjón Páls G. Björnssonar. Sett var upp sýning um sögu félagsins í umsjón Guðrúnar D. Ragnarsdóttur og gefið út afmælisblað í ritstjórn Guðrúnar D. Ragnarsdóttur.

Nýir íþróttagallar Umf. Heklu með breyttu útliti voru teknir í notkun ásamt fallegum félagatrefli.

Íþróttaskóli fyrir 1.-4. bekk í grunnskóla hóf starfsemi um haustið 2008 og er í umsjón Ingibjargar Þ. Heiðarsdóttur og Ólafar Bjarnadóttur og gengur vel. Þátttakendur er um 30.

Fjárafilanir félagsins felast fyrst og fremst í æfingagjöldum, dósasöfnunum, styrkjum frá fyrirtækjum og sveitarfélaginu, lottótekjur ofl. Félagafjöldi í Umf. Heklu þann 31.12.2008 eru alls 333 félagar.



Frá 100 ára afmælishátíð félagsins.





Umf. Hrunamanna

Aðalfundur UMFH fór fram í apríl byrjun þar sem að eftirtaldir voru kjörnir í nýja stjórn, formaður Kristján Geir Guðmundsson, gjaldkeri Árni Þór Hilmarsson og ritari Halldóra Hjörleifsdóttir, meðstjórnendur Jón Viðar Finnsson, Skúli Guðmundsson og Kolbrún Kristín Danielsdóttir.

Starf hina ýmsu deilda innan UMFH var með miklum blóma árið 2008 og má þar nefna körfuknattleiksdeildina sem er með mikið og öflugt krakka- og unglingastarf, meistaraflokkur karla komst svo uppí 1. deildina á vormánuðum. Bridds hefur og verið stundaður einu sinni í viku í félagsheimilinu. Knattspyrna er einnig vinsæl á meðal yngri iðkenda og náðu þau góðum árangri í sínum flokkum. Fimleikar voru æðfir seinni part síðasta vetrar en ekki fékkst þjálfari til að sjá um þær fyrri part þessa vetrar. Blakmenn voru að eins og undanfarin ár og héldu enn sínu járn taki á titlum þeim er um er spilað á sambandssvæðinu jafnframt sem að þeir tóku þátt í 2. deild, bikarkeppni og Öldungamóti BLÍ með ágætum árangri.

UMFH varð 100 ára á árinu og var haldið uppá þann áfanga á Álfaskeiði í ágústmánuði með kaffi og kökum meðal annars, einnig öttu menn þar kappi í frjálsum íþróttum og þrautakeppni. Nú er verið að vinna í því að setja upp heimasíðu fyrir félagið og verður hún vonandi komin í gagnið á vormánuðum.

Reykjavík 9. janúar 2009,
Kristján Geir Guðmundsson



Frá 100 ára afmælishátíð félagsins.



Umf. Hvöt

Árið byrjaði með þorabloti 1. febrúar, körfuboltaæfingar voru tvisvar í viku og síðan var samstarf við Grunnskóla Ljósaborgar um íþrótt- og tómstundarstarf þrisvar í viku. Fótuboltaæfingar voru tvisvar í viku og kepptu strákarnir í sunnlensku deildinni. 25.

maí var sparkvöllurinn vígður og fengum við að gjöf bolta frá KSÍ. 14. ágúst var farið með yngri iðkendur í fótubolta á leik FH og Aston Villa og var góð stemming á leiknum.

20. september héldum við réttarball. 7. nóvember var sviðaveisla og hélt Maggi Kjartans uppi stuðinu ásamt Siggú Beinteins. Við sáum svo um að skaffa jólasveinana á jólaball sem var haldið 26. desember.

Í stjórn eru: formaður er Guðmundur Jóhannesson Klausturhólum, gjaldkeri er Hörður Ó. Guðmundsson Haga, ritari Guðgeir Gunnarsson Klausturhólum.

Kær kveðja,
Guðmundur Jóhannesson



Umf. Ingólfur

Stjórn Ingólfs skipa:
Formaður Pröstur Guðnason
Gjaldkeri Kristinn Guðnason
Ritari Ágústa Hjaltadóttir
Varamenn Daníel Magnússon
Jóna Sveinsdóttir
Ragnheiður Jónasdóttir

Starfið árið 2008 hjá félaginu var líkt og undanfarin ár, Pröstur mætti sem fulltrúi félagsins á 86. héraðsþing Skarphéðins í Þorlákshöfn 23 febrúar. Árlegt leikjanámskeið var haldið í samvinnu með Umf. Merkiðhvoli og Umf. Ásahreppi að Laugalandi 9.-20. júní, mæting var góð 18 börn og kennari var Guðni Sighvatsson. Aðalfundur var haldinn 15. apríl að Laugalandi. Fámennt var og ekki urðu breytingar á stjórn.

Ákveðið var að sækja um styrk úr Umhverfissjóði UMFÍ, en það er minningarsjóður um Pálma Gíslason fyrrverandi formann UMFÍ. Umf. Ingólfur var eitt af þremur félögum til að hljóta styrk og fékk 200 þúsund krónur sem munu verða nýttar til að laga aðgengi og merkingu við skógarreit félagsins. Styrkur þessi var veittur 2. júlí vestur í Heydal en þar er fjölskylda Pálma með ferðapjónustu og sumardvalarstað. Fulltrúar Umf. Ingólfs voru Margrét Þórðardóttir og Guðni Guðmundson.



Félagið hlaut styrk úr Umhverfissjóði UMFÍ.

Því miður varð ekkert úr göngudegi þetta árið eða þá að haldið yrði upp á 100 ára afmæli félagsins. Helstu tekjur eru lottó, getraunir og styrkur frá sveitarfélaginu vegna leikjanámskeiðs.

Að lokum vill undirritaður þakka samstarfið við HSK, UMFÍ og Rangárfing ytra.

Pröstur Guðnason



Umf. Laugdæla

Glæsileg afmælis dagskrá hefur verið í gangi allt árið undir stjórn afmælisnefndar félagsins sem í sitja Guðmundur Sæmundsson, Kjartan Lárusson og Guðmundur Rafnar Valtýsson auk formanns félagsins. Fyrsti viðburðurinn var 9. febrúar með stærsta þorablóti í sögu uppsveita Árnessýslu með vel á fimmta hundrað gesti. Að venju var skemmtidagskráin öll heimalöguð og danshljómsvetin Leynibandið þar með talið. Síðan var aðalfundurinn 5. mars og afmælisveisla haldin í ML 25. apríl. Hápunkti afmælisársins var náð 28. og 29. júní með nokkrum viðburðum sömu helgina, þá var afhjúpun minnisvarða um stofnendur félagsins við Laugarvatnshelli og haldin sögusýning úr starfi þess í íþróttahúsinu. Félagið var með átak í notkun íslenska fánans með sölu á 20 fánastöngum og fylgdi því félagsfáni og íslenski fáninn. Lokapunktur á vel heppnuðu afmælisári var síðan viðhafnarútgáfa Laugdælings sem dreyft var um allt Suðurland.

Í stjórn Umf. Laugdæla sitja Kári Jónsson formaður, Lára Hreinsdóttir ritari og Krístrún Sigurfinnsdóttir er gjaldkeri, varastjórn skipa Heiða Björg Hreinsdóttir og Helena Traustadóttir. Í skemmtinefnd sitja Guðrún Valgerður Ásgeirsdóttir, Gríma Guðmundsdóttir og Valgerður Sævarsdóttir, í ritnefnd Laugdælings er Ingibjörg Jónsdóttir Kolka. Boltanefndarformaður er Aron Kárasón, fimleikaformaður er Kristbjörg Guðmundsdóttir, frjálsíþrótaformaður er Agnes Erlingsdóttir, glímuneftarformaður er Jóhann Gunnar Friðgeirsson og skákneftarformaður er Sigurjón Mýrdal. Sundnefnd og skógræktarnefnd eru ekki starfandi en stjórn er tilbúin að taka hverjum þeim sem áhuga hefur á að leggja því starfi lið.

Starfsemi UMFL er í nokkuð föstum skorðum ár frá ári. Þar skipar íþróttastarfið lang stærstan sess. Samningur félagsins við Bláskógabyggð tryggir tekjur til að standa straum af ráðningu þjálfara og greiðslu húsnæðis vegna æfinga barna og unglinga að 16 ára aldri. Nú er boðið upp á íþróttaskóla barna í leikskóla og 1.-3. bekk grunnskóla. 4.-10. bekkur fær fjölbreyttar æfingar í fimleikum, frjálsíþróttum, glímu og knattspyrnu. Elstu nemendur grunnskólans æfa einnig júdó, körfubolta og blak. Unglingar í ML og nemar íþrótt- og heilsuþrautir HÍ eiga kost á að stunda frjálsíþróttir, blak karla og kvenna og körfuknattleik með félaginu. Skákin er einnig í nokkrum blóma og æfingar stundaðar einu sinni í viku. Þar að auki eru nú hafnar æfingar í júdó sem stefnir á landsmótsþátttöku í sumar. Mikið líf er í



Prúðbúin þorablótsnefnd félagsins á afmælisári.

körfuboltastarfinu um þessar mundir og félagið með hörkulið í 1. deild karla og 30 stúlkur sem æfa og keppa á héraðsmótum. Dansnámskeið hjónafólks var eitt kvöld í viku fyrir jól, heilsurækt karla og kvenna.

Íþróttamaður UMFL er kosinn á hverju ári auk þess sem viðurkenningar eru veittar ungum og efnilegum í hverri íþróttagrein sem stunduð er. Framúrskarandi unglingar sem keppa með unglingalandsliðum eða úrvalshópum á landsvísi eru einnig verðlaunaðir. Tilnefningar fara fram á aðalfundi en verðlaun veitt 17. júní.

Hefð er fyrir því að fjölskyldur fari í sumarútilegu sína á ULM á hverju ári. Ekkert annað félag innan HSK hefur haft á að skipa jafn öflugum þátttakendum á ULM og UMFL mörg undan gengin ár.

Laugdælingur, fréttabréf félagsins hefur verið gefið út samfelldt í 22 ár þar sem fluttar hafa verið fréttir af öllum sviðum samfélagsins. Félagið er einnig með heimasíðu <http://www.hsk.is/umfl/> þar sem fréttum úr starfinu er potað inn. Er þar sérstaklega bent á afmælisóð til UMFL eftir Halldór Pál skólameistara í ML sem sunginn var á þorablóttinu.

Fjármál félagsins eru nú í góðu lagi og félagið rekið með nokkrum rekstrarafgangi. Helstu stoðir í fjármálunum eru styrkir frá Bláskógabyggð auk þess sem þorablóttið gefur góðar tekjur. Þá hefur Byggingafélag Laugarvatns gefið öllum félögum boli með merki félagsins.

Félagið tekur virkan þátt í starfi HSK, UMFI og ÍSÍ auk fjölda sersambanda þess síðastnefnda.

Félagið okkar er ekki annað en fólkið sem í því starfar. Sú staðreynd að UMFL er í fimmta sæti heildarstigatöflu HSK og að það kemur að lífi allra íbúanna á félagssvæði sínu er til marks um velvilja og öflugt starf þessara einstaklinga. Þessi vilji og fórnfýsi er félagsauður og mannauður sem ekki verður metinn til fjár og verður ekki nóg samlega þökkuð. Til marks um félagslegt uppeldi má nefna að einu af sersamböndum ÍSÍ er nú stjórnað af félögum UMFL. Nýkjörinn formaður Glímusambandsins er Ólafur Oddur Sigurðsson, framkvæmdastjóri þess var um tíma Lárus Kjartansson og formaður glímudómarafélagsins er Kjartan Lárusson.

Megi Laugardalurinn og Bláskógabyggð bera gæfu til að nýta þennan mannauð í önnur 100 ár. Ungmennafélagsandinn er í okkur öllum, það sýnir starf félagsins.

**Með afmælikveðju, Íslandi allt,
Kári Jónsson, formaður UMFL.**



Gísli Páll, formaður HSK afhendir Kára Jónssyni Laugdælum gjafir á 100 ára afmæli félagsins.



Frá afhjúpun minnisvarða um heiðurshjónin Stefán og Guðfinnu í Vorsabæ.

Umf. Samhygð

Aðalstjórn

Stefán Geirsson	Gerðum	formaður
Markús Ívarsson	Vorsabæjarhóli	gjaldkeri
Margrét Valdimarsdóttir	Gaulverjabæ	ritari

Meðstjórnendur

Hugrún Geirsdóttir	Gerðum
Anný Ingimarsdóttir	Vorsabæjarhjáleigu

Á því herrans ári 2008 náði Umf. Samhygð þeim merka áfanga að halda upp á 100 ára afmæli sitt. Starf félagsins á árinu var því nokkuð markað þeirri staðreynd þó starfsemin hafi að mestu verið í hefðbundnum skorðum.

Glímuæfingar hófust þann 8. janúar á nýju ári eftir jólafrí. Stefán Geirsson þjálfaði og var æfingasókn og ástundun til fyrirmyndar allt tímabilið. Útgáfa Áveitunnar hélt áfram við góðan orðstír á árinu. Aðalfundur Samhygðar var haldinn 10. febrúar í Félagslundi. Margrét Valdimarsdóttir var kosin ritari stjórnar í stað Egils Baldurssonar. Hugrún Geirsdóttir fékk afhentan félagsmálabikar Umf. Samhygðar fyrir gott starf sem formaður skemmtinefndar félagsins.

Í aprílmánuði tók Samhygðarfólk þátt í Norðurlandamóti öldunga í frjálsum íþróttum og uppskar allnokkur verðlaunasæti. Flóahlaup Samhygðar var haldið 12. apríl. 92 hlupu á góðviðrisdegi í Flóanum. Bikarglíma Samhygðar var lokahnykkurinn á glímustarfi Samhygðar veturinn 07/08. Keppendur voru 19 frá Samhygð og Vöku.

Íþróttaæfingar úti voru á dagskrá vikulega frá 10. júní. 17. júní var haldinn hátíðlegur í samstarfi við Kvenfélagið. Samhygð stýrði íþróttamóti barna 14 ára og yngri en félagið stóð fyrir því nýmæli að grilla pylsur handa öllum hátíðargestum. Leikjanámskeið var haldið í júní í Þjórásarveri í samstarfi við nágrannafélögin.

Umf. Samhygð tók höndum saman við Kví. Gaulverjabæjarhrepps og hélt mikla afmælishátíð að kvöldi 21. júní í Félagslundi. Boðið var upp á kvöldverð, létt skemmtiatriði og eins voru flutt ávörp og afmælistveðjur. Að lokinni dagskrá var síðan slegið upp balli með Kántrísveitinni Klaufum. Hátíðin lukkaðist í alla staði vel og fékk félagið miklar og góðar gjafir í tilefni afmælisins sem það kann hinar bestu þakkir fyrir.

Timburhólagrillið var haldið 18. júlí. Samhygðar- og Vökumótið fór fram á íþróttavellinum við Félagslund þann 16. ágúst og varð stigakeppnin æsispennandi allt til síðustu greinar. Það fór svo að lokum að Samhygð sigraði naumlega.

Síðan 2004 hefur nefnd á vegum Samhygðar starfað að því að reisa hjónunum í Vorsabæ, þeim Stefáni Jasonarsyni og Guðfinnu Guðmundsdóttur, minnisvarða í skógarreit Samhygðar að Timburhólum. Þann 21. september var minnisvarði Stefáns og Guðfinnu afhjúpaður að viðstöddu fjölmenni.

Glímuæfingar hófust aftur 16. september af krafti. Haustballið var haldið 27. september og tókst vel að vanda. Í október hófust sameiginlegar æfingar í frjálsum íþróttum á vegum Baldurs, Samhygðar og Vöku. Sömu aðilar höfðu gengið frá því á vordögum að ráða leikstjóra til að stýra uppsetningu leiksverks veturinn 08/09 og hófst það starf á haustdögum. Glímufólki Samhygðar gekk vel á Fjórðungsglímu Suðurlands 11. nóvember í Þingborg og sigraði það í þremur flokkum. Á aðfangadag aðstoðaði Samhygðarfólk vaska sveina við að útteila gjöfum um sveitina.

Stefán Geirsson,
formaður.





Umf. Selfoss

Aðalfundur Ungmennafélags Selfoss var haldinn í félagsheimilinu Tíbrá 15. maí 2008. Á fundinum voru tvær nýjar

deildir teknar inn í félagið, en það voru taekwondodeild og mótokrossdeild. Eru deildir félagsins nú níu talsins.

Stjórn félagsins skipa:

Axel Þór Gissurarson, formaður
Bergur Guðmundsson, varaformaður
Hansína Kristjánsdóttir, gjaldkeri
Sandra D. Gunnarsdóttir, ritari
Sveinn Jónsson, meðstjórnandi
Birgir Ásgeir Kristjánsson, formaður fimleikadeildar
Helgi Haraldsson, formaður frjálssíþróttadeildar
Hallur Halldórsson, formaður handknattdeildar
Þórdís Rákel Hansen, formaður júdódeildar
Óskar Sigurðsson, formaður knattspyrnudeildar
Auðunn Daníelsson, formaður mótokrossdeildar
Guðmundur Jóhannesson, formaður sunddeildar
Ófeigur Leifsson, formaður taekwondodeildar
Framkvæmdastjóri Umf. Selfoss: Örn Guðnason
Starfsmaður knattspyrnudeildar: Sveinbjörn Mássón

Innan handknattleiksdeildar og knattspyrnudeildar eru starfandi unglingaráð með sjálfstæðan fjárhag. Þá reka handknattleiksdeild og fimleikadeild akademíur sem einnig eru sjálfstæðar rekstrareiningar. Félagið á einnig gott samstarf við Knattspyrnuakademíu Íslands á Suðurlandi. Starfsemi körfuknattleiksdeildar hefur legið niðri frá því s.l. vor þar sem ekki reyndist áhugi fyrir að manna stjórn deildarinnar eða halda starfinu áfram. Allt yngri flokka starf fluttist yfir til FSu s.l. haust.

Formaður unglingaráðs knattspyrnudeildar: Olgeir Jónsson.

Formaður unglingaráðs handknattleiksdeildar: Guðrún Herborg Hergeirsdóttir.

Yfirþjálfari og umsjónarmaður handknattleiksakademíu: Sebastian Alexandersson.

Yfirþjálfari og umsjónarmaður fimleikaakademíu: Olga Bjarnadóttir.

Framkvæmdastjórn félagsins hélt 18 fundi á árinu og aðalstjórn fundaði 12 sinnum. Stjórnir deilda og ráða héldu fundi a.m.k. einu sinni í mánuði og stóru deildirnar vikulega á keppnistímabilum sínum. Auk þess sátu framkvæmdastjóri og meðlimir framkvæmdastjórnar ýmsa fundi með fulltrúum sveitarfélagsins, HSK og fleiri aðilum.

Starf félagsins var öflugt á síðasta ári og voru mörg stór skref stigin bæði félagslega og íþróttalega. Af vettvangi aðalstjórnar má nefna nýjan þjónustusamning sem gerður var við Sveitarfélagið Árborg. Var þar um tímamótasamning að ræða þar sem stuðningur við félagið var aukinn verulega og mörg athyglisverð nýmæli tekin upp. Samningurinn tryggir rekstrargrundvöll margra þátta í starfsemi félgsins eins og t.d. rekstur akademía, skrifstofu félagsins, íþrótt- og tómstundaskólans, æfingar utan héraðs, íþróttavallarins við Engjaveg, íþróttasalarins í Gagnheiði, jólasveinautgerð, fyrirmyndardeilda, forvarna o.fl. Auk þess var afreks- og styrktarsjóður efldur verulega. Félagið naut liðsinnis Ræktar ehf. við stefnumótunavinnu í tengslum við úttekt sveitarfélagsins á íþrótt- og æskulýðsmálum í sveitarfélaginu.

Í haust voru hafnar framkvæmdir við nýjan íþróttavöll á íþróttasvæðinu við Engjaveg og mun í kjölfar þess aðstaða fyrir knattspyrnu og frjálssíþróttir verða fyrsta flokks.

Þrjár deildir hlutu á árinu gæðaviðurkenningu sem fyrirmyndardeildir ÍSÍ. Sunddeild fékk viðurkenningu á aðalfundi félagsins í maí og knattspyrnudeild og handknattleiksdeild á uppskeruhátíð Árborgar í lok desember.



Keppendur Selfoss á Mí 14 ára og yngri ásamt þjálfara.

Fimleikadeild fékk útnefningu 2007. Þrjár aðrar deildir stefna á að fá útnefningu 2009. Sveitarfélagið Árborg veitti deildum styrk upp á 700.000 kr. fyrir að fá útnefningu og síðan árlega 400.000 kr. næstu þrjú ár eða þar til endurnýjun fer fram.

Félagið gaf út vandaða ársskýrslu í tengslum við aðalfundinn. Þar kemur fram yfirlit yfir starf allra deilda. Í ársskýrslunni voru einnig birtir reikningar félagsins, deilda og vallarstjórnar. Aðalfundur deilda voru í febrúar og mars, en knattspyrnudeild er með sinn fund í nóvember. Umf. Selfoss hefur haldið úti öflugri heimasíðu (umfs.is) sem er með þeim bestu hér á landi. Fá íþróttafélög eru jafnvirk að setja inn fréttir og upplýsingar af starfi sínu. Heimasíðan er mikið notuð og fóru heimsóknir einn mánuðinn yfir 37.000.

Boðið var upp á fjölmörg íþróttanámskeið á vegum deildanna s.l. sumar, auk þess sem félagið rak íþrótt- og tómstundaskólann. Þá sá félagið um jólasveinakomu og þrettándagleði eins og hefð hefur verið um langt árabil. Í byrjun maí samdi aðalstjórn við knattspyrnudeild um að taka við rekstri íþróttavallasvæðisins og gildi samningurinn út árið. Júdódeild sér um rekstur æfingahúsnæðis í Gagnheiði.

Í byrjun nóvember samþykkti aðalstjórn nýja forvarnastefnu fyrir félagið. Með henni var m.a. undirstrikað að áfengi, tóbak eða önnur vímuefni eiga ekki samleið með íþróttum og að íþróttastarfið hefur ákveðið uppeldis- og forvarnagildi fyrir börn og unglinga.

Íþróttalega var árið 2008 frábært hjá Umf. Selfoss. Margir einstaklingar náðu glæsilegum árangri með því m.a. að vinna Íslandsmeistararitla eða meistaramótstitla. Nokkrir einstaklingar komust á Norðurlandamót, kepptu með landsliðum Íslands eða voru valdir á landsliðsæfingar. Fimleikastelpur komust á Norðurlandamót og Evrópumót þar sem þær enduðu í 9. sæti. Meistaraflokkur karla í knattspyrnu stóð sig frábærlega á sínu fyrsta ári í 1. deild og var aðeins einu stigi frá því að komast upp í úrvalsdeild. Á haustmánuðum var stofnaður meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu og er stefnt á að senda lið í Íslandsmótið 2009. Handknattleiksdeild hlaut Unglingabikar HSÍ fyrir besta barna- og unglingastarfið og 3. flokkur karla stóð uppi sem deildar- og Íslandsmeistari. Einnig unnust nokkrir titlar hjá yngri flokkunum.

Mikið sjálfbóðaliðastarf er unnið innan Umf. Selfoss sem m.a. kemur fram í fjölda stjórna, nefnda og ekki síst foreldraráða. Má segja að það sé ein lykilforsenda fyrir velgengni félagsins og ber að þakka það. Góðir þjálfarar og tilkoma akademíanna hefur einnig skipt sköpum fyrir góðan árangur í afreksíþróttum. Framtíðin er því björt á Selfossi.

F.h. Umf. Selfoss,

Axel Þór Gissurarson, formaður
Örn Guðnason, framkvæmdastjóri.




Umf. Skeiðamanna

Stjórnin er skipuð sömu mönnum og síðastliðið ár.
Formaður Ólafur F. Leifsson
Gjaldkeri Guðjón Vigfússon
Ritari Sigríður Ósk Jónsdóttir

Starfsemin var að mörgu leiti góð. Aðalfundur var haldinn 17. febrúar. Hjónaballið fór fram með miklum ágætum og sumardagurinn fyrsti var haldinn hátíðlegur að vanda með víðavangshlaupi og ýmsum leikjum. Leikjanámskeiðið var fjölmennt, 24 ungmenni sóttu það og allir ánægðir. Æfingar voru á íþróttavellinum í umsjá Gests Einarssonar og voru iðkendur ánægðir með hans leiðsögn. Gekk vel á þeim mótum sem þau tóku þátt í. Á Unglingalandsmótninu í Þorlákshöfn voru þrír Skeiðamenn við framkvæmdina á spjótkastinu sem var ströng, en ánægjuleg, þriggja daga vinna.

Það sem bar samt hæst á árinu var útgáfa Jarðabókar Skeiðahrepps sem unnin var af Jóni Eiríkssyni í Vorsabæ á undanförunum 65 árum á vegum Ungmennafélags Skeiðamanna. Ungmennafélagið varð 100 ára 24. maí og var beðið með afmælishátíð þar til Jarðabókin kom út. 6. desember var haldið hádegisverðarhóf í Brautarholti sem fjöldi manna sóttu. Hátíðin var hin ánægjulegasta í alla staði, saga félagsins var rifjuð upp í fáum orðum, svo voru ræðuhöld, söngur og leikþáttur sem allt fékk góðar undirtektir. Tildrög útgáfu Jarðabókarinnar var rakin og útgáfunni fagnað.

Valgerður Auðunsdóttir



Jarðabók Skeiðahrepps eftir Jón Eiríksson kom út fyrir jól.



Umf. Stokkseyrar

Í stjórn eru Ingibjörg Ársælsdóttir formaður, Helga Björg Magnúsdóttir gjaldkeri, Vernharður Reynir Sigurðsson ritari, Gylfi Pétursson og

Ingibjörg Birgisdóttir meðstjórnendur.

Ungmennafélagið sá um þorablót okkar Stokkseyringa þetta árið og mæting var mjög góð og allir skemmtu sér vel, en ungmennafélagið hefur haldið þorablótið annað hvert á síðan engin man hvenær.

Aðalfundur var haldinn 22. maí. Við erum með samning við Sveitafélagið Árborg um rekstur íþróttahússins á Stokkseyri og var hann endurnýjaður og gerðar þó nokkrar breytingar á honum á árinu.

Útleigan á húsinu hefur verið þónokkur á árinu, feringar og erfidrykkjur, afmæli og brúðkaup svo eitthvað sé nefnt.

Fótbolti er æfður í 7. og 6. flokki þrisvar í viku. Farið var á HSK mót og þónokkrir æfingaleikir voru á árinu við nágrannabyggðirnar. Þjálfaraskipti urðu á árinu þegar Rúnar Birgisson hætti og við tók Valdimar Gylfason.

Strandahlaupið var á sínum stað í maí og enn er þátttakan að aukast. Hún hefur reyndar aukist með hverju árinu síðustu fimm árin og er það mjög skemmtilegt því þetta er fjölskylduhlaup og hefur þátttaka foreldra sjaldan verið meiri.

Ungmennafélagið varð 100 ára þann 15. mars og bauð öllum sem þigga vildu til morgunverðar í íþróttahúsinu og voru fjölmargir sem lögðu leið sína til okkar og þökkum við þeim kærlega fyrir komuna.

Í tilefni af afmælinu var ungmennafélagið með þá nýbreytni á Bryggjuhátíðinni, sem er þorshátíð okkar Stokkseyringa, að við vorum með fótboltakeppni þar sem fimm hverfi og sveitin voru með fótboltið og að sjálfsögðu fylgdi klapplið hverju liði og kepptu liðin í mestu rigningu sem gekk yfir Stokkseyri á liðnu sumri sem var afleitt því regninu fylgdi svo mikið rok að varla var stætt á vellinum. Einu reglurnar voru þessar

hefðbundnu fótboltareglur og ekki mátti vera í takkaskóm. Keppnin tókst með miklum ágætum og er komin til að vera. Endað var á að veita sigurvegurinum bikar og einnig voru veittar viðurkenningar fyrir besta klappliðið og bestu búningana.

Körfuboltaæfingar voru eftir áramótin og aftur í haust. Þjálfari var Bjarki Gylfason.

Fimleikar lofa góðu eins og alltaf og urðum við því miður að neita að taka inn nokkra krakka því allt var orðið fullt í tímunum en eftir áramótin 08-09 höfum við bætt við einum flokki og erum nú með um 50 krakka á aldrinum 5-16 ára og erum að vinna í að koma okkur inn í Fimleikasamband Íslands til að fá að keppa á mótum. Þjálfari er Tinna Kristinsdóttir.

Þrekþjálfun hefur verið þrjá morgna í viku og er Börkur Brynjarsson yfirþrekþjálfari og tvisvar í viku eru erobiktímar hjá Tinna Kristinsdóttur og hefjast þessir tíma klukkan sex á morgnanna.

Ungmennafélagið sá um kvennahlaupið á staðnum eins og undanfarin ár.

Uppskeruhátíðin var haldin í október og voru veittar viðurkenningar fyrir bestan árangur í fótbolta, besta tímann í Strandarhlaupinu fyrir alla aldurshópa í karla- og kvennaflokki og endaði hátíðin á að allir fengu pizzu.

Sundnámskeið var í vor í sundlauginni okkar fyrir krakka á aldrinum 4-12 ára og var þátttaka þökkaleg. Kennari var Magnús Tryggvason.

Eins og undanfarin ár sáum við um að kveikt væri á jólatrénu við Skólavistina og vísuðum jólasveinunum rétta leið að trénu. Jólasveinarnir komu svo með pakkana í húsin á aðfangadag og færðu öllum þægum börnum.

Skötuveisla ungmennafélagsins var svo á Þorláksmessu eins og undanfarin 10 ár.

**Fyrir hönd stjórnar,
Ingibjörg Ársælsdóttir, formaður.**

Umf. Vaka

Stjórn Ungmennafélagsins Vöku árið 2008 var óbreytt frá fyrra ári og var skipuð eftirtöldum:

Formaður: Haraldur Einarsson, Urriðafossi

Gjaldkeri: Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir, Lyngholti

Ritari: Helga Björg Helgadóttir, Súluholti

Aðalfundur var haldinn 2. janúar 2008. Stjórn félagsins fundaði með formönnum nefnda reglulega eða einu sinni í mánuði. Mikið og gott samstarf var á árinu sem var að líða við nágrannafélögin Samhygð og Baldur. Fréttablaðið Áveitan var áfram gefin út einu sinni í mánuði í samstarfi við Umf. Samhygð. Áveitunni er dreift um allan Flóahrepp og einnig er hægt að gerast áskrifandi.

Íþrótt- og leikjanámskeið, undir stjórn Ólafs Guðmundssonar, var haldið fyrir 6-12 ára börn í vor í samstarfi við Umf Baldur og Samhygð. Boðið var upp á íþróttæfingar allt árið en í haust var hafið samstarf við Flóaskóla. Þar sjá ungmennafélögin í hreppnum um æfingar í svokallaðri skólavistun fyrir 1.-4. bekk. Frjálsíþróttastarf Vöku er öflugt miðað við stærð félagsins og mætti Vökufólk á mörg mót innan og utan héraðs á liðnu ári. Einnig héldum við nokkur mót eins og innanhúsmót, 17. júnímót og víðavangshlaup.

Skemmtanir voru einnig fjölmargar, s.s. þrettándaskemmtun, skautuferð, bingó og reiptogskeppni. Jólasveinarnir heimsóttu bæi rétt fyrir jól. Kornskurðarball og skótuveisla voru stærstu viðburðirnir sem Vaka stóð fyrir.

Mikið sjálfbóðastarf var unnið síðasta sumar þegar ungmennafélögin Vaka, Samhygð og Baldur unnu að breytingum og viðgerðum á húsnæði leikskólans Krakkaborgar og Flóaskóla í Flóahreppi.

Leikdeild Vöku sýndi á síðasta ári stuttverkið Gilitrutt víða á Suðurlandi. Leikdeildin setur nú upp í samstarfi við Baldur og Samhygð leikverkið Páskahret eftir Árna Hjartarson undir stjórn Jóns Stefáns Kristjánssonar.

Umf. Vaka hlaut verðlaun umhverfisnefndar Flóahrepps 2008 fyrir vel unnin störf í þágu umhverfisins.

**Fyrir hönd Umf. Vöku
Haraldur Einarsson, formaður**



Félög í Flóahreppi hlutu umhverfisverðlaun Flóahrepps.

Umf. Þór

Stjórn félagsins skipa:

Halldór Sigurðsson, formaður

Edda Ríkarðsdóttir, gjaldkeri

Sigurður Örn Jakobsson, ritari

Guðlaugur Óskar Jónsson, varamaður

Hólmfríður Fjöla Smáradóttir, varamaður

Formenn deilda skipa:

Badmintondeild: Sæmundur Steingrímsson

Fimleikadeild: Stefán Guðmundsson

Frjálsíþróttadeild: Steinunn Þorsteinsdóttir

Körfuboltadeild: Kristinn G. Kristinsson

Sunddeild: Ólafía Helga Þórðardóttir

Vélhjóladeild: Sigurður Oddfreysson



Starf Umf. Þórs hefur verið mjög gott á liðnu starfsári. Deildir innan Þórs eru sex en sunddeildin hefur ekki verið starfandi þetta árið, en vonandi breytist það á nýju ári með tilkomu bættrar aðstöðu í nýrri íþróttamiðstöð.

Deildirnar starfa mjög sjálfstætt og hafa eigin fjárhag en eru ábyrgar gagnvart stjórn félagsins. Starfsemin er fjárfrek og þurfa deildirnar að hafa allar klær úti til að reka starfsemina. Sveitarfélagið styrkir deildirnar verulega og eins hafa deildirnar skipt með sér dósasöfnun í bænum og hefur það skilað þeim ágætum tekjum. Deildirnar hafa skipst á að halda 17. júní hátíðina fyrir sveitarfélagið. Mesta starfið á árinu var vinna við undirbúning og vinnu á Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið var í Þorlákshöfn í sumar. Allar deildir lögðu fram mikla vinnu við mótið ásamt því að margir þátttakendur voru frá Umf. Þór. Stjórn Umf. Þórs þakkar öllum þeim fjölda félagsmanna sem lögðu fram fórnfúst starf í sjálfbóðavinnu.

Nokkrir stjórnarfundir hafa verið haldnir í aðalstjórn Umf. Þórs en einnig hafa verið óformlegir fundir s.s. símöl og tölvupóstssamskipti milli stjórnarmanna. Aðalfundur var haldinn sunnudaginn 27. janúar.

Badmintondeild Þórs

Starfið á síðasta ári ver aðallega fólgið í æfingum og þátttöku í fjölda móta. Á árinu var ráðinn nýr þjálfari, Karen Ýr Sæmundsdóttir, og væntum við góðs af því samstarfi.

Fimleikadeild Þórs

Yfirþjálfari er Arna Hjartardóttir. Á fyrri hluta ársins voru alls 84 iðkendur hjá deildinni en seinni hluta ársins voru þeir alls 94 talsins. Í lok árs voru alls 6 þjálfarar og 6 aðstoðarþjálfarar starfandi auk yfirþjálfara og eru þeir nær allir búsettir í Þorlákshöfn.

Litli íþróttaskólinn var starfræktur eins og undanfarin ár en hann er ætlaður fyrir börn á aldrinum 2-4 ára sem eru að hefja þátttöku í íþróttum.

Vegna uppbyggingar íþróttamannvirkja í Þorlákshöfn lá mótshald niðri í byrjun árs en við héldum þó okkar árlega innanfélagsmót þann 4. apríl þar sem eldri iðkendur kepptu en þau yngri sýndu æfingar sínar. Hópar T-1 til T-4 tóku þátt í „fimleikafjöri“ þann 12. apríl í nýrri aðstöðu fimleikadeildarinnar á Selfossi og svo aftur 20. september en þá fengu allir eldri en 6 ára að taka þátt. Hópar T-1 og T-2 tóku þátt í sýningu á Unglingalandsmóti í byrjun ágúst. Foreldradagur var svo haldinn í annað sinn þann 1. nóvember þar sem foreldrar og forráðamenn komu með iðkendum og tóku þátt í einni „léttri“ æfingu og var þátttaka mjög góð. Hópur T-2 tók þátt í hópamóti HSK þann 3. maí og síðan haustmóti í Garðabæ 23. nóvember. Hin árlega jólasýning var svo haldin 6. desember þar sem allir iðkendur tóku þátt í alls sjö hópum þar sem hver hópur klæddi sig upp í búninga en meðal annars mátti sjá gömlu

jólasveinana, Grýlu og Leppalúða, engla, álfa, jólaketti o.fl. Mikil stemning myndaðist á sýningunni og skemmtu iðkendur jafnt sem áhorfendur sér mjög vel.

Á jólasýningunni voru veittar tvær viðurkenningar, önnur fyrir mestar framfarir á árinu en hana hlaut Kolbrún Olga Reynisdóttir og hin fyrir jákvæðasta iðkandann á árinu en hana hlaut Aðalbjörg Ýr Sigurbergisdóttir. Einnig var tilkynnt var hver væri fimleikamaður Þórs 2008 en þann heiður hlaut Vigdís Lea Kjartansdóttir.

Fyrirhugað er að elstu iðkendur fari í æfingarbúðir erlendis á árinu 2009 og var stofnaður fjáröflunarhópur utan um þá ferð á árinu en ekki hefur verið ákveðið hvert verður farið. Fjáröflunin er aðskilin rekstri deildarinnar og hefur hún gengið mjög vel. Í ljósi efnahagsástandsins, stöðu krónunnar og minna aðgengi að styrkjum gerir þetta þó alla fjáröflun mun erfiðari en áður.

Frjálsíþróttadeild Þórs

Árið 2008 var mjög viðburðaríkt hjá deildinni. Hæst ber að nefna að nýr og glæsilegur frjálsíþróttavöllur var tekinn í notkun hér í Þorlákshöfn og er því aðstaða deildarinnar mjög góð. Þann 31. júlí voru nýju íþróttamannvirkinn vígð og við vígsluathöfnina tóku iðkendur deildarinnar þátt með því að hlaupa fyrsta hringinn á hlaupabrautinni.

Deildin tók virkan og mikinn þátt í undirbúningi og vinnu unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið var hér í Þorlákshöfn helgina 1.-3. ágúst s.l. Stærsta verkefni deildarinnar var að fá sjálfbóðaliða til þess að starfa á frjálsíþróttavellinum meðan á keppni stóð. Þar voru margar hendur sem unnu frábært verk. Á mótinu tók deildin einnig þátt í veitingasölu í samstarfi við fimleikadeildina og körfuknattleiksdeildina. Einnig seldi deildin sleikj og veiðistangir því dorgveiðikeppni var á dagskrá landsmótsins. Dósaöfnun styrkti einnig fjárhag okkar. Frjálsíþróttadeildin hrinti af stað þeirri hugmynd að félagar innan Ungmennafélagsins Þórs yrðu í eins æfingagöllum á landsmótinu. Sú hugmynd varð að veruleika og tókst vel og var mjög skemmtileg.

Þjálfarar deildarinnar eru Elín Ósk Jónsdóttir og Ingvar Jónsson. Yngri iðkendur æfa tvisvar í viku, mánudaga og fimmtudaga. Eldri iðkendur æfa þrisvar í viku, mánudaga, fimmtudaga og laugardaga. Að auki æfa iðkendur tvisvar sinnum í mánuði með öðrum iðkendum innan HSK. Á fundi í haust hjá frjálsíþróttaráði HSK var ákveðið að halda sameiginlegar æfingar í frjálsum íþróttum hjá iðkendum innan HSK. Skipst verður á að hafa æfingarnar á Hellu, Hvolsvelli, Selfossi, Laugarvatni og í Þorlákshöfn. Þessi hugmynd er ný farin af stað og er svona að þróa. Deildin hefur stækkað á árinu og er iðkendafjöldi að jafnaði 30. Þegar mest var fór iðkendafjöldinn upp í 48. Í dag má segja að það séu 33 fastir iðkendur. Aldur iðkenda er frá 5 ára og upp í 15 ára.

Deildin tók þátt í nokkrum mótum á árinu: Meistaramót Íslands, Héraðsmót og -leikar hjá HSK, í öllum aldursflokkum. Goggi galvaski í Mosfellsbæ, Unglingalandsmót UMFÍ og Silfurleikar ÍR. Einnig héldum við innanfélagsmót. Keppendur úr deildinni stóðu sig einstaklega vel og voru alltaf til fyrirmyndar. Þess má geta að á Gogga galvaska fékk deildin verðlaun fyrir þrúðasta liðið.

Árið var því í alla staði mjög gott fyrir deildina og er það ósk okkar að hún haldi enn áfram að eflast og stækka.

Körfuknattleiksdeild Þórs

Á sl. tímabili sendi félagið eftirfarandi flokka til keppni. Meistaraflokk, 10., 9., 8., 7. og minnibolta 11 ára allir í karlaflokk. Árangur var þrýðilegur. 10. flokkur í samstarfi við Hamar komst í 4ja liða úrslit sem og 9. flokkur. 8. flokkur var hársbreidd frá því að landa Íslandsmeistaratitli en tapaði fyrir KR með 1 stigi og hafnaði í 2. sæti á Íslandsmótinu. Um páskana fór 8. flokkur til Svíþjóðar á Scania-Cup. Drengirnir stóðu sig mjög vel, unnu 3 leiki og töpuðu 2 leikjum, en



Ungt íþróttafólk úr Þór tók sprettinn við vígslu glæsilegra íþróttamannvirkja í Þorlákshöfn.

innbyrðisúrslit voru þeim ekki hagstæð og því kepptu þeir um 13.-16. sæti á mótinu þar sem að þeir unnu og höfðuð því í 13. sæti. Drengirnir voru félaginu og foreldrum sínum til mikils sóma og var þessi ferð mikið ævintýri fyrir þá.

Félagið skráði eftirfarandi flokka til keppni í haust. Meistaraflokk, 9. flokk, 8. flokk og minnibolta 11 ára. Meistaraflokkurinn er nú sem stendur í 5. sæti í 1.deild. Þegar tvær umferðir eru búnar í yngri flokkunum eru allir okkar flokkar í A-riðli þ.e.a.s á meðal 5 bestu á landinu sem verður að teljast frábær árangur. Einnig hófust í haust æfingar í minnibolta kvenna og hafa allt að 10 stelpur verið að mæta á þær og eru vonir bundnar við að þær verði skráðar til leiks á Íslandsmótið næsta haust og að hægt og bítandi verði byggður upp kvennabolti hjá Þór sem hefur því miður ekki tekist hingað til.

Núna eru um 70 iðkendur í körfuknattleik hjá Þór og ganga æfingar og keppni vel og félagið er vel mannað í öllum þjálfarastöðum.

Vélhjóladeild Þórs

Árið hjá vélhjóladeildinni byrjaði vægast sagt illa þar sem motocross brautin var lokað í tæplega þrjá mánuði vegna snjóá og á meðan var ekki króna í innkomu. Fyrir páskana var lögð mikil vinna í að moka snjó úr brautinni þannig að hægt yrði að hjóla þar eitthvað þessa frídaga, það tókst og var brautin notuð talsvert. Á vordögum varð stjórnarmeðlimum ljóst að ef ætti að halda Motocross keppni í brautinni um verslunarmannahelgina í tengslum við Unglingalandsmótið, yrði að leggja gífurlega vinnu og töluvert af peningum í að lagfæra og breyta brautinni þannig að hún yrði keppnishæf.

Kostnaður vélhjóladeildarinnar við breytingar og lagfæringar á brautinni var rétt um ein milljón króna, öll vinna sem lögð var í þetta verkefni var unnin í sjálfböðavinnu nema hjá þeim tveim utanfélagsmönnum sem áður var skrifað um.

Keppnin var haldin á sunnudeginum um verslunarmannahelgina og tókst hún að okkar mati og margra annarra með eindæmum vel, brautin kom vel út, það slasaðist enginn og allir fóru glaðir heim. Sumir glaðir yfir verðlaunum en aðrir yfir hvað þetta tókst allt saman vel.

Eitthvað virðast samt stjórnarmenn hafa smitast af keppnisáhuga við þetta brambolt allt saman því að þann 29. nóvember var haldið bikarmót eða eins og við kölluðum það „kreppukeppni“. Keppnin var haldin í 8 stiga frosti og sólskini og tókst frábærlega í alla staði, í fyrsta sinn var haldin motocrosskeppni um hávetur. Vinningar í „kreppukeppninni“ voru styrkir frá fyrirtækjum í bænum, humar, ýsa og konfekt ásamt því að Sveitarfélagið Ölfus styrkti okkur með sundkortum sem einnig voru notuð sem verðlaun.

Í desember var brautin talsvert lokað vegna snjóá en úr rættist rétt fyrir jól og brautin var mjög mikið notuð yfir hátíðirnar.

Halldór Sigurðsson, formaður Umf. Þórs.



Umf. Þórsmærk

Í stjórn skipast eftirfarandi:

Formaður: Árni Sigurpálsson
Ritari: Ólafur Rúnarsson
Gjaldkeri: Sigurður Steinarsson
Meðstjórn: Páll Eggertsson
Ólöf G. Eggertsdóttir

Hin árlegi álfadans var haldinn laugardaginn 5. janúar. Álfakóngur og -drottning leiddu fríðan hóp álfa kringum brennuna eins og svo oft áður, enda þessi hefð staðið yfir í nánast heila öld. Undanfarin ár hafa nokkur vel valin fyrirtæki stutt við bakið á félaginu með styrkjum til verðlauna- og flugeldakaupa. Veittir voru glæsilegir vinningar fyrir álfalegasta, frumlegasta og fallegsta álfabúningin. Fjöldi fólks koma víða að enda fallegt vetrarveður, stilla og frost.

Hátíðarhöld vegna 17. júní voru haldin ásamt Kvenfélagi Fljótshlíðar að Goðlandi. Leigður var hoppukastali fyrir yngra fólkið og hefur sá háttur verið hafður á síðustu ár.

Félagið hefur haft það að fjáröflun að slá og hirða kirkjugarðana að Breiðabólstað og Hlíðarenda, var það einnig gert að þessu sinni.

Á aðfangadag brugðu nokkrir félagar sér í jólasveinabúning og tóku hús á yngri kynslóðinni í sveitinni, með pakka og alls kyns glens í farteskinu.

Félagið varð fyrir miklum missi á árinu sem leið, er Jón Ólafsson, fyrrum formaður frá Kirkjulæk, lést fyrir aldur fram. Jón var félaginu ómetanlegur í gegnum árin og driffjöður í öllu því sem hann tók sér fyrir hendur en var umfram allt fastur



Frá árlegum álfadansi Umf. Þórsmærkur á Goðlandi.

hlekku í starfseminni, bæði hvað snerti undirbúning eða skipulagningu hverskonar. Við minnumst Jóns sem góðs félaga og mikils keppnismanns fyrir hönd síns félags þegar mætt var á héraðsmót eða smala skyldi öllum sveitungum í keppni úr fjarlægð þegar hún var við líði.

**F.h. U.M.F. Þórsmærk,
Árni Sigurpálsson formaður.**

Félög sem ekki skiluðu ársskýrslu voru eftirtalin:

*Golfklúbburinn Dalbúi
Golfklúbburinn Geysir
Golfklúbbur Hveragerðis
Golfklúbbur Kiðjabeys
Golfklúbburinn Þverá
Golfklúbbur Öndverðarness
Hnefaleikafélag Suðurlands
Íþróttafélag FSu*

*Knattspyrnufélagið Ægir
Skólafélag ÍKHÍ
Ungmennafélag Ásahrepps
Ungmennafélagið Dagsbrún
Umf. Gnúpverja
Umf. Merkiðvoll
Ungmennafélagið Njáll
Umf. Trausti*

Svipmyndir úr starfinu



Félagsmenn í Golfklúbbi Ásatúns spila golf á gamlársdag.



Fjöldmenni var við brennuna á Unglingalandsmótinu í Þorlákshöfn.

Fjármálaráðgjöf fyrir þig



ÍSLENSKA SÍA.IS KAÚ 45277 02/09

Kynntu þér úrræðin



Starfsfólk **Kaupþings** aðstoðar þig við allt sem tengist fjármálum heimilisins og breyttum aðstæðum og leitar hentugra úrræða fyrir þig.

- Heimilisbókhald
- Stöðumat
- Netdreifing/útgjaldadreifing
- Úrræði í greiðsluferfiðleikum
- Sparnaðarleiðir
- Lífeyris- og tryggingamál

Kynntu þér málin á www.kaupthing.is, hafðu samband í síma 444-7000 eða komdu við í næsta útibúi **Kaupþings**.